

## EFNI

Jónas Kristjánsson:  
Kveðskapur Egils Skallagrímssonar

Haraldur Bernharðsson:  
Göróttur er drykkurinn. Fornmálsorð í nútímabúningi

Kristján Árnason:  
Um Háttatal Snorra Sturlusonar. Bragform og braglýsing

Kári Gíslason:  
Reading for Saga Authorship. A Character-based Approach

Porleifur Hauksson:  
Gryla Karls ábóta

Gísli Brynjólfsson:  
Þýðingar úr fornensku. Fyrri hluti: Frá Abgarus konungi.  
Sigurjón Páll Ísaksson bjó til prentunar

Sigurgeir Steingrímsson:  
Stefán Karlsson

Ritaskrá Stefáns Karlssonar.  
Guðvarður Már Gunnlaugsson og  
Sigurgeir Steingrímsson tóku saman

Sverrir Tómasson:  
Magnús Már Lárusson

Kristján Eiríksson:  
Ögmundur Helgason

## GRIPLA XVII

# GRIPLA XVII



ISBN 978-9979-819-96-7



2006

REYKJAVÍK  
STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR  
2006

Forsíðumyndin er úr Heynesbók, AM 147 4to, bl. 63 r,  
Jónsbókarhandriti frá fyrri helmingi 16. aldar.

Útlit: Ritstjórn – Kristinn Gunnarsson

GRIPLA

## *Ráðgjafar*

BERGLJÓT S. KRISTJÁNSDÓTTIR • ROBERT COOK • DAVÍÐ ERLINGSSON  
EINAR G. PÉTURSSON • JÜRIG GLAUSER • GUÐRÚN ÁSA GRÍMSDÓTTIR  
GUÐRÚN NORDAL • GUÐVARÐUR M. GUNNLAUGSSON • KARL G. JOHANSSON  
JÓNAS KRISTJÁNSSON • MARIANNE KALINKE • KJARTAN OTTOSSON  
ÓLAFUR HALLDÓRSSON • SIGURGEIR STEINGRÍMSSON  
SVANHILDUR ÓSKARSDÓTTIR • TORFI H.TULINIUS  
VÉSTEINN ÓLASON • ANDREW WAWN

*Gripla* er alþjóðlegur vettvangur fyrir rannsóknir á sviði íslenskra og norræna fræða. Birtar eru útgáfur á stuttum textum, greinar og ritgerðir og stuttar fræðilegar athugasemdir. Greinar skulu að jafnaði skrifaðar á íslensku en einnig eru birtar greinar á öðrum norrænum málum, ensku, þýsku og frönsku. Leiðbeiningar um frágang handrita er að finna í 10. bindi (1998) á bls. 269-278 en þær má einnig nálgast hjá ritstjórum. Allt efni sem birtast á er lesið yfir af sérfræðingum. Fyrstu gerð efnis þarf aðeins að skila í handriti en þegar samþykkt hefur verið að birta það og það telst frágengið af hálfu höfundar þarf bæði að skila því í lokahandriti og á tölvudisklingi. Upplýsingar um ritvinnsluforrit og leturgerð skulu fylgja. Greinum og útgáfum (öðrum en stuttum athugasemdum o.þ.h.) skal fylgja útdráttur á öðru máli. Hverju bindi *Griplu* fylgir handritaskrá. Höfundar fá 25 sérprent af greinum sínum án endurgjalds.

# GRIPLA

RITSTJÓRAR

GÍSLI SIGURÐSSON • MARGRÉT EGGERTSDÓTTIR

SVERRIR TÓMASSON

XVII



REYKJAVÍK

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR

2006

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR  
RIT 67

*Prófarkalestur og skrár*  
HÖFUNDAR OG RITSTJÓRARAR

© Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum  
Öll réttindi áskilin

*Setning*  
HÖFUNDAR OG RITSTJÓRARAR

*Umbrot*  
SVERRIR SVEINSSON

*Filmuvinna, prentun og bókbönd*  
GUTENBERG

*Prentþjónusta og dreifing*  
HÁSKÓLAÚTGÁFAN

Meginmál þessarar bókar er sett með 10 punkta Times lettri á 12,8 punkta fæti  
og bókin er prentuð á 115 gr. Partner Offset pappír

PRINTED IN ICELAND

ISSN 1018-5011  
ISBN 978-9979-819-96-7

## EFNI

Jónas Kristjánsson: Kveðskapur Egils Skallagrímssonar	7
Haraldur Bernharðsson: Göróttur er drykkurinn. Formmálsorð í nútímabúningi	37
Kristján Árnason: Um Háttatal Snorra Sturlusonar. Bragform og braglýsing	75
Kári Gíslason: Reading for Saga Authorship. A Character-based Approach	125
Þorleifur Hauksson: Grýla Karls ábóta	153
Gísli Brynjúlfsson: Þýðingar úr fornensku. Fyrri hluti: Frá Abgarus konungi. Sigurjón Páll Ísaksson bjó til prentunar	167
Sigurgeir Steingrímsson: Stefán Karlsson	193
Ritaskrá Stefáns Karlssonar. Guðvarður Már Gunnlaugsson og Sigurgeir Steingrímsson tóku saman	208
Sverrir Tómasson: Magnús Már Lárusson	217
Kristján Eiríksson: Ögmundur Helgason	221
Leiðréttingar við Griplu XVI	227
Handritaskrá	229





JÓNAS KRISTJÁNSSON

## KVEÐSKAPUR EGILS SKALLAGRÍMSSONAR

1

Í SÖGU Egils Skallagrímssonar er honum eignaður allmikill skáldskapur sem að miklu leyti er varðveittur í sögunni eða í tengslum við hana. Er þar um að ræða þrjú heilleg kvæði, smábrot úr þremur öðrum kvæðum og 48 lausavísur.

Sú var tíðin að Egilssaga, eins og flestar aðrar Íslendingasögur, var tekin sem traust söguleg heimild um þá atburði sem frá er sagt, en þeir eru látnir gerast á 9. og 10. öld. Sjálf er sagan talin færð í letur á fyrra hluta 13. aldar, svo að lauslega reiknað líða þrjár aldir milli atburða og ritunartíma, og skolast margt á skemmri leið. Þá kom það til styrktar að vísurnar og kvæðin voru taldar samtíma heimildir, og gert var ráð fyrir að þeim hefðu fylgt munnmælasagnir af þeim atburðum „sem kvæðin stuttlega á stungu,“ eins og Árni Magnússon komst að orði um varðveislu kvæða og sagna í upphafi 18. aldar (*Levned og skrifur* I, bls. 139).

Árni og samtíðarmenn hans voru þó ekki gagnrýnislausir á heimildargildi fornra sagna, og þegar kom fram á 19. og 20. öld höfðu menn úað svo ræki-lega í sig af skilningstrénu að fáu var trúað þótt letrað væri á gamalt kálfskinn. Meðal þess sem varð fyrir barðinu á hinum nýju hörgabrjótum<sup>1</sup> var kveðskapur Egils Skallagrímssonar, og höfðu menn uppi grunsemdir um það að þessi ljóðmæli mundu ekki öll eignuð honum með réttu, að þau mundu jafnvel vera ort löngu eftir hans dag. Í fyrstu náðu þessar grunsemdir einvörðungu til sumra lausavísna sögunnar, en á síðari tímum hafa hörgabrjótar fært sig upp á skaftið, og má segja að eftir umrót síðustu ára standi ekki steinn yfir steini í kveðskap Egils. Þetta hefur verið almenn hreyfing meðal rýnenda Íslendinga-sagna, og hafa margar sögur mátt þola sömu meðferð sem Egilssaga eða verri.

Áður en lengra er haldið er rétt að taka fram að kveðskapur sá sem Agli er

<sup>1</sup> *Hörgabrjótur* er íslensk þýðing erlenda orðsins *ikonoklast*.

eignaður er í heild sinni fremur slaklega varðveittur. Gerðir sögunnar eru þrjár, kenndar við aðalhandritin Möðruvallabók, Ketilsbók og Wolfenbüttelbók. Leikur á ýmsu hvaða vísur eru varðveittar í hverju handriti eða hverri gerð, og þótt vísa sé í tveimur eða jafnvel öllum gerðum þá er orðamunur á milli þeirra. Möðruvallabók hefur verið lögð til grundvallar í öllum útgáfum til þessa, en í hana vantar bæði Höfuðlausn og Sonatorrek. Arinbjarnarkviða er hinsvegar skrifuð þar aftan við söguna á eina máða blaðsíðu, en aðeins fyrri hluti hennar. Höfuðlausn er varðveitt í Ketilsbók og Wolfenbüttelbók, Sonatorrek aðeins í Ketilsbók.

## 2

Það sem menn telja að geri kveðskapinn í Eglu grunsamlegan er meðal annars eftirfarandi:

(a) Svo langt var liðið frá atburðum þegar sagan var rituð að frásagnirnar hljóta að vera marklitlar sem sögulegar heimildir, segja menn. Heilbrigð skynsemi bendir og til þess að margt í sögunni sé úr lagi fært eða orðum aukið. Vísurnar geta ekki staðfest uppspunnar frásagnir, heldur hljóta þær, þvert á móti, að fara sömu leið sem ýkju-sögurnar.

(b) Sumt í forni vísna og kvæða er unglegra en svo að það geti verið frá 10. öld – hvað þá enn eldra. Meðal annars þykir hátturinn á Höfuðlausn, runhendan, ærið grunsamlegur á svo fornum tíma.

(c) Í kveðskapnum telja menn gæta áhrifa frá kvæðum sem samkvæmt traustum heimildum eru yngri en Egill Skallagrímsson.

En svo eru aftur aðrir fræðimenn sem halda sig við þá fornu trú að kveðskapurinn, eða að minnsta kosti þorri hans, sé með réttu eignaður Agli. Þeirra röksemdir eru meðal annars þessar:

(a) Egilssaga er nokkuð forn, ein hinna eldri Íslendingasagna sem byggðar eru á gömlum munnmælum. Vitnisburður sögunnar sjálfrar um kveðskapinn vegur því nokkuð þungt.

(b) Það hefur lengi verið almenn skoðun að Egill hafi verið eitt allra mesta – ef ekki mesta – nafngreint skáld Íslands á fornum tímum. „Þetta er tvímælalaust hinn merkilegasti skáldskapur, sem eignaður er nafngreindum Íslendingi í fornum sið, og getum vér varla trúað neinum síðari tíma manni til þess að hafa ort slík verk í orða stað annars manns,“

segir Sigurður Nordal í inngangi Egilssögu 1933 (*Íf.* II, bls. vi). Og í svipaðan streng tekur Jón Helgason í Höfuðlausnarhjali (1969) sem brátt getur: „Það er bágð að sjá, ef Egill hefði ekki sjálfur kveðið þessi kvæði, hvað hefði komið öðrum til að yrkja þau og leggja Agli í munn. Og ef svo væri, þannig að síðari menn hefðu reynt að setja sig í spor Egils og gera sér upp sorg hans að sonum hans látnum eða í annan stað vinarhug hans til Arinbjarnar, er hætt við að efnið hefði orðið smátt og orðaval sviplítið hjá því sem er“ (bls. 157).

(c) Í Skáldskaparmálum Snorra-Eddu er á átta stöðum vitnað í kveðskap Egils undir nafni hans: „Svá kvað Egill Skallagrímsson“, „svá (sem) kvað Egill“, „sem Egill kvað“ o.s.frv. Fjögur dæmanna eru úr Höfuðlausn, eitt úr Sonatorreki (lengsta tilvitnunin, hálf önnur vísa), eitt úr Arinbjarnarkviðu og tvö dæmi sitt úr hvorri lausavísunni. Allur þessi kveðskapur er einnig varðveittur í handritum Egilssögu, sumt með lesbrigðum við Eddu. Allar líkur eru til að tilvísanirnar til Egilskvæða séu upprunalegar í Snorra-Eddu, eins og ég mun nánar rökstyðja hér á eftir, og virðast þær staðfesta það að Snorri hafi talið kveðskap þennan fornan og með réttu eignaðan Agli.

### 3

Einna fyrstur til að efast um rétta feðrun Egilskvæða var Finnur Jónsson sem lengi var dósent og síðan prófessor við háskólann í Kaupmannahöfn (d. 1934). Í doktorsritgerð sinni 1884, sem einmitt fjallaði mjög um kveðskap Egils (*Kritiske studier over en del af de ældste norske og islandske skjaldekvad*), lætur Finnur í ljós þá skoðun að talsverður hluti þeirra lausavísa sem Agli eru kenndar í sögunni muni ekki vera eignaðar honum með réttu. En kvæðunum öllum fékk Egill að halda í friði fyrir Finni og einnig drjúgum hluta vísnanna. Og í síðari ritum sínum skilaði Finnur Agli aftur sumum vísnanna, en þó ekki öllum, og sumar afgreiddi hann með spurningarmerki (sjá m.a. „Sagaernes lausavísur“, Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie 1912). Finnur hafði ekki, frekar en títt er um fræðimenn, sterka tilhneigingu til að skipta um skoðanir; því má ætla að það hafi kostað hann talsverða fórn að afneita doktorsritgerð sinni, þótt aðeins væri að nokkrum hluta.

Finnur sýslaði meira við fornan norrænan kveðskap heldur en nokkur samtímamaður hans, og má þar sérstaklega nefna hina miklu heildarútgáfu dróttkvæða, *Den norsk-islandske skjaldedigtning* (1912–15), þar sem er bæði texta-

útgáfa eftir handritum (A I–II) og einnig samræmd útgáfa með völdum texta Finns og danskri þýðingu (B I–II). Síðan gerði hann nýja útgáfu af *Lexicon poeticum* Sveinbjarnar Egilssonar, og var sú útgáfa miðuð við B-textann í Skjaldedigting og við skilning Finns sjálfs á kvæðunum.

Eldri samtímamaður Finns Jónssonar og annar helsti íslenski fornritafræðingur um 1900 og í upphafi 20. aldar var Björn M. Ólsen, fyrsti prófessor í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands. Ef til vill hefur hann ekki viljað vera minni maður en Finnur þegar hann leyfði sér einnig að efast um höfundarrétt Egils til sumra vísnaða í ritgerð um Egilssögu, Landnáma og Egils saga, í Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie 1904.

Yngri samtíðarmaður Finns sem einnig fékkst mikið við norrænan fornkveðskap var Andreas Heusler. Eins og fleiri þýskumælandi menn leit hann á þessar bókmenntir sem samgermanska eign, enda nefnir hann höfuðverk sín *Deutsche Versgeschichte* (1925–1929) og *Die altgermanische Dichtung* (1929). En oddviti næstu kynslóðar, Sigurður Nordal, lagði hins vegar meginþunga á íslenskan uppruna flestra eddukvæða og dróttkvæða. Segja má að hann hafi verið nokkuð sammála Finni á síðara æviskeiði hans um eignarhald Egilskvæða. Samkvæmt skoðun hans voru skáldinu með réttu eignuð kvæðin þrjú og þorri lausavísnaða. Nordal gekk jafnvel enn lengra en Finnur í rausn sinni við skáldið. Finnur efaðist um að ýmsar vísur gætu verið réttlega eignaðar Agli vegna ytri aðstæðna svo sem þeim er lýst í sögunni; en Nordal varpaði fram þeirri hugmynd að Egill hefði ort þessar vísur í eigin orðastað þegar hann var að segja raupsögur af sjálfum sér á efri árum. – En Nordal er kunnari fyrir umfjöllun sína um eddukvæði og fornar sögur heldur en dróttkvæði. Hann hafði litlar mætur á dróttkvæðum sem bókmenntum, að undanteknum kvæðum Egils. Í riti sínu *Íslenzk menning* (1942) fjallar hann að sjálfsögðu um þessa kveðskapargrein, en hefur í upphafi kaflans undirfyrirsögnina: „Lifandi saga dauðra bókmennta“ (bls. 233). Saga íslensku hirðskáldanna er lifandi, en kvæði þeirra eru gleymd.

#### 4

Næst skulu nefndir þrjár enn yngri fræðimenn sem allir fjölluðu mikið um dróttkvæði: Jón Helgason, Hans Kuhn og Einar Ólafur Sveinsson. Þessir þremmenningar voru jafnaldrar, allir fæddir árið 1899, og lifðu fram í háa elli. Með þeim öllum var kunningsskapur og vinátta. Jón og Einar Ólafur voru skóla-bræður frá Menntaskólanum í Reykjavík og Háskólanum í Kaupmannahöfn,

og Kuhn bjó löngum hjá Jóni í húsinu hans í Kaupmannahöfn þegar hann dvaldist þar við fræðistörf. En þótt þessir menn væru jafnaldrar og vinir er ekki þar með sagt að þeir hafi verið sammála um öll vandamál fræðanna.

Jón Helgason skrifaði þátt um dróttkvæði í bókmenntasögu sinni, *Norrøn litteraturhistorie* (1934). Þá varðveitti hann enn barnatrúna og lætur hvert fornskáldanna fá sinn skerf. En í ritinu *Norges og Islands digtning*, sem út kom 1953, er komið hik á hann varðandi feðrun kveðskaparins, og því fjallar hann ekki um dróttkvæðin undir nöfnum skáldanna, heldur skiptir hann þeim í kafla eftir innihaldi: „Mytisk-heroiske digte“, „Genealogiske digte“, „Fyrstedigte“ o.s.frv.; í síðasttalda flokkinum fá skáldin raunar að halda eignarrétti sínum til kvæðanna.

Mig langar til að hafa eftir Jóni tvær setningar sem hann sagði í mín eyru þegar ég taldist vera lærisveinn hans í kringum 1950, en þær setningar voru nokkurn veginn á þessa leið: „Mér dettur ekki í hug að nokkur vísa í Íslandingasögum sé eftir þá menn sem sögurnar vilja vera láta.“ Og enn kvað hann: „Það er merkilegt að það virðist ekki hvarfla að Hansi Kuhn að nokkur gömul vísa geti verið ranglega feðruð.“

Hans Kuhn og Einar Ól. Sveinsson voru annars þeir menn sem einna mest fjölluðu um dróttkvæði á 20. öld. En rannsóknir þeirra beggja fengu með nokkrum hætti dapurlegan endi. Þegar Kuhn gekk frá aðalverki sínu, sem hann nefndi *Das Dróttkvætt*, var hann steinblindur orðinn og hlaut að styðjast við minni sitt og aðstoð yngri manna. Og Einar Ólafur birti aldrei á prenti sitt aðalverk um dróttkvæðin, sem átti að verða annað bindi í hinni miklu bókmenntasögu hans, *Íslenskar bókmenntir í fornöld*; fyrsta bindi kom út 1962.

Forn norrænn kveðskapur var höfuðviðfangsefni Kuhns frá ungum aldri. Um það efni fjallaði doktorsritgerð hans, *Das Füllwort of – um im Altwestnordischen* (1929), og síðan birti hann margar ritgerðir þar sem hann skoðaði kveðskapinn frá ýmsum sjónarhornum. Segja má að hann hafi verið barn síns tíma eða kannski öllu heldur barn eldri tíma. Hann setti fram ákveðnar reglur og skýringar sem hann hvikaði aldrei frá. Ein reglan var sú sem ég nefndi fyrr, að taka sem gefið að flestöll dróttkvæði væru eftir þau skáld sem heimildir hermdu, eða þá að ófeðraður kveðskapur væri rétt aldursgreindur hjá Finni í *Skjaldedigting*. Engu að síður má finna hjá Kuhn fjöldamargar athuganir sem geta leiðbeint mönnum við aldursgreiningu dróttkvæða. Það hefur Einar Ólafur notfært sér, en ég held að hann hafi verið eini maður í veröldinni sem las og ígrundaði hvert orð sem Hans Kuhn ritaði um dróttkvæði meðan heilsan entist; hann var raunar þrotinn að heilsu þegar rit Kuhns *Das Dróttkvætt* kom út 1983.

Einar Ólafur tjáði mér einhverju sinni að hann hefði lítt sinnt dróttkvæðum fyrr en hann tók að halda fyrirlestra um þau við Háskóla Íslands, en það mun hafa verið veturinn 1946-47, þegar hann var kominn nær fimmtugu. Við þá reynslu varð hann, ólíkt Sigurði Nordal, mjög hugfanginn af þessum kveðskap bæði sem bókmenntum og sem rannsóknarefni. Þegar fyrsta árið, 1947, birti hann í Skírni alþýðlega ritgerð sem hann nefndi „Dróttkvæða þátt“, en þar fjallar hann meðal annars um *nýgjörvingar* í kveðskap Egils Skallagrímssonar. Ég veit að ólíkt Kuhn var hann ekki lokaður fyrir því að sumt kynni að vera rangfeðrað í dróttkvæðum. Sú eina ritgerð önnur sem hann birti um þetta efni er þó rituð til varnar fyrir forna feðrun tiltekinna dróttkvæðavisna, en það er ritgerðin „Kormakur skáld og vísur hans“, sem birtist í Skírni 1966.

## 5

Ég gat þess að Jón Helgason hefði látið munnlega í ljós í mín eyru efasemdir um rétta feðrun vísna í Íslendingasögum, og að sú skoðun kæmi óbeinlínis fram í umfjöllun hans um dróttkvæðin í ritinu *Norges og Íslands digtning* 1952. Og þegar Jón stóð á sjötugu birti hann grein í afmælisriti Einars Ól. Sveinssonar, *Einarsbók* (1969), þar sem hann heldur því fram að Höfuðlausn sú sem fylgir Egilssögu geti ekki verið eftir söguhetjuna Egil, heldur hljóti hún að vera miklu yngri („Höfuðlausnarhjal“).

Margir þeir sem þessi orð lesa munu hafa kynnt sér, eða að minnsta kosti heyrð getið um meginröksemd Jóns fyrir þessum unga aldri kvæðisins. Röksemdin er sú að á einum stað séu látin ríma saman tvö sérhljóð sem hafi verið glögglega aðskilin í framburði á 10. öld, á tímum Egils Skallagrímssonar, en hafi síðan runnið saman í eitt og getað rímað saman þegar kom fram á síðara hluta 12. aldar. Um er að ræða hljóð þau sem í útgáfum eru venjulega táknud  $\varrho$  og  $\emptyset$ . Hljóð þessi kunnum við nútíðarmenn ekki að bera fram og köllum þau því venjulega í vandræðum okkar „lykkju- $\emptyset$ “ og „gegnumstrikað- $\emptyset$ “.  $\varrho$  er til orðið við u-hljóðvarp af *a* eða klofningu úr *e* (*kalla* : *køllum*; *fell* : *fjoll*), en  $\emptyset$  varð til við i-hljóðvarp eða r-hljóðvarp af *o* (*koma* : *kømr* (seinna *kemr*); *kjósa* : *kørinn*). Þessi tvö  $\emptyset$ -hljóð héldust greinilega aðgreind í íslensku fram á síðara hluta 12. aldar, svo sem sjá má í elstu handritum og einnig í hinni merkilegu *Fyrstu málfraeðiritgerð* sem svo er nefnd, frá miðri 12. öld. En á 13. öld renna þessi tvö hljóð algerlega saman og úr verður þetta eina  $\emptyset$  sem við brúkum enn í dag. Umrætt vísuþrot er prentað hér á eftir. Vinstra megin er textinn eins og Sigurður Nordal prentar hann samkvæmt handritunum í útgáfu sinni af Egils-

sögu (1933), hægra megin texti Jóns Helgasonar leiðréttur samkvæmt málfræðilegum lærdómi hans:

SN:	JH:
Rauð hilmir hjör,	Rauð hilmir hjör,
þar vas hrafna gjör,	þar var hrafna gør,
fleinn hitti fjör,	fleinn hitti fjör,
flugu dreyrug spjör.	flugu dreyrug spjör.

Jón Helgason vitnar í Otto von Friesen til skýringar á orðinu *gjör* eða *ger*. Samkvæmt endursögn Jóns telur von Friesen „að það standi af sér við sögnina að *gjósa* eins og *kjör* við *kjósa*, *frör* við *frjósa* [...] rótarsérhljóðið er upphaflega *o* sem hefur *r*-hljóðverpzt, og þá var útkoman *ø*“ (bls. 169). „Skáldið sem orti *Höfuðlausn* gat rímað saman *hjör* og *gør*,“ segir Jón (bls. 173), en telur að slíkt mundi ólíklegt fyrr en komið væri nokkuð fram á 12. öld. Og með fyrirvara setur hann síðan fram eftirfarandi tilgátu:

Á síðara hluta 12tu aldar, segjum svo sem 1160–70, var uppi á Íslandi maður sem iðkaði sagnalist. Þegar hann sagði frá Jórvíkurferð Egils Skallagrímssonar, saknaði hans þess kvæðis er Egill leysti með höfuð sitt. Sjálft frumkvæðið, sem getið er í *Arinbjarnarkviðu*, var gleymt.

Hann tók sig þá til og orti annað kvæði í þess stað [...] Um Eirík blóðöx vissi hann fátt, og varð því efnið í rýrasta lagi. Vel mætti gera sér í hugarlund að þetta skáld hefði um leið búið til þær vísur sem Egill er látinn kveða á undan kvæðinu og eftir [...] Skáldið var úr þeim landshluta þar sem ekki var lengur gerður munur á *ø*-i og *ø*-i (bls. 175).

Jón segir að þessi tilgáta sé honum ekki „svo hjartfólgin að hann muni kippa sér upp við þau örlög sem efalaust bíða hennar, að hún verði rengd eða hrakin“ (bls. 175). Og þess var eigi heldur langt að bíða að andófsmenn létu í sér heyra. Dietrich Hofmann í Kíl tók upp vörn fyrir hrafnagjörið fám árum síðar (‘Das Reimwort *gjör* in Egill Skallagrímssons *Höfuðlausn*’ í *Mediaeval Scandinavia* 6, 1973). Dregur hann fram ýmis fornleg brageinkenni kvæðisins og telur þau vega þyngra en þetta eina dæmi Jóns. Auk þess leiðir hann líkur að því að *gjör* kunni að vera hið upprunalega orð, en ekki *gør*. Máli sínu til stuðnings vitnar hann meðal annars í *Altnordisches etymologisches Wörterbuch* (1962) eftir Jan de Vries. Nú má einnig glugga í *Íslenska orðsifjabók*

(1989) eftir Ásgeir Blöndal Magnússon, en hann gefur forn máls-myndirnar *gjör* og *gør* án efasemda hlið við hlið (undir *ger* 2). Ásgeir hafnar skýringu Ottos v. Friesen sem Dietrich Hofmann hafði áður dregið í efa.

Nú síðast er frá því að segja að Haraldur Bernharðsson hefur samið efnis-mikla ritgjörð sem varðar þetta efni; ritgjörðin sú nefnist *Göróttur er drykkurinn* og er birt hér á eftir (bls. 37–73). Niðurstaða Haralds er sú að það sé langlíklegast að Lýsingarorðið sem um er fjallað hafi verið *gjörótrr* á elsta stigi íslensks máls. Lýsingarorðið hefur verið dregið af nafnorðinu *gjör* sem merkti ‘æti (sem agn)’. Nafnorðið hefur samkvæmt þessu verið *gjör* (en ekki *gør*) í elstu íslensku. Að svo stöddu munum vér því hafa fyrir satt að rímið *hrafna gjör* í Höfuðlausn hafi verið fullkomlega rétt á tímum Egils.

## 6

En Jón Helgason hefði ekki lagt til atlögu við Höfuðlausn ef hann hefði ekki haft fleiri skeyti í mal sínum. Hann ténir til aðrar röksemdir fyrir ungum aldri, og skal ég geta þeirrar sem mundi talin vera einna þungvægust:

Einn af niðjum Egils Skallagrímssonar var Einar Skúlason prestur, tveimur öldum yngri, höfuðskáld Íslendinga á tólftu öld. Frægasta kvæði hans er Geisli, sem hann orti um Ólaf helga og flutti við vígslu dómkirkjunnar í Niðarósi 1253. Meðan skáldið kvað gerðist það undur að hið mikla guðshús fylltist af sætum ilmi. Sama ár, 1153, fór Eysteinn konungur Haraldsson vestur um ver að drýgja dáðir; og um þá för orti Einar skáld kvæði sem varðveitt er í brotum í *Morkinskinnu* og *Heimskringlu*. Kvæðið er undir sama hætti sem Höfuðlausn og í fátækt heimilda kennt við háttinn og kallað *Runhenda*. Náinn skyldleiki er með Runhendu og Höfuðlausn. „Það hefur auðvitað verið talið sjálfsagt að Einar Skúlason hafi stælt *Höfuðlausn*,“ segir Jón Helgason. „En nú kviknar sú spurning hvort höfundur *Höfuðlausnar* hafi ekki fremur fetað í fótspor Einars. Og má þá benda á tvennt: Annað er það að rímið *hjør : gør* verður því ólíklegra sem framar dregur á 12tu öld. Hitt er það að *Höfuðlausn* er sýnu dýrara kveðin en *Runhenda* Einars, en það mundi þykja líklegur gangur að í stælingu sé stigið feti framar en í fyrirmynd. Það ber oft við í *Höfuðlausn* að sömu hendingu er haldið um hálfá vísu, eða þá að hending í einum vísufjórðungi er skothend við þá sem þar var á undan (svo sem í upphafi: *ver : ber;| mar : far; || flot : brot;| hlut : skut*). Hjá Einari eru engin þvílík dæmi í vísunum úr *Morkinskinnu* og *Heimskringlu*. Aftur á móti er í *Snorra-Eddu* vísuhelmingur eignaður Einari og gengur ein hending um hann allan: „Skark



súðum sund | fyr sunnan Hrund, | mín prýddisk mund | við mildings fund.“  
Hann getur verið úr sama kvæði, en þó er það ekki víst“ (bls. 174).

Og einnig segir Jón: „En munur kvæðanna er sá mestur að Einar yrkir eins og vænta má af samtíðarmanni sem vissi full deili á athöfnum kvæðishetjunnar: hann nafngreinir bæði orustustaði og andstæðinga í hverju erindi, að heita má“ (bls. 174). Áður hefur Jón dregið fram það einkenni Höfuðlausnar sem raunar er alræmt, hve kvæðið er rýrt að efni. Eiríkur situr á Englandi og er kallaður „fárbjóður Skota“. „En þegar því sleppir,“ segir Jón, „verður ekki neitt fundið um konung þenna í kvæðinu annað en orðaglamur um hreysti og ör-læti. Lesandi kemst naumast hjá því að undrast, ef samtíðarmaður hefur ort, að hvergi skuli drepíð á eitthvert minnilegt atvik eða afrek, einhvern nafngreindan andstæðing er sigraður hafi lotið að velli, einhverja tiltekna orustu þar sem Eiríkur hafi borið hærra hlut“ (bls. 160).

Flestir sem þetta lesa munu vel kannast við Höfuðlausn, og skal til samanburðar birta fáein vísuorð úr Runhendu Einars Skúlasonar þar sem hvortveggja kemur fram: orðalagslíkingar eða hliðstæður við Höfuðlausn og nöfn ýmissa staða á Englandi þar sem Eysteinn konungur drýgði dáðir sínar (sjá einnig Sýnishorn III (bls. 32–33) þar sem öll kviðubrotin eru prentuð):

Frétt hef ek at fell,  
fólk- brustu svell,  
jöfurr eyddi frið,  
Apardjónar lið.

Jók hilmir hjaldr,  
þar var hjörva galdr,  
hjóska hildar ský  
við Hvítaby.

Vann vísi allt,  
fyrir vestan salt  
brandr gall við brún,  
brennt Langatún.

Enn skal ég hörgabrjótum til fagnaðar tína fram tvö atriði sem sumum þykja benda til þess að Höfuðlausn sé yngri en sagan vill vera láta – og með röngu eignuð Agli:

(a) Hátturinn, runhenda. Flest hin elstu dæmi um þennan hátt eru nokkru yngri en Höfuðlausn og aldur sumra auk þess vafasamur af ýmsum ástæðum. Enn eldri á raunar að vera vísan sem Skalla-Grímur, faðir Egils, yrkir um hefndina eftir Þórólf bróður sinn: „Nú er hersis hefnd / við hilmí efnd“ o.s.frv. Fáir trúa því nú að sú vísa sé rétt feðruð. Sigurður Nordal heldur að Egill hafi ort hana í orðastað föður síns. Hér á eftir mun þess getið að vísan brýtur greinilega móti Craigieslög máli og getur því samkvæmt skoðun Craigies ekki einu sinni verið eftir Egil, heldur ætti hún að vera enn yngri.

Til eru mjög gömul fornensk kvæði með endarími sem minna á Höfuðlausn, og er sérstaklega talað um svokallað Rhyme Poem eða Riming Poem sem er frá 10. öld eða jafnvel eldra. Sumir hafa því giskað á að Egill hafi numið þessa kveðskaparlist á ferðum sínum á Englandi (Gustav Neckel, Andreas Heusler o.fl.). En endarími bregður fyrir í mjög fornum íslenskum kveðskap, varla fyrir tilviljun: „Grjótbjörg gnata / en gífr rata“, segir í Völuspá. „Bað hann Sifjar ver / sér færa hver“, í Hymiskviðu. „Vilk eigi goð geyja, / grey þykki mér Freyja“, kvað Hjalti Skeggjason á Lögbergi árið 999. Og jafnan ber að hafa í huga að ósköpin öll hafa glatast af fornum kveðskap sem gæti skýrt uppruna og þróun þessa bragarháttar, ef hann skyldi vera ævafor. – En það skal viðurkennt að heldur veikir hinn runhendi háttur trúna á það að Höfuðlausn sé með réttu eignuð Agli.

(b) Sjálf höfuðlausnar-sagan hefur mörgum þótt ósennileg, ekki síst eftir að Odd Norland benti rækilega á það að svipuð saga er sögð um fimm önnur norræn skáld á fornum tímum: þau voru ætluð til dráps, en burgust með því að yrkja á skammri stundu lofkvæði um fjandmenn sína. (*Höfuðlausn í Egilssaga* 1956.) Ef ævintýri Egils í Jórvík er uppspuni þá má nærri geta að kvæðið Höfuðlausn hlýtur að fara sömu leiðina.

En Norland hikar við að rengja frásögn Egilssögu og vitnar henni til stuðnings í ummæli Jóns Helgasonar í *Norges og Islands digtning*: „Blandt de forskellige hovedløsningshistorier er denne den mest kendte, og hvor fantastisk man end vil finde den, må det indrømmes at den i nogen grad bekræftes ved et andet digt der tilskrives Egil, nemlig Arinbjarnarkviða, hvor skjalden taler om den vrede konge, som han dristede sig til at besøge ... “ (bls. 121). Áhlaup

Jóns Helgasonar í Höfuðlausnarhjali er þannig framið með ofurlitlu hiki miðað við fyrri ummæli hans.

## 8

Bjarni Einarsson hefur mjög fjallað um uppruna Íslendingasagna, meðal annars um kveðskap sem þar er varðveittur. Hann leggur áherslu á það að líta beri á kveðskapinn og lausa málið sem eina heild; að þegar menn þykist sjá ósamræmi milli vísna og sögu sé það oft sprottið af því að vísurnar flytji efni til viðbótar lausa málinu. Athuganir hans í ritinu *Skáldasögur* (1961) leiddu til þeirrar niðurstöðu að vísur þeirra sagna sem þar er um fjallað mundu ortar um sömu mundir sem sögurnar voru færðar í letur. Hann hikaði í fyrstu við að fella Egilssögu undir þessa reglu, líklega af því að hann taldi að hún væri rituð af Snorra Sturlusyni sem vera mundi ólíklegur til að yrkja vísur og kvæði í orðastað fornaldarskálda, svo dyggilega sem hann notar slíkan kveðskap sem heimildir um ævafora tíma í ritum sínum. En í riti sínu um Egilssögu, *Litterære forudsætninger for Egils saga* (1975), kemst Bjarni að þeirri niðurstöðu að Höfuðlausnar-þátturinn í Eglu sé ritaður undir mjög miklum áhrifum frá Hallfreðarsögu, og hlaut sú niðurstaða að benda til þess að um væri að ræða hreinan skáldskap Egluhöfundar. Þá gat kvæðið auðvitað ekki verið fornt og rétt feðrað.

Skáldasögur fengu ekki góðar viðtökur hjá sumum eldri fræðimönnum. Ég nefndi áður ritgerð Einars Ól. Sveinssonar, „Kormakur skáld og vísur hans“, sem beinlínis er rituð gegn kenningum Bjarna í *Skáldasögum*. En á málþingum kom fram að ýmsir yngri fræðimenn litu kenningar Bjarna hýru auga, og hefur það vafalaust aukið djörfung hans og gefið honum byr undir vængi. Í ritgerð sem nefnist „Skáldið í Reykjaholti“ og birtist í *Eyvindarbók* 1992 rekur hann dæmi um ágætan skáldskap Snorra og fjallar síðan um harm hans eftir son sinn Jón murta. „Þegar alls er gætt eru traustari heimildir um hörmulegan sonarmissi Snorra en Egils,“ segir Bjarni. „Snorri hefði haft ríka ástæðu til að yrkja erfikvæði eftir son sinn. Þyki ástæða til að vefengja að Egill hafi kveðið Sonatorrek, þá væri enginn maður líklegri til að hafa „sett sig í spor Egils“ en Snorri Sturluson, svo framarlega sem hann hefir verið höfundur Egils sögu“ (bls. 40).

Svo má kalla að aðför hörgabrjóta að Agli og kveðskap hans hafi fullkomnast með doktorsriti Baldurs Hafstaðs, *Die Egilssaga und ihr Verhältnis zu anderen Werken des nordischen Mittelalters* (1995). Baldur fjallar um

Egilssögu mjög svo of hið sama far sem Bjarni, en bætir miklu við ábendingar hans um áhrif á söguna frá öðrum fornritum. Baldur gengur hreinlega til verks og segir með öllu skilið við forna sannindatrú á sögu og kvæði. Hann skoðar söguna sem bókmenntaverk eins og Bjarni og rekur á greinargóðan hátt tengsl hennar við önnur íslensk rit, meðal annars við Heimskringlu sem hann telur eldri en Egilssögu, en það hygg ég ugglaut rétt vera enda hef ég sjálfur haldið því sama fram (Jónas Kristjánsson 1977, bls. 470–472). Einnig rekur hann Höfuðlausnar-sagnirnar skilmerkilega. Odd Norland trúði að Höfuðlausn væri „ósvikin“ og taldi hinar sagnirnar spunnar kringum Jórvíkurför Egils. En nú var Jón Helgason búinn að færa Höfuðlausn til síðara hluta 12. aldar, og þarf Baldur þá aðeins að hnykkja henni fáein ár nær í tímanum til að allt falli í ljúfa löð. Sagan, kvæðin og lausavísurnar eru eitt samfellt skáldlegt bókmenntaverk, samið af Snorra Sturlusyni á síðustu árum hans kringum 1240. Baldur fer í gegnum kvæðin og vísurnar lið fyrir lið, og sér í sífellu áhrif frá kveðskap af ýmsu tagi og frá ýmsum tímum.

Einn liðsmaður enn hefur bæst í hóp hörgabrjóta eftir að Baldur gaf út rit sitt, en það er Torfi Tulinius, og ber einkum að nefna rit hans, *Skáldið í skriftinni*, sem út kom árið 2004. Torfi gengur í fótspor þeirra Bjarna og Baldurs, en bætir mörgu við og fetar að ýmsu leyti nýjar slóðir. Eins og meistaramir skoðar hann sögu og kveðskap sem eina skáldskaparlega heild. En þar sem Bjarni leitar einkum áhrifa eða fyrirmynda til eldri íslenskra sagna, þá telur Torfi sig finna fyrirmyndir í ýmsum erlendum söguritum, ekki síst í Biblíunni. Hér og þar játar hann berum orðum trú sína á Bjarna Einarsson, svo sem eftirfarandi tilvitnanir sýna:

„Niðurstöður Bjarna eru afrakstur mikillar vinnu og styðjast við yfirgripsmikla þekkingu hans á innbyrðis samhengi fornritanna, enda hafa þær kollvarpað fyrri hugmyndum fræðimanna um afstöðu Egluhöfundar til heimilda sinna. Það sem sagt verður hér á eftir byggir að miklu leyti á athugunum Bjarna“ (bls. 236, eftirmálgrein 10 við bls. 25).

Ljóst er að Torfi gerir ráð fyrir að allur kveðskapur Eglu sé frá ritunartíma hennar og að líkindum verk söguhöfundar sjálfs. „Tekið er undir grundvallarhugmynd Bjarna Einarssonar um að kvæðið [þ.e. Sonatorrek] hafi verið ort á 13. öld,“ segir hann. „Hvort sem það var áður en sagan var samin eða ekki, fellur hugsun Sonatorreks að heildarhugsun Egils sögu ...“ (bls. 115).

Nú hef ég rakið nokkurar glefsur úr röksemdum og kenningum hörgabrjóta sem smám saman hafa sargað kveðskapinn af Agli gamla. Rekja má þróun stig af stigi, hvernig menn færa sig upp á skaftið, allt frá Finni Jónssyni árið 1885 til Torfa Tuliniusar árið 2004.

Finnur sviptir Egil eindregið fjórum vísum, og bætir fimm til viðbótar í úrkastið með hálfum huga. Ástæður hans eru einkum tvenns konar: Að vísurnar geti ekki verið ortar við þær aðstæður sem sagan segir, og að orðmyndir eða bragreglur séu of unglagar. Niðurstaða Baldurs Hafstaðs og Torfa Tuliniusar er hreinni og klárari, þeir skera einfaldlega allt niður við trog í einu lagi. En flestir munu vilja fara bil beggja eins og Finnur og Jón Helgason: taka sumt af skáldinu, en lofa því að halda öðru. Vandinn er bara sá að fáir eða engir eru á einu máli um það hvar mörkin skuli draga: hvað er „ægte“ og hvað er „uægte“ eins og Finnur orðaði það. Í formála Egilssögu 1933 (bls. vi o.áfr.) sýnir Sigurður Nordal hversu ólíkar skoðanir þrír eldri fræðimenn höfðu á þessu efni: annars vegar Finnur Jónsson (á mismunandi tímum), hins vegar Per Wieselgren og Eduard Sievers. „Alveg sammála eru þeir ... aðeins um tvær vísur (4. og 5.). Sýnir þetta átakanlega, hversu hæpnar röksemdir hér er um að ræða,“ segir Sigurður (bls. ix).

Sjálfur er ég einn af þeim sem vilja leyfa Agli að halda sem allra mestu af því sem sagan eignar honum. Og ég þykist ekki gera þetta af tómri óskhyggju og umhyggjusemi fyrir gamla maninum, ég hef ýmsar röksemdir til að brúka á hörgabrjóta. Þeirra röksemdir eru fyrst og fremst bókmenntalegar, en einnig að nokkru sagnfræðilegar og menningarlegar. Mínar röksemdir eru hins vegar fyrst og fremst málfræðilegar og bragfræðilegar, en einnig að nokkru sagnfræðilegar – ég vel bara annað úr sagnfræðinni heldur en þeir, ég vel það sem styður mín sjónarmið.

### *1. Málfræði og bragfræði*

Yfirleitt hirða hörgabrjótar lítt um málfræðilegar eða bragfræðilegar röksemdir fyrir háum aldri fornkvæða, en ef þeir neyðast til að taka afstöðu þá fara þeir undan í flæmingi: Þetta er ekkert að marka, vísan er afbökun, segja þeir – og það á sannarlega við um margar vísur Íslendingasagna. Eða þá: Skáldið stælir eldri bragreglur. Skáldið leyfir sér ónákvæmt rím eins og öll skáld gera stöku sinnum, o.s.frv. En ég segi á móti: Ef dæmin eru nógu mörg sem hníga í sömu átt þá getur ekki verið um tilviljun að ræða, þá er okkur skylt að taka mark á

röksemdum málfræðinga. Ég nefni hér tvö bragfræðileg atriði sem vega þungt til marks um háan aldur fornkvæða – og þá hugsa ég auðvitað sérstaklega um kveðskap Egils.

(a) *Craigies-lögmál*. Dietrich Hofmann vitnar í ritgerð sinni í svonefnt *Craigies-lögmál*, sem W. A. Craigie setti fram í *Arkiv för nordisk filologi* 16 (1900). Um lögmál þetta fjallar Hans Kuhn síðan nánar með sínum flókna lærdómi í *Zeitschrift für deutsches Altertum* 1937.

Craigie leggur til grundvallar rit E. Sievers, *Altgermanische Metrik* (1893), sem var eins konar biblía bragfræðinnar á þessum tíma, og bindur rannsókn sína í fyrstu atrennu við dróttkvæðan hátt. Hann kannar öll kvæðin í safni Konráðs Gíslasonar, *Udvalg af Oldnordiske Skjaldekvad* (1892) – *Skjalde-digting* Finns Jónssonar var að sjálfsögðu ekki komin út á þessum tíma.– Niðurstaða Craigies, eða „lögmál“ hans sem svo hefur nefnt verið („Craigie’s Law“, „das Craigiesche Gesetz“), er í stuttu máli á þessa leið:

Í dróttkvæðum hætti er einkvætt nafnorð í fjórðu samstöfu ljóðlínu ætíð stutt (*lið, frið, dag, gram* o.s.frv.). Sama máli gegnir þótt nafnorðið endi á löngu sérhljóði eða tvíhljóði (*gný, bú, Frey* o.s.frv.), og lögmálið raskast ekki þótt við bætist nefnifalls-*r* (*stafr, viðr, sonr*). Til dæmis má taka eftirfarandi vísuorð (Craigie, bls. 343–345):

Súðvirki *lið* búðir  
verðungar, *styr* gerðu  
ógndjarft fyrir *kné* hvarfa  
hjalmdrifu *viðr* lífi

Samkvæmt niðurstöðu Craigies gildir þessi regla eða lögmál fram til 1030 eða jafnvel lengur.

Næst snýr Craigie sér að því að kanna bragarháttu með ferkvæðum ljóðlínum:

We must next enquire how far the same rule was observed in the shorter metre now commonly called fornyrðislag (in which are included balkarlag and Starkaðarlag; see Háttatal 97-99). As this, in its strictest form, differs from dróttkvætt only by the want of the final  $L\sim^2$ , we should not expect *a priori* to find any serious discrepancy on this head. A thorough examination of the question is, however, ren-

2 Þ.e. langt áhersluatkvæði + stutt atkvæði áherslulaust.

dered difficult by the lack of good authentic specimens of fornyrðislag from the 10th century. Until we know exactly when, where, and by whom the poems of the Edda were composed we cannot with any safety found our investigations upon them. That such lines as *stendr æ of grænn* and *ykkr læt'k þat gull* occur in *Völuspá* and *Völundarkviða* proves nothing: we must find out, if possible, what was done by skalds whose names and dates are not matters of uncertainty. Then of course we may take the Edda poems into account, and see how they compare with the results obtained (bls. 346–347).

Craigie tekur síðan dæmi úr 9 lausavísum sem hlíta lögmálinu og eru eignuð skáldum frá lokum 10. aldar eða upphafi hinnar 11. og heldur áfram:

But if these lausavísur are too few to establish the principle as valid for all correct fornyrðislag, it is not difficult to supplement their evidence from sources more extensive and equally decisive. While long poems in this metre by 10th century skalds are wanting, we can utilize for our purpose the even lines of the poems in *kviðuhátt*, (viz. *Ynglingatal*, *Háleygjatal* and *Sonatorrek*) numbering 328 in all. In these the same system is consistently followed: if the monosyllable ending a line is a verb, it may have any possible form, e g. *Vanlanda kom*; *þars Fróði bjó*; *at hálsi gekk*; *ept dvergi hljóp*; but if it is a noun, only two types are admissible, examples of which are *ef Agna her* and *í odda gný* (bls. 347–348).

Síðan gerir hann grein fyrir því hvernig lögmálið stenst í öllum þessum þremur kvæðum utan á tveimur stöðum þar sem hann telur að textinn muni líklega vera afbakaður (og er það síður en svo ólíklegt).

Að svo búnu snýst Craigie að Höfuðlausn, og þá kemst hnífur hans heldur betur í feitt:

Still clearer proof may perhaps be found in Egil's Höfuðlausn, which, apart from the rimes, is composed throughout in absolutely correct fornyrðislag, and might well serve as a model of that metre. The addition of rime has quite naturally increased the number of lines of this type, and their evidence is in the highest degree instructive. In the poem there are 144 lines, and 72 of these end in a monosyllable; with four exceptions (*vann* : *þann* : *hann* : *fann*) these words have a short vowel or

end in a vowel. The list of substantives, 43 in all, is perhaps worth giving in full; to the one class belong *gram* (2), *ham*, *hlam*, *þram*; *far* (2), *mar* (2); *gnat*; *ver*; *fit*, *hnit*; *lof*, *rof*; *brot*, *flot*; *hlut*, *skut*; *bjöð*, *kvöð*, *löð*, *mjöð*; *föl*, *fjöl*, *mjöl*, *möl*; *fjör*, *gjör*, *hjör*, *spjör*; *mjöt*, *sjöt*, and to the other *á*, *spá*; *glæ*, *hræ* (2); *sæ* (2), *skæ*; *bý*, *y*.

The testimony of Höfuðlausn is all the more valuable, because in a riming poem there would be the very strongest reasons for using a full-stressed syllable to end the line. But Egill never once falls into this, and it was probably also avoided by Gunnlaug in his *drápa* on Earl Sigtrygg, as the fourteen lines which remain of this give only the forms *brag*, *lag*; *kon*, *son*; *skil* and *hræ*, *skæ*. These facts cast some suspicion on the genuineness of Skallagrím's verse with the riming words *hefnd* : *efnd*, *örn* : *börn*; and perhaps Grámagafilm is not quite so old as the days of Björn [Hítðælakappi]. Not before Þjóðólf's lines on King Harald *harðráði* (CPB. II. 211)<sup>3</sup> do we have certain evidence that even in riming poems such an ending as *krók* or *réttr* was permissible (bls. 348-349).

Þetta eru orð Craigies, og athuganir mínar staðfesta þau fullkomlega. Kvæðisbrot Þjóðólfs Arnórssonar um Harald *harðráða* mun vera elsta runhenda, nokkuð nákvæmlega tímasett, þar sem brotið er gegn Craigieslög máli. Þjóðólfur mun hafa fallið með Haraldi konungi við Stafnfurðubryggju 1066, og kvæðið er svo sem 10 árum eldra. Og næst kemur svo Runhenda Einars Skúlasonar sem fyrr er getið, en hún er réttari öld yngri, ort á sjötta tug 12. aldar. Þar er lögmálið þverbrotið, sjá Sýnishorn III (bls. 32-33), þar sem allt kvæðisbrotið er prentað.

En Craigie fjallar einnig um kvæði undir ferkvæðum háttum öðrum en runhendu, og má sérstaklega nefna erfikvæði Gísls Illugasonar um Magnús berfætt, ort laust eftir 1100 (160 ljóðlínur), og einnig Sigurðarbálk Ívars Ingimundarsonar sem ortur var um 1140 (320 ljóðlínur). Bæði þessi kvæði eru undir fornyrðislagi, og í þeim er lögmálinu fylgt: öll nafnorð eru stutt í lokaorðum (með einni undantekningu í Sigurðarbálki sem ekki vegur þungt, sjá Craigie, bls. 349). Upphóf þessara kvæða eru prentuð af öðru tilefni á Sýnishorni III (bls. 31-32).

Eftir þessu að dæma er Craigieslög málið að fjara út á svo sem hundrað ára tímabili, frá miðri 11. öld til miðrar 12. aldar; frá Þjóðólfi til Einars Skúla-

3 CPB: Corpus Poeticum Boreale.



sonar En það er athygli vert að Sigurðarbálfur Ívars, sem fylgir lögmálinu, er nær hundrað árum yngri en hið runhenda kvæði Þjóðólfs sem brýtur lögmálið. Og satt að segja væri þörf að rannsaka þetta lögmál miklu betur en gert hefur verið. Craigie byggir á rannsóknum Sievers í *Altgermanische Metrik*, og síðan hefur margt gerst í rannsóknum fornrrar bragfræði – þótt einnig sé margt ógert. Sievers gengur út frá dróttkvæðum hætti sem er mjög reglufastur, en nú er talið að sá háttur og aðrir reglubundnir hættir séu runnir frá frjálslegri háttum sem birtast í hinum elstu eddukvæðum og öðrum mjög fornum germönskum kveðskap. Sem dæmi um slíkt ævafornt kvæði á norrænu máli má nefna Atla-kviðu, en í henni á Craigieslögmál alls ekki heima; það gildir aðeins í reglubundnum háttum sem sýna yngra þróunarstig. Allt þyrfti þetta að athugast nánar og frá nýjum sjónarhóli, en til þess skortir mig bæði lærdóm og vinnuþrek. Í stað þess hyggst ég hverfa að öðru bragfræðilegu einkenni sem varðar kveðskap Egils, en þar þykist ég vera betur með á nótunum.

(b) *Hendingar (rím)*. Í skáldskaparfræðum er það kallað *skothending* ef saman ríma einungis samhljóð, en sérhljóð eru mismunandi („*Þél høggr stórt fyrir stáli*“; Egill, lausav. 23 í *Skjaldedigtning*). Það kallast hins vegar *aðalhending* ef saman ríma bæði sérhljóð og samhljóð („*stafnkvígs á veg jafnan*“; Egill, sama vísa). Þess væri að vænta að fornskáld rímuðu einungis saman *a* móti *a* og *o* móti *o* í aðalhendingum, því að þetta hljóta að teljast vera tvö mismunandi hljóð. En nú ber svo kynlega við að skáldin ríma lengi vel saman *a* móti *o* rétt eins og þarna hefði ekki orðið neitt hljóðvarp: *voll* : *skalla* (Egill, lausav. 31); *hond* : *standa* (Sighvatur, Erfidr. Ól. helga, lausav. 22 í *Skjalde-digtning*). Um þetta hefur Finnur Jónsson skrifað í merkilegri ritgerð: *Norsk-íslandske kultur- og sprogforhold i det 9. og 10. årh.* (1921). Og kunnasti málfræðingur Íslands á síðustu tímum, Hreinn Benediktsson, hefur einnig fjallað um þetta fyrirbæri og reynt að skýra hví skáldin leyfðu sér þetta rím. Ritgerð Hreins var fyrst prentuð í *Acta philologica Scandinavica* 1963, og síðar endurprentuð í afmælisriti hans, *Linguistic Studies, Historical and Comparative*, 2002. Í ljós kemur að rímið *a* : *o* helst í dróttkvæðum fram á síðara hluta 12. aldar, en er horfið í Háttatali Snorra Sturlusonar 1222–23. Dæmi um rímið *a* : *o*, tekin úr lausavísu Egils og Geisla Einars Skúlasonar, eru sýnd á Sýnis-horni I (bls. 28–29).

Ég verð að segja að mér þykja vera óþarflega miklir vísindalegir vafningar í ritgerð Hreins. Í raun og veru finnst mér einfalt brjóstvit nægja til að skýra þetta fyrirbæri. Í öndverðu er um að ræða eitt hljóð, *a* sem rímar við *a*. Síðan hljóðverpist annað *a*-ið og breytist smám saman í *o*, en skáldin halda samt sem

áður áfram að ríma þau saman, af því að þau eru svo lík og/eða samkvæmt gömlum vana. En þar kemur um síðir að hljóðin fjarlægjast svo mikið að rímið gengur ekki lengur. Á Vesturlandi gerist þetta á 70 ára tímabili, milli Geisla Einars og Háttats Snorra. Og tregða er komin í Einar, það sést á því að hann rímar aðeins þrívægis  $\varrho$  móti  $a$  í sínu mikla kvæði.

Nú kunnu hörgabrjótar að segja sem svo að þetta sé ekki mikið að marka: vísurnar geti verið afbakaðar, ellegar að skáldin leyfi sér vísvitandi ónákvæmt rím; að dæmin hjá Hreini séu ekki mörg, aðeins 5 úr öllum kveðskap Egils. En þá er því til að svara *skáldin* eru býsna mörg. Hreinn er með 24 skáld alls, og ekki talinn vafi um mörg þeirra að þau eigi skáldskapinn með réttu, t.d. Einar skálaglamm (9 dæmi) og Sighvatur Þórðarson (18 dæmi). Og hafi breytingar orðið á vísunum í aldanna rás, þá er auðvitað líklegra að þær beytingar yrðu í átt til yngra máls, til þess að lagfæra rímið. Grunur leikur einmitt á því að slík breyting hafi orðið á einum stað í Höfuðlausn, þ.e. frá upphaflegri mynd til þess sem stendur í handritunum. Upphaf 4. vísu er prentað þannig (samkvæmt handriti) í útgáfu Sigurðar Nordals í *Íf. II* (sjá einnig *Sýnishorn I* bls. 29):

Óx hjörva glòm  
við hlífar þròm.

En orðið *glòm* (kvk.) kemur ekki fyrir annarsstaðar í íslensku máli, og því leiðréttir Finnur Jónsson þannig í *Skjaldedigtning B*:

Óx hjörva glam  
við hlífar þròm.

Þarna gerir Finnur ráð fyrir hinu forna rími,  $a : \varrho$ . Orðið *glam* eða *glamm* er alkunnugt í íslensku að fornu og nýju, og lagfæring Finns hlýtur að teljast mjög sennileg.

## 2. Varðveisla. Afbökun texta

Eins og fyrr getur telur Jón Helgason að Höfuðlausn muni gerð undir áhrifum frá Runhendu Einars Skúlasonar sem ort var á árunum 1153–57. Einnig gerir Jón ráð fyrir því að Höfuðlausn hafi gengið í munnmælum áður en hún var færð í letur í mismunandi gerðum. Um þetta segir hann í Höfuðlausnarhjalli: „Mismunurinn á *Höfuðlausnum*, þeirri í  $\epsilon$  og þeirri í *Wolfenbüttelbók*, er

allmikill hvar sem litið er: hvor textinn hefur erindi, heil eða hálf, sem ekki eru í hinum; vísun og vísnahtlum er öðruvísi raðað; í annari er orðalag einatt frábrugðið því sem er í hinni. Milli þessara uppskrifta getur enginn ritaður tengiliður verið. Þá er aðeins um eina úrlausn að ræða: *Höfuðlausn* hefur verið í flokki þeirra kvæða sem menn námu utanbókar. Tveir menn hafa skrifað hana upp, hvor eftir sínum heimildarmanni. en hvorugur náð henni rétttri“ (bls. 163–64).

Og síðar segir Jón: „Á þremur stöðum í Snorra Eddu eru tilfærðir vísu-helmingar úr *Höfuðlausn*, og á einum stað fjórðungur erindis úr sama kvæði. Kvæðið er eignað Agli: „Sem Egill kvað“, „svá sem kvað Egill“, „svá kvað Egill“, en *Höfuðlausn* ekki nefnd; þess var heldur engin von, því að ekki er venja þar að bæði sé greint skáldsnafn og kvæðisheiti. Því virðist örugglega mega treysta að Snorri Sturluson hafi þekkt *Höfuðlausn* og ekki vitað betur en hún væri eftir Egil“ (bls. 174).

En satt að segja getur þetta tvíliðaða dæmi Jóns tæplega gengið upp. Ef *Höfuðlausn* er ekki ort fyrr en um 1160 eða enn síðar (það er að segja á eftir Runhendu Einars), þá er með öllu ólíklegt að Snorri „hinn fróði“, fæddur 1179, hefði talið að hún væri með réttu eignuð Agli Skallagrímssyni. Hann vitnar í kvæðið í Eddu sinni laust eftir 1220, og litlu fyrr eða litlu síðar hefur *Höfuðlausn* verið færð í letur í heild sinni. Þá er hreint ekki nógur tími til þess að Snorri ruglaðist varðandi aldur hennar og til þess að hún klofnaði í tvær gerðir og afbakaðist svo herfilega að sumar vísur eru óskiljanlegar nema með miklum leiðréttingum.

Varðveisla *Höfuðlausnar* er allt öðruvísi heldur en gerist og gengur um kvæði sem ort eru á 12. og 13. öld. Fyrir utan Runhendu Einars Skúlasonar, þar sem allt er gegnsætt, má nefna Sigurðarbálk Ívars Ingimundarsonar sem er litlu eldri, þar er allt auðskilið; einnig vísur margar í Sturlungu, eða þá kvæði Sturlu Þórðarsonar í Hákonar sögu (sem munu að vísu hafa verið skráð um leið og þau voru ort eða litlu síðar).

Segja má að í heild sinni sé kveðskapur sá sem eignaður er Agli í sögu hans miklu fornlegri heldur en þau ljóðmæli sem sannanlega eru frá 12. og 13. öld. Til marks um þrautagöngu þessa kveðskapar gegnum aldalöng munnmæli hef ég tekið upp nokkur sýnishorn úr öllum þremur kvæðum Egils, óleiðréttan texta úr *Skjaldedigtning* A, en klætt hann í einfalda samræmda stafsetningu, sjá Sýnishorn II (bls. 29–30). Ég skora á menn að bera þetta saman við vísurnar úr Magnússkviðu Gísls Illugasonar, Sigurðarbálki Ívars Ingimundarsonar og Runhendu Einars Skúlasonar, sem birtar eru á Sýnishorni III (bls. 31–33). Í þessum ungu kvæðum er nálega allt vel varðveitt og fullkomlega

auðskilið. Úr Runhendu er tekið allt sem varðveitt er, úr Magnússkviðu og Sigurðarbálki fyrstu vísurnar.

Hér skal skotið inn einni leiðréttingu við ranghermi varðandi *Snorra-Eddu*: Jón Helgason viðrar þá tilgátu „að einhver dæmi úr kvæðum fyrri skálda sem standa í höfuðgerðum *Snorra Eddu* hafi ekki verið í frumgerð hennar“ (bls 174). Þetta hafa hörgabrjótar stundum tuggið upp, hnykkja á því að tilvitnanirnar til Egils séu aðeins í sumum handritum Eddu og geti því verið síðari viðbætur. En þessi atлага þeirra stenst alls ekki. Ef tilvitnanir til Egils vantar í einhver handrit Eddu *þá er ævinlega um að ræða heila kafla sem vantar í viðkomandi handrit*. Hvernig í ósköpunum hefðu tilvitnanirnar í Eddu þá átt að koma fram í þessum handritum? Handritageymd *Snorra-Eddu* bendir ekki til neins annars en að tilvitnanirnar til Egils hafi verið í þeim öllum sem gildi hafa, bæði heillegum handritum og brotum.

## 10

Enn er eftir að geta eins merkilegs vitnisburðar um kveðskap Egils, en það er *Þriðja málfræðiritgerðin*, einnig nefnd *Málskrúðsfræði*, eftir Ólaf hvítaskáld Þórðarson. Ólafur var bróðursonur Snorra og honum mjög handgenginn, og í riti sínu vitnar hann oft í Háttatal Snorra. En hann vitnar einnig í fjölmörg önnur skáld, nafngreind og ónafngreind, meðal annars nokkrum sinnum í Egil Skallagrímsson („sem Egill kvað“). Flestar eru tilvitnanirnar í Arinbjarnarkviðu, og er talið að þarna séu varðveittar tvær síðustu vísur kvæðisins sem ella hefðu glatast. Einnig vitnar Ólafur í hina tvíráðu ellivísu Egils um „bergis fótar bor“, og loks í tvö vísuorð slitin úr samhengi, torskilin og líklega afbök-uð, sem hvergi eru varðveitt annarsstaðar (*Den tredje og den fjerde gram-matiske afhandling i Snorres Edda* 1884, bls. 21, 86, sbr. *Skjaldedigtning* B I, bls. 60):

vrungu (eða *vröngu*) varrar Gungnis  
varrar lungs um stunginn.

Um ljóðatilvitnanir Ólafs hefur Gísli Sigurðsson fjallað á mjög greinargóðan hátt í riti sínu, *Túlkun Íslendingasagna í ljósi munnlegrar hefðar* (2002). Hann sýnir fram á það að þeir frændur, Snorri og Ólafur, hafa búið yfir miklum auði ljóðmæla, fornra og nýrra, og hefur sumt þegar verið komið á bækur á þeirra tímum, sumt hefur ratað á bókfellið síðar, en sumt aldrei nema þessar stöku vísur og vísubrot í ritum þeirra frænnda. Umfjöllun Gísla rennir afar styrkum

stoðum undir þá kenningu sem hér er haldið fram, að kveðskapur sá sem Agli er eignaður í gömlum heimildum muni vera ævaforð og líklega með réttu eignaður honum.

## 11

Þá er aðeins eftir að draga saman til glöggvunar helstu niðurstöður mínar varðandi kveðskap Egils Skallagrímssonar:

Einhvern tíma á fyrra hluta 13. aldar var Egilssaga færð í letur. Höfundur hennar hefur að öllum líkindum verið Snorri Sturluson, sem einnig ritaði sögur Noregskonunga (Heimskringlu) og Eddu þá sem við hann er kennd. Efnið í sögunu voru borgfirskar munnmælasagnir, einnig nokkur kvæði og allmargar vísur sem flestar voru eignaðar Agli sjálfum. Fornar bragreglur, afbakanir kveðskaparins og ýmis torskilin og fornleg orð og orðasambönd sýna svo að ekki verður um villst að kveðskapur þessi hefur að mestum hluta verið ævaforð og líklega með réttu eignaður Agli. Sameiginleg einkenni, t.a.m. meitlaðar líkingar (nýgervingar) og tíðar endurtekningar eða mikil klifun sömu efnisatriða eða hugmynda, benda til eins og hins sama skálds. Höfundur sögunnar hefur einnig stuðst við ritaðar konungasögur, þar á meðal Heimskringlu. En ekkert bendir til að hann hafi þekkt aðrar Íslendingasögur.

Mesti atburður í ævi Egils var för hans til Jórvíkur þar sem Eiríkur blóðöx, áður Noregskonungur, réð ríkjum. Áður hafði Egill átt í illdeilum við konung þennan og að því er sagan segir ráðið son hans af dögum; en það er áreiðanlega ofsagt þótt það sé látið styðjast við vísu eignaða Agli; sú vísa er afbökud, og höfundur sögunnar hefur misskilið hana eða ýkt af ráðnum hug. Sagan lætur Egil hrekjast til Jórvíkur í hafvillu; en það er einnig rangt, samkvæmt kvæðum Egils fer hann þangað af ráðnum hug og hefur meðferðis kvæði til að flytja konungi. Ástæða til fararinnar hefur meðal annars verið sú að aldavinur Egils, Arinbjörn hersir, var í föruneyti með konungi. En þegar til Jórvíkur kemur tekur hinn grimmyndi konungur honum miklu verr en Egill vænti og ætlar að ráða hann af dögum. Hann bjargar þá lífi sínu með því að flytja kvæði sitt, en jafnframt þakkar hann lífgjöfina stuðningi Arinbjarnar vinar síns. Þetta kemur hvorttveggja fram í sögunni og fær fullan stuðning af Arinbjarnarkviðu þar sem skáldið nefnir kvæði sitt „höfuðlausn“.

Höfuðlausn hefur verið fundið það til foráttu að hún sé harla rýr að efni, jafnvel miðað við önnur konungakvæði sem þó þykja ekki tiltakanlega efnismikil, sbr. ummæli Jóns Helgasonar sem fyrr er til vitnað. En þarna hafa menn

skáldið fyrir rangri sök. Efnisrýrt orðaglamur kvæðisins er nákvæmlega eins og vænta mætti ef Egill hefur sett það saman, jafnvel heima á Borg á Mýrum. Afrek Eiríks konungs í Noregi voru þau mest að hann drap eða lét drepa bræður sína og hlaut af því sitt ófagra auknefni. Og hafi hann drýgt einhverjar dáðir á Englandi þetta eina ár sem hann á að hafa búið þar áður Egill lét hann heim of sóttan, þá var lítil von til að tíðindi af þeim hefðu borist út til Íslands „um óraveg háværra hranna“.

Egils saga hefur að fornu verið metin sem söguleg heimild að hætti sinnar tíðar líkt sem sögur Snorra um Noregskonunga. Þetta mat sannast best á því að Sturla Þórðarson, bróðursonur Snorra og mesti sagnaritari Íslands eftir daga frænda sinn, notar hana sem heimild og endursegir efni hennar í Landnáma-bók þeirri sem hann setti saman á efri árum sínum. Og eins og ég gat um fyrir vitna bæði Snorri og Ólafur bróðir Sturlu ótæpilega í kveðskap Egils til skýringar á fornum fræðum. Kveðskapurinn var arfleifð feðranna, og saga Egils var einn þáttur í því samfellda bókmenntalega stórvirki sem þeir frændur Sturlungar létu eftir sig á 13. öld.

## SÝNISHORN I

Rímað saman o : a

*Lausavísur eftir Egil Skallagrímsson, 10. öld.*

*Númer vísna úr Egils sögu 1933*

35. v. mögnuðr Egil fagna

39. v. hœfum rønd með brandi

40. v. vøll fyr rotnum skalla

45. v. gjøld, finnumsk vér sjaldan

*Vísur úr Geisla eftir Einar Skúlason, 1153. Númer úr Skjaldedigtning*

11. v. høll ok Norðmenn allir

16. v. alls heims fyr gram snjøllum

54. v. rønn – sex tígir manna

*Vísuorð úr Höfuðlausn Egils (4.v.)**Finnur Jónsson, Skjalded. B:            Sigurður Nordal, Egilssaga:*Óx hjörva glam  
við hlífar þromÓx hjörva glöm  
við hlífar þrom

## SÝNISHORN II

*Úr Egilskvæðum, frá 10. öld*

Bera vitni um afbökun eftir langa munnlega geymd. Verða aðeins skilin með miklum leiðréttingum og getgátum.

*Úr Höfuðlausn*

- |   |   |
|---|---|
| <p>5. þars í blóði<br/>í brimils móði<br/>flaustr of þrumdi<br/>en und um glumdi.</p>                         | <p>haukstrandar mjöl,<br/>hygg ask flotna fjöl<br/>við Fróða mjöl.</p>            |
| <p>6. Hné fyrða fit<br/>unz fleina hnit,<br/>orðstír of gat<br/>Eiríkr at þat.</p>                            | <p>20. hrærða ek munni<br/>af mærdar grunni<br/>Óðins ægi<br/>of jötuns fægi.</p> |
| <p>17. Brýtr bóg hvíta<br/>bjóðr hram slita,<br/>muna hoddafa<br/>hringbrjótr lofa;<br/>mjök er honum fól</p> | <p>22. Njóti bauga<br/>sem Bragi auga,<br/>vagna vára<br/>eðr Vili tára.</p>      |

*Úr Sonatorreki*

- |   |   |
|---|---|
| <p>3. Lastalauss<br/>er lifnaði<br/>á nokkvers<br/>nokkva bragi;<br/>jötuns háls<br/>undir flota<br/>náins niðr<br/>fyrir naust dyrum</p>                     | <p>8. Veiztu um þá sök<br/>sverði of rækak<br/>var ǫlsmið<br/>allra tíma;<br/>roða vágs brœðr<br/>um vága mættak<br/>fœra ek andvígr<br/>Ægis mani.</p> |
| <p>4. Því at ætt mín<br/>á enda stendr<br/>sem hræbarnar<br/>hlinnar marka;<br/>era kaskr maðr<br/>sá er þogla berr<br/>frænda hrærs<br/>af fletjum ríðr.</p> | <p>19. En mér fannst<br/>í fōstum þokk<br/>hrosta hilmir<br/>á hendi stendr;<br/>máka ek upp<br/>í aróar grímu<br/>rýnis reið<br/>rétti halda.</p>      |

*Úr Arinbjarnarkviðu*

- |   |   |
|---|---|
| <p>19. Hann drógseil<br/>um eiga gat<br/>sem hildingr<br/>heyrnar spanna,<br/>goðum ávarðr<br/>með gumna fjöld<br/>vinr Véþorms<br/>veklinga tōs.</p> | <p>21. Gekk maðr engi<br/>at Arinbjarnar<br/>ór legvers<br/>lōngum knerri,<br/>háði leiddr<br/>né heipt kveðum<br/>með atgeirs<br/>auðar tuptir</p> |
|---|---|



## SÝNISHORN III

*Úr ýmsum kvæðum frá 12. öld*

Vel varðveitt, engra leiðréttinga þörf. Allt auðskilið þeim sem handgengnir eru fornum kveðskap.

*Upphaf erfikvæðis um Magnús berfætt eftir Gísl Illugason,  
upphaf 12. aldar*

- |   |   |
|---|---|
| <p>1. Ungr framdi hann sik,<br/>þar er alendr vildu<br/>lofsælan gram<br/>landi ræna<br/>Imdar faxes,<br/>en jöfurr sótti<br/>Bláleiggs við<br/>með blám hjörvi.</p> <p>2. Ýtti ór Ósló<br/>til Egils fundar<br/>lofðungur liði<br/>lands at krefja,<br/>fylgdu ræsi<br/>ok Rygir sunnan<br/>linns láðgefendr<br/>ór lögum tvennum.</p> <p>3. Sjá knátti þá<br/>siklings flota<br/>vel vígligan<br/>ok vanan sigri,</p> | <p>er fyrir Yrjar<br/>í aga miklum<br/>óprotligt lið<br/>árar kníði.</p> <p>4. Átti hilmir<br/>húsping við sjá,<br/>þat var fyrir innan<br/>Qrvahamra;<br/>bjósk at brenna<br/>en búendr flýðu,<br/>stórráðr konungr<br/>af Staði útan.</p> <p>5. Hyrr sveimaði,<br/>hallir þurru,<br/>gekk hár logi<br/>um heruð þeira;<br/>sjá knátti þar,<br/>er salir fellu,<br/>landráð konungs<br/>um liði Þóris.</p> |
|---|---|

*Upphaf Sigurðarbálks eftir Ívar Ingimundarson, um 1140.*

- |   |   |
|---|---|
| <p>1. Óx í æsku<br/>við Aðalbrikti</p> <p>2. Vann Róms götu<br/>ræsir Þrøenda<br/>fœti farna,</p> | <p>sá er frama drýgði;<br/>sótti síðan<br/>ok syndum hrauð<br/>hers oddviti<br/>helga dóma.</p> |
|---|---|

- |  |  |
|--|--|
| <p>3. Sótti breiða<br/>borg Jórsala<br/>orr oddviti<br/>út í lönðum;<br/>áðr í vatni<br/>þat er vígði Guð<br/>Sigurðr af sér<br/>syndir þvægi.</p> | <p>4. Létu síðan<br/>súðvigg búin,<br/>æstisk ægir,<br/>útan ór Grikkjum;<br/>sótti Frakka<br/>fremdar ræsir,<br/>áðr Saxa sjöt<br/>Sigurðr kannaði.</p> |
|--|--|

*Úr Runhendu Einars Skúlasonar*

Allt sem varðveitt er, ort 1153–57. Hér sést greinilega skyldleikinn við Höfuð-  
lausn.

- |   |  |
|---|--|
| <p>1. Jöfurr fýstisk austr<br/>orlyndr ok hraustr.</p> <p>2. Víkverjum galt,<br/>varð þannug hallt,<br/>gerræði gramr,<br/>gjafmíldr ok framr;<br/>flest fólk varð hrætt<br/>áðr fengi sætt,<br/>en gísla tók<br/>sá er gjöldin jók.</p> <p>3. Vann siklingr sótt<br/>við snarpa drótt,<br/>leyfð er lýðum bær,<br/>Leikbergi nær;<br/>Renir flýðu ríkt<br/>ok reiddu slíkt,<br/>öld festi auð<br/>sem oðlingr bauð.</p> <p>4. Funi kyndisk ótt,<br/>en flýði skjótt<br/>Hísingar herr,<br/>sá er hafði verr.</p> | <p>5. Frétt hef ek at fell,<br/>fólk- brustu svell,<br/>jöfurr eyddi frið,<br/>Apardjónar lið.</p> <p>6. Beit buðlungs hjorr,<br/>blóð fell á dorr,<br/>hirð fylgdisk holl<br/>við Hjartapoll;<br/>hugin gladdi heit,<br/>hruðusk Engla beit,<br/>óx vitnis vín,<br/>valbasta Rín.</p> <p>7. Jók hilmir hjaldr,<br/>þar var hjörva galdr,<br/>hjóska hildar ský<br/>við Hvítaby;<br/>ríkt lék við ronn,<br/>rauðsk ylgjar tønn,<br/>fekksk fyrðum harmr,<br/>fyriskógar garmr.</p> |
|---|--|

- |  |   |
|--|---|
| 8. Drap döglingr gegn,<br>dreif strengjar regn,<br>við Skørpusker<br>skjaldkøenan her;<br>rauf styrjar garð,<br>þá er stökkuva varð,<br>randöulun sótt<br>reiðmanna gnótt. | í Pílavík;<br>vann vísi allt,<br>fyrir vestan salt<br>brandr gall við brún,<br>brennt Langatún.<br><br>Skar ek súðum sund<br>fyrir sunnan Hrund,<br>mín prýddisk mund<br>við mildings fund. |
| 9. Rauð siklingr sverð,<br>sleit gyldis ferð<br>þrúð Parta lík   |   |

## HEIMILDIR

- Árni Magnússons *Levned og Skrifter* II. 1930. Útg. Finnur Jónsson. Gyldendalske boghandel, København.
- Den norsk-islandske Skjaldegning* I AB–II AB. 1912–1915. Útg. Finnur Jónsson. Gyldendalske boghandel, København.
- Den tredje og den fjerde grammatiske afhandling i Snorris Edda*. 1884. Útg. Björn M. Ólsen. S.T.U.A.G.N.L. XII. København.
- Egils saga Skalla-Grímssonar. 1933. *Íf.* II. Útg. Sigurður Nordal. Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík.
- Udvalg af Oldnordiske Skjaldekvad*. 1893. Útg. Konráð Gíslason. København.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Baldur Hafstað. 1995. *Die Egils Saga und ihr Verhältnis zu anderen Werken des nordischen Mittelalters*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.
- Bjarni Einarsson. 1961. *Skáldasögur*. Um uppruna og eðli ástaskáldasagnanna fornu. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Bjarni Einarsson. 1975. *Litterære forudsætninger for Egils saga*. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Bjarni Einarsson. 1992. Skáldið í Reykjaholti. *Eyvindarbók*:34–40. Ritstj. Finn Hødne-bø o. a. Institutt for nordistikk og litteraturvitenskap, Oslo.
- Björn M. Ólsen. 1904. Landnáma og Egils saga. *Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie*. II. Række 19:167–247.
- W. A. Craigie. 1900. On some Points in Skaldic Metre. *ANF* 16:341–384.
- Einar Ól. Sveinsson. 1947. Dróttkvæða þáttur. *Skírnir* 121:5–32.
- Einar Ól. Sveinsson. 1962. *Íslenzkar bókmenntir fornöld* I. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Einar Ól. Sveinsson. 1966. Kormakur skáld og vísur hans. *Skírnir* 140:163–201.
- Finnur Jónsson. 1884. *Kritiske studier over en del af de ældste norske og islandske skjaldekvad*. Gyldendalske Boghandel, København.

- Finnur Jónsson. 1901. *Det norsk-islandske skjaldesprog omkr. 800-1300* S.T.U.A.G. N.L. XXVIII. København.
- Finnur Jónsson. 1912. Sagaernes lausavísur. *Aarbøger for nordisk Oldkyndhed og Historie*. III. Række 2:1–57.
- Finnur Jónsson. 1921. *Norsk-islandske kultur- og sprogforhold fra 9. og 10. årh.* København.
- Gísli Sigurðsson. 2002. *Túlkun Íslendingasagna í ljósi munnlegrar hefðar*. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Haraldur Bernharðsson. Göróttur er drykkurinn. Formálsorð í nútímabúningi. *Gripla* 17:37–73.
- Andreas Heusler. 1925–1929. *Deutsche Versgeschichte* I–III. W. de Gruyter, Berlin.
- Andreas Heusler. 1929. *Die altgermanische Dichtung*. Akademische Verlagsgesellschaft Athenaion, Wildpark- Potsdam.
- Dietrich Hofmann. 1973. Das Reimwort *giǫr* in Egill Skallagrímssons Höfuðlausn. *Mediaeval Scandinavia* 6:93–101. [Endurpr. *Gesammelte Schriften* I. 1988: 237–245. Ritstj. Gert Kreutzer o. a. Buske, Hamburg].
- Hreinn Benediktsson. 1963. Phonemic Neutralization and Inaccurate Rhymes. *APS* 26: 1–18. [Endurpr. *Linguistic Studies, Historical and Comparative*. 2002:92–104. Ritstj. Guðrún Þórhallsdóttir o. a. Institute of Linguistic, Reykjavík].
- Jón Helgason. 1934. *Norrøn litteraturhistorie*. Levin & Munksgaard, København.
- Jón Helgason. 1953. *Norges og Islands digtning*. Nordisk kultur VIII:B. Albert Bonniers förlag, Stockholm.
- Jón Helgason. 1969. Höfuðlausnarhjal. *Einarsbók*. Afmælikveðja til Einars Ól. Sveinsonar 12. desember 1969:156–176. Ritstj. Bjarni Guðnason o. a. Nokkrir vinir, Reykjavík.
- Jónas Kristjánsson. 1977. Egilssaga og konungasögur. *Sjötú ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni 20. júlí 1977*:449–472. Ritstj. Jónas Kristjánsson og Einar G. Pétursson. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Hans Kuhn. 1929. *Das Füllwort of-um im Altwestnordischen*. Vandenhoeck & Ruprecht, Göttingen.
- Hans Kuhn. 1937. Zum Vers- und Satzbau der Skalden. *ZfjA* 74:49–63. [Endurpr. *Kleine Schriften* I. 1969:468–484. Ritstj. Klaus von See o. a. W. de Gruyter, Berlin].
- Hans Kuhn. 1983. *Das Dróttkvætt*. Carl Winter, Heidelberg.
- Odd Norland. 1956. *Höfuðlausn i Egils saga*. Ein tradisjonskritisk studie. Det norske samlaget, Oslo.
- Eduard Sievers. 1893. *Altgermanische Metrik*. Max Niemeyer, Halle.
- Sigurður Nordal. 1942. *Íslensk menning*. Mál og menning, Reykjavík.
- Torfi H. Tulinius. 2004. *Skáldið í skriftinni*. Snorri Sturluson og Egils saga. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Jan de Vries. 1962. *Altnordisches etymologisches Wörterbuch*. E. J. Brill, Leiden.

## SUMMARY

‘The Poetry of Egill Skallagrímsson’

**Keywords:** Poetry of Egill Skallagrímsson/ The Saga of Egill/ Scaldic Poetry

The author first discusses the surviving texts of the poems which have been attributed to Egill Skallagrímsson, and concludes that what we have are 48 single stanzas, three full poems and fragments of three others. In this connection the author discusses the preservation of Egill’s poems in manuscripts of *Egils saga* and elsewhere, including the *Snorra-Edda* and the *Third Grammatical Treatise* by Ólafur Þórðarson hvítaskáld, the nephew of Snorri Sturluson. He reviews the opinions of scholars who have questioned Egill’s authorship of the works which have been attributed to him, especially those of Finnur Jónsson and Sigurður Nordal. He devotes a long passage to the essay on *Höfuðlausn* by Jón Helgason, which appeared in *Einarsbók* (1969), where Jón argued for the reading “gør” in the tenth stanza, as opposed to “giǫr / gjǫr”. Jón’s argument affects the dating of the poem, since the vowels “ø” and “ǫ” could not have formed a rhyme at the time when Egill was alive. The author concludes that Jón’s argument does not hold water and that the full rhyme in stanza 10 of *Höfuðlausn* was “ǫ / ǫ” [hjǫr / gjǫr], referring to Haraldur Bernharðsson’s etymological explanation of the word “göróttur,” which appears in this volume (pages 37–73). A survey is given of the views of those who have called into doubt the attribution of poems to Egill, including Bjarni Einarsson, Baldur Hafstað and Torfí Tulinius. Finally the author submits Egill’s poetry to a grammatical and prosodic analysis, showing how it accords with the so-called law of W. A. Craigie as it appeared in *Arkiv för nordisk filologi* 1900. The author’s conclusion is that it has not been proven conclusively that Egill’s poems are contemporary with the saga, in other words composed during the 13th century. His opinion is that the poems are ancient and can be justly attributed to Egill Skallagrímsson.

Jónas Kristjánsson  
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum  
Háskóla Íslands  
Árnaparði við Suðurgötu  
IS-101 Reykjavík, Ísland  
jk@hi.is



HARALDUR BERNHARÐSSON

## GÖRÓTTUR ER DRYKKURINN

*Fornmálsorð í nútímabúningi*

### 1. Inngangur

Í LAUSAMÁLKAFLA fyrir framan Grípisspá í Konungsbók eddukvæða, GKS 2365 4to, segir frá því er Borghildur ber drykk stjúpssyni sínum Sinfjötla, syni Sigmundar Völsungssonar. Þegar Sinfjötli sér í hornið skilur hann að eitur er í og mælir til föður síns: „Göróttur er drykkurinn, ái.“ Sigmundur hirðir lítt um ítrekaðar grunsemdir Sinfjötla og um síðir drakk Sinfjötli af horninu og varð þegar dauður. Frá þessum atburði er einnig sagt í Völsunga sögu í nokkru lengra máli.

Dæmi um orðið *göróttur* í fornu máli er aðeins að hafa í þessari frásögn í Konungsbók eddukvæða og Völsunga sögu. Merking orðsins er ekki fullkomlega ljós og ekki leikur síður vafi á uppruna þess. Hér verður kafað nokkuð í sögu orðsins *göróttur* og leitað að svörum við eftirfarandi spurningum:

- (1) a. Hvað merkir orðið *göróttur* í elstu heimildum?
- b. Hver var mynd þess í elstu íslensku?
- c. Hver er uppruni orðsins?
- d. Hver er saga þess frá fornu máli til nútímamáls?

Í 2. kafla verður rætt um þekkt dæmi um orðið *göróttur* úr fornu máli, reynt eftir föngum að ráða í merkingu þess þar og leitað svars við spurningunni í (1a). Í 3. kafla verður fjallað um stafsetningu elstu dæma og leitast við að varpa ljósi á mynd orðsins í elsta máli en þar er einkum þörf á að komast til botns í því hvert rótarsérhljóð þess muni hafa verið á elsta stigi íslensku; það er spurningin í (1b). Þá verður í 4. kafla grafist fyrir um uppruna orðsins *göróttur* og leitað skyldra orða, sbr. spurninguna í (1c). Loks verður í 5. kafla rakin saga orðsins frá fornu máli til nútíma, að svo miklu leyti sem það er mögu-

legt, sbr. (1d). Niðurstöður eru dregnar saman í 6. kafla en þær eru í stuttu máli á þá leið að lýsingarorðið *göróttur*, sem líkast til hefur merkt ‘með agni, sem tál er í’, hefur verið *gjöróttur* í forníslensku og með eðlilegri hljóðþróun hefði afkomandi þess í nútímamáli verið *gjöróttur*. Heimildir benda þó til þess að *gjöróttur* hafi ekki lifað fram til nútíma heldur horfið úr málinu (en erfitt er að segja hvenær) og verið endurvakið sem *göróttur* á nítjándu öld; nútímamáls-orðið *göróttur* reynist því vera eins konar tökuorð úr fornu máli.<sup>1</sup>

## 2. Merking orðsins *göróttur* í elstu heimildum

Eins og þegar hefur verið getið kemur orðið *göróttur* aðeins fyrir í frásögninni af dauða Sinfjötla, sonar Sigmundar Völsungssonar, sem lýst er bæði í Konungsbók eddukvæða og Völsunga sögu. Fyrst verður hugað að frásögninni í Konungsbók eddukvæða en hún er í lausamálskafla framan við Grípisspá.

Það er upphaf þeirra viðskipta Borghildar og Sinfjötla sem hér koma við sögu að Sinfjötli og bróðir Borghildar „báðu einnar konu báðir, og fyrir þá sök drap Sinfjötli hann“, eins og segir í Konungsbók eddukvæða (útg. Gísli Sigurðsson 1998:208). „En er hann kom heim þá bað Borghildur hann fara á brott en Sigmundur bauð henni fébætur og það varð hún að þiggja. En að erfinu bar Borghildur öl. Hún tók eitur, mikið horn fullt, og bar Sinfjötla.“ Til skýrleiksauka er það sem gerist næst skilið sundur í þrennt og sýnt í (2a–c) (útg. Gísli Sigurðsson 1998:208; leturbreytingar hér).

### (2) Sinfjötla borin þrjú drykkjarhorn: Konungsbók eddukvæða

- a. En er hann sá í hornið skildi hann að eitur var í og mælti til Sigmundar: „**Göróttur** er drykkurinn, ái.“ Sigmundur tók hornið og drakk af. Svo er sagt að Sigmundur var harðgör að hvorki mátti honum eitur granda utan né innan, en allir synir hans stóðust eitur á hörund utan.

<sup>1</sup> Grein þessi er að stofni til fyrirlestur sem ég flutti á Hugvísindáþingi í Háskóla Íslands 18. nóvember 2005; áheyrendum þar þakka ég gagnlegar umræður. Guðrúna Þórhallsdóttur og Guðvarði Mát Gunnlaugssyni þakka ég ábendingar og athugasemdir við eldri gerð greinarinnar. Guðrúna þakka ég enn fremur tækifæri til að kynna efni greinarinnar í námskeiðinu 05.41.22 *Orðsifjafraeði* á meistarástigi í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands á haustmíssi 2006 og nemendum þar hjálplegar athugasemdir og umræður. Sigurði Péturssyni þakka ég aðstoð og ónafngreindum ritrýni *Griplu* gagnlegar ábendingar. Ég ber að sjálfsögðu einn ábyrgð á göllum sem enn kunna að finnast. Verk þetta var styrkt af Vísindasjóði Rannsóknamiðstöðvar Íslands.



- b. Borghildur bar annað horn Sinfjötla og bað drekka, og fór allt sem fyrir.
- c. Og enn ið þriðja sinn bar hún honum hornið og þó ámælisorð með, ef hann drykki eigi af. Hann mælti enn sem fyrir við Sigmund. Hann sagði: „Láttu grön síá þá, sonur.“ Sinfjötli drakk og varð þegar dauður.

Sinfjötla eru borin þrjú horn og svo er að skilja að hann bregðist við þeim öllum á sama veg: fyrst kveður hann drykkinn *göróttan*, þegar honum var borið annað horn „fór allt sem fyrir“ og þegar hann fékk þriðja hornið „mælti [hann] enn sem fyrir við Sigmund“. Ekki er víst að þetta beri að skilja sem svo að Sinfjötli noti lýsingarorðið *göróttur* um síðari hornin tvö en eðlilegt er að telja að ummæli hans séu efnislega á sömu lund.

Að minnsta kosti tveir kostir koma til greina við skýringu orðsins *göróttur* þegar þessi stutti texti er skoðaður. Í fyrsta lagi mætti leggja til grundvallar svar Sigmundar þegar Sinfjötli hafnar þriðja horninu, „Láttu grön síá þá, sonur“, en af því má ráða að helst verði brugðist við óánægju Sinfjötla með því að síá eitthvað úr drykknum, ef til vill einhvers konar grugg eða botnfall, og *göróttur* merki þá ‘gruggugur, dreggjaður’ eða eitthvað í þá veruna. Þá skýringu orðsins er líka að finna í sumum forn málsorðabókum: Fritzner (1886–96, 1: 607) segir það merkja ‘grumset’ og Heggstad, Hødnebo og Simensen (1975: 147) ‘gjørmet, grugget (om drikk)’.

Þessi skýring er þó ekki alls kostar gallalaus. Fyrst ber að nefna að ekki er hægt að reiða sig á að svarið „Láttu grön síá þá, sonur“ séu viðbrögð við því er Sinfjötli segir drykkinn *göróttan*; Sinfjötli notar *göróttur* um fyrsta hornið en svar Sigmundar kemur ekki fyrir en Sinfjötla hefur verið borið þriðja hornið. Í annan stað má nefna að ef *göróttur* merkti ‘gruggugur, dreggjaður’ í máli Sinfjötla gefa ummæli hans um fyrsta drykkjarhornið ekki tilefni til að halda að eitthvað misjafnt sé á seyði, heldur virðist umkvörtun Sinfjötla þá eingöngu lúta að gruggi sem spilli drykknum. Þá verður það að teljast einkennileg framvinda sögunnar að Sigmundur skuli taka við horninu og drekka þennan ókræsliga mjöð. Eðlilegra er að gera ráð fyrir því að *göróttur* feli í sér einhverja vísbendingu um sviksemi eða jafnvel banaráð.<sup>2</sup>

Annar kostur er að taka fullt tillit til sögumannsins sem segir að þegar Sinfjötla er borið fyrsta drykkjarhornið verði honum óðara ljóst að eitú er í

<sup>2</sup> Ekki er þó hægt að útiloka með öllu að um sé að ræða úrdrátt og Sinfjötli geri vísitandi lítið úr grunsemdu sínum um banaráð með því að velja sakleysislegt orð er merkir ‘gruggugur, dreggjaður’. Það kemur þó ekki reglulega vel heim og saman við þá gerð frásagnarinnar sem er að finna í Völsunga sögu og rædd verður á eftir.

drykknunum. Þegar Sinfjötli hefur sagt að drykkurinn sé *göróttur* og Sigmundur tekið við horninu og drukkið af segir sögumaður frá þeirri sérstöku náttúru Sigmundar að þola eitur jafnt að utan sem innan, hæfileika sem synir hans höfðu ekki erft nema að hálfu og því þoldu þeir ekki að drekka eitur. Þessi lýsing sögumanns kemur eins og skýring á viðbrögðum Sinfjötla við fyrsta drykkjarhorninu og jafnframt því af hverju Sigmundur drekkur af horni Sinfjötla: vegna þess að það er eitur í drykknunum og það hrífur ekki á Sigmund. Þess vegna kemur til greina að líta svo á að *göróttur* merki einfaldlega ‘blandinn eitri’. Þá leið kjósa Cleasby og Guðbrandur Vigfússon (1874:226) í orðabók sinni og þýða það með orðinu ‘empoisoned’.

Frásögn af dauða Sinfjötla er einnig í Völsunga sögu en þar er hún nokkru rækilegri en í Konungsbók eddukvæða. Frásögnin er sýnd í (3a–c) (útg. Örnólfur Thorsson 1985:28–29; leturbreytingar hér):

(3) Sinfjötla borin þrjú drykkjarhorn: Völsunga saga

- a. Hún [Borghildur] mælti: „Drekk nú, stjúpson.“ Hann tók við og sá í hornið og mælti: „**Göróttur** er drykkurinn.“ Sigmundur mælti: „Fá mér þá.“ Hann drakk af. Drottningin mælti: „Hví skulu aðrir menn drekka fyrir þig öl?“
- b. Hún kom í annað sinn með hornið: „Drekk nú,“ — og frýði honum með mörgum orðum. Hann tekur við horninu og mælti: „**Flærður** er drykkurinn.“ Sigmundur mælti: „Fá mér þá.“
- c. Hið þriðja sinn kom hún og bað hann drekka af, ef hann hefði hug Völsunga. Sinfjötli tók við horninu og mælti: „**Eitur** er í drykknunum.“ Sigmundur svarar: „Lát grön sía, sonur,“ sagði hann. Þá var konungur drukinn mjög og því sagði hann svo. Sinfjötli drekkur og fellur þegar niður.

Hér heldur sögumaður sig meira til hlés en í Konungsbókarfrásögninni og við fáum að heyra viðbrögð Sinfjötla við drykkjarhornunum þremur. Hann bregst við þeim á þrjá vegu: Um drykkinn í hinum tveimur fyrstu hefur hann lýsingarorð, fyrst *göróttur* og svo *flærður*, en þegar honum er borið þriðja hornið segir hann *eitur* vera í drykknunum. Ef við gefum okkur að Sinfjötla sé þrisvar borinn sams konar drykkur virðist ekki ósennilegt að lýsingarorðin tvö sem hann notar um drykkinn séu á sama merkingarsviði. Enn fremur er þá ráð fyrir því gert að Sinfjötla gruni undireins og honum er borið fyrsta drykkjarhornið að brögð séu í tafla og getur *göróttur* þá merkt ‘svikinn, sem tál er í’ — eins og *flærður*.

Orð á sama merkingarsviði þurfa vitaskuld ekki að fela í sér nákvæmlega sömu merkingu; eðlilega getur verið blæbrigðamunur á merkingu þeirra. Til að mynda er hugsanlegt að í viðbrögðum Sinfjötla felist nokkurs konar stig-  
mögnun og hann velji sífellt sterkari orð (skyldrar merkingar) til að tjá grun-  
semdir sínar um sviksemi: *flærður* sé þannig sterkari lýsing á illum grun Sin-  
fjötla en *göróttur* og fastast kveði hann svo að orði hinu þriðja sinni þegar  
hann segir berum orðum að *eitur* sé í drykknum. Óhjákvæmilegt virðist að  
gera ráð fyrir að ummæli Sinfjötla um drykkinn feli alltaf í sér vísbendingu  
um sviksemi og þess vegna er ekki álitlegt að reikna með að *göróttur* merki  
'gruggugur, dreggjaður'; enda þótt til greina komi að svör hans feli í sér stig-  
mögnun virðist 'gruggugur, dreggjaður' of veikt. Frýjuorð Borghildar benda  
líka til að *göróttur* feli í sér eitthvað meira en einvörðungu 'gruggugur, dreggi-  
aður'; vart getur það talist merki um hugleysi að vilja ekki drekka gruggugan  
drykk. Á hinn bóginn virðist merkingin 'eitri blandinn' ekki falla inn í slíkt  
stigmögnunarmynstur; þá eru viðbrögðin við fyrsta horninu sterkari en við  
horninu sem á eftir kemur þegar hann segir að drykkurinn sé *flærður*.<sup>3</sup>

Niðurstaðan að svo komnu máli er því þessi: Að minnsta kosti þrír kostir  
koma til álita þegar leitast er við að greina merkingu lýsingarorðsins *göróttur*  
í fornu máli; þeir eru sýndir í (4). Tvo hina fyrstu er að finna í formálsorða-  
bókum, eins og áður var getið, en hér hefur þriðja kostinum verið velt upp.

- (4) Merking lýsingarorðsins *göróttur* í elstu heimildum: þrír kostir
- a. 'gruggugur, dreggjaður'
  - b. 'blandinn eitri'
  - c. 'svikinn, sem tál er í'

Fyrsti kosturinn felur ekki í sér neina vísbendingu um sviksemi og fellur þess  
vegna ekki reglulega vel að frásögninni um Sinfjötla. Ef annar kosturinn er  
valinn er orðinu ætluð fullsterk merking sem ekki hæfir vel frásögninni af  
Sinfjötla eins og hún er í Völsunga sögu (þó að það komi ekki að sök í Kon-  
ungsbókartextanum). Óhjákvæmilegt virðist að ætla að ummæli Sinfjötla gefi  
til kynna að hann gruni að brögð séu í tafla og því líklegt að *göróttur* sé á sama  
merkingarsviði og *flærður*; þess vegna er þeirri tilgátu varpað fram hér að *gör-*

<sup>3</sup> Í sumum sautjándu aldar handritum Völsunga sögu hefur *gruggóttur* komið í stað *göróttur*  
(Rafn 1829:142). Freistandi er að álykta að sautjándu aldar skrifarinn (eða skrifaramir?) sem  
þannig breytti textanum hafi ekki þekkt orðið *göróttur* og því sett *gruggóttur* í staðinn, sbr. 5.  
kafla hér á eftir. Um leið er það þó vísbending um skilning sautjándu aldar skrifarans (skrifar-  
anna?) á svari Sinfjötla.

*óttur* merki 'svikinn, sem tál er í', frekar en 'gruggugur, dreggjaður' eða 'blandinn eitri'. Torvelt er þó að skera úr um merkinguna á grundvelli þessara stuttu texta og því verður að líta á þetta sem bráðabirgðaniðurstöðu þar til hugað hefur verið að mynd orðsins í elstu íslensku (í 3. kafla) og bent á skyld orð (í 4. kafla).

### 3. Mynd orðsins *göróttur* í elstu íslensku

#### 3.1 Hvert var rótarsérhljóðið?

Fyrsta skrefið í leit að uppruna lýsingarorðsins *göróttur* hlýtur að vera að komast að mynd þess í elstu íslensku. Eins og kunnugt er má rekja sögu rótarsérhljóðsins *ö* í nútímaíslensku aftur til tveggja ólíkra sérhljóða í forníslensku, *o* og *ø*. Nauðsynlegt er þess vegna að komast að því hvort *göróttur* hafði *o* eða *ø* í elstu íslensku. Stafsetning elstu dæmanna gæti hugsanlega skorið úr því en áður en þau verða rædd er rétt að glöggva sig á þeim þáttum hljóðsögunnar sem varða þetta úrlausnarefni.

Sérhljóðin *o* og *ø* voru af ólíkum uppruna. Hið fjarlæga, uppmælt, kringda *o* varð til við *u/w*-hljóðvarp (kringingu) á frn. *a*, eins og í físl. *mogr* < frn. *\*magur* (sbr. gotn. *magus* 'sonur') eða físl. *hoggva* < frn. *\*haggwa* < frg. *\*hawwan-* (Noreen 1923:155 [§186]). Uppruni hins miðlæga, frammælt, kringda *ø* er margbrotnari (Noreen 1923:155–6 [§190]) en það myndaðist einkum við *i-* eða *r*-hljóðvarp (frammælingu) á frn. *o*, eins og til dæmis í 2. pers. et. nt. fh. *søfr* < frn. *\*sofir* af *sofa* og físl. lh. þt. *körinn* < frn. *\*korenar* af *kjósa*, eða við *u/w*-hljóðvarp (kringingu) á frn. *e*, eins og í *Hallfrøðr* < frn. *\*fredur* og físl. *sökkva* < frn. *\*sekkwa* < frg. *\*sinkwan-*.

Lýsing höfundar Fyrstu málfræðiritgerðarinnar á hljóðkerfi forníslensku um miðbik tólftu aldar sýnir að hann hefur gert greinarmun á *o* og *ø* í sínu máli (útg. Hreinn Benediktsson 1972). Aðgreining *o* og *ø* kemur líka fram í stafsetningu elstu íslensku handritanna frá síðari hluta tólftu aldar og fram á þrettánda öld. Snemma á þrettánda öld hverfur þessi aðgreining og hafa *o* og *ø* þá verið fallin saman í eitt hljóðan sem tákna má með *ö* (Hreinn Benediktsson 1959:295/2002:60, 1965:56–73).

Eins og áður sagði var sérhljóðið *o* í forníslensku uppmælt en *ø* var aftur á móti frammælt. Þetta hafði óhjákvæmilega áhrif á undanfarandi gómhljóð. Gómhljóðið *g* lagaði sig að eftirfarandi sérhljóði í forníslensku þannig að á undan hinu frammælt *ø* var það framgómælt en á undan hinu uppmælt *o* var það uppgómælt. Þessi dreifing gómhljóðanna hélst eftir samfallið *o* + *ø*

> ö og því var smám saman farið að gera greinarmun í stafsetningu á upp-  
runalegu *gɔ-* og *gø-*, eins og sýnt er í (5).

- (5) a. físl. *gɔ-* > *gö-*, sbr. kvk. no. *gɔrn* > *görn*  
b. físl. *gø-* > *gjö-*, sbr. so. *gøra* > *gjöra*

Í (5a) hefur verið uppgómmælt *g* á undan hinu uppmælda *ɔ* í forníslensku. Eftir samfallið *ɔ + ø > ö* þar sem hið uppmælda *ɔ* vék fyrir samfallshljóðinu *ö*, sem er frammælt í nútímamáli, hélt *g* áfram að vera uppgómmælt, eins og í til dæmis nafnorðinu *görn*. Í (5b) hefur *g* aftur á móti verið framgómmælt á undan hinu frammælda *ø* og hélt áfram að vera framgómmælt eftir samfallið *ɔ + ø > ö*; þess vegna hefur forníslenska sögnin *gøra* orðið að *gjöra* í nútímamáli en ekki *\*gøra*. Eftir samfallið fengu *gɔ-* og *gø-* sams konar sérhljóð, *ö*, en hljóðastrengirnir féllu þó ekki saman því að gómhljóðin héldu áfram að vera ólík: uppgómmælt í hinum fyrri og framgómmælt í hinum síðari.

Þessi hljóðþróun hafði tvenns konar áhrif á stafsetningu. Í fyrsta lagi var eðlilega hætt að gera greinarmun í rituðu máli á hinum fornu *ɔ* og *ø*, enda höfðu þau runnið saman í eitt hljóð í framburði, *ö*. Í annan stað breyttist tákun gómhljóðanna, þrátt fyrir að engin breyting hefði orðið á framburði þeirra, eftir því sem næst verður komist. Fyrir samfall *ɔ* og *ø* var dreifing uppgómmæltra og framgómmæltra gómhljóða næst á undan þessum sérhljóðum sjálfvirk, ef svo má segja: á undan hinu uppmælda *ɔ* var gómhljóðið alltaf uppgómmælt en á undan hinu frammælda *ø* var gómhljóðið einatt framgómmælt. En um leið og sérhljóðin *ɔ* og *ø* féllu saman í eitt og gómhljóðin stóðu eftir óhöggud var það ekki lengur fyrirsegjanlegt út frá hljóðumhverfi hvenær gómhljóð á undan samfallshljóðinu *ö* var uppgómmælt og hvenær framgómmælt. Á fjórtánda öld verður þess vart í æ ríkara mæli að skrifarar sýni þennan mun gómhljóðanna í stafsetningu (Stefán Karlsson 1989:38/2000:51). Það gerðu þeir með því að tákna framgómmælda hljóðið með „gi“ er varð „gj“ í nútíma-stafsetningu og greina það þannig frá hinu uppgómmælda sem áfram var táknað með einföldu „g“. Munurinn sést í stafsetningu nútímamáls þar sem físl. *gøra* hefur fengið ritháttinn *gjöra*, eins og sýnt er í (5b), andspænis *görn* úr eldra *gɔrn*, sbr. (5a).

Ef tekið er tillit til þessa virðist einboðið að ætla að lýsingarorðið *göróttur* hafi verið *gɔróttur* í forníslensku; að minnsta kosti kæmi ekki annað til greina en endurgera físl. *gɔróttur* ef engar heimildir aðrar en nútímamálsmyndin *göróttur* hefðu varðveist. Ekki kemur til álita að endurgera físl. *gøróttur* vegna þess að á undan hinu frammælda *ø* hefði verið framgómmælt *g* í forníslensku og

það hefði átt að lifa áfram til nútíma og verða *gjöróttur* í nútímaíslensku, sem ekki er reyndin. Á undan hinu uppmæltu  $\varrho$  hefði gómhljóðið aftur á móti alltaf verið uppgómmælt — nákvæmlega eins og það er í nútímamálsorðinu *gjöróttur*.

### 3.2 Ritháttur elstu þekktu dæma

Að fenginni þessari bráðabirgðaniðurstöðu á grundvelli nútímamálsmyndarinnar *gjöróttur* er mál til komið að huga að elstu þekktu dæmum um lýsingarorðið og rithætti þeirra. Eins og áður sagði kemur *gjöróttur* aðeins fyrir í fyrrnefndri frásögn af dauða Sinfjötla í Konungsbók eddukvæða og Völsunga sögu. Dæmin eru sýnd stafrétt í (6).

#### (6) Elstu þekktu dæmi um lýsingarorðið *gjöróttur*

- a. „giorotr“ — í lausamálskafla framan við Grípisspá í GKS 2365 4to, Konungsbók eddukvæða (26v28), frá um 1270 (ljóspr. útg. Vésteinn Ólason og Guðvarður Már Gunnlaugsson 2001)
- b. „giorotr“ — í Völsunga sögu á NKS 1824 b 4to (13v16) frá um 1400–1425 (útg. Olsen 1906–08:25.16)

Bæði Konungsbók eddukvæða, GKS 2365 4to, frá síðari hluta þrettándu aldar og NKS 1824 b 4to frá fyrsta fjórðungi fimmtándu aldar eru rituð eftir að sérhljóðin  $\varrho$  og  $\emptyset$  höfðu fallið saman í eitt hljóð. Táknun sjálfs rótarsérhljóðsins í þessum handritum getur því ekki varpað neinu ljósi á það hvort *gjöróttur* muni hafa haft  $\varrho$  eða  $\emptyset$  í elstu íslensku; rótarsérhljóðið hefur án efa verið samfallshljóðið  $\ddot{o}$  í máli þeirra sem skrifuðu þessi handrit. Athygli vekur að þessi elstu þekktu dæmi eru stafsett með „gio“ og einsætt að skilja það þannig að „gi“ sé þar táknun skrifaranna á framgómmæltu  $g$  í þessu orði. Það bendir þá til þess að eftir samfall sérhljóðanna  $\varrho$  og  $\emptyset$  hafi lýsingarorðið verið *gjörótr* með *gjö-* (framgómmæltu  $g$ ) en ekki *gjörótr* með *gö-* (uppgómmæltu  $g$ ), eins og vænta mátti miðað við mynd orðsins í nútímamáli.

Uppruni *gjö-* er tvenns konar: það getur verið úr eldra *g $\emptyset$ -* eða *gj $\varrho$ -*. Eins og fram hefur komið er  $\emptyset$  einkum runnið úr eldra *o* við *i-* eða *r-*hljóðvarp (frammælingu) eða úr *e* við *u/w-*hljóðvarp (kringingu). Hljóðasambandið *j $\varrho$*  í elstu íslensku er aftur á móti orðið til við *u-*klofningu úr frn. *e*, eins og í físl. *j $\varrho$ rð* < frn. \**erþu* (Noreen 1923:87 [§89]).<sup>4</sup> Úrlausnarefnið hér er því ekki

<sup>4</sup> Hér er gert ráð fyrir að við *u-*klofningu hafi frn. *e* orðið físl. *j $\varrho$*  fremur en *jo*; sjá umræðu hjá Hreini Benediktssyni 1963:428–31/2002:160–63.

lengur hvort *göróttur* muni komið úr eldra *gþrótt* eða *gorótt*, heldur hvort það muni hafa verið *gþrótt* eða *gjþrótt* í elstu íslensku. Til þess að fá úr því skorið er nauðsynlegt að huga að áhrifum hljóðþróunar á stafsetningu og táknbeitingu skrifara handritanna sem hér um ræðir.

### 3.3 Hljóðbreytingar og breytingar á stafsetningu

Þegar farið var að tákna framgómkvæði *g* á undan samfallshljóðinu *ö* (úr *o* + *ø*) féllu saman í stafsetningu upprunalegt *gø*- (eins og í so. *gøra*) og *gjø*- með *jø* er orðið hafði til við *u*-klofningu (eins og í kvk. no. *gjøf*): hvort tveggja fékk táknunina „gi“ (eða „gj“) á undan sérhljóðstákni, eins og sýnt er í (7).

- (7) a. físl. *gø*- > *gjö*-, sbr. so. *gøra* > *gjöra*  
 b. físl. *gjø*- > *gjö*-, sbr. kvk. no. *gjøf* > *gjöf*

Þetta sést glögglega í stafsetningu aðalskrifara NKS 1824 b 4to, sem hefur verið að verki á fyrsta fjórðungi fimmtánda aldar. Hann táknar oft framgómkvæði *g* á undan upprunalegu *ø*, eins og sýnt er með nokkrum dæmum í (8) með vísunum í blað og línu í handritinu (og einnig í útgáfu Olsens 1906–08).

- (8) Dæmi um táknun físl. *gø*- í NKS 1824 b 4to  
 a. físl. *gøra*: „giorizt“ 1v19 (3.11), „giordiz“ 41r5 (88.13), „Gior“ 19r4 (36.16), „gior“ 21r18 (41.16), 26r5 (54.28)  
 b. físl. *gørla* (*gørla*):<sup>5</sup> „giorla“ 36r8 (76.16), 43v4 (93.18), 69v12 (153.2)

Táknun skrifarans á upprunalegu *gø*- er því hin sama og á upprunalegu *gjø*-, nefnilega „gi“ á undan sérhljóðstákni, eins og dæmin um upprunalegt *gjø*- í (9) sýna.

- (9) Dæmi um táknun físl. *gjø*- í NKS 1824 b 4to  
 a. físl. *gjøf*: „fegiofum“ 11v18 (21.26)  
 b. físl. *gjørnum* (lo. *gjarn*): „lofgiornum“ 32r4 (67.24)

<sup>5</sup> Dæmi úr elstu íslensku benda til að bæði hafi verið til *gørla* og *gørla*: Í Íslensku hómiljubókinni, 5th perg 4to nr 15, frá um 1200, bendir stafsetning þriggja dæma til *gørla* en eitt dæmi er aftur á móti ritað eins og það sé *gørla* (de Leeuw van Weenen 2004:61 [*gørla*, *gørla*]). Í AM 645 A 4to frá um 1220 eru enn fremur tvö dæmi um *gerla* (að vísu er rötarsérhljóðið þar bundið í *er*-bandi) þar sem *e* gæti hafa orðið til við afkringingu *ø* (Larsson 1891:97 [*fullgerla*], 110 [*gerla*]; Noreen 1923:107 [§119]).

Rithátturinn „giorotr“ (13v16) hjá skrifara NKS 1824 b 4to gefur því enga vísbendingu um hvort orðið muni frekar runnið úr eldra *gørótr* eða *gjörótr*; hvort tveggja hefði getað birst sem „giorotr“ í stafsetningu hans.

Öðru máli gegnir um skrifara Konungsbókar eddukvæða, GKS 2365 4to, sem skrifað hefur á síðari hluta þrettándu aldar, meira en öld fyrr en skrifari NKS 1824 b 4to. Engin dæmi er að finna í stafsetningu hans um að hann tákni framgómkvæði *g* á undan upprunalegu *ø*. Í (10) eru sýnd nokkur dæmi um táknun hans á upprunalegu *gø*- með vísunum í blað og línu í handritinu (ljóspr. útg. Vésteinn Ólason og Guðvarður Már Gunnlaugsson 2001).

(10) Dæmi um táknun físl. *gø*- í Konungsbók eddukvæða

- a. físl. *gøra*: „gora“ 13v30, 15v10, 17r4, „gorva“ 28r21; „gorir“ 5v14, 6r21, „gorvir“ 24r7; „gorvom“ 14r5; „gorða“ 31r16; „gorðir“ 17r4, „gorðir“ 19r24, „Gorþir“ 21v2, „gorþir“ 30v24; „gorði“ 9r25, 14r33, 18v29, 30r20, „gorþi“ 24r33; „gorðo“ 1r17, 7r1, „gordo“ 5r19, „gorþo“ 22v19; „goraz“ 12r18, 27v2, „gorlaz“ 23v20–21; „goriz“ 27v31; „gorðiz“ 13r33, „gorðvz“ 24v14
- b. físl. *gørsimi*: „gorfimar“ 18v23, 18v32
- c. físl. *gørla* (*gørla*): „gorla“ 3v31, 12v5, 15v22, 34v26, 35r4, 35r17, 35r31, 39r26; „ogørla“ 6v16
- d. físl. *gørvallr* (*gørvallr*):<sup>6</sup> „gorvołom“ 7r10, „gorvallan“ 42r3

Skrifari Konungsbókar ritar aldrei upprunalegt *gø*- með „gi“ og sérhljóðstákni, heldur einungis „g“, á sama hátt og hann táknað upprunalegt *gø*- en nokkur dæmi um það eru sýnd í (11).

(11) Dæmi um táknun físl. *gø*- í Konungsbók eddukvæða

- a. físl. *gørv* (atvo.): „gorva“ 16v14, 28r10, 28r23, 28v15
- b. físl. *gørdum* (no. *garðr*): „gorðom“ 6r8, „gordom“ 16r18, „garðom“ 7v12, „garþom“ 11v22
- c. físl. *gørn*: „gornom“ 16v8
- d. físl. *gøfigr*: „gæfgafta“ 14r7

<sup>6</sup> Í Íslensku hómiljubókinni, Sth perg 4to nr 15, frá um 1200, bendir stafsetning tveggja dæma til þess að orðið hafi verið *gørvallr* en að auki er eitt dæmi þar sem rötársérhljóðið er táknað „o“ og það gæti í raun staðið fyrir hvort sem er *ø* eða *ø* (de Leeuw van Weenen 2004:61 [*gørvallr*]).



Skrifari Konungsbókar gerir því engan greinarmun í stafsetningu á uppruna-  
legu *gø-* og *gø-*; hann virðist hvergi auðkenna sérstaklega framgömmælt hljóð-  
ið í *gø-* og tákna hvort tveggja með „g“ og sérhljóðstákni (aðallega „o“ eða  
„a“). Í stafsetningu hans er „gio“ aftur á móti hin reglulega táknun á uppruna-  
legu *gjø-*, eins og sýnt er með nokkrum dæmum í (12).

(12) Dæmi um táknun físl. *gjø-* í Konungsbók eddukvæða

- a. físl. *gjof*: „giof“ 7r6, „giofom“ 4r23, 4r31, „giofom“ 4r27
- b. físl. *gjöld* (no. *gjald*): „giold“ 4r27, 6r26, 9r33, „giold“ 4v26,  
„iþgiold“ 6r3
- c. físl. *umgjörð*: „vmgjörþ“ 14v2
- d. físl. *gjörn(um)* (lo. *gjarn*): „morð giornom“ 14v29, „obil giornom“  
35r8, „vergiorn“ 15v31

Pegar skrifari Konungsbókar eddukvæða ritar „giorotr“ (26v28), sem jafn-  
gildir *gjörótr*, er því eðlilegast að líta svo á að það samsvari eldra *gjörótr*. Að  
öðrum kosti væri „giorotr“ eina dæmið um að skrifarinn táknaði framgóm-  
kvæði *g* á undan eldra *ø*.<sup>7</sup>

### 3.4 Niðurstaða

Á það var bent hér að framan (í kafla 3.1) að ef einungis væri á nútímamáls-  
myndinni *göróttur* að byggja kæmi ekki annað til greina en endurgera físl.  
*gørótr*. Ef elstu dæmi eru skoðuð gaumgæfilega sést þó ótvírætt að sá vitnis-  
burður nútímamálsmyndarinnar fær ekki staðist. Elstu þekktu dæmi um lýs-  
ingarorðið *göróttur* er að finna í Konungsbók eddukvæða, GKS 2365 4to, frá  
um 1270, og Völsunga sögu á NKS 1824 b 4to, frá um 1400–1425. Í þessum  
handritum birtist orðið sem *gjörótr* og sú mynd hlýtur að vera runnin frá ann-  
aðhvort *gørótr* eða *gjörótr* í elstu íslensku en getur aftur á móti ekki verið  
komin úr físl. *gørótr* með reglulegri hljóðþróun. Stafsetning aðalskrifara NKS

<sup>7</sup> Enda þótt skrifari Konungsbókar riti „giorotr“ (26v28) með einföldu „t“ virðist ekki brýn  
ástæða til að draga í efa að orðið hafi haft *tt* í hans máli. Hér er augljóslega um að ræða lýs-  
ingarorðsviðskeytið *-ótt-* sem ekki er þekkt öðruvísi en með *tt*. Tvennt má nefna er skýrt gæti  
ritun skrifara Konungsbókar með einföldu „t“. Annars vegar er aðgreining stuttra og langra  
samhljóða að jafnaði ekki fullkomlega regluleg í stafsetningu miðaldahandrita og allra síst á  
undan samhljóði; eitt dæmi með „t“ hefur því lítið vægi. Í annan stað getur hugsast að skrifar-  
anum hafi einfaldlega láðst að setja depil yfir „t“ til að tákna *tt* og enn fremur er mögulegt að  
depillinn hafi máðst brott.

1824 b 4to er tvírað og ekki til þess fallin að skera úr um hvort *gjörótttr* muni frekar runnið úr eldra *gørótttr* eða *gjörótttr*. Á hinn bóginn er tákneiting skrifara Konungsbókar eddukvæða miklu skýrari í þessu efni: Hann táknar aldrei framgómkvæði *g* á undan upprunalegu *ø* og því er einboðið að líta svo á að *gjörótttr* („giorotr“ 26v28) í Konungsbók sé komið úr eldra *gjörótttr* en ekki *gørótttr*. Nútímamálsmyndin *gøróttur* getur ekki verið beinn afkomandi físl. *gjörótttr* með reglulegri hljóðþróun og verður að því vikið síðar (í 5. kafla) hvaðan hún muni líklegast runnin. Næst verður nánar hugað að uppruna orðsins sem hér hefur verið endurgert sem físl. *gjörótttr* og leitað skyldra orða.

#### 4. Uppruni og skyld orð

##### 4.1 Orðmyndun

Lýsingarorðið *gjörótttr* er myndað með viðskeytinu *-ótt-* (< frg. *\*-uhta-*) en það er algengt í lýsingarorðum sem dregin eru af nafnorðum (sjá til dæmis Alexander Jóhannesson 1927:82–84, Eirík Rögnvaldsson 1990:35 og Guðrúnu Kvaran 2005:140; einnig Krahe 1969:193–94). Tugi dæma um lýsingarorð með þessu viðskeyti má finna í forn málsorðabók Fritznars (1886–96) og eru fáein dæmi sýnd í (13) ásamt þeim nafnorðum sem þau virðast dregin af.

(13) Nokkur físl. lýsingarorð dregin af nafnorðum með vsk. *-ótt-*

- a. no. *flekk* ⇒ lo. *flekkótttr*
- b. no. *krókr* ⇒ lo. *krókótttr*
- c. no. *korn* ⇒ lo. *kornótttr*
- d. no. *skalli* ⇒ lo. *skollótttr*
- e. no. *skarð* ⇒ lo. *skorðótttr*
- f. no. *fjall* ⇒ lo. *fjollótttr*
- g. no. *kjarr* ⇒ lo. *kjorrótttr*
- h. no. *skjöldr* ⇒ lo. *skjöldótttr*

Lýsingarorð dregið með viðskeytinu *-ótt-* af nafnorði sem merkir ‘X’ ber venjulegast merkinguna ‘sem hefur X’; *flekkótttr* merkir þannig ‘sem hefur flekki’, *krókótttr* ‘sem hefur króka’, *kornótttr* ‘sem hefur korn’.<sup>8</sup> Viðskeytið veldur jafnan *u*-hljóðvarpi, sbr. (13d–e), eða *u*-klofningu á rótarsérhljóði, sbr. (13f–h), ef það á við.

<sup>8</sup> Einnig er þó til að slík lýsingarorð merki ‘eins og X’, eins og *kringlótttr* sem merkir ‘(lagaður) eins og kringla’.

Lýsingarorðið *gjörótttr* hefur því væntanlega verið dregið af nafnorði. Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að rótarsérhljóðið í *gjörótttr* hefði myndast við *u*-klofningu. Grunnorðið sem það er dregið af kann því að hafa haft *u*-klofningu í nefnifalli eintölu og stofninn *gjör-*, sbr. (13h), en enn fremur er hugsanlegt að það hafi haft *a*-klofningu og stofninn *gjar-*, sbr. (13f–g). Alls ekki er víst að grunnorðið, sem *gjörótttr* er dregið af, birtist í tiltækum heimildum um forníslensku og enn síður er hægt að reiða sig á að það hafi lifað til nútímamáls; afleidda lýsingarorðið gæti lifað þótt grunnorðið sé horfið úr málinu. Eðlilegt er engu að síður að hefja leitina að grunnorðinu í orðabókum um forn málið.

#### 4.2 *Hvorugkynsorðið gjör, gjör, gør eða ger*

Ekki finnast neinar heimildir í orðabókum um íslenskt nafnorð með stofninum *gjar(-)* sem til álita gæti komið. Aftur á móti er getið um hvorugkynsorð sem birtist ýmist sem *gjör*, *gjör*, *gør* eða *ger* hjá orðabókarhöfundum, eins og sýnt er í (14).

- (14) Hvorugkynsorðið *gjör*, *gjör*, *gør* eða *ger* hjá nokkrum orðabókarhöfundum
- Sveinbjörn Egilsson (1860:247): *gjör* hk. ‘cibus, saturitas’ (‘fæða, magafylli’), sama og nútímamálsorðið *ger* ‘avicularum multitudo, esce (v.c. halecibus) inhiantium’ (‘fjöldi fugla gínandi yfir æti (til dæmis síld)’).
  - Cleasby og Guðbrandur Vigfússon (1874:223): *gør* og *ger* hk. ‘a flock of birds of prey’.
  - Fritzner (1886–96, 1:606): *gjör* hk. ‘Grums’.
  - Sveinbjörn Egilsson og Finnur Jónsson (1931:186): *gjör* hk. ‘føde, næring’ en merkir þó hugsanlega ‘flok, skare’.
  - de Vries (1962:198): *gør*, *gjör* hk. (1) ‘bodensatz’, (2) ‘haufe, menge’ (skáldamál); tvö orð ólíkrar merkingar og af ólíkum uppruna.
  - Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:240): *ger*, *gjör*, *gør* hk. ‘grugg, (rotnandi) æti; grúi, fjöldi’.

Orðabókarhöfundarnir vísa yfirleitt í sömu dæmin í fornum textum (þeir sem á annað borð vísa í dæmi) svo að þarna virðist vera um eitt og sama orðið að ræða með mismunandi form (og stafsetningu). Athygli vekur hve skoðanir eru skiptar um rótarsérhljóðið. Hjá Cleasby og Guðbrandi Vigfússyni (1874: 223)

er rôtarsérhljóðið *ö* (þ.e. *ø*) ákvarðað á grundvelli ríms en aftur á móti er *jø* sagt rímskorðað í *Lexicon poeticum* Sveinbjarnar Egilssonar og Finns Jónssonar (1931:186), enda þótt hvor tveggja niðurstaðan sé byggð á sama dæminu, eins og rætt verður hér á eftir. Hvorki de Vries (1962:198) né Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:240) taka skýra afstöðu. Einungis Fritznér (1886–96, 1:606) tengir *gjör* við *gjörótt* en til þess að unnt sé að fallast á þau tengsl þarf að komast að því hver muni hafa verið mynd orðsins *gjör* í elstu íslensku og hver merking þess muni hafa verið.

Ókringda rôtarsérhljóðið í myndinni *ger* gagnast ekki til að skera úr um hvort eðlilegra sé að reikna með *gør* eða *gjør* í elsta máli því að *e* getur verið runnið frá hvort sem er eldra *ø* eða *jø*. Þegar í elstu íslensku verður þess vart að *ø* afkringist og verði *e*; þetta varð aldrei altæk hljóðþróun en til urðu ýmsar tvímyndir á borð við 3. pers. et. nt. fh. *kemr*, *sefr*; *treðr* við hlið *kømr*, *søfr*, *trøðr* af *koma*, *sofa* og *troða* (Noreen 1923:107 [§119]). Hugsanlegt er því að *ger* hafi orðið til við hlið *gør* við slíka afkringingu. Um 1600 taka að birtast í heimildum (stafsetningu og einnig í rími) merki um afkringinguna *jö* > *je* í orðum eins og *fjegur*, *jerð*, *mjeg* sem þá urðu til við hlið *fjögur*, *jörð*, *mjög*; mikið ber á þessari afkringingu í sautjándu aldar máli en í mörgum tilvikum hafa þó afkringdu myndirnar horfið aftur úr málinu (Björn K. Þórólfsson 1925:xix; Stefán Karlsson 1989:10–11/2000:26). Mögulegt er þess vegna að *ger* (þ.e. *ger*) hafi orðið til við hlið *gjör* við afkringingu á sautjándu öld (eða síðar), hvort sem það var komið úr eldra *gør* eða *gjør*. Úrlausnarefnið hér er því hvort (ungu) orðmyndirnar *gjör* og *ger* muni heldur runnar úr eldra *gør* eða *gjør*; hið fyrra gæti ekki verið grunnorð lýsingarorðsins *gjörótt* en hið síðara gæti það hæglega ef merking þess leyfir.

#### 4.3 Elstu þekktu dæmi um hvorugkynsorðið *gjör*, *ger*

Orðið *gjör*, *ger* virðist aðeins þekkt af þremur dæmum úr fornu máli, úr Höfuðlausn Egils Skallagrímssonar, úr Merlínusspá og loks kemur það fyrir í sumum handritum Konungs skuggsjár. Áður en lengra er haldið er rétt að hyggja að þessum dæmum.

Höfuðlausn Egils Skallagrímssonar er, eins og kunnugt er, einkum varðveitt í tveimur gerðum. Annars vegar er hún í Wolfenbüttelbók, Wolf Aug 9 10 4to, frá um 1330–70, sem geymir svokallaða B-gerð (eða W-gerð) Egils sögu; kvæðið er þó ekki að finna í öðrum handritum af B-gerðinni svo að líklegt má teljast að skrifari Wolfenbüttelbókar hafi aukið því inn. Hins vegar er Höfuðlausn varðveitt í svokallaðri C-gerð (eða K-gerð) sögunnar sem einkum er

þekkt í uppskriftum Ketils Jörundssonar en elst í þeim handritaflokki er AM 162 A ε fol. frá um 1400, brot sem geymir stærstan hluta Höfuðlausnar. Höfuðlausn er aftur á móti ekki í Möðruvallabók, AM 132 fol. aðalhandriti A-gerðar Egils sögu, og hefur aldrei verið þar (Jón Helgason 1969: 162–68). Fyrri hluti níundu vísu Höfuðlausnar er sýndur í (15) eins og hann birtist í Wolfenbüttelbók (50r2); stafsetning er samræmd hér að frátöldu orðinu „gíor“ (ljóspr. útg. Jón Helgason 1956; útg. Finnur Jónsson 1912–15, A1: z37, sbr B1:32 og útg. Sigurðar Nordals 1933:188 þar sem vísan er hin tíunda).

(15) Úr níundu vísu Höfuðlausnar eftir Wolfenbüttelbók (50r2) frá um 1330–70

Rauð hilmir hjor,  
þat var hrafna „gíor“,  
fleinn hitti fjor,  
flugu dreyrug spjor.

Í stafsetningu handrita um miðja fjórtánda öld er eðlilega ekki gerður greinarmunur á hinum fornu  $\varrho$  og  $\phi$  (sbr. 3.1) og hætt er líka við að framgómkvæði  $g$  á undan hinu forna  $\phi$  gæti þar birst sem „gi“ (sbr. 3.2); rithátturinn „gíor“ sker því ekki úr um hvort þar er á ferð upprunalegt  $gjor$  eða  $g\phi r$ . Í hinum runhenda hætti Höfuðlausnar er endarím. Þrjú rímorðanna eru vel þekkt bæði í íslensku og af frændorðum í öðrum germönskum málum og ekki leikur vafi á uppruna rótarsérhljóðs neins þeirra: í *hjorr* kk. ‘sverð’ (sbr. fe. *heoru*, gotn. *hairus* ‘sverð’), *fjor* hk. ‘líf’ (sbr. fe. *feorh* ‘líf, lífvera’, fsax., fhþ. *ferah*, *ferh* ‘líf, sál’, gotn. *faírhus* ‘veröld’) og *spjor* nf. ft. hk. ‘spjót’ (sbr. fe. *spere*, *speru*, fsax., fhþ. *sper* ‘spjót’) verður rótarsérhljóðið rakið með traustum rökum til frg.  $e$  sem í frumnorrænu hefur orðið fyrir  $u$ -klofningu,  $e > j\phi$  (sjá til dæmis de Vries 1962 eða Ásgeir Blöndal Magnússon 1989). Egill Skallagrímsson hefur ugglaut alist upp við fulla grein sérhljóðanna  $\varrho$  og  $\phi$  og sé sú gerð Höfuðlausnar sem varðveist hefur á Wolfenbüttelbók réttilega eignuð Agli er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir  $gjor$  í öðru vísuorði; í máli Egils hefði  $g\phi r$  ekki rímað við *hjor*, *fjor* og *spjor*, eins og Jón Helgason (1969) hefur rætt. Finnur Jónsson hafði áður komist að sömu niðurstöðu þegar hann sagði í *Lexicon poeticum* (Sveinbjörn Egilsson og Finnur Jónsson 1931:186) um  $gjor$  í þessu dæmi: „vokalen her er rimbستم“; það er aftur á móti misskilningur hjá Cleasby og Guðbrandi Vigfússyni (1874:223) að  $gjor$  rími hér við orð með upprunalegu  $\phi$ .

Merking orðsins *gjör* í Höfuðlausn gæti hæglega verið hin sama og *ger* hefur í til að mynda *fuglager* í nútímamáli, þ.e. ‘fjöldi, grúi’; *hrafna gjör* væri þá ‘hópur af hröfnum’. Þarna er þá komin merkingin sem gefin er hjá Cleasby og Guðbrandi Vigfússyni (1874:223), ‘a flock of birds of prey’, sbr. (14b), og þá skýringu gefur einnig Sigurður Nordal (1933:188 neðanmáls) í útgáfu sinni. Merkingin ‘cibus, saturitas’ (‘fæða, magafylli’) sem Sveinbjörn Egilsson (1860:247) gefur sem aðalmerkingu, sbr. (14a) og ‘føde, næring’ í (14d) (Sveinbjörn Egilsson og Finnur Jónsson 1931:186), virðist að minnsta kosti jafnlíkleg; *hrafna gjör* merkti þá ‘fæða fyrir hrafna’. Björn Jónsson á Skarðsá (1574–1655) skýrir orðið *gjör* í þessu vísuorði með eftirfarandi hætti í Höfuðlausnarskýringum sínum á AM 552 r 4to (5r–5v); stafsetning er samræmd hér (útg. Chesnutt 2006:174–75):

(16) Björn Jónsson á Skarðsá (1574–1655) á AM 552 r 4to (5r–5v)

*Gjör* köllum vær það þá mörg dýr eður fuglar sækja (með æði) að hræjum eður annarri átu. Sá maður er sagður *gjör* sem mikið etur; hefur nafn af úlfi þeim Óðinn átti; hét *Gjöri* eður *Ger*. Annar hét *Freki*. Svo eru kallaðir mathákar og atsókn skepnanna til atvinnunnar.

Einkar athyglisvert er að Björn skuli tengja nafnorðið *gjör* við lýsingarorðið *gjör* ‘gráðugur, átfrekur’ (sbr. físl. lo. *gerr* í sömu merkingu) og úlfshetið *Gjöri* eða *Ger* (sbr. *Geri*) og verður ekki betur séð en nafnorðið *gjör* hafi þá einnig haft merkinguna ‘ásókn í æti’ eða ef til vill ‘græðgi’. Eins og Sveinbjörn Egilsson (1860:247) bendir á þýddi Jón Ólafsson Svefneyingur (1786: í orðasafni, sbr. bls. 70) *gjör*, *ger* í þessu samhengi með ‘magna libido (prædæ)’ (‘mikil ágirnd (í bráð, æti)’). Þrenns konar merking orðsins *gjör* í Höfuðlausn virðist því koma til álita: ‘fjöldi, grúi’, ‘æti’ eða ‘ásókn í æti, græðgi’. Á hinn bóginn kemur ekki til greina merking sú sem Fritzner (1886–96, 1:606) gefur upp, ‘Grums’, sbr. (14c), en hann vitnar heldur ekki til þessa dæmis.

Höfuðlausn á brotinu AM 162 A ε fol frá um 1400 er allmikið frábrugðin þeirri í Wolfenbüttelbók; „hvor textinn hefur erindi, heil eða hálf, sem ekki eru í hinum; vísam og vísnahtutum er öðruvísi raðað; í annarri er orðalag einatt frábrugðið því sem er í hinni“, segir Jón Helgason (1969:163–64) sem ræki-lega hefur kannað báðar gerðirnar, og bætir við: „Milli þessara uppskrifta getur enginn ritaður tengiliður verið.“ Ekki kemur því á óvart að munur skuli vera á níunda erindi í þessum tveimur handritum. Í AM 162 A ε fol (3v29) er annað

vísuorð þannig: „þar uar hrafn aa geyrr“. Síðasta orðið er ritað „geyrr“ en þar er líklega depill yfir „r“-inu, þótt ekki sé það með öllu vafalaust.<sup>9</sup>

Fyrir kemur í fornum handritum, einkum frá tólftu og þrettándu öld, að hið forna sérhljóð  $\emptyset$  sé táknad „ey“ (Hreinn Benediktsson 1965:70–71) og, eins og Jón Helgason (1969:170–74) hefur bent á, gæti rithátturinn „geyrr“ einmitt verið runninn frá gömlu forriti þar sem „ey“ stóð fyrir  $\emptyset$ . Þetta telur Jón geta bent til þess að forn mynd orðsins hafi ekki verið *gjör* heldur *gør*. Þá verður reyndar að gera ráð fyrir að kvæðið sé ort af manni sem ekki gerði neinn greinarmun á sérhljóðunum  $\rho$  og  $\emptyset$  (sem sagt ekki Agli) og gat því hæglega rímað *hjör*, *gjör*, *fjör*, *spjör* en annar maður, sem sjálfur greindi að  $\rho$  og  $\emptyset$  í sínu máli, hafi skrifað forrit það sem AM 162 A  $\epsilon$  fol er skrifað eftir og táknad þar það sem í hans máli var *hjör*, *gør*, *fjör*, *spjör* og rímaði ekki nema að hluta. Slík atburðarás er vitaskuld ekki óhugsandi en, eins og Jón bendir sjálfur á, er alls ekki víst að „geyrr“/„geyrr“ í AM 162 A  $\epsilon$  fol sé sama orð og „gior“ í Wolfenbüttelbók; ekki má gleyma því að allnokkru munar á textanum í þessum tveimur handritum. Í AM 162 A  $\epsilon$  fol kynni „geyrr“/„geyrr“ að vera *görr* sem snemma gat fengið  $\emptyset$  fyrir áhrif frá *gøra* og finnst því ritað með „ey“; setninguna mætti þá skilja þannig, segir Jón: *þar var hrafn gørr* (reiðubúinn að steypa sér) *á* (ofan á hræin). Að minnsta kosti getur rithátturinn „geyrr“/„geyrr“ ekki talist óyggjandi sönnun þess að forn mynd orðsins hafi verið *gør* en ekki *gjör*.

Annað dæmi um orðið *gjör* er að finna í Merlínusspá á Hauksbók, AM 544 4to, frá um 1302–10. Merlínusspá er íslensk þýðing í bundnu máli á kafla úr Breta sögum Geoffreys frá Monmouth (1100–1154); þýðingin, ugglaut úr latínu, er eignuð Gunnlaugi Leifssyni, munki á Þingeyrum, og hefur að líkindum verið gerð í kringum 1200, en Gunnlaugur mun hafa látist um 1218 (Sverrir Tómasson í Guðrún Nordal o.fl. 1992:414, 454, 512). Fyrstu tvö vísuorðin í 68. erindi síðari hluta Merlínusspár eru sýnd í (17) eins og þau eru í Hauksbók, AM 544 4to (52r26); stafsetning er samræmd hér að frátöldu orðinu „gior“ (ljóspr. útg. Jón Helgason 1960; útg. Finnur Jónsson 1912–15, A2: 31, sbr. B2:37; sbr. einnig útg. Finns Jónssonar 1892–96:281.15).

<sup>9</sup> Finnur Jónsson (1912–15, A1:37 neðanmáls) prentar „geyrr“ athugasemdalaust en Jón Helgason (1969:168) aftur á móti „geyrr“ og bætir við innan sviga: „yfir *r*-inu má vera að sé depill“. Afar erfitt er að skera úr þessu þar sem skinnið er dökkt og letrið máð. Á ljósmyndum teknum í útfjólubláu ljósi djarfar þó fyrir depli yfir „r“-inu. Ég þakka Guðvarði Má Gunnlaugsyni fyrir að rýna í þetta með mér.

- (17) Úr Merlínusspá í Hauksbók, AM 544 4to (52r26), frá um 1302–10  
 Hrapa hræva „gior“  
 hátt gjalla spjör

Haukur Erlendsson gerir eðlilega ekki greinarmun á  $\varrho$  og  $\emptyset$  fremur en aðrir samtíðarmenn hans íslenskir og tákna þar að auki oft framgómkvæði  $g$  og  $k$  á undan frammæltum sérhljóðum (Finnur Jónsson 1892–96:xxxvii); rithátturinn „gior“ er því ekki til þess fallinn að skera úr um hvort orðið muni upphaflega hafa verið *gjör* eða *gør*. Ekki munu vera neinar heimildir tiltækar um aldur og uppruna Gunnlaugs munks en hafi hann látist um 1218 er ekki ósennilegt að hann hafi gert greinarmun á  $\varrho$  og  $\emptyset$  í sínu máli, þótt á það verði engar sönnur færðar. Eigi það við rök að styðjast kallar *spjör* á rím við *gjör* en ekki *gør*.

Merking orðsins *gjör* gæti hér vísað til fjöldans, ‘fjöldi, grúi’, enda þótt það sé reyndar í fleirtölu; „Ligene falder dyngveis, spydene runger höjt“, þýðir Finnur Jónsson (1912–15, B2:37). En jafnframt er hugsanlegt að *gjör* merki hér ‘æti, fæða’, eins og lagt er til í *Lexicon poeticum* (Sveinbjörn Egilsson og Finnur Jónsson 1931:186), sbr. (14d), þar sem þýtt er „ligenes føde falder, d.v.s. ligene falder (mændene bliver til lig) for at blive føde (for rovdyr)“; *hræva gjör* er þá ‘æti af hræjum’ er fellur til í orrustu. Athygli vekur að hér virðist *gjör* notað í fleirtölu en í Höfuðlausn var það eintöluorð en hugsanlega með safnheitismerkingu (‘fjöldi’).

Þriðja dæmið um *gjör* er í Konungs skuggsjá, í kafla þar sem sagt er frá hvölum í hafinu umhverfis Ísland og er þar meðal annars lýst fiski einum miklum og ógurlegum sem nefndur er hafgúfa. Lýsingin á fiski þessum eins og hún stendur í hinu norska aðalhandriti Konungs skuggsjár, AM 243 b  $\alpha$  fol, frá um 1275, er sýnd í (18a) (útg. Finnur Jónsson 1920:38–39, sbr. Holm-Olsen 1983:17; samræming stafsetningar og leturbreytingar hér). Í tveimur íslenskum handritum, AM 243 a fol frá um 1450–75 og AM 243 f fol frá um 1500, er þessi lýsing lítillega frábrugðin; þar kemur orðið *gjör* fyrir, eins og sýnt er í (18b) (útg. Finnur Jónsson 1920:39.7 og neðanmáls).

- (18) Konungs skuggsjá

a. Aðalhandritið AM 243 b  $\alpha$  fol

Einn fiskur ... Vér köllum hann oftast á vora tungu hafgúfu ... þegar hann skal eta þá gefur hann ropa mikinn upp úr hálsi sér og fylgir þeim ropa *mikil áta* svo að alls kyns fiskar þeir er í nánd verða staddir þá safnast til bæði smáir og stórir og hyggjast að sér skuli aflast þar matar og góðrar atvinnu.



- b. Lesbrigði í tveimur íslenskum handritum, AM 243 a fol og AM 243 f fol

*mikil áta*] „gior“ mikið og áta

Háttalag hafgúfunnar er augljóslega ætlað til að laða að bráð: hún ropar upp æti sem alls kyns fiskur sækir í og verður þar með auðfengin bráð. Orðið *áta* vísar hér væntanlega til fiskleifa (hræja) úr maga hafgúfunnar en þegar sagt er í íslensku handritunum í (18b) að ropa hafgúfunnar fylgi „gjör mikið og áta“ er freistandi að skilja það á þá leið að *gjör* eigi, líkt og *áta*, við fæðu sem hafgúfan ropar upp og eignir fyrir bráð sína. Einnig er þó mögulegt að *gjör* vísi hér til fuglagers yfir sjávarfletinum sem sækir í átuna eða mikillar ásóknar í átuna, en heldur virðist það þó síðri kostur. Hér kæmi enn fremur til álíta að *gjör* merkti ‘Grums’, eins og Fritzner (1886–96, 1:606) segir, sbr. (14c), en hann vitnar einmitt til þessa dæmis.

Niðurstaðan að svo komnu máli er þá sú að stafsetning þessara elstu þekktu dæma gefi ekki ótvíræðan vitnisburð um hvort eldri mynd orðsins muni frekar hafa verið *gjör* eða *gør*; hvort tveggja hefði getað birst sem „gior“ í svo ungum handritum. Myndinni „geyr“/„geyr“ í Höfuðlausn í AM 162 A e fol verður að taka með vara, enda ritháttur frábrugðinn um fleira en rótarsérhljóðið (ef þar stendur „rr“ fremur en einungis „r“) og setningagerð einnig önnur og því ekki unnt að reiða sig á að um sama orð sé að ræða. Þar sem rími er til að dreifa bendir það vafalaust til myndarinnar *gjör* en útilokar *gør*, að því tilskildu að skáldin hafi í sínu máli gert greinarmun á *g* og *ø* og það er vitaskuld ekki hafið yfir vafa. Fullnægjandi úrlausn um forníslenska mynd orðsins *gjör*, *ger* hefur því enn ekki fengist; sú staðreynd endurspeglast í óljósum svörum orðsifjafræðinganna de Vries (1962:198), sbr. (14e), og Ásgeirs Blöndals Magnússonar (1989:240), sbr. (14f).

Í tveimur af þremur dæmum, Höfuðlausn og Merlínusspá, virðist koma til greina að *gjör* merki annaðhvort ‘æti’ eða ‘fjöldi, grúi’ en í þriðja dæminu, úr Konungs skuggsjá, virðist merkingin annaðhvort ‘æti’ eða ‘grugg’ (‘fjöldi, grúi’ kemur þar vart til greina); de Vries (1962:198) gefur einnig upp merkinguna ‘bodensatz’ en hún á alls ekki við þessi dæmi. Merkingin ‘æti’ er því sú eina sem átt gæti við öll dæmin þrjú en næstbesti kosturinn er ‘fjöldi, grúi’ sem kæmi til greina í tveimur af þremur dæmum. Athyglisvert er þess vegna að einmitt þessir tveir kostir koma fram í skýringu Björns Halldórssonar (1724–94) á orðinu *ger* í orðabók hans sem fyrst kom út 1814, eins og sýnt er í (19), en ekki minnst hann á ‘grugg’ eða ‘botnfall’.

(19) Orðabók Björns Halldórssonar 1814 (útg. 1992:175)

**Gér**, *n. globus halecum, emergentium ê mari quando aves illis inhiant, vocantur ita conjunctim*, en stor Mængde Sild der svømmer ovenpaa Vandet, tillige med Rovfuglene som forfølge dem.

Björn gefur annars vegar merkinguna ‘vaðandi síld’ eða ‘æti’ í „en stor Mængde Sild der svømmer ovenpaa Vandet“ og hins vegar ‘fjöldi fugla (sem sækir í ætið)’ í „Rovfuglene som forfølge dem“. Orð Björns verða ekki skilin á annan veg en þann að orðið *ger* beri hvora tveggja merkinguna samtímis.

Nátengd merkingunni ‘æti’ er svo merkingin ‘ásókn í æti, græðgi’ sem kom fram í skýringu Björns Jónssonar á Skarðsá, sbr. (16), og í þýðingu Jóns Ólafssonar Svefneyings (1786: í orðasafni, sbr. bls. 70). Hér eru því tvö merkingarsvið, ef svo má segja, annars vegar merkingin ‘æti’ og ‘ásókn í æti, græðgi’ og hins vegar merkingin ‘fjöldi, grúi (fugla/dýra í æti)’. Sú spurning hlýtur að vakna hvort þessara tveggja merkingarsviða muni vera eldra eða upprunalegra hjá þessu orði. Hægt er að hugsa sér að ætismerkingin sé upprunaleg en smám saman hafi merkingin ‘fjöldi, grúi (fugla/dýra í æti)’ bæst við, eins og sýnt er í (20a). Jafnauðvelt er þó að ímynda sér þetta á hinn veginn, að upprunalega merkingin sé ‘fjöldi, grúi (fugla/dýra í æti)’ og síðan hafi orðið einnig farið að vísa til ætisins sem fuglarnir eða dýrin sækja í, sbr. (20b).

- (20) a. ‘æti’ → ‘fjöldi, grúi (fugla/dýra í æti)’  
 b. ‘fjöldi, grúi (fugla/dýra í æti)’ → ‘æti’

Bent hefur verið á samsvarandi nafnorð í færeysku (Jón Helgason 1969:169), sem sýnt er í (21a) og við það má bæta sögninni í (21b).

(21) Færeyska (*Føroysk orðabók* 1998, 1:359)

- a. **gjar** hk. et. 1 ‘rúður (serst. á sjóvarklettum) (kastað á sjógv at lokka fiskurst. seið við á seiðabergi)’, 2 ‘rúður og knústar skeljar til at gjara út fyri fisk’, 3 (óformlegt) ‘e-t at dyrgja eftir atkvøðum við, valagn, útgjar’.  
 b. **gjara**, *-aði* 1 ‘kasta gjar o.a. á sjógv at ala fisk til agnið (tá ið ein stendur á seiðabergi)’, 2 (afleidd merking) ‘nýta valagn o.tíl.’, *politikararnir gjara út við føgrum lyftum*.

Nafnorðið er sagt einvörðungu notað í eintölu en Jón Helgason (1969:169) telur að eintölumyndin *gjar* sé þannig tilkomin að *gjör* hafi verið túlkað sem fleirtölumynd (frekar en eintöluorð með safnheitismerkingu), eins og í dæm-

inu úr Merlínusspá að framan, og hafi verið mynduð af því eintala að fyrirmynd hvorugkynsorða með víxlin *ja* : *jö* (*a* : *ö*); áhrifsbreytingunni má lýsa eins og gert er í (22):

(22) nf./þf. ft. *fjöll* : nf. et. *fjall*  
 nf./þf. ft. *gjör* : nf. et. *X*; X = *gjar*

Aðalmerking færeyska orðsins, ‘hrúðurkarlar notaðir til beitu’, bendir óneitanlega til þess að ætismarkingin sé komin frá vesturnorræna orðinu sem bæði íslenska og færeyska orðið eru runnin frá; merkingin ‘fjöldi, grúi (fugla/dýra í æti)’ í íslenska orðinu hefur því æxlast af upprunalegu merkingunni ‘æti’. Athygli vekur einnig hve skýrt er í færeyska orðinu (eða orðunum) að um sé að ræða ‘(æti sem) agn, (tál)beitu’. Sú merking sást nefnilega einnig í Konungs skuggsjá, sbr. (18), þar sem hafgúfan ropaði upp gjöri til að eigna fyrir fisk, og er hún þá líklega hluti af hinni upprunalegu merkingu orðsins og gæti hæglega verið leidd af merkingunni ‘æti’.

Niðurstaðan er þá sú að enda þótt ekki sé mögulegt á grundvelli tiltækra heimilda að skera úr um það með óyggjandi hætti hver mynd orðsins *gjör*, *ger* muni hafa verið í elstu íslensku megi þó kveða nokkuð skýrar á um merkingu orðsins en gert hefur verið. Aðallega má greina tvenns konar merkingu eða merkingarsvið í þeim dæmum sem hér hafa verið rædd, annars vegar ‘æti’, ‘(æti sem) agn, (tál)beita’ eða ‘ásókn í æti, græðgi’ og hins vegar ‘fjöldi, grúi (fugla/dýra í æti)’. Merkingin ‘æti’ getur átt við öll þrjú elstu íslensku dæmin um orðið, ‘ásókn í æti, græðgi’ við hið elsta (Höfuðlausn) og í einu dæmanna (Konungs skuggsjá) kemur ‘(æti sem) agn, (tál)beita’ til greina. Samanburður við færeyska hvorugkynsorðið *gjar* ‘hrúðurkarlar til beitu’ bendir til að fyrrnefnda merkingarsviðið þar sem ‘æti’ er þungamiðjan sé eldri en merkingin ‘fjöldi, grúi (fugla/dýra í æti)’ og jafnframt að merkingin ‘(æti sem) agn, (tál)beita’ sé gömul. Áður en þessi niðurstaða verður borin saman við niðurstöðu okkar hér að framan um lýsingarorðið *gjöróttur* er rétt að huga að uppruna orðsins *gjör*, *ger*.

#### 4.4 Uppruni hvorugkynsorðsins *gjör*, *ger*

Þegar grennslast er fyrir um uppruna orðsins *gjör*, *ger* verða fyrir þrjár ólíkar skýringar. Útbreiddust virðist sú skoðun að *gjör*, *ger* sé skylt sögninni *gera*, físl. *gøra*, *gera*, sbr. fe. *gearwian*, *gierwan* ‘útbúa, sjóða’, fsax. *gerwian*, *garuwian*, fhþ. *garawen* ‘fullgera, útbúa’, og lýsingarorðinu *gørr* ‘fullbúinn’, sbr. fe. *gearo* ‘tilbúinn’, fsax. *garu* ‘tilbúinn, útbúinn, skreyttur’, fhþ. *garo*, *gara-*

*wēr* ‘tilbúinn, útbúinn’, nhþ. *gar* ‘tilbúinn, fullþroska, nógu soðinn, meyr’, af frie. \**g<sup>uh</sup>er-* ‘vera heitur, gerjast’.<sup>10</sup> Þá er ráð fyrir því gert að *gjör*, *ger* sé náskylt orðum eins og mhþ. *gerwe* ‘grugg, botnfall’ og fe. *gyrwe-fenn* ‘mýrlendi’ og grunnmerking þeirra sé ‘grugg, botnfall’ er æxlast hefur af eldri merkingunni ‘sjóða’. Ef þessi leið er farin virðist eðlilegast að gera ráð fyrir að frg. \**gerwa-* búi að baki sem hefði gefið físl. *gør* (með *u/w*-hljóðvarpi) en ekki er þó óhugsandi að úr því hefði orðið físl. *gjör* (eftir sömu leiðum og físl. *smjör* þróaðist úr \**smērwa-* með *a*-klofningu og *u/w*-hljóðvarpi).<sup>11</sup> Grunnmerkingin ‘grugg’ kemur reyndar ekki reglulega vel heim og saman við merkingarsviðið ‘æti; (æti sem) agn, (tál)beita; ásókn í æti, græðgi’ sem virðist liggja til grundvallar í þeim dæmum um *gjör*, *ger* sem rædd voru hér að framan.

Önnur skýring á uppruna orðsins *gjör*, *ger* er sú að það sé myndað af sögninni *gjósa*. Helsti forvígismaður þessarar hugmyndar er von Friesen (1935) en Konráð Gíslason (1895–97, 2:140) hafði reyndar varpað henni fram áður. Eftir þessari hugmynd er ráð fyrir því gert að *gjör*, *ger* sé komið af eldra *gør* er rekja megi til frn. \**gor(a)* (*r*-hljóðvarp) úr frg. \**guza-* (*a*-hljóðvarp) og það sé dregið af hvarfstigsmynd rótarinnar sem sést í sögninni *gjósa*, frg. \**geusan-* af frie. \**g<sup>h</sup>eu-s-* (Pokorny 1959, 1:447–48). Hliðstæð myndun er til dæmis nafnorðið *kjör* úr eldra *kør* sem komið er af frn. \**kor(a)* (*r*-hljóðvarp) úr frg. \**kuza-* (*a*-hljóðvarp), hvarfstigsmynd rótarinnar í sögninni *kjósa*, frg. \**keusan-* (Seebold 1970:227–28, 293–94). Ótvírætt er að af frg. \**guza-* hefði þróast físl. *gør* en ekki *gjör* en einmitt það þótti Jóni Helgasyni (1969) benda til ungs aldurs Höfuðlausnar því að Egill Skallagrímsson hefði ekki rímað saman *hjör*, *gør*, *fjör*, *spjör*. Þessi skýring á uppruna orðsins *gjör*, *ger*, úr físl. *gør*, byggist þá á því að grunnmerkingin sé ‘það sem gýs upp, gos’. Þá verður að gera ráð fyrir að vaðandi síldinni og fuglagerinu hafi verið líkt við gos, en það er reyndar nokkuð fjarri merkingarsviðinu ‘æti; (æti sem) agn, (tál)beita; ásókn í æti, græðgi’ sem virðist liggja til grundvallar í varðveittum dæmum um *gjör*, *ger*.<sup>12</sup>

<sup>10</sup> Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:240–41 (2 *ger*), 241 (1 *gera*); de Vries 1962:198 (*gør*), 163 (*gera*); sbr. einnig Torp 1909:128–29 og Pokorny 1959, 1:493–95.

<sup>11</sup> Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:240 [2 *ger*]) telur *gjör*, *ger* runnið úr annaðhvort frg. \**garwija-* eða \**gerwa-*. Fyrnefnda myndin kemur þó varla til álita því að hvorugkyns nafnorðið \**garwija-* hefði að öllum líkindum gefið físl. \**gørvi* (en ekki *gør*).

<sup>12</sup> Í orðsifjabók de Vries (1962:198) eru þessar tvær upprunaskýringar gefnar í tvískiptri flettu *gør*, *gjör*. Annars vegar er *gør*, *gjör* í merkingunni ‘bodensatz’ tengt so. *gøra* og skyldum orðum og sagt runnið af eldra \**gerw-* en hins vegar er *gør*, *gjör* í merkingunni ‘haufe, menge’ (skáldamál) endurgert frn. \**guz* og tengt so. *gjósa*.

Þriðja skýringin er frá Hofmann (1973). Hann tengir *gjör*, *ger* við lýsingarorðið *ger*, físl. *gerr* ‘gráðugur, átfrekur’ — eins og Björn Jónsson á Skarðsá gerði, sbr. (16) — sem á sér samsvörun í fhþ. *ger* ‘gráðugur’ úr frg. \**geraz* en við hlið lýsingarorðsins eru einnig heimildir um til dæmis físl. nafnorðið *geri* kk. ‘úlfur, hundur, hrafn (í skáldskaparmáli)’ (þ.e. ‘hinn gráðugi’, sbr. nafnið *Ger* í öðrum tveggja úlfa Óðins; frg. \**geran-*), nafnorðið fsæ. *giri* ‘græðgi, fíkn’, fax. -*giri*, fhþ. *giri* ‘ágirnd’ (frg. \**gerin*), lýsingarorðin fsax. *gerag* ‘gráðugur’, fhþ. *gerag*, *giriḡ* ‘gráðugur, fús’ (frg. \**geragaz*, \**gerigaz*) og sögnina fsax. *geron* ‘girnast’, fhþ. *gerōn* ‘girnast; gleðjast’ (frg. \**gerōn*), sbr. þ. *begehren*, af frie. \**g<sup>h</sup>er-*, sbr. skr. *haryati* ‘falla í geð, girnast’, gr. *χαίρω* ‘gleðjast’.<sup>13</sup> Við hlið frg. lo. \**geraz* hefur jafnframt verið til lo. \**gernaz*, sömu eða náskyldrar merkingar, eins og sjá má af varðveittum heimildum, gotn. -*gairns* ‘ágjarn’, físl. lo. *gjarn*, atvo. *gjarna*, fe. *georn*, fsax., fhþ. *gern* ‘ágjarn, gráðugur’, sbr. gotn. *gairnjan*, físl. *girnask* (Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:249 [*gjarn*]; Heidermanns 1993:242). Jafnframt þessu eru heimildir um kvenkynsnafnorðið mhþ., mlþ. *ger*, mholl. *ger(e)* ‘löngun, ágirnd’ (Schiller og Lübben 1875–81, 2:63, Lübben 1995 [1888]:117) sem Hofmann (1973:100) endurgerir sem frg. \**gerō* en slík mynd hefði gefið físl. *gjör* (með *u*-klofningu) en ekki *gør*.

Hofmann (1973) gerir þá ráð fyrir því að *gjör* merki ‘tálbeita’, upprunalega kvenkynsorð með safnheitismerkingu er síðar hafi orðið hvorugkynsorð. Að vísu eru mhþ., mlþ. *ger*, mholl. *ger(e)* ekki tryggur vitnisburður um tilvist kvk. *ō*-stofna nafnorðs í frumgermönsku; í miðháþýsku, að minnsta kosti, hafa mjög mörg upprunaleg *in*-stofna nafnorð fengið *ō*-stofna beygingu og því gæti hér verið *in*-stofna orð að baki, sbr. fhþ. *giri* sem áður var getið (Paul 1998:196 [§182]). Annar kostur, sem Hofmann (1973) ræðir ekki, er sá að eintölumyndin *gjar* í færeysku sé upprunaleg (hk. *a*-stofn með *a*-klofningu úr frn. \**gera* < frg. \**gera*), en ekki tilorðin við áhrifsbreytingu, og físl. *gjör* sé upprunalega fleirtölumynd (nf./þf. ft. með *u*-klofningu úr frn. \**geru* < frg. \**gerō*) er fengið hefur safnheitismerkingu og verið endurtúlkuð sem eintölumynd.

Hér að framan var ályktað á grundvelli elstu þekktu dæma um *gjör*, *ger* að þar lægi til grundvallar merkingarviðið ‘æti; (æti sem) agn, (tál)beita; ásókn í æti, græðgi’; upprunaskýring Hofmanns (1973) fellur ágætlega að þeirri niðurstöðu. Ef tekið er tillit til þekktra germanskra orða af sömu rót, þ.e.

<sup>13</sup> Pokorny 1959, 1:440–41; Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:241 (*4 ger; geri*); Heidermanns 1993:241; Bjorvand og Lindeman 2000:297–98.

lýsingarorða sem merkja ‘gráðugur, átfrekur’, nafnorða er merkja ‘hinn gráðugi’, ‘græðgi, ágirnd’ og sagnorða er merkja ‘girnast, gleðjast’, eins og rakið var að framan, er freistandi að ætla að grunnmerking nafnorðsins *gjör, ger* hafi verið ‘e-ð girnilegt’ en af henni hafi æxlast þau merkingartilbrigði sem við höfum séð. Vitaskuld er erfitt að kveða upp úr um það með neinni vissu hver merkingarþróunin muni hafa verið í smáatriðum en ef til vill mætti hugsa sér hana eitthvað í líkingu við það sem lýst er í (23).

(23) Hugsanleg merkingarþróun no. *gjör, ger*

‘e-ð girnilegt’ → ‘æti’ → ‘(æti sem) agn, (tál)beita’  
 → ‘ásókn í æti, græðgi’ → ‘fjöldi, grúi (fugla/dýra í æti)’

Mál er þá að bera þessar niðurstöður um orðið *gjör, ger* við lýsingarorðið *gjörótttr* til að svara spurningunni hvort *gjörótttr* geti verið myndað af nafnorðinu *gjör, ger*.

#### 4.5 Físl. *gjörótttr* og *gjör, ger*

Í umræðunni hér að framan um merkingu orðsins *gjörótttr* í elstu þekktu heimildum var þeirri tilgátu varpað fram að það kunni að hafa merkt ‘svikinn, sem tál er í’. Eitt þeirra merkingartilbrigða sem greina mátti hjá nafnorðinu *gjör, ger* var ‘(æti sem) agn, (tál)beita’ en það virtist koma fram í notkun orðsins í Konungs skuggsjá, sbr. (18), og í færeyska nafnorðinu *gjar* ‘hrúðurkarlar notaðir til beitu’ og sögninni *gjara* ‘setja agn fyrir e-n’, sbr. (21). Merkingin ‘(æti sem) agn, (tál)beita’ fellur vel að merkingunni ‘svikinn, sem tál er í’; hin síðarnefnda gæti þá í raun hafa verið ‘með agni, sem tál er í’ og þar með virðist merkingin heimila þá ályktun að lo. *gjörótttr* geti verið dregið af no. *gjör, ger*.

Sú mynd sem fékkst af nafnorðinu *gjör, ger* hér að framan var ófullkomin að því leyti að ekki fékkst óyggjandi niðurstaða um mynd orðsins í elsta máli; af heimildunum verður ekki ráðið með fullri vissu hvort *gjör, ger* muni fremur runnið af eldra *gjör* eða *gør*. Ef lýsingarorðinu *gjörótttr* er bætt inn í þessa mynd skýrist hún svo um munar: komist var að þeirri niðurstöðu hér að framan að mynd lýsingarorðsins í elstu íslensku hafi verið *gjörótttr*, en ekki *gørótttr* eða *gørótttr*. Ef lýsingarorðið *gjörótttr* er í reynd dregið af nafnorðinu *gjör, ger* tekur það af allan vafa um elstu mynd grunnorðsins: grunnorðið hlýtur að hafa verið *gjör* en ekki *gør*.

Orðmyndunin hefur þá verið sambærileg við dæmin í (13) hér að framan

en eins og þar var getið (4.1) veldur viðskeytið *-ótt-* u-hljóðvarpi eða u-klofningu rótarsérhljóðs þar sem það er á annað borð mögulegt; *gjöróttur* getur því verið myndað hvort sem er af *gjar*, sbr. (13f–g), eða *gjör*, sbr. (13h). Eins og fram hefur komið er til í færeysku nafnorðið *gjar* ‘hrúðurkarlar notaðir til beitu’, hvorugkynsorð notað í eintölu, er samsvarar físl. *gjör*, hvorugkynsorði er þekkest bæði sem eintölumynd (Höfuðlausn og Konungs skuggsjá) og fleirtölumynd (Merlínusspá). Þeirri tilgátu hefur verið varpað fram að eintölumyndin *gjar* hafi myndast af fleirtölumyndinni *gjör* (þ.e. *gjör*) við áhrifsbreytingu, eins og lýst var í (22) að framan. Jafnsennilegt virðist þó að eintölumyndin *gjar* sé upprunaleg og fleirtölumyndin *gjör* hafi fengið safnheitismerkingu og verið endurtálkuð sem eintöluorð; upprunalega eintölumyndin *gjar* hefur þá glatast í íslensku en aftur á móti varðveist í færeysku. Orðmyndunin hefur þá ef til vill verið eins og sýnt er í (24) þar sem helstu merk-ingartilbrigði *gjar*, *gjör* eru sýnd.

(24) no. *gjar*, *gjör*

‘e-ð girmilegt’

‘æti’

‘(æti sem) agn, (tál)beita’ ⇒ lo. *gjöróttur* ‘með agni, sem tál er í’

‘ásókn í æti, græðgi’

‘fjöldi, grúi (fugla/dýra í æti)’

#### 4.6 Niðurstaða

Meginniðurstaðan af þessari umræðu um uppruna orðsins *gjöróttur* og skyld orð er þá eftirfarandi. Nafnorðið *gjör*, *ger* hefur að öllum líkindum haft grunnmerkinguna ‘e-ð girmilegt’ og af því hafa svo æxlast merkingartilbrigði á borð við ‘æti’, ‘(æti sem) agn, (tál)beita’, ‘ásókn í æti, græðgi’ og ‘fjöldi, grúi (fugla/dýra í æti)’. Merkingin ‘(æti sem) agn, (tál)beita’ kemur vel heim og saman við þá merkingu sem í 2. kafla var greind í lýsingarorðinu *gjöróttur*: ‘svikinn, sem tál er í’ sem kannski hefur þá í reynd verið ‘með agni, sem tál er í’. Því virðist líklegt að lýsingarorðið *gjöróttur* sé dregið af nafnorðinu *gjör*, *ger* og þá er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir að grunnorðið í elstu íslensku hafi verið *gjör* en ekki *gør*. Enn fremur virðist mögulegt að grunnorðið hafi verið *gjar*, eintölumynd sem glatast hefur í íslensku en er enn varðveitt í færeysku; fleirtölumyndin *gjör* hafi þá fengið safnheitismerkingu og verið endurtálkuð sem eintölumynd.

Að fenginni þeirri niðurstöðu er nauðsynlegt að huga nánar að úrlausnarefni sem tæpt var á hér að framan (í 3.1): Nútímamálsmynd lýsingarorðsins *göróttur* bendir til þess að í elsta máli hafi það verið *gørótt* en elstu þekktu dæmi sýna á hinn bóginn að orðið hlýtur að hafa verið *gjørótt* en *gørótt* kemur ekki til greina. Hvernig getur staðið á þessu misræmi á milli elstu þekktu dæma og nútímamáls? Eðlilegt er því að leið orðsins *gjørótt* til nútímamáls sé næsta viðfangsefni.

## 5. Leiðin til nútímamáls

Orðið *gjørótt* hefði eftir reglulegri hljóðþróun frá forníslensku orðið *göróttur* í nútímamáli. Ekki finnst þó orðið *göróttur* á orðabókum um nútímamál og ekkert dæmi er um það í ritmálssafni Orðabókar Háskólans. Af tiltækum heimildum mætti því draga þá ályktun að orðið *göróttur* hafi horfið úr málinu fyrir alllöngu. Í ritmálssafni Orðabókar Háskólans eru aftur á móti þrettán dæmi um lýsingarorðið *göróttur* og það er líka að finna í öllum helstu orðabókum um íslenskt nútímamál. Elsta dæmið um *göróttur* í ritmálsskrá Orðabókar Háskólans er úr kvæðinu *Sinfjötli* sem birtist í *Ljóðmælum* Gríms Thomsens er út kom 1906 (bls. 99–100). Grímur fæddist 1820 og lést 1896 og þetta telst því í reynd vera dæmi úr níttjándu aldar máli. Kvæði Gríms er, eins og nafnið bendir til, byggt á frásögninni um dauða Sinfjötla og þaðan er orðið eflaust komið. Það er því alls kostar óvíst að orðið *göróttur* hafi verið hluti af íslensku alþýðumáli á níttjándu öld, enda er vitnað í þetta sama dæmi (og aðeins þetta eina dæmi) í íslensk-danskri orðabók Sigfúsar Blöndals (1920–24:283 [*göróttur*]) og það merkt sérstaklega sem „Poesi, digterisk Sprogbrug“. Ekki verður því betur séð en hinu horfna orði *gjørótt* hafi verið gefið nýtt líf á síðari hluta níttjándu aldar og þá sem *göróttur* en ekki *gjøróttur*. Orðinu *gjørótt* hafa níttjándu aldar menn væntanlega fyrst og fremst kynnst í gegnum prentaðar útgáfur á eddukvæðum og Völsunga sögu. Það er því ómaksins vert að slá upp í nokkrum helstu útgáfum þessara texta til að sjá hvernig orðið birtist þar.

Ef flett er í útgáfum á texta Konungsbókar eddukvæða, GKS 2365 4to, má sjá að nokkuð breytilegt er hvaða meðferð orðið *gjørótt* fær hjá útgefendum. Yfirlit um birtingarmynd orðsins í nokkrum helstu útgáfum með texta Konungsbókar eddukvæða er að finna í (25) og (26).



- (25) Nokkrar nítjándu aldar útgáfur á texta Konungsbókar eddukvæða
- a. Munch 1847:97: „gjörótr“
  - b. Lüning 1859:345: „giörótr“
  - c. Möbius 1860:118: „gjörótr“
  - d. Wimmer 1870:15: „gørótr“
  - e. Grundtvig 1874:100 (2. útg.): „Gjörótr“
  - f. Hildebrand 1876:175: „gjörótr“
  - g. Wimmer 1877:15 (2. útg.): „gørótr“
  - h. Wimmer 1882:15 (3. útg.): „gørótr“
  - i. Sijmons 1888:289: „Gjörótr“
  - j. Finnur Jónsson 1888–90, 2:25: „gørótr“
  - k. Wimmer 1889:15 (4. útg.): „gørótr“
  - l. Wimmer 1896:15 (5. útg.): „gørótr“

Í elstu útgáfunum er alls staðar prentað *gjörótr* (*gjörótr*) en aftur á móti prentar Wimmer *gørótr* í *Oldnordisk Læsebog* 1870, 1877, 1882, 1889 og 1896. Lestrarbók Wimmers hafði að geyma úrval gamalla texta með bæði skýringum og orðasafni, allt á einni bók. Hún var lesin mjög víða, meðal annars í Lærða skólanum í Reykjavík frá 1887 og fram á tuttugustu öld (Kristinn Ármannsson o.fl. 1975:112–14), og endurprentuð margoft. Finnur Jónsson prentar líka *gørótr* en ekki *gjörótr* í eddukvæðaútgáfu sinni sem út kom í Þýskalandi 1888–90, sbr. (25j); líklegt er að sú útgáfa Finns hafi náð einhverri útbreiðslu á Íslandi. Hugum þá að nokkrum tuttugustu aldar útgáfum.

- (26) Nokkrar tuttugustu aldar útgáfur á texta Konungsbókar eddukvæða
- a. Detter og Heinzel 1903:95: „giørótr“
  - b. Wimmer 1903:15 (6. útg.): „gørótr“
  - c. Finnur Jónsson 1905:279: „gjörótr“
  - d. Hildebrand 1912:274 (3. útg.): „Gjörótr“
  - e. Neckel 1914:158: „Giørótr“
  - f. Boer 1922, 1:142: „giørótr“
  - g. Hildebrand 1922:274 (4. útg.): „Gjörótr“
  - h. Finnur Jónsson 1926:268 (2. útg.): „gjörótr“
  - i. Neckel 1927:158 (2. útg.): „Giørótr“
  - j. Finnur Jónsson 1932:222: „gjörótr“
  - k. Guðni Jónsson 1949:259: „Gjörótr“
  - l. Jón Helgason 1952:43: „Gørótr“
  - m. Guðni Jónsson 1954:259: „gørótr“

- n. Jón Helgason 1959:43 (2. útg.): „Göróttur“
- o. Jón Helgason 1961:43 (3. útg.): „Göróttur“
- p. Neckel 1962:162 (4. útg.): „Gjöróttur“
- q. Ólafur Briem 1968:300: „Göróttur“
- r. Gísli Sigurðsson 1998:208: „Göróttur“

Þegar tuttugustu aldar útgáfur á texta Konungsbókar eru skoðaðar vekur athygli að Finnur Jónsson skiptir um skoðun frá eddukvæðaútgáfu sinni 1888–90, sbr. (25j), og prentar *gjöróttur* með „gjö“ í Reykjavíkúrútgáfunni 1905 (26c) og svo aftur 1926 (26h) og 1932 („gjö“; sbr. 26j). Ef til vill má rekja þessi sinnaskipti Finns til kynna hans af skrifara Konungsbókar við gerð ljósprentaðrar og stafréttar útgáfu hans og Wimmers sem út kom 1891 (Wimmer og Finnur Jónsson 1891). Í nútímaútgáfum eddukvæða handa Íslendingum er nánast alltaf prentað *göróttur* án „j“. Guðni Jónsson prentar þó fyrst *gjöróttur* 1949, sbr. (26k), en breytir því svo í *göróttur* 1954, sbr. (26m), og þannig var textinn endurprentaður margoft.

Yfirlit um birtingarmynd orðsins *gjöróttur* í nokkrum helstu útgáfum Völsunga sögu er sýnt í (27).

- (27) Nokkrar útgáfur á Völsunga sögu
- a. Rafn 1829:142: „gjöróttur“
  - b. Bugge 1865:105: „Gjöróttur“
  - c. Wilken 1877–83, 1:166: „gjöróttur“
  - d. Valdimar Ásmundarson 1885:24: „Geróttur“
  - e. Ranisch 1891:17: „Gjöróttur“
  - f. Pálmi Pálsson og Þórhallur Bjarnarson 1899:140: „Göróttur“
  - g. Wilken 1912–13, 1:166 (2. útg.): „gjöróttur“
  - h. Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson 1943:23: „Göróttur“
  - i. Guðni Jónsson 1950:133: „Göróttur“
  - j. Örnólfur Thorsson 1985:29: „Göróttur“<sup>14</sup>

Eins og áður var getið (3.2) er NKS 1824 b 4to frá fyrsta fjórðungi fimmtánda aldar elsta handrit Völsunga sögu og eru þessar útgáfur reistar á þeim texta (beint eða óbeint). Olsen (1906–08:25.16) prentar „Giorottur“ í stafréttari útgáfu sinni eftir NKS 1824 b 4to (sbr. einnig Grimstad 2000:112) og leikur

<sup>14</sup> Örnólfur Thorsson (1985:29) prentar reyndar „g(j)öróttur“ í orðskýringu neðanmáls.

enginn vafi á leshættinum. Stafsetning handritsins hefur þó verið túlkuð á ýmsa vegu og því birtast í útgáfunum bæði *göróttur* og *geróttur*, við hlið *gjöróttur* (*gjöróttur*). Yngri handrit Völsunga sögu eru öll talin runnin beint eða óbeint frá NKS 1824 b 4to (Rafn 1829:xiv, Olsen 1906–08:x) og athygli vekur að í sumum sautjándu aldar handritum stendur *gruggóttur* í stað *gjöróttur*; eftir þeim prentar Björner (1737:26), og von der Hagen (1814:30) aftur eftir honum, „gruggottur“. Þetta mætti ef til vill hafa til marks um að orðið *gjöróttur* (úr *gjöróttur*) hafi verið horfið úr íslensku máli á sautjándu öld og vegna þess hve framandi það var hafi sautjándu aldar skrifarar sett *gruggóttur* í þess stað.

Freistandi er að álykta að nútímamyndin *göróttur* sé lestrarframburður byggður á þeim útgáfum eddukvæðanna sem ekki prentuðu þetta orð með „j“, enda ekki augljóst öllum lesendum að *g* á undan *ø* hafi verið framgómmeilt í forníslensku. Ekki virðist ósennilegt að Grímur Thomsen (1820–96), sem orti kvæðið *Sinfjötli*, og yngri samtíðarmenn hans á borð við Pálma Pálsson (1857–1920) og Þórhall Bjarnarson (1855–1916) sem gáfu út Völsunga sögu, sbr. (27f), hafi kynnst orðinu í lestrarbók Wimmers 1870, 1877, 1882, 1889 og 1896 og eddukvæðaútgáfum Finns Jónssonar 1888–90; þar var það prentað *gøróttur*.

Niðurstaðan er þá sú orðið *gjöróttur*, sem hefði hljóðrétt orðið *gjöróttur* í nútímamáli, virðist ekki til í síðari alda íslensku og engar heimildir eru um það í nútímamáli; það virðist því hafa horfið úr málinu. Á síðari hluta nítjándu aldar er það endurvakið sem *göróttur*, að öllum líkindum eftir fornritaútgáfum þar sem það var prentað *gøróttur*.

## 6. Niðurstöður

Lagt var upp með fjórar spurningar sem sýndar voru í (1) og eru endurteknaðar í (28).

- (28) a. Hvað merkir orðið *göróttur* í elstu heimildum?  
 b. Hver var mynd þess í elstu íslensku?  
 c. Hver er uppruni orðsins?  
 d. Hver er saga þess frá fornu máli til nútímamáls?

Aðeins eru þekkt tvö dæmi um orðið *göróttur* í fornum textum og eru þau bæði í frásögninni af örlögum Sinfjötla, sonar Sigmundar Völsungssonar, sem er að finna í tveimur gerðum, í Konungsbók eddukvæða og (nokkru rækilegri)

í Völsunga sögu. Þeirri tilgátu var varpað fram að þegar Sinfjötli segir „Göróttur er drykkurinn“ merki *göróttur* ‘svikinn, sem tál er í’.

Nútímamálsmyndin *göróttur* bendir til þess að þetta orð hafi verið *gøróttur* með uppgómmæltu *g* í elstu íslensku. Rithátturinn „giorotr“ í Konungsbók eddukvæða, GKS 2365 4to (26v28), frá um 1270, bendir þó eindregið til að það hafi ekki verið *gøróttur* heldur *gjøróttur* á elsta stigi íslensku. Þessi niðurstaða fékkst með því að rannsaka táknbeitingu skrifara Konungsbókar eddukvæða. Hann táknar aldrei framgómkvæði *g* á undan upprunalegu *ø* og er næsta ólíklegt að „giorotr“ sé komið úr eldra *gøróttur*; aftur á móti er „gio“ hin reglulega táknun skrifarans á eldra *gjø*. Það má því teljast næsta víst að þetta orð sé komið úr físl. *gjøróttur*.

Físl. *gjøróttur* er lýsingarorð myndað af nafnorði með viðskeytinu *-ótt-*. Í leit að nafnorði því sem *gjøróttur* er dregið af voru rædd elstu þekktu dæmi um orðið *gjör*, *ger* en nokkur óvissa ríkir bæði um mynd þess í elstu íslensku og merkingu. Komist var að þeirri niðurstöðu að grunnmerking þess hafi sennilega verið ‘e-ð girnilegt’ og af henni hafi svo æxlast merkingartilbrigði á borð við ‘æti’, ‘(æti sem) agn, (tál)beita’, ‘ásókn í æti, græðgi’ og ‘fjöldi, grúi (fugla/dýra í æti)’. Merkingin ‘(æti sem) agn, (tál)beita’ fellur vel að þeirri merkingu sem virtist mega greina í lýsingarorðinu *gjøróttur*: ‘svikinn, sem tál er í’ sem þá hefur í reynd verið ‘með agni, sem tál er í’. Merkingin leyfir því þá ályktun að lýsingarorðið *gjøróttur* sé dregið af nafnorðinu *gjör*, *ger* og sé fallist á það verður að gera ráð fyrir því að *gjör*, *ger* hafi verið *gjør*, en ekki *gør*, í elstu íslensku en enn fremur er hugsanlegt að *gjør* sé upprunalega fleirtölumynd orðsins *gjar* sem enn lifir í færeysku.

Físl. *gjøróttur* hefði hljóðrétt þróast í *gjöróttur* í nútímamáli en engar heimildir eru um *gjöróttur* í síðari alda íslensku; orðið virðist hafa horfið úr málinu (en erfitt er að segja hvenær). Á síðari hluta níttjándu aldar birtist það sem *göróttur* en sú mynd orðsins virðist eiga rætur að rekja til fornsagnaútgáfna þar sem prentað var *gøróttur* í stað *gjøróttur*. Orðið *göróttur* á sér því ekki óslitna sögu aftur til forníslensku, heldur er það endurlífgað formálsorð í nútímabúningi.

## RITASKRÁ

- Alexander Jóhannesson. 1927. *Die Suffixe im Isländischen*. Fylgir Árbók Háskóla Íslands 1927. Reykjavík.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Bjorvand, Harald og Fredrik Otto Lindeman. 2000. *Våre arveord. Etymologisk ordbok*. Instituttet for sammenlignende kulturforskning, Novus forlag, Oslo.
- Björn Halldórsson. 1992. *Orðabók. Íslensk – latnesk – dönsk*. Jón Aðalsteinn Jónsson sá um útgáfuna. Orðfræðirit fyrir alda 2. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Björn K. Þórólfsson. 1925. *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr forn málinu. Með viðauka um nýjungar í orðmyndum á 16. öld og síðar*. Reykjavík. [Endurprentun: Rit um íslenska málfræði 2. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, 1987.]
- Björner, Erik Julius (útg.). 1737. *Nordiska kända dater*. Stockholmia.
- Boer, R.C. (útg.). 1922. *Die Edda mit historisch-kritischem Commentar* 1–2. H.D. Tjeenk Willink & Zoon, Haarlem.
- Bugge, Sophus (útg.). [1865]. *Völsungasaga*. *Norrøne Skrifter af Sagnhistorisk Indhold*. Christiania.
- Chesnutt, Michael (útg.). 2006. *Egils saga Skallagrímssonar* 3. C-redaktionen. Editiones Arnarnagmagnænae A 21. C.A. Reitzels Forlag, København.
- Cleasby, Richard og Gudbrand Vigfusson [Guðbrandur Vigfússon]. 1874. *An Icelandic-English Dictionary*. Oxford.
- Detter, F. og R. Heinzel (útg.). 1903. *Sæmundar Edda* 1. Verlag von Georg Wigand, Leipzig.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Íslensk orðhlutafræði*. 4. útgáfa. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Finnur Jónsson (útg.). 1888–90. *Eddalieder* 1–2. Halle a. S.
- [Finnur Jónsson (útg.)]. 1892–96. *Hauksbók*. Det kongelig nordiske Oldskrift-Selskab, København.
- Finnur Jónsson (útg.). 1905. *Sæmundar-Edda*. Eddukvæði. Sigurður Kristjánsson, Reykjavík.
- Finnur Jónsson (útg.). 1912–15. *Den norsk-islandske skjaldedigtning* A1–2 Tekst efter håndskrifterne, B1–2 Rettet tekst. Kommissionen for Det Arnarnagmagnænske Legat, Gyldendalske Boghandel, København.
- [Finnur Jónsson (útg.)]. 1920. *Konungs skuggsjá. Speculum regale*. Det kongelige nordiske Oldskriftselskab, Gyldendalske boghandel, Kjøbenhavn.
- Finnur Jónsson (útg.). 1926. *Sæmundar-Edda*. Eddukvæði. Önnur útgáfa. Sigurður Kristjánsson, Reykjavík.
- Finnur Jónsson (útg.). 1932. *De gamle Eddadigte*. G.E.C. Gads Forlag, København.
- von Friesen, Otto. 1935. *Fisl. gør n. „jäsning, kokning, stark, sjudande rörelse i vatten“*. ANF 51:85–89.
- Fritzner, Johan. 1886–96. *Ordbog over Det gamle norske Sprog* 1–3. Kristiania.
- Føroysk orðabók* 1–2. 1998. Ritstj. Jóhan Hendrik W. Poulsen o.fl. Føroyja Fróðskaparfelag, Tórshavn.
- Gísli Sigurðsson (útg.). 1998. *Eddukvæði*. Mál og menning, Reykjavík.
- Grimstad, Kaaren (útg.). 2000. *Völsunga saga. The Saga of the Volsungs*. AQ-Verlag, Saarbrücken.

- Grímur Thomsen. 1906. *Ljóðmæli. Nýtt og gamalt*. [Ritstj. G. Björnsson o.fl.]. Reykjavík.
- Grundtvig, Svend (útg.). 1874. *Sæmundar Edda hins fróða*. Den ældre Edda. Anden på ny gennemarbejdede udgave. København.
- Guðni Jónsson (útg.). 1949. *Eddukvæði (Sæmundar-Edda)*. Fyrri hluti. Íslendingasagnaútgáfan, Reykjavík.
- Guðni Jónsson (útg.). 1950. *Fornaldarsögur Norðurlanda 1*. Íslendingasagnaútgáfan, Reykjavík.
- Guðni Jónsson (útg.). 1954. *Eddukvæði (Sæmundar-Edda)*. Fyrri hluti. Íslendingasagnaútgáfan, Reykjavík.
- Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson (útg.). 1943. *Fornaldarsögur Norðurlanda 1*. Bókaútgáfan Forni, Reykjavík.
- Guðrún Kvaran. 2005. *Orð*. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði. Íslensk tunga 2. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Guðrún Nordal, Sverrir Tómasson og Vésteinn Ólason (ritstjóri). 1992. *Íslensk bókmenntasaga 1*. Mál og menning, Reykjavík.
- von der Hagen, Friedrich Heinrich (útg.). [1814.] *Altnordische Sagen und Lieder*. Breslau.
- Heggstad, Leiv, Finn Hødnebo og Erik Simensen. 1975. *Norrøn ordbok*. 3. utgåva av Gamalnorsk ordbok. Det norske samlaget, Oslo.
- Heidermanns, Frank. 1993. *Etymologisches Wörterbuch der germanischen Primäradjektive*. Studia Linguistica Germanica 33. Walter de Gruyter, Berlin.
- Hildebrand, Karl (útg.). 1876. *Die Lieder der älteren Edda (Sæmundar Edda)*. Paderborn.
- Hildebrand, Karl (útg.). 1912. *Die Lieder der älteren Edda (Sæmundar Edda)*. Völlig umgearbeitet von Hugo Gering. Dritte Auflage. Ferdinand Schöningh, Paderborn.
- Hildebrand, Karl (útg.). 1922. *Die Lieder der älteren Edda (Sæmundar Edda)*. Völlig umgearbeitet von Hugo Gering. Vierte Auflage. Ferdinand Schöningh, Paderborn.
- Hofmann, Dietrich. 1973. Das Reimwort *giqr* in Egill Skallagrímssons Höfuðlausn. *Mediaeval Scandinavia* 6:93–101. [Endurprentað: *Gesammelte Schriften* I.1988: 237–45. Ritstj. Gert Kreutzer o. a. Helmut Buske Verlag, Hamburg.]
- Holm-Olsen, Ludvig (útg.). 1983. *Konungs skuggsiá*. 2. reviderte opplag. Norrøne tekster nr. 1. Norsk historisk kjeldeskrift-institutt, Oslo.
- Hreinn Benediktsson. 1959. The Vowel System of Icelandic. A Survey of Its History. *Word* 15:282–312. [Endurprentun: Hreinn Benediktsson 2002:50–73.]
- Hreinn Benediktsson. 1963. Some Aspects of Nordic Umlaut and Breaking. *Language* 39:409–431. [Endurprentun: Hreinn Benediktsson 2002:142–63.]
- Hreinn Benediktsson. 1965. *Early Icelandic Script as Illustrated in Vernacular Texts from the Twelfth and Thirteenth Centuries*. Íslensk handrit, series in folio 2. The Manuscript Institute of Iceland, Reykjavík.
- Hreinn Benediktsson (útg.). 1972. *The First Grammatical Treatise*. University of Iceland Publications in Linguistics 1. Institute of Nordic Linguistics, Reykjavík.
- Hreinn Benediktsson. 2002. *Linguistic Studies, Historical and Comparative*. Ritstj. Guðrún Þórhallsdóttir, Höskuldur Þráinsson, Jón G. Friðjónsson og Kjartan Ottosson. Institute of Linguistics, Reykjavík.
- Jón Helgason (útg.). 1952. *Eddadigte* 3. Heltedigte. Første del. Nordisk filologi A8. Ejnar Munksgaard, København.

- Jón Helgason (útg.). 1956. *The Saga Manuscript 9. 10. Aug. 4<sup>o</sup>* in the Herzog August Library, Wolfenbüttel. Manuscripta Islandica 3. Ejnar Munksgaard, Copenhagen.
- Jón Helgason (útg.). 1959. *Eddadigte 3. Helteðigte. Første del. 2. gennemsete udgave.* Nordisk filologi A8. Ejnar Munksgaard, København.
- Jón Helgason (útg.). 1960. *Hauksbók.* The Arna-Magnæan Manuscripts 371, 4<sup>o</sup>, 544, 4<sup>o</sup>, and 675, 4<sup>o</sup>. Manuscripta Islandica 5. Ejnar Munksgaard, Copenhagen.
- Jón Helgason (útg.). 1961. *Eddadigte 3. Helteðigte. Første del. 3. udgave.* Nordisk filologi A8. Ejnar Munksgaard, København.
- Jón Helgason. 1969. Höfuðlausnarhjal. *Einarsbók.* Afmælikveðja til Einars Ól. Sveinssonar 12. desember 1969:156–76. Ritstj. Bjarni Guðnason o. a. Nokkrir vinir, Reykjavík.
- Jón Ólafsson = John Olafsen. 1786. *Om Nordens gamle Digtekonst, dens Grundregler, Versarter, Sprog og Foretagsmaade.* Det Kongelige Videnskabers Selskab, København.
- Konráð Gíslason. 1895–97. *Efterladte skrifter 1–2.* [Útg. Björn M. Ólsen.] Kommissionen for Det Arnamagnæanske Legat, Gyldendalske Boghandel København.
- Krahe, Hans. 1969. *Germanische Sprachwissenschaft 3. Wortbildungslehre. 7. Auflage* bearbejdet von Wolfgang Meid. Walter de Gruyter, Berlin.
- Kristinn Ármannsson, Einar Magnússon, Guðni Guðmundsson og Heimir Þorleifsson. 1975. *Saga Reykjavíkurskóla 1. Nám og nemendur.* Ritstjóri Heimir Þorleifsson. Sögusjóður Menntaskólans í Reykjavík.
- Larsson, Ludvig. 1891. *Ordförrådet i de ælsta islenska handskrifterna.* Leksikaliskt ock gramatiskt ordnat. Lund.
- de Leeuw van Weenen, Andrea. 2004. *Lemmaized Index to the Icelandic Homily Book.* Perg. 15 4<sup>o</sup> in the Royal Library, Stockholm. Rit 61. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Lübber, August. 1995 [1888]. *Mittelniederdeutsches Handwörterbuch.* Nach dem Tode des Verfassers vollendet von Christoph Walther. [Ljósprentun frumútgáfunnar frá 1888.] Wissenschaftliche Buchgesellschaft, Darmstadt.
- Lüning, Hermann (útg.). 1859. *Die Edda.* Eine sammlung altnordischer götter- und heldenlieder. Zürich.
- Munch, P.A. (útg.). 1847. *Den ældre Edda.* Samling af norrøne Oldkvad, indeholdende Nordens ældste Gude- og Helte-Sagn. Christiania.
- Möbius, Theodor (útg.). 1860. *Edda Sæmundar hins fróða.* Leipzig.
- Neckel, Gustav (útg.). 1914. *Edda.* Die Lieder des Codex Regius nebst verwandten Denkmälern. Carl Winters Universitätsbuchhandlung, Heidelberg.
- Neckel, Gustav (útg.). 1927. *Edda.* Die Lieder des Codex Regius nebst verwandten Denkmälern. 2. durchgesehene Auflage. Carl Winters Universitätsbuchhandlung, Heidelberg.
- Neckel, Gustav (útg.). 1962. *Edda.* Die Lieder des Codex Regius nebst verwandten Denkmälern. Vierte, umgearbeitete Auflage von Hans Kuhn. Carl Winter, Heidelberg.
- Noreen, Adolf. 1923. *Altnordische Grammatik 1.* Altisländische und altnorwegische Grammatik (Laut- und Flexionslehre) unter Berücksichtigung des Urnordischen. Vierte vollständig umgearbeitete Auflage. Sammlung kurzer Grammatiken germanischer Dialekte 4. Verlag von Max Niemeyer, Halle (Saale).
- Olsen, Magnus (útg.). 1906–08. *Volsunga saga ok Ragnars saga loðbrókar.* S.T.U. A.G.N.L. XXXVI. København.

- Ólafur Briem (útg.). 1968. *Eddukvæði*. Skálholt, Reykjavík.
- Paul, Hermann. 1998. *Mittelhochdeutsche Grammatik*. 24. Auflage überarbeitet von Peter Wiehl und Sigfried Grosse. Sammlung kurzer Grammatiken germanischer Dialekte A2. Max Niemeyer Verlag, Tübingen.
- Pálmi Pálsson og Þórhallur Bjarnarson (útg.). 1899. *Goðasögur og forneskjusögur*. Fornögubættir 1. Reykjavík.
- Pokorny, Julius. 1959. *Indogermanisches etymologisches Wörterbuch* 1–2. Francke Verlag, Bern.
- Rafn, C.C. (útg.). 1829. *Fornaldar sögur Norðrlanda* 1. Kaupmannahöfn.
- Ranisch, Wilhelm (útg.). 1891. *Die Völsungasaga*. Berlin.
- Schiller, Karl og August Lübben. 1875–81. *Mittelniederdeutsches Wörterbuch* 1–6. Bremen.
- Seebold, Elmar. 1970. *Vergleichendes und etymologisches Wörterbuch der germanischen starken Verben*. Janua Linguarum, Series Practica 85. Mouton, The Hague.
- Sigfús Blöndal. 1920–24. *Íslandsk-dansk ordbog*. Reykjavík.
- Sigurður Nordal (útg.). 1933. *Egils saga Skallagrímssonar*. Íslenzk fornrit 2. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Sijmons, B. (útg.). 1888. *Die Lieder der Edda*. Halle a. S.
- Stefán Karlsson. 1989. Tungan. Frosti F. Jóhannesson (ritstj.): *Íslensk þjóðmenning* 6:1–54. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík. [Endurprentun: Stefán Karlsson 2000. *Stafkrókar*. Ritgerðir eftir Stefán Karlsson gefnar út í tilefni af sjötugsafmæli hans 2. desember 1998:19–75. Ritstjóri Guðvarður Már Gunnlaugsson. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.]
- Sveinbjörn Egilsson. 1860. *Lexicon poeticum antiquæ linguæ septentrionalis*. Societas regia antiquariorum septentrionalium, Hafniæ.
- Sveinbjörn Egilsson og Finnur Jónsson. 1931. *Lexicon poeticum antiquæ linguæ septentrionalis – Ordbog over det norsk-islandske skjaldesprog*. 2. udgave. Det kongelige nordiske Oldskriftselskab, København.
- Torp, Alf. 1909. *Wortschatz der Germanischen Spracheinheit*. Vergleichendes Wörterbuch der Indogermanischen Sprachen 3. Vandenhoeck und Ruprecht, Göttingen.
- Valdimar Ásmundarson (útg.). 1885. *Fornaldarsögur Norðrlanda* 1. Reykjavík.
- Vésteinn Ólason og Guðvarður Már Gunnlaugsson (útg.). 2001. *Konungsbók eddukvæða*. *Codex Regius*. Íslensk miðaldahandrit 3. Lögberg og Edda, miðlun og útgáfa, Reykjavík.
- de Vries, Jan. 1962. *Altnordisches etymologisches Wörterbuch*. Zweite verbesserte Auflage. E.J. Brill, Leiden.
- Wilken, Ernst (útg.). 1877–83. *Die prosaische Edda im Auszuge nebst Völsunga-saga und Nornagests-þátr* 1–2. Bibliothek der ältesten deutschen Literatur-Denkmäler. Ferdinand Schöningh, Paderborn.
- Wilken, Ernst (útg.). 1912–13. *Die prosaische Edda im Auszuge nebst Völsunga-saga und Nornagests-þátr* 1–2. Zweite verbesserte Auflage. Bibliothek der ältesten deutschen Literatur-Denkmäler. Ferdinand Schöningh, Paderborn.
- Wimmer, Ludv. F.A. 1870. *Oldnordisk Læsebog*. København.
- Wimmer, Ludv. F.A. 1877. *Oldnordisk Læsebog*. Anden omarbejdede udgave. København.
- Wimmer, Ludv. F.A. 1882. *Oldnordisk Læsebog*. Tredje udgave. København.
- Wimmer, Ludv. F.A. 1889. *Oldnordisk Læsebog*. Fjerde udgave. København.



- Wimmer, Ludv. F.A. 1896. *Oldnordisk Læsebog*. Femte gennemsete udgave. København.
- Wimmer, Ludv. F.A. 1903. *Oldnordisk Læsebog*. Sjette gennemsete udgave. København.
- Wimmer, Ludv. F. A. og Finnur Jónsson (útg.). 1891. *Håndskriftet Nr. 2365 4<sup>o</sup> gl. kgl. Samling på det store kgl. bibliotek i København (Codex regius af den ældre Edda) i fototypisk og diplomatisk gengivelse*. S.T.U.A.G.N.L.København.
- Örnólfur Thorsson (útg.). 1985. *Völsunga saga og Ragnars saga loðbrókar*. Mál og menning, Reykjavík.

## SUMMARY

‘The drink is *göróttur*.’ A Modern Icelandic borrowing from Old Icelandic.

**Keywords:** historical phonology, etymology, linguistic borrowing, medieval scribal practice, Saga of the Volsungs.

This paper discusses the history of the adjective appearing in Modern Icelandic as *göróttur* ‘poisonous, hazardous, contaminated’ (especially of beverages). Only two instances of this word are on record in Old Icelandic, both in the narrative describing the death of Sinfjötli, the son of Sigmundur Völsungsson. Borghildr, Sinfjötli’s stepmother, offers Sinfjötli a poisonous drink. Sinfjötli looks into the drinking horn and says to Sigmundur, his father: “This drink is *göróttur*, father.” (For now the word is rendered with the root *gör-* as in Modern Icelandic.) Sigmundur pays little attention to Sinfjötli’s words of suspicion, and in the end Sinfjötli drains the horn and suffers immediate death. This narrative is preserved in Codex Regius of the Poetic Edda, GKS 2365 4to, and (in a somewhat longer form) in *Völsunga saga*. The precise meaning of the adjective *göróttur* in its earliest occurrences is not altogether clear, as is apparent from the differing explanations found in some of the standard dictionaries; nor do we have a firm understanding of its etymology or phonological shape at the earliest stage of Old Icelandic, as is evident from the various forms the word assumes in the different print editions, including “*gjöróttur*”, “*gøróttur*”, “*gjöróttur*”, and “*göróttur*”.

In this paper, therefore, an attempt is made to find an answer to the following questions:

- (1) a. What is the meaning of the adjective *göróttur* in its earliest attestations?
- b. What was its form at the earliest stage of Old Icelandic?
- c. What is its etymology?
- d. What is its history from Old Icelandic to Modern Icelandic?

As is discussed in section 2, the standard dictionaries offer two interpretations of the adjective *göróttur* in the account of Sinfjötli’s death in the Poetic Edda and *Völsunga saga*: ‘cloudy, muddy’ or ‘poisonous’. The longer description of this event in *Völsunga saga* contains Sinfjötli’s reactions to the three drinking horns offered to him by Borghildr. Upon receiving the first horn, Sinfjötli uses the word *göróttur* to describe its content; for the second horn he uses the adjective *flærðr* ‘deceptive’, and when Borg-

hildir hands him the third drinking horn, Sinfjötli declares: *Eitr er í drykknum* ‘there is poison in the drink’. Assuming that the three drinking horns offered to Sinfjötli all contain the same (or a similar) beverage, it is argued that the two adjectives Sinfjötli uses to describe the beverage, *görótttr* and *flærðr*, are closely related semantically. Thus, *görótttr* could be taken to mean ‘deceptive’, which is also the established meaning of *flærðr*.

The two earliest occurrences of the adjective *görótttr* are “giorotr” in Codex Regius, GKS 2365 4to (26v28), from around 1270, and “giorottr” in NKS 1824 b 4to (13v16), the principal manuscript of *Völsunga saga*, dated to around 1400–1425. As discussed in section 3, both manuscripts postdate the phonological merger  $\varrho + \phi > \ddot{o}$  in the early 13th century; their orthography cannot, therefore, provide any information as to whether the word in question contained the root vowel  $\varrho$  or  $\phi$  at the earliest stage of Old Icelandic. The spelling with “giö” in both manuscripts, on the other hand, is of great importance. It suggests that the word contained the sequence *gjö-* (after the merger  $\varrho + \phi > \ddot{o}$ ), not *gö-*, in the language of the scribes. The sequence *gjö-* is of two-fold origin, from earlier *gϕ-* or *gʝϕ-* (not *gϕ-*). The scribe of NKS 1824 b 4to does not distinguish original *gϕ-* and *gʝϕ-* (indicating both sequences with “gi” before an appropriate vowel symbol), but the orthography of Codex Regius, probably a little more than a century older than NKS 1824 b 4to, shows an important distinction, since the palatalization of *g*, resulting from the earlier front vowel  $\phi$  (by then  $\ddot{o}$ ), is not represented orthographically (that is, before  $\ddot{o}$  from earlier  $\phi$ , *g* is spelled “g” instead of “gi”). As a rule, the scribe of Codex Regius denotes original *gϕ-* with “g” before a vowel symbol, while “gi” before an appropriate vowel symbol is the regular spelling of original *gʝϕ-*. It is, therefore, clear that in the orthography of Codex Regius of the Poetic Edda, “giorotr” (26v28) would be the typical representation of earlier *gʝorótttr*, but not of *gϕorótttr*, much less *gʝorótttr*. Based on this evidence, it is concluded in section 3 that the Modern Icelandic adjective *göróttur* can with overwhelming likelihood be reconstructed as *gʝorótttr* (but not *gϕorótttr* or *gʝorótttr*) for the earliest stage of Old Icelandic.

The adjective *gʝorótttr*, containing the derivational suffix *-ótt-*, must be based on a substantive with the root *gʝar-* or *gʝor-*. As discussed in section 4, which is devoted to the identification of this base word and its origin, the standard dictionaries cite a neuter substantive *gʝör*, *ger* that could originate in either *gʝor* or *gʝor* in the earliest Old Icelandic; the shape of the root excludes the former as the possible base for *gʝorótttr*, but from a morphological point of view the latter could be the base. This depends, however, on the semantics of *gʝör*, *ger*, which remain somewhat obscure. The word appears in stanza 9 (or 10) of Egill Skallagrímsson’s *Höfuðlausn*, in *Merlínusspá*, and in *Konungs skuggsjá*; in all three instances it could mean ‘food’ and in the last example also ‘(food as) bait’. Based on comparison with the cognate Faroese *gjar* ‘small crayfish used as bait’, Old Icelandic adjective *gerr* ‘greedy’ and other (early) Germanic words meaning, for instance, ‘greedy’, ‘the greedy one’, and ‘greed’, it is argued that *gʝör*, *ger* originally meant ‘something desirable, to be coveted’, from which the meaning ‘food’ and, importantly, ‘(food as) bait’ developed. Assuming that the meaning of the adjective *gʝorótttr* can be reconstructed as ‘deceptive, containing bait’, it could be derived from the base word *gʝör* (or *gʝar*), which consequently must have been *gʝor*, not *gʝor*, at the earliest stage of Old Icelandic.

The adjective *gjörótttr* would have yielded *gjöróttur* in Modern Icelandic by regular phonological development; *gjöróttur*, however, is not attested in Modern Icelandic. Instead there is the adjective *gjöróttur* ‘poisonous, hazardous, contaminated’ (especially of beverages), which cannot be a direct descendant of Old Icelandic *gjörótttr*. The earliest instances of *gjöróttur* on record date to the late 19th century, while *gjöróttur* (from earlier *gjörótttr*) appears to have become extinct (though it is difficult to determine precisely when this happened). It is argued in section 5 that Old Icelandic *gjörótttr* was revived as *gjöróttur* in the late 19th century, based on print editions of Old Icelandic texts in which *gjörótttr* appears as “gørótttr”. The orthographic form “gørótttr” was interpreted as containing a velar *g* (since it was, quite understandably, not immediately clear to all 19th-century readers that *g* was palatalized before the front vowel *ø* in Old Icelandic), which gave rise to the Modern Icelandic word *gjöróttur*—a late borrowing from Old Icelandic.

*Haraldur Bernharðsson*  
*Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*  
*Háskóla Íslands*  
*Árnagarði við Suðurgötu*  
*IS-101 Reykjavík, Ísland*  
*haraldr@hi.is*



KRISTJÁN ÁRNASON

## UM HÁTTATAL SNORRA STURLUSONAR BRAGFORM OG BRAGLÝSING

### 1. Inngangur

SEGJA má að Háttatal (fyrir utan að vera lofkvæði um norska höfðingja) snúist um bragfræði í tvennum skilningi.<sup>1</sup> Annars vegar er bragarháttum *beitt*, þannig að ort er undir þeim, og hins vegar er þeim *lýst* og þeir greindir á „fræðilegan hátt“. Háttatal er því bæði háttalykill (*clavis metrica*)<sup>2</sup> og lært rit í lausu máli um bragfræði (eins konar *enarratio poetarum*). Höfundur þess, sem hlýtur að langmestu leyti að hafa samið bæði lausamálið og bundna málið, eins og síðar mun rökstutt, er því í tveimur hlutverkum. Hann er skáld og hann er fræðimaður sem um leið og hann yrkir, útskýrir reglurnar sem hann fer eftir.

Til skýrleiksauka um hið tvöfalda form og gildi Háttatals má hér bera bragfræði saman við málfræði. Málnotendur hafa tilfinningu fyrir því hvort orð eru borin fram, beygð eða raðað upp eftir þeirri venju sem þeim er töm, án þess að geta endilega útskýrt á fræðilegan hátt hver sé munurinn á „rétttri“ (reglulegri) málnotkun og „rangri“ (óreglulegri). Það er því nauðsynlegt að gera skýran greinarmun á *reglum* málsins (ef menn vilja orða það svo: þeirri hæfni eða kunnáttu sem málnotendur búa yfir) og *lýsingum* á þessum reglum, sem er hin eiginlega *málfræði*.<sup>3</sup> Á sama hátt er eðlilegt að gera greinarmun á

<sup>1</sup> Ég vil þakka tveimur nafnlausum yfirlesurum *Griplu* fyrir athugasemdir og ábendingar vegna frumgerðar þessarar greinar og Sverri Tómassyni þakka ég sérstaklega fyrir ábendingar og aðstoð við frekari vinnslu. Ég ber þó einn ábyrgð á öllu sem missagt er í fræðum þessum.

<sup>2</sup> Sjá umfjöllun um háttalykla hjá Tranter 1997.

<sup>3</sup> Stundum er orðið málfræði (sem þýðing á enska orðinu *grammar*) notað (segja má ranglega) um sjálft kerfið eða reglur málsins (reglur um málhegðun, eða einfaldlega það hugfræðilega eða kognitíva kerfi sem málnotendur hafa vald á). Hér er eðlilegra að nota orðið málkerfi, málreglur (t.d. sem formlegar takmarkanir eða skipanir um það hvað séu rétt mynduð orð og setningar) eða málkunnátta, sbr. íslenska heitið málkunnáttufræði fyrir generatíva málfræði. Hluti ástæðunnar fyrir því að oft er ekki gerður skýr greinarmunur milli mállýsingar og hinna raunverulegu reglna málsins, sem hljóta þó að hafa einhvers konar tilvist, óháða því hvornig

bragreglum annars vegar og bragfræði hins vegar. Annars vegar eru reglur sem skáldin og kveðskaparunnendur þekkja og „fylgja“ hvorir með sínum hætti. Skáldin fylgja reglunum (oft ómeðvitað) þegar þau yrkja og þeir sem njóta kveðskaparins skynja reglurnar á sinn hátt og heyra hvort rétt er ort, hliðstætt því að menn heyra hvort sungið er falskt eða ekki, þótt þeir gætu ekki samið eða flutt lagið skammlaust. Á hinn bóginn verða til meðvitaðar og oft lærðar kenningar um kveðskapinn.

Í umræðu um íslenskan kveðskap hafa verið settar fram bragfræðireglur, eins og sú, að báðir stuðlar megi ekki standa í lágkveðum í ferhendri línu, en vafalaust hafa þau skáld verið til sem hafa fylgt þessu ómeðvitað án þess að hugsa stöðugt um hákveður eða lágkveður, og eins eru aðrir sem geta lýst reglunum án þess að hafa brageyra til að skynja hvort þeim er fylgt, nema með því að setjast niður og telja bragliðina. (Höfundur þessarar greinar er einn af þeim.) Sá sem hefur hið svokallaða brageyra heyrir um leið hvort vísa er rétt kveðin eða ekki, þar með er ekki sagt að hann geti alltaf útskýrt fyrir öðrum í hverju munurinn á réttri kveðandi og rangri sé fólgin. (Á sama hátt er óvíst hvort sá sem velur á milli þess að segja *mér hlakkar* eða *ég hlakka* myndi geta útskýrt að í öðru tilvikinu sé um að ræða ópersónulega sögn með aukafallsfrumlagi en í hinu sé nefnifallsfrumlag).

Bragreglur eiga sér þannig tvær hliðar, annars vegar er þeim fylgt með (tiltölulega) þegjandi samkomulagi skálda og unnenda skáldskapar og hins vegar er þeim lýst með bragfræðilegum hugtökum, sem fræðimenn búa til. Hið fyrra mætti kalla *bragkunnáttu* eða *bragfærni* (sem þó er ólík hjá skáldum sem yrkja og ljóðaunnendum sem njóta), en lýsingin á reglunum er hin eiginlega *bragfræði*. Þessi munur á því að hafa bragtilfinningu (réttilega nefnt brageyra) og geta gert „formlega“ grein fyrir þeim með „fræðilegum“ hugtökum skiptir máli þegar túlka skal verk eins og Háttatal Snorra Sturlusonar. Að því gefnu að Snorri hafi sjálfur skrifað eða látið skrifa lausamálstexta Háttatals stöndum við frammi fyrir því að skáldið og fræðimaðurinn er einn og hinn sami.

einstakar lýsingar á þeim eru (lýsing Stefáns Einarssonar 1945 og Eiríks Rögnvaldssonar 1986 á íslensku beygingarkerfi fjalla í einhverjum skilningi um sama fyrirbrigðið, þótt með mjög ólíkum hætti sé), er sú að oft eru mállýsendur einnig málnotendur og vísa til eigin máltilfinningar eða dóma annarra um það sem þeim finnst. Málfræðingar byggja oft lýsingar sínar á eigin málnotkun, en hin eiginlega málfræði stefnir þó að því að losna úr viðjum sjálfsskoðunarinnar og reyna að búa til algilt greiningakerfi, sem dugir til að bera saman ólík tungumál, óháð beinni túlkun málnotendanna sjálfra.

Í þessari grein verður sjónum einkum beint að eftirfarandi atriðum: Hvað segir Háttatal okkur um lögmál þeirra bragarháttá sem þar er fjallað um? Hvaðan koma hugmyndirnar um braggreininguna; að hve miklu leyti eru þær fengnar að láni erlendis frá, og að hve miklu leyti er hér um hefðbundinn norrænan lærdóm að ræða, og að hve miklu leyti er greiningin frumleg? Og ekki síst verður hugað að kostum og göllum greiningarkerfis Háttatals, samanborið við tilraunir síðari tíma fræðimanna til að greina fornan íslenskan kveðskap.

Greinin er þannig upp byggð, að í 2. kafla er fjallað lauslega um þær hugmyndir sem menn hafa gert sér á síðari öldum um bragformin sem um er fjallað í Háttatali. Í 3. kafla er fjallað um Háttatal sjálft, form þess og tilgang, en í 4. kafla um hinn fræðilega grundvöll braglýsingarinnar, m.a. um merkingu orðsins *háttur*, um hugtökin *tala* og *grein*, og um stafasetningu og hendingar. Í 5. kafla er rætt um það hvernig Háttatal greinir hrynjandi dróttkvæðs háttar með því að vísa til samstafna, sem geta verið *skjótar* eða *seinar*. 6. kafla fjallar um vitnisburð Háttatals um það hvernig háttum er breytt með setningaskipan, en 7. kafla fjallar um „full háttaskipti“, þar sem háttum er breytt, m.a. með stuðlasetningu, hendingum og hrynjandi, án þess að atkvæðafjölda sé breytt. Í 8. kafla er fjallað um afbrigði í lengd vísuorða, bæði lengri línur (t.d. kimlabönd, hrynhendu og draughendu) og styttri (t.d. stúfa og tögdrápu). Í 9. kafla er fjallað um hneppingu eins og hún kemur fram í Háttatali, en í þeim 10. greinir stuttlega frá runhendum háttum sem fá allmikið rúm í kvæðinu. Í 11. kafla segir frá niðurlagi Háttatals, auk þess sem dregnar eru saman helstu niðurstöður þessarar athugunar.

## 2. Greining skáldahátta fyrr og síðar

Til þess að greina bragform þannig að hægt sé að tala um þau hlutlægt og bera saman ólíkar braghefðir, óháð listrænu innsæi, er þörf á hugtökum sem lifa lífi sínu utan þeirra tilfinninga sem skáldið fylgir og hlustandinn (listunnandinn) nýtur. Þörf er fyrir einhvers konar hugtakakerfi eða stafróf sem nota má til að lýsa formgerðum kveðskaparins, líkt og málfræðihugtök (nafnorð, sagnorð, frumlag, andlag, atkvæði, áhersla ...) eru notuð til að lýsa málnotkun, og á sama hátt og tónfræðin lýsir tónlistinni með hugtökum eins og takti og tónstigum, án þess að grípa endilega hinn listræna neista.

Þótt nútímamenn séu langt frá að vera þess umkomnir að fara í spor Snorra í notkun kenninga, eða að hafa á tilfinningu hljóðdvalarlögmálin sem dróttkvæðin byggðu á, hafa þeir leyft sér að setjast í einhvers konar dómarsæti

gagnvart útskýringum hans og greiningu á fornumum. Þetta hafa menn leyft sér í krafti þess að fræðilegar forsendur séu aðrar (og vonandi að einhverju leyti betri) en þær sem Snorri hafði.

Sú greining á fornháttum sem mestrar hylli hefur notið meðal fræðimanna á síðari öldum (þeirri 19. og 20.) hefur byggt á hugmyndum sem Eduard Sievers setti fram í bók sinni *Altgermanische Metrik* árið 1893 (sbr. t.d. Einar Ól. Sveinsson 1962:110 o. áfr., Kuhn 1983, Gade 1995). Kenning Sievers gekk út á það að grunneining fornyrðislags, sem átti að vera eins konar grunnur að öllum norrænum háttum, væri það sem hann kallaði hálfínu eða stuttlínu (*Halbzeile, Kurzzeile*), og hver stuttlína átti að hafa fjóra liði, eða atkvæði, og tveir þessara liða áttu að vera sterkir og mynda þannig ris. Í lýsingu á hrynjandi háttanna gerði Sievers ráð fyrir að til væru fimm gerðir lína (einkenndar með bókstöfum frá A til E (Sievers 1893:31), sem byggðust á dreifingu sterkra og veikra liða. Miðað við það að liðirnir séu fjórir og risin tvö (sem flestir eru sammála um) er stærðfræðilegur möguleiki á staðsetningu þeirra 6. Hið eina sem er bannað samkvæmt fimmgerðakerfinu (*Fünftypensystem*) er að línur endi á tveimur sterkum liðum.

En þrátt fyrir vinsældir kerfisins hafa menn bent á, að skýringargildi þess er heldur rýrt um hinar raunverulegu bragfræðilegu takmarkanir. Hvernig stendur á því að gerðirnar eru fimm en ekki sex? Og hvað ræður því hversu mörg atkvæði geta staðið í línu? Heusler (1925:127) gagnrýnir greiningu Sievers fyrir að lýsa frekar textanum en forminu, þ.e. hvernig hrynjandin birtist, en ekki hvernig stendur á henni og hvaða takmörk eru fyrir því hvað telst rétt kveðið. („Die Sieversschen Typen belehren über den Sprachstoff, nicht über eine vershafte Messung“, sbr. líka umræðu hjá Kristjáni Árnasyni 1991/2000:48–49 og Heusler 1889/1969:639).

Annar galli á greiningarkerfi Sievers kemur fram þegar greina á aðra bragarhætti en fornyrðislag. Ekki hefur verið sett fram í kerfi Sievers nein sannfærandi greining á forni ljóðaháttar, og margs konar vandamál rísa þegar greina skal dróttkvæðan hátt með þessum aðferðum. Upphafleg hugmynd Sievers var sú að dróttkvæðar línur, sem hafa sex bragstöður, væru eins konar útvíkkun á fornyrðislagi þannig að bætt væri við einum braglið. Samkvæmt þessu ættu að vera jafnmargar gerðir dróttkvæðra lína og fornyrðislagslína, þ.e. 5. Hins vegar hafa síðari fræðimenn sem fjalla um dróttkvæði með þessum formerkjum hallast að því að gerðirnar séu margfalt fleiri. Við lauslega talningu virðist t.d. Kuhn (1983:92–97) gera ráð fyrir a.m.k. 32 línugerðum, og Gade 1995 gerir ráð fyrir tæpum 40 línugerðum. Kristján Árnason (1991/2000) stingur hins vegar upp á að flokka dróttkvæðar línur með einfaldari



hætti á grundvelli hugmynda Craigies (1900) og gera ráð fyrir tveimur (í hæsta lagi þremur) línugerðum, grunngerð, sem er sú sama og A-gerð Sievers (svsvsv), og B-gerð sem svo er merkt og byrjar á tveimur (tiltölulega) sterkum atkvæðum (ssvsv) og samsvarar þá D-gerð Sievers (sjá Kristján Árnason 1991/2000:124 o. áfr.). Í þessari B-gerð er eins og snúið sé við röðinni á sterkri og veikri stöðu í 2. og 3. sæti miðað við A-gerðina.

Af því sem hér var rakið er ljóst að margskonar álitamál eru uppi þegar kemur að því að greina forna íslenska bragarhætti með seinni tíma aðferðum. Spyrja má hvort greining Háttatals kunni að varpa ljósi á þessi vandamál.

Eins og fram kemur hér á eftir gengur formlýsing Háttatals (ólíkt greiningu Sievers) ekki út frá fornryðislagi, heldur út frá dróttkvæðum hætti. Hvað kveðskaparformin varðar er einnig ljóst að dróttkvæður háttur nýtur mestrar virðingar. Byrjað er á því að útlista grunnform háttarins, en síðar er vikið að öðrum háttaafrögðum. Hér er nálgunin önnur en t.d. í Háttalykli, en þar er byrjað á ljóðahætti, og síðan kemur kviðuháttur (sbr. *Háttalykill hinn forni* 1941 og útgáfu Finns Jónssonar í *Den norsk-islandske skjaldedigtning* A I:512 o. áfr.). Hjá Snorra eru edduhættirnir í síðasta kvæðinu, sem sagt er vera ort undir „inum smærri háttum“. Skáldahættirnir eru þannig merkilegri en edduhættirnir að mati Snorra og ljóst virðist að sem skáld hefur hann verið býsna mikill formdýrkandi.<sup>4</sup>

Það er fróðlegt að bera saman hver efnistökin verða þegar gengið er út frá skáldaháttunum eins og hjá Snorra, en ekki út frá edduháttunum eins og Sievers gerði. Grunneiningin í greiningu Háttatals á hrynjandi dróttkvæðs háttar er, eins og við munum sjá, hugtakið samstafa. En það einkenni að hafa bragstöður skilgreindar út frá atkvæðum innan orða (þannig að eitt, og í mesta lagi tvö, atkvæði geti staðið í bragstöðu) virðist einmitt skilja dróttkvæðahrynjandi frá edduhrynjandi. Hrynjandi edduforma var skilgreind með allt öðrum hætti, þ.e. út frá orðum í setningu (sbr. Kristján Árnason 2002, 2006). Þessi munur á hrynjandi eddukvæða og dróttkvæða hefur það meðal annars í för með sér að fjöldi atkvæða í eddutextum er mun fjálsari en í dróttkvæðum. Þannig virðist einföld greining þar sem formum edduháttanna er varpað yfir á skáldahætti einfaldlega ekki ganga upp. Ef það reynist rétt fellur um leið grundvöllurinn undan því að nota greiningarkerfi Sievers á dróttkvæðin. Það er því afar fróðlegt að leita vitnisburðar Háttatals um þessi efni.

<sup>4</sup> Heimildir eru fyrir því að Snorri hafi ort meira en það sem varðveist hefur, sbr. t.d. Faulkes 1991:xxi–xxii.

### 3. Form Háttatals og tilgangur

Kveðskapurinn í Háttatali er ekki eitt kvæði, heldur bálkur þriggja kvæða með skýringum í lausu máli, þar sem meðal annars greinir frá kvæðaskilunum. Fyrsta kvæðið er 30 vísur, og kvæði númer tvö lýkur með þeirri 67. og er því 37 vísur; þriðja kvæðið tekur við með 68. vísu og er til enda (vísurnar eru alls 102). Skiptingin í kvæði virðist byggjast frekar á innihaldi en formi. Fyrsta kvæðið er helgað Hákonni konungi, annað kvæðið er að mestu helgað Skúla, og hið þriðja, sem reyndar fær að nokkru leyti formlega skilgreiningu og er sagt vera ort undir „inum smærum háttum,“ fjallar einnig að mestu um Skúla, þótt síðustu vísurnar séu um báða höfðingjana (sbr. t.d. Yelena Sesselja Helgadóttir 2001).

Úr því að kvæðin eru þrjú má auðvitað láta sér detta í hug að þau hafi verið ort hvert í sínu lagi og síðan sett inn í eina heild um leið og lausamálstextinn var saminn. Um það verður ekki dæmt hér, en það virðist þó afar ólíklegt að fyrsta kvæðið (um Hákon konung) sé ort þannig og án tillits til bragskýringanna, því lausamálið og bragformin eru svo nátengd hvort öðru. Hin kvæðin hafa vafalaust einnig frá upphafi verið hugsuð sem einhvers konar háttalyklar þótt ekki sé útilokað að lausamálstextinn sem þeim fylgir sé saminn síðar.

Í samhengi Snorra-Eddu, sem handbókar eða kennslubókar um norrænan kveðskap, verður hlutverk Háttatals sem bragfræðiverks frekar en venjulegs lofkvæðis (eða lofkvæða) enn greinilegra. Eftir Gylfaginningu og Skáldskaparmál, sem leggja grunn að skilningi á skáldamálinu, var eðlilegt að kæmi kafli sem sýndi bragformin sjálf, og það er hlutverk Háttatals. Þetta er raunar í beinum tengslum við samtal Braga og Ægis í Skáldskaparmálum, þar sem segir að þau tvenn „kyn“ sem greina skáldskap allan séu „mál og hættir“ (*Edda, Skáldskaparmál* 1:5). Málinu er lýst í Skáldskaparmálum, en háttunum í Háttatali. Þótt hlutar Snorra-Eddu fylgist ekki alltaf að í handritum (sbr. t.d. Guðrún Nordal 2001:41–72), virðist eðlilegt að líta á þessa þrjú hluta hennar sem einhvers konar heild.

Þótt það verði ekki meginviðfangsefni þessarar greinar, er fróðlegt að líta á stöðu og hugmyndaheim verksins í samanburði við aðra menningu á miðöldum og hugsanleg erlend áhrif. Miðað við það að Edda sem heild sé hugsuð sem handbók um norrænan kveðskap virðist tilgangur hennar hafa verið þjóðlegur, framlag til norrænnar menningar frekar en t.d. einhvers konar innlegg í alþjóðlega fræðiumræðu. Í ljósi þess að Háttatal er hluti af Eddu mætti líta á það sem þjóðlegt verk. En það þýðir auðvitað ekki að erlendra áhrifa gæti alls ekki, og vafalaust hefur það átt vel heima í því menningarumhverfi sem hér

var á 13. öld (sbr. t.d. lýsingu þess hjá Guðrúnu Nordal 2001). Að einhverju leyti er Háttalykill hinn forni fyrirrennari Háttatals, og gerir Anne Holtsmark ráð fyrir því að erlend áhrif hafi orkað á höfunda Háttalykils (*Háttalykill* 1941:118–134) enda var hugmyndin að háttalyklum var þekkt í Evrópu (Tranter 1997). Einnig hafa menn kannað almenn erlend áhrif á Snorra-Eddu og hugmyndafræði hennar (sbr. t.d. Clunies Ross 1987, 2005) og ekki er ólíklegt að Snorri hafi að einhverju leyti verið innblásinn af erlendum fyrirmyndum og menningarhugmyndum samtíma síns. Stíllinn í upphafi Háttatals er svipaður og á lærðum latneskum ritum frá miðöldum, þar sem útskýringarnar eru í formi spurninga og svara. Eins er greiningin milli (réttrar) setningar, leyfis og fyrirboðningar, sem einnig kemur fram hjá Ólafi hvítaskáldi í Þriðju málfræðiritgerðinni, af erlendum uppruna. Það fer hins vegar ekki á milli mála að Snorra-Edda öll og þar með Háttatal er mun þjóðlegra verk en t.d. Þriðja málfræðiritgerðin og sú fjórða sem kennd hefur verið Bergi Sokkasyni.

Þegar hugað er að erlendum áhrifum og fyrirmyndum er sérstök ástæða til að veita því athygli, að Snorri vitnar í engu til viðtekis evrópsks lærdóms á miðöldum um meðferð klassíks latnesks kveðskapar. Lýsing á hrynjandi í þeirri hefð byggðist á því að greina línur í bragliði (*pedes*) af ýmsum gerðum (*trocheus*, *iambus*, *dactylus* o.s.frv.). Miðaldamálfræðingar, eins og Maximus Victorinus (4. öld), Aldhelm og Beda á 7. og 8. öld, gerðu grein fyrir reglum um latneska hætti og þekktu hina klassísku aðferð að greina þá í bragliði (sjá t.d. Norberg 1988:13–16, Bede. 1991. *De Arte Metrica. Libri II* og *Aldhelmus*. 1919. *De metris*). Vel hefði verið hugsanlegt fyrir Snorra og aðra samtímamenn hans að gera tilraun til að greina norrænan kveðskap með þessum klassísku aðferðum. Til dæmis hefði mátt greina algengustu gerð dróttkvæðrar línu (svo sem *Undrask oðlis landa*, svsvsv) sem þrjá tróka, og eins hefði mátt greina línur eins og *fann'k orvadrif svanni* (ssvsvsv) sem sponda (*spondeus*), pyrra (*pyrricus*) og tróka (*trocheus*).<sup>5</sup> Þrátt fyrir það að í Háttatali og víðar í Snorra-Eddu megi sjá merki um þekkingu á klassískum fræðum og evrópskum lærdómi, er braggreiningin sjálf að því er virðist ósnortin af slíkum lærdómi.

<sup>5</sup> Notkun hugtaksins bragliður (tvíliður, þríliður, réttur og öfugur) virðist ekki komast inn í íslenska bragfræðiumræðu fyrr en á 19. öld, samkvæmt ritmálsskrá Orðabókar Háskólans.

#### 4. „Fræðilegur“ grundvöllur braglýsingar Háttatala

Texti Háttatala byrjar með nokkuð hátimbruðum fræðilegum inngangi um „hætti skáldskapar“, þar sem virðist gæta áhrifa frá alþjóðlegum fræðum þess tíma. Þar er greint frá því að hættir skáldskaparins felist í þrennu, *setningu*, *leyfi* og *fyrirboðningu* (*Edda, Háttatal:3*). Bent hefur verið á líkindi þessarar greiningar við mælskufræði miðalda sem gerir greinarmun á *pars praeceptiva*, *pars permissiva* og *pars prohibitiva*. Vera má að hér sé verið að reyna að setja umfjöllunina í alþjóðlegt fræðilegt samhengi (svo notað sé kunnuglegt orðalag úr nútímanum). En þessi vísun til alþjóðafræðanna er í reynd býsna yfirborðsleg þegar á heildina er litið, því að umfjöllunin á eftir snýst fyrst og fremst um „réttu“ og „breytta“ setningu, þ.e. um grunnreglur og leyfi eða afbrigði. Hugtakið fyrirboðning eða barbarismi gegnir nánast engu hlutverki í sjálfri umræðunni, andstætt því sem er t.d. hjá Ólafi hvítaskáldi í Þriðju málfræðiritgerðinni. Lausamálslýsing Háttatala er þá frekar eins konar *enarratio poetarum*, þ.e. útskýring á formum og merkingum kvæðisins.

##### 4.1 Merking orðsins háttur

Ástæða er til að staldra stuttlega við sjálft orðið *háttur* og umtalið um „háttu skáldskapar“ og hvernig stendur á því orðavali. Svo virðist sem hér sé á ferðinni heimafengið hugtak og orð sem líklegt er að tíðkast hafi frá fornu fari um form skáldskaparins. Að minnsta kosti virðist ekki ástæða til að ætla að um sé að ræða þýðingu á erlendu hugtaki.

Frummerking orðsins *háttur* er eitthvað í átt við ‘aðferð, stíll, venja’. Og ef þýða ætti það á alþjóðatungur myndi það samsvara latneska orðinu *modus*, sem raunar er orðið sem notað er um málfræðilega hætti sagna (e. *mood*). Sverrir Tómasson (1993:70–71) telur að orðalagið „annarr söguháttur“ sé þýðing á *modus fictivus* um þá aðferð að færa í stílinn og segja sögu í fáum, stórum dráttum og ber það að sama brunnri um að orðið *háttur* samsvari latnesku *modus*. Hugsunin á bak við latneska orðið *metrum* (gr. *metron*) er alls óskyld. Það tengist mælingu eða talningu, og var það eðlilegt, því hættirnir voru í klassískum fræðum skilgreindir út frá fjölda eininga, þ.m.t. *pedes*, sem væri rökrétt að þýða sem ‘skref’ eða ‘fet’. Bragnum var þannig líkt við göngulag og talað um *arsis* (dregið af grísku sögninni *airó*, ‘reisa, hefja upp’) og *thesis* (leitt af sögninni *tithémi*, ‘að setja, setja niður’, sbr. t.d. Allen 1973:122 o. áfr.), eins og fæti væri lyft og stigið niður. Orðið *versum* sem einnig er notað í klassískri bragfræði táknaði línur, sem endurteknar voru og líkt við

snúning, sbr. lat. *versare* ‘snúa’, eins og hlaupið sé í krákustigum. Síðan fengu klassísku hættirnir nöfn út frá fjölda og gerð þessara mælieininga: daktílst hexametur, jambískt trímetur o.s.frv. Þessar klassísku skilgreiningar eru því gerðar út frá forminu og líkt við gang eða hlaup. (Notkun orðsins *cursus* (*velox, tardus* o.s.frv.) um ýmis hrynræn stílmeðul í lausamáli byggir einnig á því að líkja textanum við hlaup eða ferðalag (sbr. Jakob Benediktsson 1987: 153–160, 175–182 og 262–269).

Íslenska nálgunin virðist allt önnur en sú grísk-rómverska. Hættir eru ekki skilgreindir út frá formi, heldur hlutverki (fúnksjón, ytri aðstæðum og notkun). Þeir eru oftast kenndir við það við hvaða aðstæður þeir eru notaðir, sbr. orðin *dróttkvæðr háttir, ljóðaháttir, fornyrðislag, fornskálða hættir, grænlenzki háttir* o.s.frv. ‘Dróttkvæður háttur’ er þannig sá háttur skáldskapar (eða venja) sem tíðkast við dróttina og ‘fornyrðislag’ er það lag sem hæfir fornyrðum. Fróðlegt er líka að huga að því í þessu samhengi að mörg heiti á einstökum verkum, ekki síst eddukvæðum eru tengd hlutverki þeirra, sbr. heiti eins og *Völuspá, Lokasenna* og *Guðrúnarhvöt*. Reyndar hefur Margaret Clunies Ross (2005:29 o. áfr.) bent á, að hægt sé að flokka kvæðin í anda talathafnakenningar (speech act theory, sbr. Austin 1975 og Searle 1970) í texta sem skilgreindir eru út frá hlutverki frekar en formi. Eitt af þessum hlutverks-hugtökum er hugtakið *-tal* (sbr. *Ynglingatal, Skáldatal* og *Noregs konunga tal*), en slík töl gátu verið hvort heldur í bundnu eða óbundnu máli. Fróðlegt gæti verið að skoða *Háttatal* í slíku ljósi, þótt það verði ekki gert hér.

#### 4.2 Tala og grein

Um rétta setningu háttanna segir að hún sé tvenn, *tala og grein*. Þetta má túlka svo að átt sé við að greina megi setningu háttanna með hjálp tveggja formdeilda (kategoría), sem svo má kalla og hafa svo undirdeildir eða gildi, ekki ólíkt málfræðilegum formdeildum. Hvað *tölu* varðar er í fyrsta lagi hægt að fjalla um það hversu margir hættirnir eru: „hversu margir hættir hafa fundizk í kveðskap“. Í öðru lagi segir að hægt sé að fjalla um það hversu mörg vísuorð hver háttur hefur og í þriðja lagi um það hversu margar samstöfuvur eru í hverju vísuorði (*Edda, Háttatal*:3) Þessi formdeild er því tiltölulega einföld að upplagi; hún snýst einfaldlega um það að í lýsingu á bragarháttum getur verið hentugt að vísa til fjölda formgerða og eininga.

Hin formdeildin, *grein háttanna*, er heldur erfiðari viðfangs. Hún hefur, samkvæmt því sem segir í Háttatali, tvær undirdeildir, *hljóðs grein* og *máls*

*grein*, og þegar spurt er hvað máls grein sé, er svarið, að „stafasetning [þ.e. setning höfuðstafs og stuðla] greinir mál allt, en hljóð greinir þat at hafa samstöfur langar eða skammar, harðar eða linar, ok þat er setning hljóðsgreina er vér kōllum hendingar“ (*Edda, Háttatal*:3). Af þessu mætti e.t.v. ætla að máls greinin eigi við stuðlasetninguna en hljóðs greinin frekar við hendingarnar á einhvern hátt. Eins og síðar kemur fram er skilningur Snorra (og Ólafs hvíta-skálds) sá að stuðlarnir séu grundvöllur að bragskipulaginu og myndi eins konar burðarvirki háttanna. Og e.t.v. hafa menn litið svo á að stuðlarnir væru máls grein fyrir það að þeir skilgreini allt mál í skáldskap.

Orðið *mál* kemur að sjálfsögðu víða fyrir í fornum textum og algengasta merking þess eða grunnmerking virðist vera ‘það sem sagt er, segð eða texti’. En í Skáldskaparmálum segir frá samtali Braga og Ægis. Þegar Ægir spyr hversu mörg séu „kyn skáldskaparins“, svarar Bragi: „Tvenn eru kyn þau er greina skáldskap allan,“ og þegar Ægir spyr hver þau séu, segir Bragi að þau séu „mál ok hættir“ (*Edda, Skáldskaparmál* 1:5). Í þessu samhengi er e.t.v. eðlilegt að skilja sem svo að orðið mál eigi við skáldamálið (skáldskaparmálið, e. *diction*), þ.e. orðin sem notuð eru í kveðskapnum, sem er umfjöllunar-efni Skáldskaparmála. Enda fylgir þar skýring á mismunandi leiðum til að nefna hlutina: „Svá ... sem heitir; önnur grein er sú er heitir fornöfn; in þriðja málsgrein er kōlluð er kenning“. Samkvæmt þessu skipulagi er háttunum síðan lýst í Háttatali.

En orðið mál er notað í fleiri merkingum í Eddu. Snorri segir sjálfur um línur í dróttkvæðum sem eru ein setning eða fullyrðing að þær séu sér um *mál*, (sbr. t.d. umfjöllun um 12. vísu). Hér getur þá orðið *mál* hugsanlega merkt setning, en einnig virðist það geta merkt innihald (sbr. Konráð Gíslason 1875: 98).

Stuðlavenslin, sem vísað er til sem máls greinar, eru auðvitað hljóðkerfisleg, en ekki merkingarleg eða orðhluta- eða setningaleg (morfósyntaxísk), enda talar Snorri síðar í textanum um stuðlana sem hljóðfyllendur. En ljóst er að hlutverk þeirra er m.a. að skilgreina stofnhlutagerð bragarins, því þeir afmarka og tengja saman línur og línupör. Það að tala um að þeir greini mál ber þá e.t.v. að skilja svo að stafasetning ‘greini allt (skáldskapar-)mál’ niður í stofnhluta eða einingar, svo að í öllu máli (þ.e. texta) skáldskapar séu stuðlarnir mikilvægasta greinin, eins og síðar er áréttað í lausamáli Háttatals.

Ekki er mikið ljósara hvað átt muni vera við með hljóðs grein. Talað er um að „hljóð“ greini það að hafa samstöfur „langar eða skammar“, og hins vegar að hafa þær „harðar eða linar“, og virðist það að einhverju leyti í anda þess sem Ólafur hvítaskáld segir í Þriðju málfræðiritgerðinni (sbr. Kristján Árnason

1993). En einnig er það sagt vera setning hljóðs greinar „er vér kóllum hend-  
ingar“.

Í þessu ljósi mætti e.t.v. stinga upp á þeirri túlkun að greinirnar vísi til ólíkra hluta atkvæðis, þannig að „máls greinin“ vísi til stuðulsins, þess hluta atkvæðisins sem stendur fyrir framan sérhljóðið, og greini mál allt þannig, en að „hljóðs greinin“ taki til mállegs ríms, þ.e. sérhljóðsins og þess sem á eftir kemur (sbr. Kristján Árnason 2005a:183). Aðgreiningin í langar og skammar samstöfur og hvassa og lina hljóðs grein á vissulega heima í rími atkvæðisins (að svo miklu leyti sem hægt er að heimfæra muninn á hvassri og linri hljóðs grein upp á íslensku), og þessir hlutar atkvæðanna eru virkir í hendingum. Þetta virðist þó ekki skýra málið mikið, og raunar kemur aðgreiningin í harðar og línar samstöfur ekki meira við sögu hjá Snorra.

Líklegt er að greiningin í harða og lina hljóðs grein sé með einhverjum hætti fengin að láni án þess að því fylgi fullur skilningur hvað í henni felst (sbr. t.d. umfjöllun Ólafs hvítaskálds um „hvassa“, „þunga“ og „umbeygilega“ hljóðs grein og umræðu um það hjá Kristjáni Árnasyni 1993:189 o. áfr.). Greiningin í langar og skammar samstöfur mætti vissulega nýtast við umfjöllun um hrynjandi í tengslum við 7. og 8. vísu, sem síðar mun vikið að, en at-  
hyglisvert er að orðin sem þar eru notuð til að greina að ólíkar atkvæðagerðir eru önnur: talað er um „seinar“ og „skjótar“ samstöfur.

Vissulega er hér ýmislegt óljóst um hvernig túlka skuli, og segja mætti að þessi fræðilega umfjöllun sé nokkuð í skötulíki á okkar mælikvarða. Aðal-  
vandinn virðist vera sá að orðin *hljóð* og *mál* eru býsna margræð, og við fáum ekki að vita nákvæmlega hvaða merking er hér höfð í huga hverju sinni sem orðin eru notuð. Til viðbótar þessu er sjálft orðið *grein* nokkuð margrætt.

### 4.3 Grunnþættir dróttkvæðs háttar. Stafasetning

Eftir innganginn hefst sjálft kvæðið með vísu sem sýnir grundvallareinkenni dróttkvæðs háttar, stuðlasetningu, hendingar og hrynjandi:

Lætr sár Hákun heitir  
hann rekkir lið bannat  
jörð kann frelsa fyrðum  
friðrofs konungr ofsa (1.vísa. l. 1-4)

Í greinargerð sem fylgir er byrjað á því að fjalla um stafasetninguna, sem „hætti ræðr ok kveðandi gerir“. Og þar er höfuðstafurinn mikilvægastur eins

og nafn hans bendir til, og Snorri byrjar á því að fjalla um hann. Hann er sá stafur sem settur er fyrst í öðru vísuorði í línupari, og „vér kǫllum höfuðstaf“. Og síðan segir: „Sá stafur ræðr kveðandi. En í fyrsta vísuorði mun sá stafur finnask tysvar standa fyrir samstöfun. Þá stafi kǫllum vér stuðla“ (*Edda, Háttatal*:4). Snorri lítur sem sé þannig á (eins og Ólafur hvítaskáld, sbr. Björn Magnússon Ólsen 1884:96) að höfuðstafurinn og stuðlarnir sem styrkja hann séu einhvers konar burðarásar í kveðandinni. Hægt er að orða það svo að stofnhlutagerð vísna sé skilgreind með stuðlasetningunni, þannig að línupörin séu bundin saman og greind frá öðrum með höfuðstöfum og stuðlum, og að forlínan og síðlínan myndi stofnhluta innan línuparsins. Vera kann að þetta sé hugsunin á bak við orðalagið að stuðlasetningin greini allt mál (í merkingunni (skáldskapar)texti).

Hér er rétt að hafa það í huga að þótt hljóðstafir séu notaðir í dróttkvæðum hætti má gera ráð fyrir að þeir eigi uppruna sinn í eddukvæðum, en ólíkt dróttkvæðum byggði hrynjandi þeirra á orðatalningu og setningaráherslu (sbr. Kristján Árnason 2002, 2006). Í slíkri hrynjandi var eðlilegt að stuðlasetning þróaðist sem rímmeðal, því hún byggir á upphafi orða. Og miðað við form edduháttanna var höfuðstafurinn, sem settur var á fyrra ris seinni stuttlínu, í næst-síðasta ris langlínunnar. Höfuðstafurinn stendur framarlega í niðurlagi línuparsins í fornyrðislagi. Notkun stuðla í dróttkvæðum er því með vissum hætti „fengin að láni“ úr fornyrðislagi.

Þar sem stuðlarnir eru upphafsrími í orðum kann það að virðast sérkennilegt að þungamiðja venzlanna sem þeir skilgreina sé síðasti þátttakandinn í þeim og verðskuldi þar með að vera kallaður höfuðstafur. En frá öðrum sjónarmiðum er í raun eðlilegt að líta á höfuðstafinn sem einhvers konar miðdepil í stuðlavenslunum. Það er vel þekkt lögmál að segðir (og þar með setningar) hafa tilhneigingu til þess að hafa þungamiðju aftarlega, og á þetta við bæði um áherslu og upplýsingagildi. Á sama hátt er það alþekkt að bragform hafa gjarnan strangari reglur um form í lok lína og annarra brageininga en við upphaf þeirra.<sup>6</sup> Bragformin eru því gjarna „afturþung“ að formi, í þeim skilningi að formþættirnir koma skýrast fram í lokin. Stuðlar í forlínu mynda þá stuðning eða stöðir við höfuðstafinn, eins og nafnið bendir til, en þungamiðja stuðlavenslanna er höfuðstafurinn. Stuðlarnir hafa líka mun meira frelsi um

<sup>6</sup> Algengt er að lýsing bragarháttanna gangi út frá niðurlagi lína, þannig eru írskir bragarhættir flokkaðir eftir atkvæðafjölda og því hvernig þeir enda (sbr. Murphy 1961). Svipuð flokkun úðkast í ítalskri bragfræði; línur eru flokkaðar saman eftir atkvæðafjölda og niðurlagi, þótt hrynjandin framar í línun sé breytileg og skapi undirflokkar (sbr. Bausi og Martelli 1993: 22–35).



staðsetningu en höfuðstafurinn, því þeir geta staðið nánast hvar sem er í forlínunni. Ef við lítum á dróttkvætt línur sem formeiningu, þá er það seinni línan sem endanlega uppfyllir formkröfurnar eða lokar forminu. Formið verður ekki til fyrir en það er á enda runnið. (Einnig má benda hér á að línuparið lokast sem form með aðalhendingum í síðlínu, en skothendingarnar, sem eru lausari í formi, koma á undan.)

#### 4.4 Hendingar

Næst er í lausamáli Háttatalis fjallað um hendingarnar, sem reyndar eru sagðar vera önnur „stafasetning“ [en stuðlar og höfuðstafir] sem „fylgir setning hljóðs þess er hátt gerir ok kveðandi“. Síðan kemur greinargóð lýsing á hinum al-kunnu reglum um aðalhendingar og skothendingar og er ekki ástæða til að fjölyrða um þær hér, svo skýrar sem þær reglur eru. Rétt er þó að minna á að skilgreining Snorra á hendingum, þar sem hann segir að „einir stafir“ séu eftir sérhljóðandann, eins og í *þjörð – fyrð* og *rofs – ofsa*, horfir fram hjá því að fjölmörg dæmi eru um það í kveðskap (bæði fyrir og síðar, jafnvel hjá honum sjálfum í Háttatali, sbr. 8. vísu, þar sem rímar *gramr – gumna* og *hann – hreina*) að einungis eitt samhljóð myndi hendingar. Og jafnvel eru dæmi um að ekkert samhljóð taki þátt í ríminu (sbr. Kristján Árnason 1991/2000: 102–110). Athyglisvert er að á þessum stað er ekki talað um hljóðs grein eins og við höfum séð að gert var framar í textanum.

Um staðsetningu hendinganna segir Snorri að síðari hendingin, sem heitir „viðrhending“, skuli standa í þeirri samstöfu „... er ein er síðar, en sú hending er frumhending heitir stendr stundum í upphafi orðs – køllum vér þá oddhending – stundum í miðju orði – køllum vér þá hluthending.“ (*Edda, Háttatal*:4) Hér sjáum við enn að meiri festa er í lok línu en framar, því viðurhendingin er alltaf á sama stað í næstsíðasta atkvæði línunnar, en frumhendingin hefur meira frelsi í staðsetningu, á sama hátt og stuðlarnir hafa meira frelsi um staðsetningu en höfuðstafurinn. Og athyglisvert er að síðari samstafan í hendingasambandinu er á næst-síðasta atkvæði í dróttkvæðum hætti, hliðstætt því að (í vissum skilningi) er höfuðstafurinn á næst-síðasta orði í fornryðislagi.

Að lokinni útskýringu á helstu þáttum í hendingum eru eins konar ályktunarorð um það að þarna sé komin skilgreining á dróttkvæðum hætti, og síðan segir: „Með þeim hætti er flest ort þat er vandat er. Þessi er upphaf allra háttá sem málrunar eru fyrir öðrum rúnum.“ (*Edda, Háttatal*:5). Af þessum orðum má ljóst vera, eins og áður hefur verið bent á, hvert mat Snorra á hættinum var,

enda miðar öll braggreiningin við skáldahætti, en edduhættir mæta afgangi. Það er þó spurning hvort orð hans ber að túlka svo að dróttkvæður háttur sé að hans mati (sögulega) upprunalegastur af öllum norrænum háttum.

#### 4.5 Um breytta og óbreytta setningu

Eftir innganginn og útskýringarnar sem fylgja fyrstu vísunni er komið að því að fjalla um „breytta setningu háttanna“. Sagt er frá því (*Edda, Háttatal:5*) að hægt sé að breyta háttum annars vegar með máli og hins vegar með hljóðum. Þessi aðgreining á „máli“ og „hljóði“ er ekki nánar útskýrð á þessum stað, og áður er minnst á óljósa merkingu þeirra. En líklega má túlka textann hér svo, að háttaskipti með hljóði taki til hrynjandi (atkvæðafjölda), hendinga og stuðlasetningar, en breyting með máli byggist á tilbrigðum í notkun merk-ingarbærri eininga, orða (t.d. í kenningum) og setninga (t.d. hvað varðar lengd þeirra og orðaröð).

Þegar nánar er spurt í textanum hvernig skipta skuli með máli er svarið að það megi gera á tvennan hátt, þ.e. með því að „halda eða skipta háttunum“. Og þegar enn er spurt hvernig skuli breyta háttunum „ok halda sama hætti“, er svarið að það megi gera með því að „kenna eða styðja eða reka eða sannkenna eða yrkja at nýgjörvingum“. Og í næstu fimm vísum (2–6) eru sýnd dæmi um notkun kenninga, og er þetta svo að skilja að hér sé háttum breytt, án þess þó að breyta sjálfum bragformunum með hljóði, þ.e. með atkvæðafjölda, hrynjandi, stuðlum eða rími, enda er síðar, eftir allnokkra umræðu um kenningar, talað um „orðalengð ok samstöfur ok hendingar ok stafaskipti sem dróttkvætt“ (*Edda, Háttatal:9*).

Þótt orðalagið sé hér nokkuð óljóst virðist mega slá því föstu að notkun kenninga hefur samkvæmt Háttatali ekki í för með sér raunverulega breytingu á bragformi. Á eftir 6. vísu og útskýringum við hana, þar sem fjallað er um nýgjörvingar, er sagt (bls. 7) að nú sé búið að lýsa dróttkveðnum hætti með „fimm greinum“, þ.e. hættinum sjálfum (í fyrstu vísu) og fimm afbrigðum (samtals sex vísum), „ok er þó hinn sami háttur réttur ok óbrugðinn, ok er optluga þessar greinir sumar eða allar í einni vísu ok er þat rétt, þvíat kenningar auka orðfjölda, sannkenningar fegra ok fylla mál, nýgjörvingar sýna kunnustu ok orðfimi.“ Þetta ber sem sé að skilja svo að stílbrögð eins og sannkenningar og stuðningur við þær með ákvæðisorðum, tvíriðið (þ.e. ef tvö ákvæðisorð fylgja kenningunni) og nýgervingar (þ.e. notkun myndhvarfa), myndi ekki eiginlega bragarhætti. Hér er ekki um að ræða breytileg form, heldur breytileika í texta eða því sem kalla má samsetning (komposition, sbr. Allen 1973:104–105,

Kristján Árnason 1991/2000:4–5). En þótt þau tilbrigði í máli sem fylgja notkun kenninga og þess háttar stílmeðala breyti ekki háttum geta aðrar breytingar á máli gert það, eins og síðar kemur fram, t.d. í refhvörfum og sextánmæltu (sbr. 6. kafla hér á eftir).

#### 4.6 Um ýmis leyfi. Hugsanlegt innskot

Á milli 8. og 9. vísu (línur 15–44, *Edda, Háttatal*:8–9) er alllangur „fræðilegur“ lausamálskafla sem ekki er í beinu sambandi við nálægar vísur og er víða dálítið ruglingslegur. Þar segir t.d. að það sé „annat leyfi háttanna at hafa í dróttkvæðum hætti eitt orð eða tvau í vísu með álogum eða detthent eða dunhent eða skjálfhent eða með nokkvorum þeim hætti er eigi spilli kveðandi.“ Hér er vísað til afbrigða sem koma við sögu miklu síðar í kvæðinu, álagsháttar (27. vísu), detthends háttar (28. vísu), dunhends háttar (24. vísu, sem raunar er kennd við dunhendu einungis í viðbótarklausum í Konungsbók og Uppsala-bók), og skjálfhendu, sem kemur oftast en einu sinni við sögu síðar (t.d. í 35. vísu). Þessi afbrigði eru hins vegar ekkert skýrð á þessum stað.

Á eftir þessari, að því er virðist, þarflausu upptalningu á háttum kemur athugasemd um að leyfilegt sé að hafa aðalhendingar í fyrsta eða þriðja vísuorði, og síðan segir að fjórða leyfi sé „at skemma svá samstofur at gera eina ór tveim ok taka ór annarri hljóðstaf. Þat kǫllum vér bragarmál ...“. Síðan eru tilfærðar tvær línur úr vísu eftir Þórarin Máhlíðing, sem einnig er í Eyrbyggju. Segja má að þessi útskýring á bragarmálum komi heldur seint, því betur hefði farið á því að fjalla um þau strax á eftir 8. vísu, þar sem þau eru beinlínis notuð í texta kvæðisins sjálfs, frekar en að hafa umræðuna um þau eftir að skotið var inn upplýsingum um hætti sem síðar koma. Hér vaknar grunur um að um sé að ræða einhvers konar innskot, hvort sem það er allur þessi lausamálstexti, athugasemdin um bragarmál, eða þá umfjöllunin á undan um hina hættina. Og þá er auðvitað hugsanlegt að þetta sé ekki frá Snorra sjálfum.<sup>7</sup>

Í þeirri lýsingu sem hér um ræðir eru bragarmál kölluð hið fjórða leyfi, og þar á eftir segir að hið fimmta leyfi sé að skipta tíðum, hið sjötta að hafa í dróttkvæðum hætti samhendingar eða liðhendingar (sem hvort tveggja merkir að hafa hendingar og stuðla á sama atkvæði). Hið sjöunda leyfi er að hafa eitt „málsorð“ í báðum vísuhelmingum, „ok þykkir þat spilla í einstaka vísu“. Áttunda leyfi samkvæmt þessari upptalningu er það að „nýta þótt samkvætt

<sup>7</sup> Velta mætti fyrir sér hvers vegna séu í þessum kafla tekin dæmi úr kveðskap annarra skálda, sem annars er ekki mikið um í Háttatali. Þetta er þó augljóst einkenni á hinum köflum Snorra-Eddu, svo ekki er hægt að halda því fram að það sé ólíkt Snorra að vitna til annarra skálda.

verði við þat er áðr er ort vísuorð eða skemra“. Níunda leyfið er sagt vera að reka (þ.e. framlengja kenningar) til „hinnar fimtu kenningar, er ór ættum ef lengra er rekit“. Síðan segir að „þótt þat finnisk í fornskálda verka, þá látum vér þat nú ónýtt“, og hljómar þetta óneitanlega eins og hér haldi Snorri sjálfur á penna, þótt hugsanlegt sé að einhver annar (ritari eða afritari) tali hér fyrir munn hans. (Raunar telur Finnur Jónsson (1929:235) að notkun 1. p.ft. á þessum stað bendi til þess með öðru að textinn sem um ræðir sé innskot.)

Tíunda leyfi er hér sagt vera það „at vísu fylgir drag eða stuðill“. Ekki er þetta útskýrt frekar hér og fræðimenn hafa ekki áttað sig á hvað hér sé átt við, en líklegt talið að átt sé við einhvers konar viðbót eða framhald af vísu (sbr. *Edda, Háttatal*:52). Ellefta leyfið er sagt vera að endurtaka ýmis smáorð, eins og „er“, „en“ eða „at“. Og er hér tilfærður vísuhelmingur eftir Hofgarða-Ref. Síðan segir að nota megi fornöfn í síðari vísuhelmingi til að vísa til manna sem nefndir eru eða kenndir í fyrri helmingi. Hið tólfta leyfi er sagt vera „atriðsklauf“ og er ekki meira sagt um það, enda hefur fræðimönnum ekki tekist að skýra hvað átt sé við (sbr. *Edda, Háttatal*:97).

Þessum lausamálskafla lýkur svo á spurningu og svari um tíðaskipti, sem áður hafði verið minnst á, en heldur er lítið á því að byggja, því svarið er að það sé þrennt: „þat er var, þat er <er>, þat er verðr“. Ekki er ljóst hvaða erindi þessi athugasemd á hér. Í heild má segja að allur kaflinn, frá því að lokið er útskýringu á formi 8. vísu og fram að umfjöllun um háttabreytingar með máli í inngangi að 9. vísu, skjóti skökku við. Eins og áður sagði er ekki ólíklegt að hann eða hluti hans sé innskot frá öðrum en Snorra, og telur Finnur Jónsson (1929:235–236) ótvírætt að svo hafi verið, meðal annars vegna þess hversu ruglingslegur hann er og í lausu sambandi við umhverfi sitt.

## 5. Samstöfur

Fram hefur komið að Snorri telur að stafasetning ráði hætti og *geri kveðandi*. Þessi trú á gildi stuðlanna fyrir kveðskapinn, sem líka kemur fram hjá Ólafi hvítaskáldi, kann að hafa verið viðtekin í norrænni umfjöllun um kveðskap, en sú nánari lýsing á forminu, sem fylgir strax á eftir fyrstu vísu Háttatals, er að verulegu leyti byggð á formdeildinni *tala*. Sagt er að tólf stafir (þ.e. ljóðstafir) séu í hverju erindi, þrír í hverjum fjórðungi. Síðan segir að hverjum fjórðungi fylgi tvö vísuorð, og eru sex samstöfur í hverju vísuorði. Hér er lýst stofn- hlutum háttarins frá þeim stærri til hinna smærri. Samstöfur eru minnstu bygg- ingareiningar bragarins, og hvað sem líður stuðlasetningu og hendingum, þá er

það ekki síst hrynjandi og atkvæðafjöldi, þ.e. ‘tala samstafna’ sem greinir dróttkvæðan hátt frá öðrum formum, svo sem edduháttum, hrynhendum hætti og kviðuhætti. Reyndar byggir lýsing á afbrigðum síðar í Háttatali mjög á hugtakinu *samstafa*, og er ástæða til að huga vel að því hvað hér er átt við og hvernig hugtakið er notað í lausamálsskýringunum. Og eins og við munum sjá á þessi nálgun að formi dróttkvæðanna að mörgu leyti betur við en t.d. kerfi Sievers.

### 5.1 Skjótar og seinar samstöfur

Á undan 7. vísu er, eins og áður kemur fram, staldrað við og sagt frá því að nú sé búið að sýna dróttkvæðan hátt með fimm greinum, en það sé þó „hinn sami háttur réttur ok óbrugðinn“. Nokkru síðar segir:

Þat er leyfi háttanna at hafa samstöfur seinar eða skjótar, svá at dragisk fram eða aprt ór rétttri tǫlu setningar, ok megu finnask svá seinar at fimm samstöfur sé í ǫðru ok inu fjórða vísuorði, svá sem hér er:

Hjálms fylli spekr hilmir  
 hvatr Vindhlés skatna;  
 \*hann kná hjǫrvi þunnum  
 hræs þjóðár ræsa (7. vísu, l. 1-4)

Hér eru hugtökin „tala setningar“ og „leyfi“ notuð á kerfisbundinn hátt til að lýsa sérstöku afbrigði háttarins. Leyfið felst í því að hafa fimm atkvæði í jöfnu línunum, en það byggist á því að orðmyndir eins og *þjóðár* séu tvíkvæðar. En gera má ráð fyrir að orðin hafi getað haft þríkvæðar hliðarmyndir, þar sem orðhlutagerðin var gangsaerri og meira í samræmi við upprunann: *þjóðá-ar*. Hinar þríkvæðu myndir gáfu rétta tölu samstafana. Einnig er hugsanlegt að í máli þessa tíma hafi ríkt valfrelsi milli samdreginna og ósamdreginna mynda. Raunar er óvíst að beygingarmyndin *Vindhlés* (eignarfall af *Vindhlér*, sem er nafn á Heimdalli) hafi nokkurn tíma verið tvíkvæð í íslensku. Snorri hefur hins vegar talið að á grundvelli mynda eins og *þjóðár*, sem koma fyrir, t.d. í lausavísu eftir Kormák (18,8): *æstr þjóðáar fnaestu* skapaðist einhvers konar leyfi fyrir orðmyndir af þessari gerð til að fylla tvær stöður í línu. (Sjá umræðu um þetta hjá Kristjáni Árnasyni 1991/2000:90–91 og Kuhn 1983:70). Hér er því um það að ræða að við sérstakar aðstæður má víkja frá grunntölunni.

Þetta minnir á umfjöllun Fyrsta málfræðingsins (sbr. Hreinn Benediktsson 1972:226) um einkvæðar eða tvíkvæðar myndir orðsins *járn* en dæmin sýna að fræðimenn og skáld hafa verið meðvituð um breytileika í atkvæðafjölda

einstakra orðmynda, samdreginna eða ósamdreginna, og velt fyrir sér brag-fræðilegu hlutverki þeirra.

Í 8. vísu er aftur á móti sýnt hvernig samstöfur geta verið „skjótar ... ok svá settar nær hverja annarri at af því eykr lengð orðsins“:

Klofinn spyr ek hjálm fyrir hilmis  
 hjara⟨r⟩ egg; duga seggir;  
 því eru heldr þar er sk⟨e⟩kr skjöldu  
 skafin sverð lituð ferðar (8. vísa, l. 1–4)

Í fyrstu línunni, sem hefur 9 atkvæði ef allt er talið, kemur fyrst tvíkvæð orðmynd með léttu fyrra atkvæði: *klofinn*, sem gera má ráð fyrir að kljúfi fyrstu stöðuna, þannig að tvær samstöfur eru látnar fylla hana (sbr. síðar). Annað dæmi um tvíkvæða fyllingu bragstöðu er þegar *fyrir* stendur í veikri stöðu á undan síðasta risinu. Þriðja aukaatkvæðið kemur fram í sambandinu *spyr ek*, sem gera má ráð fyrir að hafi verið dregið saman í bragarmálum, þ.e. í *spyr'k*, þannig að fornaftið myndar viðhengi við sögnina. Í þessari línu eru því á þremur stöðum tvö atkvæði þar sem eitt á að vera samkvæmt „réttu tölu háttanna“.

Í 7. og 8. vísu er verið að horfast í augu við þá staðreynd, að þótt vissulega sé atkvæðafjöldi í línu mun fastar bundinn í dróttkvæðum en t.d. í edduháttum, er hann samt ekki alveg óumbreytilegur. Hrynjandi formsins byggist á því að telja bragstöður sem samsvara atkvæðum, en þungi þeirra (sem aftur byggir á lengd og fjölda hljóða) skiptir einnig máli. Raunar er atkvæðafjöldinn í 8. vísu teygður til hins ítrasta. Þótt sagt sé að „sjau eða átta [þ.e. samstöfur] megu vel hlýða í fyrsta ok þriðja vísuorði“, eru atkvæðin allt að 9 ef allt er talið eins og sjá má.

Athyglisvert er að fram kemur að í 8. vísu séu allar frumhendingar hluthendur, þ.e. standi aftarlega eða í næsta risi á undan lokalið, og fylgir þessi útskýring: „[O]k dregr þat til at lengja má orðit, at sem flestar samstofur standi fyrir hendingar.“ Það er eðlilegt í kveðskap að breytileiki sé framar í línu, en formfestan meiri nær lokum. En e.t.v. má einnig túlka orð Snorra svo sem hann telji ekki heppilegt að beita leyfinu um fjölgun atkvæða á þær bragstöður þar sem hendingarnar standa.

### 5.2 Grunneiningar háttarins

Eins og fram hefur komið hafa fræðimenn seinni tíma lýst hrynjandi dróttkvæðs háttar með ýmsum hætti. Greining Sievers (1893) gerir ráð fyrir að

dróttkvæðar línugerðir séu eins konar útvíkkaðar eddulínur (þ.e. úr fornyrðislagi) og byggir á því að atkvæði séu missterk. Með einhverjum hætti er gert ráð fyrir að grunnurinn liggja í því að telja áherslur eða ris, oftast þrjú, en þegar dæmið gengur ekki upp er talað um aukaris (þ. *Nebenhebungen*). Það er meðal annars sá möguleiki að gera ráð fyrir aukarismum, sem hafa einhvern styrk en þó ekki fullan, sem gerir Sievers-kerfið svo losaralegt sem það er. Annar galli á kerfinu er, eins og áður er minnst á, að það hefur litla möguleika til að skýra tiltölulega fastbundinn atkvæðafjölda í línunum, og hér má segja að greiningarkerfi Háttatals hafi vinninginn.

En þótt grunntalan hafi verið sex giltu ákveðnar reglur sem leyfðu að tvö atkvæði stæðu í einni bragstöðu, eins og skýrt er í Háttatali með vísun til skjótra og seinna samstafna. Og í öðrum dróttkvæðum kveðskap er þetta vel þekkt. Þannig koma fyrir línur eins og: „*boðit til öls“ kvað |Fölski* (Sturlunga 1988:8.v.,4), þar sem atkvæðin eru 7. Þetta hefur verið skilið þannig að atkvæðin tvö í *boðit* ‘kljúfi’ eða beri í sameiningu fyrstu bragstöðuna. (Talað er um *resolution* á erlendu máli.) Fyrra atkvæðið í *boðit* er létt sem svo er kallað (hefur stutt sérhljóð og einungis eitt samhljóð á eftir, sbr. Kristján Árnason 2005a:326, 334–335).

Í dæmum eins og „*boðit til öls“ kvað Fölski* er bragstaðan sem klofin er sterk. En einnig er það alþekkt í dróttkvæðum hætti og síðari kveðskap eins og rímum, að tvö atkvæði standi í veikri stöðu, eins og í: *lsunnan lágt meðal lrunna* (Sturlunga 1988:22.v., 8). Þessi lína hefur 7 atkvæði, en hér er það vegna þess að næst á undan lokarisinu standa tvö atkvæði í veikri stöðu. Líklegt er að það að hafa tvö atkvæði í veikri stöðu, sem kalla má hlutleysingu (e. *neutralisation*, sbr. Kristján Árnason 1991/2000:126–128) sé ekki alveg sama eðlis og klofningur á sterkri stöðu. Í 8. vísu Háttatals er þessum meðulum (að kljúfa ris og hafa tvö atkvæði í stað eins í veikri stöðu) beitt ríkulega, eins og við höfum séð.

Hlutleysing (í veikri stöðu) og klofningur (í sterkri stöðu) sýna að eðlilegt er að tala um *bragstöður* frekar en atkvæði: bragstöðurnar eru alltaf sex (sterkar eða veikar), en misjafnt getur verið hvernig þær eru fylltar; þótt einfaldasta samsvörum bragar og texta sé þannig að eitt atkvæði sé í hverri stöðu, geta þau við vissar aðstæður verið tvö. Í umræddri línu í 8. vísu standa tvö atkvæði í fyrstu, annarri og fjórðu stöðu, eins og sýnt er:

1	2	3	4	5	6
* *	* *	*	**	*	*

(Klofinn) (syr ek) (hjálmm) (fyrir) (hilm)(is)

Þessi greinarmunur á bragstöðu og samstöfu er ekki gerður opinskátt í Háttatali. En sá skilningur á forminu liggur að baki lýsingunni og í skilgreiningu háttarins er að orðið samstafa er notað, annars vegar um samstöfu eða atkvæði í máli, og hins vegar um bragstöðu sem samsvarar slíku atkvæði. Þessar 6 bragstöður eru þá grundvallareiningar í formi háttarins.

Athyglisvert er að ekkert er talað um styrk atkvæða í Háttatali. Seinni tíma bragfræðingar eru þó sammála um að þær geti verið sterkar eða veikar, og það gjarna svo að ójöfnu stöðurnar, sú 1., 3. og 5., eru sterkar og þær jöfnu (2., 4. og 6.) veikar, þannig að út kemur hrynjandi með réttum tvíliðum (þ.e. trókísk), A-gerð samkvæmt seinni tíma flokkun. Meginreglan var sú að í sterkum stöðum stóðu áhersluatkvæði, gjarna þung, en áherslulítil atkvæði í veikri stöðu. Þessi mismunandi styrkur atkvæða réðist af stöðu þeirra innan orða (en styrkur og veikleiki í edduháttum réðist af stöðu orða í orðasamböndum). En einnig má gera ráð fyrir að rím og stuðlasetning hafi tekið þátt í því að marka atkvæði sem sterk eða veik í dróttkvæðum línunum, þótt ekki sé víst að þessir þættir tengist áherslunni eða styrk í framburði með beinum hætti. Hér á eftir verður stundum talað um *upphefð* (prominence) atkvæða, óháð því hvort hún stafar af áherslu, atkvæðaþunga eða þátttöku í hendingum eða stuðlasetningu. Þannig má gera ráð fyrir að tvær fyrstu stöðurnar í fjórðu línu 1. vísu, *fríðrofs konungr ofsa* séu báðar tilölulega sterkar eða fái upphefð, þar sem frumhendingin er í 2. stöðu en höfuðstafur í þeirri fyrstu.

Minnst var á það hér að framan að það sé lögmál í kveðskap að meiri festa sé í lokin en í upphafi línu. Og það kemur heim og saman, að breytileiki í atkvæðafjölda og hrynjandi er algerlega bundinn við fjórar fyrstu bragstöðurnar. Tvær síðustu bragstöðurnar eru undantekningarlaust einkvæðar. Sú fyrri er sterk og með þungu atkvæði, (sem hefur langt sérhljóð *heitir, ræsa*), eða fleiri en eitt samhljóð á eftir sérhljóðinu *ofsa, fyrðum*), og síðasta bragstaðan er í óbreyttum dróttkvæðum hætti alltaf veik og fyllt með áherslulausu atkvæði. Klofningur á bragstöðu, hlutleysing, eða viðsnúningur á sterkri og veikri stöðu (eins og í B-gerð, þ.e. *ssvsvv* í stað *svsvsv*), er því ekki leyfður í lok línu. Einnig er það til marks um festuna í línulokunum, að seinna rímatkvæðið (viðurhendingin) er undantekningarlaust á þessum stað, þótt staðsetning hins fyrra (frumhendingarinnar) sé breytileg.



## 6. Háttum breytt með máli. Setningaskipan og mótsagnir

6.1 Lengd málsorða (*setninga*)

Eftir þessa umfjöllun um samstöfur (og innskotið sem segir frá í 4.6) er aftur vikið að því í inngangi að 9. vísu að lýsa skipulega hvernig háttum er breytt með máli. Sagt er að með því móti megi breyta hinni fyrstu tölu háttanna (þ.e. hversu margir þeir séu), en halda hinum tveim síðari (þ.e. fjölda vísuorða og atkvæða). Hér er aftur komið að umfjöllun um breytileika í „máli“ eða texta, en að þessu sinni er um að ræða tilbrigði í lengd setninga og fjölda þeirra í vísunum, vísuorðum og víshelmingum, og ólíkt því sem var um vísur 5–6 er nú gert ráð fyrir að afbrigðin skilgreini nýja bragarhætti, þ.e. hafi áhrif á tölu þeirra.

Fyrstur þessara hátta er sextánmælt (9. vísu), þar sem tvær setningar eru í hverju vísuorði, síðan áttmælt (10. vísu), þar sem hvert vísuorð er ein setning. Í 11. vísu er dæmi um þriðja háttinn, þar sem lýkur „máli“ í tveim vísuorðum. Þessi háttur fær ekkert sérstakt nafn.

Næst koma dæmi um stælt (12. vísu) og hjástælt (13. vísu). Stælt er skilgreint þannig að annað og þriðja vísuorð séu sér um mál gagnvart hinu fyrsta og fjórða, „ok er þat stál kallat“ og virðist hér átt við innskotið í tveimur miðlínunum víshelmingins. Stálinu er sem sé skotið inn milli 1. og 4. línu, sem þá eru saman um mál, a.m.k. í þessari vísu, en ekki er tekið fram berum orðum að svo þurfi að vera. Hjástælt skilgreinir Snorri þannig að „it fyrsta <vísuorð> ok annat ok þriðja [séu] sér um mál, ok hefir þó þat mál eina samstöfun með fullu orði af \*hinu fjórða vísuorði, en þær fimm samstöfur \*er eptir \*fara lúka heilu máli, ok skal orðtak vera forn minni.“ Þessi skilgreining er vissulega nokkuð flókin, en aðaleinkennið virðist vera sú þræðing sem felst í því að láta fyrsta orðið í fjórðu línu tengjast tveim fyrri línum. 13. vísu er svona (með leturbreytingum):

Manndýrðir fá mærdar,  
 mæt öld, fira gæti,  
 lýtr auðgjafa ítrum  
*oll.* Stóð sær of fjöllum.  
 Rjóðvendils gat randa  
 ræki-Njörð at *sækja*  
 hæf ferð var sú harða  
*heim.* Skaut jörð úr geima. (13. vísu)

Hér eru (eins og skáletrunin sýnir) orð úr fylliliðum með sögnum í fyrri línum látnir standa fremst í fjórðu línu vísuhelmings, sem að öðru leyti er sér um mál. Í fyrri vísuhelmingsnum er það orðið *oll*, sem er hluti frumlags sagnarinnar *lúta*, og í síðari helmingnum er það atviksliðurinn *heim* með sögninni *sækja*.

Þegar hér er komið sögu gerir Snorri ráð fyrir að komnir séu sex hættir, en það ber að skilja þannig að 8 fyrstu vísumnar (þ.e. þær sem sýna mismunandi notkun kenninga og skjótar og seinar samstöfur) séu óbreyttur háttur, en að vísur 9–13 (5 að tölu) sýni hver sinn hátt. Raunar er talningin á köflum svoltið ruglingsleg, því stundum er talið út frá fjölda breyttra hátta og stundum út frá fjölda hátta að meðtöldum óbreyttum hætti. Breyttu hættirnir verða alltaf einum færri en hættirnir í heild. Þannig segir t.d. að hátturinn á 12. vísu sé „sá fjórði þeira er breyttir eru, en hinn fimti at háttatali“. 13. vísa segir að sé „hinn fimti“ [breytti háttur], en á undan 14. vísu segir að sá háttur sé hinn sjöundi [að háttatali].

Þær vísur sem næstar koma (14–16) sýna einnig hver sinn hátt með mismunandi setningaskipan og tengingum.

## 6.2 Refhvörf

Næst koma vísur (17–23) sem sýna dæmi um misflókin refhvörf, en það er það stíflbragð að stilla saman andstæðum. 17. vísa á að sýna hinn 10. hátt að háttatali, en afbrigði refhvarfa eru sjö að meðtöldum refhvarfabróður. Í inngangi að 17. vísu er einkennum refhvarfa lýst svo: „Í þeima hætti skal velja saman þau orðtök er ólíkust sé at greina ok hafi þó einnar tíðar fall bæði orð ef vel skal <vera>“ og vísunni fylgir löng útskýring á eðli andstæðnanna sem fram koma í refhvörfum og tengslum þeirra.

Tvær leiðir hafa helst verið farnar í túlkun orðalagsins „einnar tíðar fall“. Önnur er sú að tengja merkingu orðsins við málfræðilegar formdeildir, en hin er að tengja hana við hrynjandi. Faulkes bendir á (*Edda, Háttatal:53–54*), að hugsanlega megi tengja þetta við ummæli sem koma á eftir 23. vísu, sem á að sýna háttinn refhvarfabróður. Þar er talað um orð í öðru og fjórða vísuorði sem eru „gagnstaðlig ... sem refhvörf, enda standa eigi saman ok er ein samstafa millum þeira ok lúkask bæði eigi <í> eina tíð.“ Þetta mætti túlka svo sem það merki að um sé að ræða andstæð orð, sem ekki standa hlið við hlið og „lúkask [þannig] eigi <í> eina tíð“. Að lúkast í eina tíð og hafa ‘einnar tíðar fall’ merkir þá e.t.v. það að standa hlið við hlið eða vera borin fram í einni bendu. Í inngangi Ormsbókar að málfræðiritgerðunum fjórum er talað um að stafir hafi

„fall eðr tíma“ (sbr. Björn M. Ólsen:154) og virðist vísa til framburðar, þótt óljóst sé hvernig túlka beri.

Til greina gæti komið að túlka þetta svo að tíðarfall sé eins konar bragliður. Það virðist hins vegar ólíklegt. Í fyrsta lagi eru bragliðir í anda klassískrar bragfræði ekki hluti af hugmyndaheimi braggreiningar Háttatals, eins og áður er bent á, og í öðru lagi er öllum orðunum sem taka þátt í refhvörfum eðlilegt að hafa áherslu, þannig að þau eiga ekki auðvelt með að mynda bragliði eins og rétta tvíliði eða þríliði þar sem tengjast sterk og veik atkvæði. Ekki skal úr þessu skorið hér, en sú túlkun að segja að orðið „tíð“ eða „tíðarfall“ merki hér beygingarending eða málfræðiformdeild (sbr. Finnur Jónsson 1929:249, Gade 1991:367–368) kann við fyrstu sýn að virðast heldur langsótt. E.t.v. mætti þó túlka orðalagið að *lúkask* ⟨*i*⟩ *eina tíð* svo sem það merki að ‘enda eins, hafa sömu eða jafngilda endingu’.

Refhvarfabálkinum lýkur, eins og fram hefur komið, með 23. vísu, en inn á milli vísanna sem sýna refhvörfin eru ítarlegar lýsingar á þeim stílbrögðum sem beitt er. Oftar en ekki byggja þau á orðaleikjum (eru ofljós) og virðist ólíklegt annað en sami maður hafi ort vísurnar og samið skýringartextann, svo flóknar eru skýringarnar, en koma jafnframt vel heim við textann. Hér er því komin röksemd fyrir því að Snorri hafi samið bæði bundið og óbundið mál í Háttatali.

### 6.3 Endurtekningar, orðskviðir og þræðing

Nú vîkur sögunni í átt að annars konar bragtilbrigðum, og er í lausamáli spurt (bls. 15) hvernig „skal skipta dróttkvæðum hætti með hendi⟨n⟩gum eða orðalengð“ (þ.e. lengd vísuorða). Raunar er hér ekki komið beint að efninu, því fyrst eru nokkur afbrigði enn sem skilgreind eru út frá stíl eða orðavali. Í 24. vísu er rímatkvæðið í viðurhendingu forlínunnar endurtekið sem frumhending í síðlínunni (þannig að þrjú atkvæði taka þátt í hendingunum). 25. vísa sýnir háttinn til sagt, en þar eru í fyrstu fjórum bragstöðum í jöfnu línunum innskotssetningar sem skýra kenningar í setningunum sem ná yfir ójöfnu línurnar og lokalið jöfnu línunnar. Allar þessar kenningar tákna reyndar öl, bjór, mjöð og vín, en í vísunni er lýst örlæti konungs í veitingum þessara veiga. Í orðskviðuhætti (26. vísa) er skotið inn orðskviðum í fimm síðustu stöðum jöfnu línanna, og álagsháttur (27. vísa) hefur svipaða gerð með innskotum og þræðingu milli lína, þannig að fyrsta orðið í síðlínunni tilheyrir sömu setningu og forlínunni, en fimm síðustu bragstöður í jöfnu línunum eru sér um mál.

Þótt þessi afbrigði komi í framhaldi af athugasemd um breytta setningu

með hendingum og orðalengd virðast þau í rauninni frekar eiga heima innan um hætti sem breytt er með máli, sem um var fjallað framfar. Og þetta kemur reyndar líka fram í lausamáli, því þótt afbrigðin sem sýnd eru séu talin mynda sérstaka hætti og fá sérstök nöfn, er það ekki fyrr en með 28. vísu, sem er „tvískelfd“, að umfjöllun hefst um hin raunverulegu (eða fullu) háttaskipti.

## 7. Full háttaskipti

Í inngangi að 28. vísu segir: „Þessi er hinn fyrsti háttur er ritaðr sé þeira er breytt er af dróttkvæðum hætti með fullu háttaskipti, ok heðan frá skal nú rita þær greinir er skipt er dróttkvæðum hætti ok breytt með hljóðum ok hendingaskipti eða orðalengð, stundum við lagt en stundum af tekit“. Hér er sem sé verið að tala um hið raunverulega ytra bragform en ekki breytingar í máli eða texta; orðið orðalengd vísar greinilega til lengdar vísuorða, og þær breytingar með hljóðum og hendingaskiptum sem um ræðir snúast um gerð lína, stuðla-setningu, hendingar og (a.m.k. óbeint) áhrif þeirra á hrynjandi.

### 7.1 Skjálfhenda og skyldir hættir

Segja má að vísur 28–35 snúist allar um mismunandi afbrigði af skjálfhendu, þótt ekki sé það sagt beinum orðum í lausamáli um hverja vísu fyrir sig, né heldur gefin fullkomin eða skiljanleg skilgreining á því hvað skjálfhenda er. Orðin skjálfhenda og skjálfhent koma þó oft fyrir í útskýringunum, og er fróðlegt að skoða út frá því hvað í hugtakinu kunni að felast.

Bragarhátturinn á 28. vísu heitir tvískelft, eins konar „tvöföld skjálfhenda“. Fyrri helmingur vísunnar er svona (með leturbreytingum):

**Vandbaugs veitti sendir**  
**vígrakkr – en gjöf þakkak**  
**skjaldbraks skylja mildum –**  
**\*skipreiðu mér – heiða (l. 1-4)**

Í lausamálsathugasemdum á eftir segir að það sé fyrsta og þriðja vísuorð í helmingi sem skiptir háttum, og sagt er að „hljóðfyllendr“ (þ.e. atkvæðin sem bera stuðlana) standist „svá nær at ein samstafa er í milli þeira“, og enn fremur segir að hendingar standist „sem first“ (sem annað hvort ber að skilja svo að þær séu sem lengst hvor frá annarri eða þannig að þær séu sem lengst frá stuðlunum). Síðan segir: „En ef frumhending er í þeirri samstöfu er næst er

hinni fyrstu, þá bregzk eigi skjálfhenda“. Í ljósi þess sem síðar kemur virðist eðlilegast að túlka þessi orð svo, að ef frumhendingin er í annarri stöðu í línu sé um að ræða óbreytta skjálfhendu (þ.e. ekki tvískelft), og þetta virðist eiga við um jöfnu línurnar í 28. vísu. Með öðrum orðum, það er óbrugðin skjálfhenda að hafa frumhendinguna í annarri bragstöðu í jöfnum línunum, en ekki þeirri fyrstu (sem samkvæmt eðli málsins ber höfuðstafinn). Og það er þá umframeinkenni á tvískelfdu að hafa stuðul ekki í 5. stöðu (þ.e. síðasta risi) í frumlínunni, en hendingarnar sem lengst hvora frá annarri, þ.e. í fyrstu og fimmtu stöðu eins og þar er. Samkvæmt Faulkes (*Edda, Háttatal*:56), sem hefur þetta eftir Kuhn (1983:333–4), er hátturinn sá sami og á Rekstefju eftir Hallar-Stein (frá 12.öld). Í því kvæði er síðari stuðull forlínunnar aldrei í 5. stöðu, og algengt er að frumhendingar standi í annarri stöðu. Og sama einkenni eru á þeirri vísu Háttalykils sem ber yfirskriftina *skjálfhent*.

Ekki er ólíklegt að leikur eins og þessi með staðsetningu stuðla og höfuðstafa hafi haft einhver hrynærn áhrif hvað varðar upphefð atkvæða (sbr. 5. kafla) og að einkenni skjálfhendunnar hafi þá bæði snúist um staðsetningu ríms og stuðla og um hrynjandi, eins og síðar verður vikið að.

Næstu tvær vísur (29 og 30), sem raunar eru niðurlag fyrsta kvæðisins – því á undan 31. vísu er sagt að þar hefjist annað kvæði – eru einnig áhuga-verðar frá sjónarmiði hrynjandi, þótt ekki sé fullljóst hvernig túlka beri form þeirra eða þá ummæli Snorra um þær. Í 29. vísu, sem kölluð er detthend, eru það jöfnu línurnar sem „skipta hætti“, en þær enda allar á þríkvæðum orðmyndum, sem má gera ráð fyrir að hafi getað haft áherslu á tveimur fyrstu atkvæðunum eða a.m.k. aukaáherslu á öðru atkvæði: *ótvistar, fémilldum, margdýrar, fjölmennum*.

Tvær man ek **hilmi hýrum**  
**heimsvistir ótvistar,**  
 hlaut ek ásamt at sitja  
 seimgildi fémilldum;  
 fúss gaf fylkir hnossir  
 fleinstýri margdýrar,  
 hollr var hersa stilli  
 hoddspennir fjölmennum (29. vísa)

Snorri segir að það sé fjórða samstafa, þ.e. fyrsta samstafa umræddra orða í jöfnu línunum, sem ráði háttum, en tvö síðustu atkvæði þessara orða mynda lokatvíliðinn, eins og sjá má, og viðurhendingin er því alltaf á öðru atkvæði

þeirra. Annað sem línurnar eiga sameiginlegt, þótt Snorri nefni það ekki í lausamáli, er að frumhendingin er í annarri stöðu, þ.e. í næsta atkvæði á eftir höfuðstafnum, en það er vissulega skjálfhendueinkenni að skilja þannig á milli höfuðstafs og frumhendingar.

Í umræðu hér að framan hefur komið fram að einfaldasta hrynjandi í dróttkvæðri línu er víxlhrynjandi með réttum tvíliðum. Í jöfnu línunum í detthendu er strítt gegn þessari A-hrynjandi með tvennum hætti, annars vegar með þungu áhersluatkvæði í fjórðu stöðu<sup>8</sup> (sem er veik í flestum línugerðum) og hins vegar með því að setja frumhendinguna í aðra stöðu, sem einnig er veik í A-gerð. Þótt ekki sé víst að beint samband sé milli bragstyrks og hendinga, hlýtur einhver upphefð (sbr. 5. kafla) að fylgja þeim, þannig að rímatkvæði hafi verið tiltölulega áberandi þegar á var hlýtt, hvort sem flytjandi lagði á þau áherslu eða ekki.

Eins er eðlilegt að gera ráð fyrir því að einhvers konar upphefð í þessum skilningi fylgi stuðlunum. Hér er athyglisvert að í þriðju línu er fyrri stuðullinn á öðru atkvæði orðsins *ásamt*, sem nútímamálið greinir venjulega ekki svo. Þetta bendir til þess að áhersla hafi getað verið á öðru atkvæðinu eða að forliðurinn *á* hafi getað verið laus við stofninn. Að minnsta kosti er hér um að ræða einhvers konar tvíræðni um það hvaða liður muni vera sterkastur. Og svona tvíræðni í hrynjandi, þar sem formþættirnir togast á ef svo má segja, kemur fram víðar í vísunni, því líklegt er, þótt fyrstu atkvæðin í orðmyndunum *ótvistar* og *fémildum* hafi staðið í bragstöðu sem jafnan er veik, að þær hafi kallað á einhvers konar áherslu, því í óbundnu máli hafa þær væntanlega verið sterkar.<sup>9</sup> Með þessu móti fá öll atkvæðin í jöfnu línunum í 29. vísu, nema það þriðja og sjötta, einhvers konar „upphefð“, sem stríðir á móti grunnhrynjandinni, ef við gerum ráð fyrir að hún hafi verið byggð á þremur réttum tvíliðum. Þessar braglínur hafa því mjög áhugavert og flókið form.

Sérkenni næstu vísu (nr. 30), sem ort er undir draughætti, eru í lausamáli einnig sögð koma fram í jöfnu vísuorðunum, og sagt er að það sé hin þriðja samstafa sem ræður hætti. En nú er það þannig að línurnar fá hreina (í raun óvenju hreina) A-hrynjandi, hvort sem litið er til atkvæðaþunga, áherslu eða stuðla og ríms: *halda grænna skjalda; þilju Hrungnis ilja*. Ekki er gefin nein frekari skýring á því hvernig þriðja samstafa í jöfnu línunum skiptir háttum, en

<sup>8</sup> Kerfi Sievers flokkar þessar línur sem E-gerð, sbr. t.d. Kuhn 1983:92–97.

<sup>9</sup> Þetta hefur af sumum bragfræðingum verið kallað „þungt hnig“ (heavy dip), sbr. Faulkes 1991:59, en vandséð er hver er munur á því og aukarisi (*Nebenhebung*, sbr. 5.2 hér að framan).

í þessum línnum er frumhendingin á fyrstu samstöfu (þeirri sömu og ber höfuðstafinn), og e.t.v. er sérkennið fólgið í því að banna viðsnúning eða önnur tilbrigði í hrynjandinni. Ójöfnu línurnar sýna hins vegar dæmi um það.

Við næstu vísu stendur, eins og áður sagði, að þar hefji upp annað kvæði, en þetta kvæði fjallar að mestu leyti um Skúla jarl. Hins vegar virðist sem ekki fylgi nein meiri háttar bragfræðileg þáttaskil þessum kvæðaskilum. Hátturinn á fyrstu vísu kvæðisins nefnist bragarbót og er sérkenni hans sagt vera það að í fyrsta og þriðja vísuorði standa stuðlar „sem first“, þ.e. sem lengst hvor frá öðrum, þ.e. í fyrstu og þriðju stöðu, en hendingarnar svo að ein samstafa er á milli, þ.e. frumhendingin er í þriðju stöðu sem er næsta ris á undan lokarisinu. Það vekur líka eftirtekt að í þessum línnum eru frumhendingarnar alltaf í seinna lið samsetts orðs:

Stáls dynblakka **støkkvi** ...  
 álms bifsæki **aukum** ...  
 odds bláferla **jarli** ...  
 Hárs saltunnu **hrannir** (31. vísa, forlínur)

Líta verður svo á að þetta sé fallið til að skapa bragfræðilega spennu og fjölbreytni, og skilgreining Snorra á forminu minnir á það sem sagt var um tvískelft.

Hátturinn á 32. vísu kallast riðhendur (flt.). Hér segir í lausamáli á eftir, að *háttum skipti í öðru og fjórða vísuorði*, en sérkennið er það að hafa frumhendinguna í þriðju stöðu, svo að eitt atkvæði er milli hennar og viðrendingarinnar, en það er raunar eins og í ójöfnu línunum í 31. vísu. Hins vegar er ekki með öllu ljóst hvernig túlka beri öll ummælin um háttinn á þeirri 32., en þar segir: „standa þar hendingar báðar samt nær enda ok lúkask á einu[m] hljóðstafj báðar, ok er betr at samhljóðandi \*sé eptir aðra“. Fyrrí helmingur vísunnar er svona:

Él þreifsk skarpt of Skúla  
 skýs snarvinda lindar,  
 egg varð hvöss í hoggum  
 hræs dynbrunnum runnin (32. vísa, l. 1-4)

Eðlilegt er að skilja orðið hljóðstafir svo að það merki sérhljóð, en óljóst er hvernig túlka beri ummælin um að hendingar „á einum hljóðstaf báðar“. Eðli máls samkvæmt lýkur rímeiningunum á samhljóði. Hugsanlega er átt við að sama sérhljóð komi á eftir hendingaatakvaðunum, eins og stundum er, en þetta

á ekki við nema um fyrstu jöfnu línuna: *vinda – lindar*. (Í hinum línunum eru rímorðin: *brunnnum – runnin, stafna – hrafnir og barni – arnar*.) E.t.v. er hér í ógáti einungis litið til fyrstu jöfnu línunnar en horft framhjá hinum, og gætu þá ummælin í textanum átt við hana eina. En hafa ber í huga að texti handritanna er misjafn og kann vandinn að liggja þar.<sup>10</sup>

Næsti háttur (sá á 33. vísu) er kallaður veggjað, og er einkenni hans fólgið í því að bætt er inn einu aukaatkvæði á undan lokarisi í jöfnum vísuorðum, án þess að um sé að ræða klofið ris, hlutleysingu eða bragarmál. Þetta er sem sé í fyrsta skipti að hætti er (raunverulega) breytt með atkvæðafjölda eða réttara sagt bragstöðufjölda:

Lífs varð rán at raunum  
 réð sverð skapat *mjök* ferðum,  
 stöng óð þrátt á þingi  
 þjóðsterk, liðu *fram* merki;  
 hrauð of hilmis bróður  
 hvöss egg friðar *ván* seggjum,  
 spjót náðu blá bíta,  
 búandmenn hlutu *þar* renna (33. vísu)

Engar frekari skýringar fylgja, en hér virðist reglulegt að rím sé í annarri stöðu í jöfnu línunum. Væntanlega er það ekki heldur tilviljun, að orðin á undan innskotsatkvæðunum hafa öll létt áhersluatkvæði: *skapat, liðu, friðar* og *hlutu*. Og raunar væri hugsanlegt að halda því fram að hér sé einhvers konar klofin bragstaða, þannig að atkvæðin tvö fylli eina, og þá yrðu bragstöðurnar sex, sem er hin venjulega tala í dróttkvæðri línu. Hins vegar er hrynjandi þessarar línu „þyngri“ ef svo má segja en venjulegt er. Munurinn er sá að fjórða staða í jöfnu línunum (samkvæmt þessum reikningi) er tiltölulega sterk, því þar eru einkvæð orð sem geta borið áherslu, en ekki forsetningar eða beygingarendingar sem eru algengust í þessari stöðu. Raunar höfum við þegar séð dæmi um tiltölulega þung atkvæði í fjórðu stöðu í jöfnu línunum, t.d. í detthendu (29. vísu).

Flagðaháttur, sem er næstur í röðinni, hefur líka aukaatkvæði í jöfnu vísuorðunum. En að þessu sinni er aukaatkvæðið eitt af atkvæðum fimmkvæðs

<sup>10</sup> Í Konungsbók stendur: *á ein ... f báðar*. Wormsbók hefur: *í einum staf*, Uppsalabók hefur: *báðar í einn hljóðstaf*, en textinn sem Faulkes velur til að fylla í eyðuna er úr Trektarbók.



orðs, sem stendur í upphafi jöfnu línunnar, og er það gegnumgangandi í vísunni:

Flaust bjó fólka treystir  
*fagrskjölduðustum* öldum (34. vísa, l. 1-2)

Samkvæmt því sem segir í lausamáli er það næstsíðasta samstafan í hinu langa orði sem er bætt við, og segir að út komi rétt dróttkvætt ef hún er úr tekin. Hér kemur til greina að líta svo á sem þriðja og fjórða atkvæðið í orðmyndinni: *fagrskjölduðustum* skipti á milli sín einni bragstöðu.

Hér á eftir kemur (loks) „hin forna skjálfhenda“, sem áður hefur komið við sögu (sbr. umræðu um 28. vísu). Hér sem fyrr má ráða af ummælum í lausamáli að Snorri hafi litið svo á að einkenni á skjálfhendunni sé að stuðlar standi nálægt hvor öðrum og séu sem fremst í ójöfnu vísuorðunum. En hann segir að í umræddri vísu sé skjálfhendan í þriðju línu fjórðungsins, og þar eru stuðlar einmitt með þeim hætti, en frumhending í annarri stöðu eins og í jöfnu línunum í 28. vísu, sem stungið var upp á að Snorri teldi vera óbreytta skjálfhendu:

Reist at Vágsbrú vestan  
varrsíma bar fjarri  
**heitfastr hávar rastir**  
hjálm-Týr svölu stýri;  
stókr óx er bar blakka  
brims fyrir jörð it grimma  
**herfjöld húfar svöldu**  
\*hrannláf búandmanna (35. vísa)

Annað sérkenni á þessum línunum, miðað við ójafnar línur í öðrum bragarháttum, er að þær hafa aðalhendingar.

Hér má segja að ljúki hinum eiginlega skjálfhendubálki, því í næstu þrem vísunum vikur sögunni að öðrum einkennum. Ekki er þó að fullu lokið tilvísunum til skjálfhendu, því að í lausamálsskýringum við 39. vísu, sem eins og við munum sjá, sýnir dæmi um annars konar sérkenni í brag, segir í lausamáli að í fimmta vísuorði (*hjaldrs þá er hilmir foldar*) dragist „með hljóðfylling mjök eptir skjálfhendu hinni ný[ju]“ (*Edda, Háttatal*:20). Hér eru stuðlar, eins og sjá má, frammarlega, þ.e. ekki er stuðlað í 5. stöðu.

## 7.2 Hrynærn áhrif hendinga og stuðla

Þegar allt er talið koma tilvitnanir til skjálfhendu býsna oft fyrir í lausamáli Háttatals, þótt ekki sé með fullu ljósti hvernig túlka ber vitnisburðinn um eðli háttarins eða þá hinnar nýju skjálfhendu. Ekki er ólíklegt að hin nýja skjálfhenda sé hátturinn tvískelft, sem er formið á 28. vísu. Faulkes (*Edda, Háttatal*:60) telur hugsanlegt að munurinn sé fólginur í því að í hinni nýju skjálfhendu séu skothendingar í þeim línunum sem hafa umrætt einkenni, þ.e. eru skjálfhendar, en þetta er svo í forlínunum (ójöfnu línunum) í 28. vísu. Samkvæmt þessu er hin forna skjálfhenda einungis „skjálfhent“ í síðlínunum, þar sem aðalendingar eru, en í tvískelfdu er skjálfhenda í bæði forlínu og síðlínu.

Lausamálsskýringarnar gera berlega ráð fyrir að sérkenni skjálfhendu byggist á staðsetningu stuðla og hendinga, en hér hefur verið ýjað að því að einkenni skjálfhendunnar hafi verið hrynærn, að minnsta kosti öðrum þræði, þar sem einhvers konar upphefð hafi tengst rímmeðulum. Athygli vekja ummæli í lausamáli á eftir 35. vísu, þar sem segir að Veili (þ.e. Þorvaldur veili) hafi fyrst fundið þennan hátt: „Þá lá hann í útskeri nokkvoru, kominn af skipsbroti, ok höfðu þeir illt til klæða ok veðr kalt. Þá orti hann kvæði er kallat er kviðan skjálfhenda eða drápan steflausa, ok kveðit eptir Sigurðar sögu.“ Þessi sögn bendir til þess að í umræddu kvæði (sem því miður hefur ekki varðveist) hafi menn þóst skynja einhvern skjálfta í hrynjandinni. Höfundur Háttatals tengir þennan „skjálfta“ við staðsetningu stuðla og höfuðstafa, en líklegt er að það hafi einnig haft áhrif á skynjun á hrynjandi.<sup>11</sup>

Það að stuðlar í forlínunum standa nærri hver öðrum, á tveimur fyrstu risunum, og að hendingar standa „sem first“ hefur það í för með sér að rímvenslin og stuðlavenslin byggja ekki á sömu atkvæðum; við höfum séð að stefnt virðist að því að frumhendingin í jöfnu línunni lendi ekki á atkvæðinu sem ber höfuðstafinn. Skjálfhendueinkenni koma þannig fram í 28. vísu að ekki er stuðlað á síðasta risi forlínunnar og sama takmörkun gildir í 3. og 5. línu 35. vísu (hinni fornu skjálfhendu). Dæmi um þennan aðskilnað stuðla og hendinga er einnig að finna í fimmta og sjötta vísuorði 39. vísu, sem lausamálstextinn segir: „dregsk þat vísuorð með hljóðfylling mjök eptir skjálfhendu hinni ný[ju]“:

**hjaldrs þá er hilmir foldar**  
**hugdýrum gaf stýri** (39. vísa, l. 5–6)

<sup>11</sup> Slíkum kuldaskjálfta í máli er vel lýst, þótt með öðrum hætti sé, í vísu Rögnvalds jarls sem hann yrkir í orðastað Ásu griðkonu í Orkneyinga sögu (*ÍF XXXIV*:197–198).

Stuðlarnir standa á tveimur fyrstu risunum, þannig að fimmta staða rímar án þess að stuðla, og í jöfnu línunni er frumhendingin ekki á sama atkvæði og höfuðstafurinn.

Eðlilegt virðist að túlka sjálft orðið skjálfhenda svo að það vísi fyrst og fremst til hrynjandi, og er ekki ólíklegt að einhvers konar spenna í hrynjandinni hafi einkennt háttinn í eyrum skálda og áheyrenda. Bent hefur verið á (sbr. Kristján Árnason 1991/2000, Atli Ingólfsson 1994) að hin margslungnu formmeðöl dróttkvæðs háttar, hrynjandi, rím og stuðlasetning, myndi eins konar pólýfóníu, þar sem hin ólíku mynstur kallast á. Til að forðast einhæfni var hægt að breyta út frá algengustu mynstrunum og láta formþættina með nokkru móti togast á og mynda tónræna spennu. Í þeim bálki kvæðisins sem hér um ræðir er greinilega verið að fjalla um og sýna dæmi um slíka þætti. Hins vegar bauð hugtakakerfið, sem byggt er á í lausamáli Háttatals, ekki upp á neina formlega greiningu á misjöfnum bragstyrk eða upphefð atkvæða; eina leiðin sem gafst til að lýsa þessu, fyrir utan tölu og skjótleika samstafna, var að vísa til staðsetningar hljóðstafa og hendinga.

Athygli vekur að þessi bragfræðilega skilgreindi kafli, ef svo má kalla hann, er brotinn upp af kvæðaskilum. Vera kann að þetta stafi af því að kvæðið um Skúla hafi verið til fyrir, en síðar verið þrjónað framan við það til að sýna brageinkenni sem voru lík því sem var á fyrstu vísu þess.

### 7.3 Aukahendingar

Næstu þrjár vísur Háttatals sýna dæmi um það þegar þrjú atkvæði í línu (í stað tveggja) taka þátt í hendingunum. Hátturinn á 36. vísu er einmitt kallaður þríhent, vegna þess að þar eru þrjár aðalhendingar í jöfnu vísuorðunum; hin ójöfnu eru óbreyttur dróttkvæður háttur. En auk þess að hafa fleiri hendingar hafa jöfnu vísuorðin einnig mjög sérstaka hrynjandi, þótt ekki sé á það minnst í lausamáli:

Hristi hvatt þá er reistisk  
herfǫng mjök lǫng véstǫng,  
samði fólk en frǫmðusk  
fullsterk hringserk grams verk (36. vísa, l. 1-4)

Það er sérkennilegt við jöfnu línurnar, að þær enda á hendingaratkvæði, svo að út kemur hálfgert endarím (karlím).

Í óbreyttum dróttkvæðum hætti eru áherslulaus atkvæði í 6. stöðu, en í þeim línum sem hér um ræðir eru þar þung atkvæði. Það er því óhjákvæmilegt

annað en að þau hafi haft einhvern styrk eða upphefð í bragnum. Og næsta atkvæði fyrir framan er líka tiltölulega sterkt, þannig að hér er strítt gegn víxlhrynjandi og minnir á vissan hátt á hneppingu (sbr. 9. kafla). Einnig er eftirtektarvert að fyrstu atkvæðin sem ríma eru ekki venjuleg fullburða áherslu-atkvæði, heldur síðari atkvæði í tvíkvæðum orðum, jafnvel viðskeyti, eins og í síðustu línunni:

*Bragning fylking; stóð þing.*

Greinilega er hér verið að spila á einhvers konar kontrapunkt milli bragstaðna, orðáherslna og ríms.

Næsta vísa (37) er undir hinum „dýra hætti“. Hér er einkennið aftur þrjár aðalhendingar í línu, en hrynjandin er þó önnur en í þríhendu. Fyrri hendingarnar tvær eru nú á fyrstu tveimur atkvæðunum, þannig að um er að ræða eins konar náhendur (þ.e. atkvæði sem ríma saman hvert á eftir öðru, sbr. t.d. 74. vísu). Stuðlar eru í fyrstu og þriðju stöðu:

*Vann kann virðum banna  
vald gjald hofundr aldar  
ferð verð fólka herði  
fest mest sá er bil lestir (37. vísa, l. 1-4)*

Allar línurnar fylgja þessu rímmynstri þótt í lausamáli sé bara sagt að þetta gildi um fyrsta og þriðja vísuorð, en sennilega er þetta orðað svo með óbeinni vísun til þess að í næstu vísu á undan eru það jöfnu línurnar sem hafa þrefaldar hendingar. Hér bætast sem sé ójöfnu vísurnar við hvað þetta varðar, en hrynjandin og er hér allt önnur en í 36. vísu, eins og sjá má.

Aftur eru þrjár hendingar í hverju vísuorði í 38. vísu, en með enn öðrum hætti en í þeirri 37. og þeirri 36. Í fyrsta lagi eru skothendingar í ójöfnu vísuorðunum, í þeim skilningi að fyrri tvö rímatkvæðin hafa sama sérhljóð, en viðurhendingin, sem lendir á lokarisi, hefur annað sérhljóð í ójöfnu vísuorðunum. En hér er einnig ástæða til að huga að hrynjandi, því fyrri rímatkvæðin tvö eru alltaf létt, og atkvæðin í línunni eru átta í stað sex:

*\*Farar snarar fylkir byrjar  
freka dreka lemr á snekkjum (38. vísa, l. 1-2)*

En ef við segjum að tvær fyrstu bragstöðurnar séu klofnar, fáum við út 6 bragstöður. Reyndar vekur önnur lína í síðari vísuhelmingi alveg sérstaka athygli:

*somum þromum í byr romum*

Hér er það að athuga að viðurhendingin er á léttu atkvæði: *rom-* sem eðlilegt virðist að túlka sem þgf. af *ramr* ‘sterkur’, en einnig var til myndin *rammr* með löngu samhljóði, og er líklegt að sú mynd liggi hér að baki, þótt ritháttur handrita bendi raunar til stutts samhljóðs.<sup>12</sup>

#### 7.4 Frekari tilbrigði. Klifun, þræðing

Næsti háttur (39. vísa) er nefndur *tiltekit* í lausamáli, og er einkenni hans m.a. fólgið í nánnum tengslum og þræðingu (*enjambment*) milli fyrri og seinni vísu-helmings,<sup>13</sup> en í lok lausamálsskýringa við vísuna segir: „ok dregsk þat vísu-orð [þ.e. fimmta vísuorð] með hljóðfylling mjök eptir skjálfhendu hinni ný[ju]“ (sbr. umræðu hér að framan, bls. 104). Hátturinn á næstu vísu (40. vísa) er nefndur greppaminni, en þar er klifun í báðum vísu-helmingunum og tenging er fólgin í því að í fyrri helmingnum eru spurningar sem svarað er í þeim seinni, og e.t.v er það þetta sem einkennir á háttinn fyrst og fremst. Klifað er á *hverr* í fyrri partinum og spurt hver sé bardagaglaður og örlátur, og svarað með *hann* í þeim seinni og er það auðvitað Skúli hertogi sem átt er við. Að öðru leyti er hrynjandi og rím með eðlilegum hætti og í athugasemdum á eftir segir að þessum hætti sé „breytt til dróttkvæðs háttar með orðum“ eða það sé innihaldið, orðin og merking þeirra, sem greinir háttinn.

Næsta vísa (41) sýnir dæmi um liðhendur. En einkenni þeirra (andstætt skjálfhendu) er að stuðlar og hendingar eru á sömu atkvæðum: „[H]inn sami stafr stendr fyrir hendingar.“ (Athyglisvert er að sérhljóðastuðlun fellur undir þetta, þ.e. orðalagið „sami stafur“ í upphafi atkvæðis sem rímar merkir ‘stafur sem er ekki annar en stafur sem er í (mállegum) stuðli hins atkvæðisins’.) Annað einkenni þessa háttar er að í jöfnu línunum er oddhending, þ.e. rímað á fyrstu samstöfu línunnar, og myndar það rím skothendingu við rímið í línunum á undan, „ok verðr þá einn upphafsstafr allra þeira þriggja hendinganna“:

Velr ítrhugaðr ítrum  
otrjöld jöfurr snotrum,  
opt hefr þings fyrir þrøngvi  
þungfarmr Grana sprungit (41. vísa, l. 1-4)

<sup>12</sup> Þess ber að geta hér að 38. vísa er á þessum stað í textanum einungis í Uppsalaþók, en hin handritin hafa hana annars staðar eða alls ekki.

<sup>13</sup> Raunar kemur heitið víðar við sögu, því í Uppsalaþók er 15. vísa kölluð tiltekit, en í lausamáli við þá vísu segir (þar og í öðrum handritum) að fyrri helmingur hennar sé leiddur af vísunni á undan.

42. vísa sýnir dæmi um réttthent, en þar eru aðalhendingar í stað skothendinga í ójöfnu vísuorðunum.

Vísur 43 og 44 sýna dæmi um alhent,<sup>14</sup> en einkenni þeirra er að þar eru tvöfaldar hendingar, þ.e. tvær í hverju vísuorði, sem mynda víxlírm:

*Frama skotnar gram; gotnum* (44. vísa, l.1)

Hátturinn á 45. vísu er kallaður stamhendur, en einkenni hans er að í forlínunum er aðalhending á tveimur atkvæðum sem standa hlið við hlið í lok línunnar, og eru stuðlarnir einnig á þessum atkvæðum. Samstöfurnar eru í flestum tilvikum orðhlutafræðilega skyldar og hafa tengda merkingu, þótt það virðist ekki vera skylda, sbr. síðasta línuparið:

þar er hönd at lið liðnar  
lýslóðar berr glóðir<sup>15</sup> (45. vísa, l. 7–8)

Það sem einkennir þetta form fyrst og fremst er það að fyrri stuðull og frumhending standa á sama atkvæði í fjórðu stöðu. Annars er afar sjaldgæft að hending standi á þessum stað í línu, þótt það sé vel þekkt að stuðlar geti staðið þar (sbr. Kristján Árnason 1991/2000:136–143). Ef við gerum ráð fyrir að einhver upphefð hafi fylgt því fyrir þessa bragstöðu að bera stuðul og hendingu, verður hér nástaða tveggja sterkra atkvæða eða einhvers konar hnepping (sjá síðar). Þungamiðja línunnar færast aftar og virðast orðin í upphafi línunnar að sama skapi vera af léttara taginu.

Næsta vísa (46) sýnir frekari dæmi um samhendingar, þ.e. að hendingaatkvæði byrja á sama samhljóði og stuðla þar með, og vísurnar þar á eftir sýna dæmi um klifun eða ‘afhendingu’, þannig að sömu samstöfur eru í ójöfnu vísuorðunum og í frumhendingunni í þeim jöfnu. Annars vegar er hér á ferðinni háttur sem kallaður er iðurmælt (47. vísa) og hins vegar klifað (48), en í seinna tilvikinu er sama atkvæðið notað í öllum vísuhelmingnum, og lýkur þar með alllögum kafla (frá og með 36. vísu) þar sem greint er frá afbrigðum dróttkvæðs háttar sem byggja á rími og orðavali.

### 7.5 Fornskálda hættir

<sup>14</sup> Sjá umfjöllun um notkun Hofgarða-Refs á þessum hætti hjá Kuhn 1983:305–6.

<sup>15</sup> Þetta má taka svo saman: „Par er hönd berr lýslóðar glóðir [þ.e. skartgripi], liðnar [þ.e. af líða] at lið“, [þ.e. sem settar hafa verið á lið, þ.e. handlegg/hönd].

Vísur (54–58) eru með háttum sem kenndir eru við fornskáld, „þótt þeir hafi ort sumt með háttaföllum“. Fyrst kemur háttur sem kenndur er við Ragnar loðbrók. Eins og segir í lausamáli með þessari vísu er hér háttlausá (þ.e. engar hendingar) í fyrsta og þriðja vísuorði. En annað einkenni á hættinum er það að á undan höfuðstafnum, „sá er kveðandi ræðr“, standa ein eða tvær samstöfur:

**Skýtr at Skoqlar veðri**  
*en skjaldagi haldask*  
**Hildar hlemmidrifu**  
*of hvítum þrom rítar;*  
 en í sæfis sveita  
 at sverðtogi ferðar  
 rýðr aldar vinr odda  
*þat er jarlmegin snarla (54. vísa)*

Þekkt er að í „eldri“ dróttkvæðum kveðskap koma fyrir síðlínur með áherslu-  
 lítil atkvæði á undan höfuðstafnum (sbr. Kuhn 1983:168–169). Þannig eru t.d.  
 forsetningar á undan höfuðstaf í vísu í Egils sögu, og Krákumál, sem hafa  
 raunar verið talin frá 12. öld, sýna sömu einkenni. Þetta sýnir að höfundur  
 Háttatals hefur verið meðvitaður um þess háttar hluti, þótt það þurfi auðvitað  
 ekki að tákna að allt sem kennt er fornskáldum hafi verið svo gamalt sem sagt  
 var eða eignað þeim með réttu. Dæmi eru um léttá forliði í síðlínunum í vísu úr  
 Víglundar sögu, sem taldar hafa verið mjög ungar (sbr. Kristján Árnason  
 2005b:212–213).

Næst í röð fornskálda háttá kemur Torf-Einars háttur (55. vísa), og segir  
 um hann að háttlausá sé í fyrsta og þriðja vísuorði, en í öðru og fjórða skot-  
 hendingar, og riðhent, (þ.e. stutt milli hendinga):

Hverr séi jofra ægi  
 jarl fjolvítrum betra,  
 eða gjarnara at gœða  
 glym hraðsveldan skjalda? (55. vísa, l. 1–4)

Næst kemur Egils háttur, sem er eins og Torf-Einars háttur, nema hvað hér eru  
 aðalhendingar (riðhendar) í jöfnu vísuorðunum, en þar á eftir er Fleins háttur  
 (57. vísa), en einkenni hans er að hendingar standa í „öndurðu vísuorði“<sup>16</sup>:

<sup>16</sup> Sbr. umræðu hjá Kuhn 1983:89–90 um staðsetningu hendinga.

*Hilmir hjálma skúrir  
herðir sverði roðnu (57. vísa, l. 1–2)*

Síðastur þessara fornskálda háttar er Braga háttur. Einkenni hans er meðal annars að ekki eru hendingar í ójöfnu vísuorðunum, en fimmta staða í forlínu rímar á móti (oddhendri) hendingu á fyrsta atkvæði jöfnu línunnar á sama hátt og í Fleins hætti:

*Er til hjálma hyrjar  
herjum styrjar væni (58. vísa, l. 1–2)*

Ekki verður í fljótu bragði séð annað en þau brageinkenni sem hér eru kennd við fornskáld komi heim við þann kveðskap sem eignaður hefur verið eldri skáldum.

## 8. Breytt lengd vísuorða

Á undan fornskálda háttum, í 49.–51. vísu, eru sýnd dæmi um stúfa. Í fyrsta afbrigðinu er fjórða lína stýfð, og í þeirri næstu, sem kölluð er „meiri stúfir“, eru allar jafnar línur stýfðar, og hinn ‘mesti stúfur’ (51. vísa) hefur öll vísuorð stýfð:

*Herstefnir lætr hrafn  
hungrs fullseðjask ungr,  
ilspornat getr orn  
aldrlausastan haus (51. vísa, l. 1–4)*

Þessir hættir hafa sömu hrynjandi og dróttkvæður háttur, að öðru leyti en því að línurnar eru stýfðar, þ.e. síðasta atkvæði er sleppt. Í öllum tilvikum er eðlilegt að gera ráð fyrir veikri stöðu á undan þessum stúf og að hann svari til 5. stöðu í óbreyttum dróttkvæðum hætti, enda er viðurhendingin þar.<sup>17</sup>

<sup>17</sup> Á eftir þessum stúfabálki er aftur um hríð komið að háttum sem einkennast með rími. Fyrst kemur skothenda (52), þar sem skothendingar eru í öllum vísuorðum, en síðan liðhenda (53). Í þeirri síðarnefndu eru skothendingar í öllum línunum, en frumhendingarnar (sem eru oddhendur, þ.e. standa fremst í línunum) ríma saman, 1. og 2. lína, 3 og 4 o.s.frv.



### 8.1 Lengri vísuorð. Kimblabönd, hrynhenda og draughenda

Vísur 59–61 sýna dæmi um kimblabönd, en einkenni þeirra er að við tiltekna línur er bætt tvílið, sem myndar hendingu við næsta atkvæði á undan. Í minnstu kimblaböndum er atkvæði bætt við fjórðu línu, en í hinum meiri eru það jöfnu vísuorðin, og í hinum mestu er bætt við öll vísuorðin:

Hræljóma fellr hrími tími  
hár vex of gram sára ára (61. vísa, l. 1–2)

Á eftir vísunni stendur: „Hér fylgir hverju vísuorði kimblaband“, þ.e. þessi viðbótar bragliður heitir kimblaband og gefur hættinum nafn.

Næstu fjórar vísur sýna mismunandi afbrigði af hrynhendum hætti, sem einnig er tveimur atkvæðum lengri en venjulegur dróttkvæður háttur, en með öðru lagi en í kimblaböndum. Fyrri partur fyrstu vísunnar er svona:

Tiggi snýr á ógnar áru  
undgagl veit þat sóknar hagli,  
yngvi drífr at hreggi hlífa  
hjörv vélir fjör brynju éli (62. vísa, l. 1–4)

Í útskýringum í lausu máli kemur fram að í ójöfnum línnum sé tveimur atkvæðum bætt framan við línuna, þannig að ef þeim atkvæðum er sleppt, verður réttur dróttkvæður háttur. Þetta byggist á því að í umræddum línnum taka þessi atkvæði ekki þátt í stuðlun eða rími. Í jöfnu línunum eru það hins vegar sögð vera atkvæðin á undan síðasta tvíliðnum sem þannig er skotið inn án þess að taka þátt í rími eða stuðlum. En almenna athugasemdin er að í hrynhendum háttum séu „optast átta samstöfur í vísu(orði), en hendingar ok stafaskipti fara sem í dróttkvæðum hætti. Þetta kóllum vér dróttkvæða hrynjandi“ (*Edda, Háttatal:27*).

Hér má skjóta því inn í að þau tengsl kveðskapar og lausamáls sem koma fram á þessum stað benda sterklega til þess að sami höfundur sé að lausu máli og bundnu. Einnig má benda á að sú túlkun sem oft er viðhöfð að hrynhendur háttur sé þannig myndaður að tvílið sé bætt við dróttkvæða línu, (sem aftur sé fornryðislagslína að við bættum tvílið) er ekki skilningur Snorra. Hann gerir ráð fyrir að viðbótarbragstöðurnar séu framar. Miðað við það er sú túlkun, að norrænar braglínur smá-lengist í afturendann með viðbótum við form fornryðislags, of mikil einföldun.

Í næstu vísu, sem er „trollshátr“ og hefur átta bragstöður, eru hluthendingar (þ.e. hendingar í miðri línu) í öllum vísuorðum og „fylgja þrjár samstöfur hverri hendingu“, þ.e. veikt atkvæði og tvíliður standa á milli frumhendingar og viðurhendingar. Þetta ber væntanlega að skilja svo að viðbótar- atkvæðin miðað við dróttkvætt séu þau tvö sem standa næst á undan viðurhendingunni:

Stála *kennd*<i> steykkvilundum  
styrjar *valdi* rauðu *falda* (63. vísa, l. 1–2)

En 64. vísa, sem er sú síðasta af hrynhendingunum, er dæmigerð fyrir þann hátt, eins og hann er t.d. hjá Arnóri jarlaskáldi. Kemur það meðal annars fram í því að í jöfnu vísuorðunum er gjarna viðsnúningur og frumhending í annarri stöðu:

Vafði *lítt* er virðum *mætti*  
Víg*rækjandi* fram at *sækja* (64. vísa, l. 1–2)

Næsta vísa (65), sem kölluð er draught, hefur áhugaverða hrynjandi, en samkvæmt lausamáli eru tíðast sjö samstöfur í hverju vísuorði:

Vápn*a* hríð *velta* náði  
vægðarlaus feigum *hausi* (65. vísa, l. 1–2)

Svo er að skilja sem aukasamstafan sé sú sem er númer tvö. Sagt er að „ef hér er ór tekin ein samstöfun fyrsta eða þriðja vísuorði sú er stendr næst hinni fyrstu, þá falla hljóðin öll sem í dróttkvæðum hætti.“ En þetta virðist einnig eiga við hin jöfnu, því svo segir: „Svá má ok af taka í oðru ok hinu fjórða vísuorði ina sömu samstöfun ok er þá þat dróttkvætt; ok verðr sumt eigi mjúkt“.

Tvær síðustu vísurnar í þessu kvæði eru annars vegar munnvörp, þar sem háttlausa er í ójöfnu vísuorðunum, en skothending í þeim jöfnu, og hins vegar sjálfur hátturinn háttlausa, þar sem ekkert rím er, en stuðlasetning (stafaskipti) sem í dróttkvæðum hætti:

Ortak *öld* at minnum  
þá er *alframast* vissak  
of *siklinga* snjalla  
með *sex* tögum hátta (67. vísa, l. 1–4)

Hér ber þó að athuga að forliður kemur á undan höfuðstafnum eins og í Ragnars hætti, eitt eða tvö atkvæði.

## 8.2 Tögdrápa

Fyrsta vísan í síðasta kvæðinu (68. vísa) er ort undir tögdrápulagi. Í lausamáli er gert ráð fyrir að meginreglan í þessum hætti sé að fjórar samstöfur séu í hverju vísuorði. Hendingar eru reglulegar aðalhendingar samkvæmt dróttkvæðum í jöfnum línnum, en ekki eins reglulegar í ójöfnum línnum. Höfuðstafur er í upphafi síðlínu, en ein „hljóðfylling“ (þ.e. stuðull) í forlínu.

Fremstr varð Skúli ...  
 Skala lof dvala,  
 sem ek mildum gram  
 mærd fjölsnærða;  
 meir skal ek stærri  
 stys hróðr fyrir  
 (kærr var ek harra)  
 \*hers gnótt bera (68. vísa)

Fyrsta línan í þessari vísu myndar, eins og sýnt er með þrípunkti, upphaf klofastefs, sem lokað er í síðustu línu 70. vísu: ... *skjöldunga ungr* (sbr. síðar).

Miðað við það að bragstöðurnar séu fjórar í tögdrápulagi gæti virst eðlilegt að gera ráð fyrir tveimur risum í línu og líta á háttinn sem eins konar rímað fornyrðislag, eins og Faulkes stingur upp á (*Edda, Háttatal*:66–67), en ýmislegt mælir þó gegn því. Þótt línulengdin sé lík og í fornyrðislagi (eða málahætti) virðist hrynjandinn vera talsvert önnur og líkari dróttkvæðum. Í fyrsta lagi er höfuðstafurinn fastbundinn við upphaf síðlínunnar, en í fornyrðislagi er reglulegt að áherslulaus atkvæði komi þar á undan í síðlínnum, vegna þess að þar er horft til setningaráherslu, og áherslulaus smáorð í upphafi línu gátu verið hlutlaus eða „ósýnileg“ í hrynjandinni. Í dróttkvæðri hrynjandi er, eins og fram hefur komið, horft til bragstaðna sem skilgreindar eru út frá atkvæðum, og það var föst regla (fyrir utan fornskálda hætti og háttlausu) að hafa höfuðstaf á fyrsta atkvæði.

Þótt ekki hafi allar forlínur hendingar í 68. vísu, hafa þær þó reglulega hrynjandi, sem greina má sem tvo tvíliði. Og þessi hrynjandi verður atkvæðabundin með bragarmálum í 3., 5. og 7. línu, þannig að bragstöðurnar verða fjórar, tvær veikar og tvær sterkar í hverri línu. Í 1., 5., og 7. línu er A-hrynjandi, en í þeirri 3. er einhvers konar viðsnúningur, þannig að hrynjandinn verður jambísk.

Sé hins vegar litið á síðlínurnar bendir margt til þess að túlka beri þær

Þannig að þær hafi þrjár sterkar stöður, frekar en tvær. Eins og sjá má enda línurnar allar nema ein á léttum tvíkvæðum orðum, sem geta með klofningi myndað eina bragstöðu, sem í þessu tilviki hlýtur að flokkast sem sterk. En næst á undan þessum tveimur atkvæðum standa í öllum jöfnu línunum einkvæð orð eða orðhlutar sem borið gátu fulla áherslu, þannig að líklegt má telja að þau hafi gert tilkall til einhvers bragfræðilegs styrks. (Hér er aldrei algerlega áherslulaust atkvæði, eins og þó er dæmigert fyrir þennan stað í dróttkvæðum). Út úr þessu kemur þá e.t.v. eins konar árekstur milli tveggja næstsíðustu bragstaðnanna, og það sem meira er: fyrsta bragstaðan er líka sterk, (raunar klofin í 2. línu). Að teknu tilliti til þessara þátta virðist koma til greina að lýsa hrynjandi jöfnu línanna eins og sýnt er hér á eftir:

s	s	s
(Skala)	(lof)	(dvala)
s	s	s
(mærd)	(fjöl)	(snærd)a;
s	s	s
(stys)	(hróðr)	(fyrir)
s	s	s
(hers)	(gnótt)	(bera)

Ef greiningin á við rök að styðjast má segja að þessar jöfnu línur einkennist af hneppingu, sem er fólgin í því að sleppa veiku atkvæði (veikri stöðu), þannig að eins konar árekstur verði milli tveggja sterkra atkvæða. Nánar er vikið að hneppingu í 9. kafla hér á eftir.

Næsta vísa (nr. 69) sýnir annað tögdrápulag, sem er eins og hitt hend-  
ingalaust í ójöfnu línunum, en hefur tvo „hljóðfyllendr við höfuðstaf“. Staða hendinganna í jöfnu línunum virðist bjóða upp á nokkra fjölbreytni í hrynjandi, og t.d. er í 6. línu: *fólkglaðs vaða* eðlilegt að gera ráð fyrir einhvers konar hneppingu, þar sem rímatkvæðin standa hlið við hlið. Síðasta vísan í þessum tögdrápubálki (nr. 70), sem er kallaður hagamælt<sup>18</sup> endar svo:

hlýtr [gram]s geta  
greppr óhnepp[ra  
ský]rr skrautfara  
... skjöldunga ungr. (70. vísa, l. 5–8)

<sup>18</sup> Raunar vantar nafnið í handritin, en útgefendur hafa getið sér til um þetta nafn á grundvelli ummæla sem fylgja 71. vísu.

Hér eru skothendingar í ójöfnum vísuorðum, en „at orðru sem tögmaelt“. Og síðan kemur viðbót, sem kemur heim við það sem ýjað var að hér að framan, að atkvæðapungi og klofningur á bragstöðum gegni hlutverki í hrynjandinni: „Í öllu töglagi er eigi rangt þótt fimm samstöfur sé í vísuorði er skammar eru sumar ok skjótar.“ Hér kemur það enn skýrt fram að Snorri (eða hver sem höfundur lausamálsins er) hafi verið meðvitaður um ólík braggildi þunga og léttra (langra og stuttra) atkvæða.

Síðasta línan í 70. vísu botnar, eins og áður segir, setninguna í fyrstu línu 68. vísu: *Fremstr var Skúli ...* Þetta er kallað klofastef, en útskýringin er að það sé tögdrápuháttur „at stef skal vera til fyrsta vísuorðs ok lúka því máli í inu síðarsta vísuorði kvæðisins ... en hvers stefjaméls skal stef upphaf ok niðrlag.“

Á eftir þessum tögdrápukafla koma þrjár vísur (71–73) sem hafa svipuð einkenni og tögdrápa, sem byggjast á alrími í jöfnum vísuorðum og eru línurnar afar stuttar, flestar með fjórum atkvæðum. Fyrst kemur grænlenzki háttur, en þar eru skothendingar í ójöfnum línum (eins og í hagamæltu), en kvenrím (tvíkvætt alrím) í þeim jöfnu:

Slóð kann sneiðir  
seima geima  
hnigfák Haka  
hleypa greypa (71. vísa, l. 1–4)

Og næst kemur hinn „skammi háttur“:

Gull \*kná – greppar –  
glóa – róa,  
váss eru seggir  
samir framir (72. vísa, l. 1–4)

Hér er í tveimur fyrstu línum fléttað saman á óvenjulegan hátt tveimur setningum, þannig að frumlöggin eru sett saman í frumlínu hvort við annars hlið, og síðan koma aðalsagnirnar í síðlínu, en hjálparsögnin er samnýtt: *Gull kná glóa, greppar róa* (þ.e. gull glóir en menn róa).<sup>19</sup> Um háttinn segir í lausamáli að fyrsta og þriðja vísuorð sé hendingalaust, en annað og hið fjórða sem „grænlenzki háttur ok skemri orðtökin“. Þetta vísar e.t.v. til þess að í öllum jöfnum línum í vísunni eru létt tvíkvæð orð: *gróa – róa, samir – framir* o.s.frv.

<sup>19</sup> Þessi liðfelling, að samnýta hjálparsögnina er fróðleg frá setningafræðilegu sjónarmiði.

Síðasti hátturinn í þessum bálki er kallaður hinn „nýi háttur“. Þar ríma saman í hverri línu tvö tvíkvæð orð „tvær aðalhendingar ok lúkask í einn staf báðar“ (þ.e. hafa sömu endingu og mynda kvenrím). Hrynjandin er föst og tekið er fram að ekki séu nein „afkleyfisorð“, þ.e. smáorð sem draga má saman í bragarmálum.

Næsti háttur (nr. 74) nefnist stúfhent. Línur eru ferkvæðar og stafasetning og hendingar sem í dróttkvæðum, nema hvað allar hendingar eru náhendar:

Hafrøst hristir  
hlunnvigg tiggja,  
borðgrund bendir  
brimdýrs stýri (74. vísa, l. 1–4)

Næsti háttur, sem kallast náhent, fylgir svipuðum reglum, þ.e. með náhendum hendingum í jöfnu vísuorðunum, en ójöfnu vísuorðin hafa (eða mega hafa) fimm atkvæði:

Hrinda lætr hniggrund  
hafbekks snekkjur,  
þá er falla, fleinþollr  
frár, mál, stálum (75. vísa l. 1–4)

Hér ber að athuga að ójöfnu línurnar eru eins og stýfðar, þ.e. enda á viðurhendingunni. Um hendingarnar í jöfnu vísuorðunum segir að þar standi báðar saman og sé hin fyrri stýfð.

Næsti háttur er hnugghent. Hér er bætt við stýfðum braglið í lok ójöfnu línanna, og ekki eru hendingar í þeim línum:

Hrannir strýkva hlaðinn bekk,  
haflauðr skeflir,<sup>20</sup>  
kasta náir kjalar stíg  
kalt hlýr söltum (76. vísa l. 1–4)

En athuga ber að á undan þessum viðbótaratkvæðum koma í öllum línum létt tvíkvæð orð. Í lausamáli segir um annað og fjórða vísuorð, að þau hafi fjórar samstöfur og „rétt at stöfum ok skothending ok oddhent ok stýfð in fyrri hend-

<sup>20</sup> Þetta dæmi sýnir að í orðmyndinni *skeflir* hefur verið önghljóð, en ekki lokhljóð eins og í nútímamáli.

ing.“ Þetta ber að skilja svo að atkvæðið á eftir hendingunni sé sterkt, eða a.m.k. komi ekki venjulegt endingratkvæði á eftir því.

## 9. Hnepping

Næstu tveir hættir (vísur 77 og 78) bera heitin alhneppt og hálfhneppt. Það sem einkennir þá öðru fremur er það að síðasta atkvæði í línu er sterkt og ber hendingu, og minnir það að sumu leyti á stýfðar línur ferskeytlu:

[Snyðja] lætr í sólroð  
 snekkjur á Manar hlekk,  
 árla sér ungr jarl  
 allvaldr [brek]ja fall<sup>21</sup> (77. vísa, l. 1–4)

Stýfing (*catalexis* á erlendu máli), það að sleppa síðasta veika atkvæði í línu, er alþekkt í kveðskap. Það er til dæmis regla í venjulegri ferskeytlu að hafa síðasta braglið stýfðan: *Yfir kaldan eyðisand*.

En hnepping, eins og sú sem hér er lýst, virðist hins vegar örlítið annað fyrirbrigði, því hún felst ekki bara í því að sleppa síðustu samstöfunni í línu. Í lausamáli Háttatals segir um 77. vísu að sex samstöfur séu í línunum, en ekki sé rangt þótt þar verði fimm eða sjö. Hneppingin kemur þannig fram að hending er í atkvæði sem ekki hefur áherslulaust atkvæði næst á eftir, enda segir um hendingarnar í þessari vísu að þær séu þannig að hin fyrri sé „rétt í dróttkvæðu en in síðari stýfð eða hneppt“. Þ.e.a.s. í hálfhnepptu fylgir áherslulaust atkvæði (veik staða) fyrri hendingunum, en ekki þeim seinni.

Í alhnepptu eru hins vegar „fjórar samstöfur í vísuorði ok tvær aðalhendingar <ok lúkask> báðar í einn staf ok allar hendingar hneptar“ (bls. 33):

Hrönn skerr – hvatt ferr –  
 húfr kaldr – allvaldr,  
 lá brýtr – lög skýtr –  
 limgarmr – rangbarmr (78. vísa, l. 1–4)

Hneppingin felst þá í því að sleppa áherslulausu atkvæði, hvort heldur er inni í línu eða í línulok, og láta sterkar samstöfur standa einar og ef verkast vill stangast á við aðrar sterkar samstöfur í nágrenninu.

<sup>21</sup> Þetta dæmi sýnir að ekki var orðin frálíking, sem skaut inn lokhljóði í orðinu *fall*.

Á eftir þessum hnepptu háttum kemur Haðarlag, sem segir að hafi fimm samstöfur í vísuorði, „en hendingar ok stafaskipti sem í dróttkvæðum hætti“. Fyrri helmingur vísunnar er svona:

Læsir leyfðr vísi  
landa útstrandir  
blíðr <ok> bláskíðu<m>  
barða randgarði (79. vísa, l. 1–4)

Ekki eru frekari skýringar gefnar á einkennum háttarins, en miðað við dróttkvætt má segja að bragstaðan sem vantar sé sú sem kemur næst á undan viðurhendingunni, þ.e. fjórða staðan, sem jafnan er veik í óbreyttum dróttkvæðum hætti. Þá verður eins konar árekskur (eða hnepping) atkvæða einkenni á síðari hluta línanna hér. Þessi skyldleiki við hnepptu hættina, þ.e. að stytta línurnar með því að sleppa veikum bragstöðum, kemur heim og saman við það að hafa háttinn á þessum stað.

## 10. Runhendir hættir

Nú verða kaflaskil í kvæðinu hvað varðar bragform, og er komið að runhendum háttum. Mikið er haft við þessi afbrigði, því alls eru 15 vísur helgaðar því einkenni að hafa rím í enda vísuorða. En ekki er að sama skapi ástæða til að fjölyrða mikið um þessa hætti hér, því einkenni þeirra, þ.e. endarím er tiltölulega einfalt og vel þekkt fyrirbrigði. Ástæðan fyrir því að svo mörg afbrigði háttarins eru sýnd er sú að lítil takmörk eru fyrir því með hvaða hrynjandi runurímið er notað. Og í rauninni má þá segja að út frá hrynjandi (tölu atkvæða) sé runhenda ekki einn háttur, heldur margir.

Fyrsta vísan í þessum bálki sýnir „réttu runhendu“:

Lof er flutt fjörum  
fyrir gunnörum  
né spurð spörum  
spjöll grams snörum (80. vísa, l. 1–4)

Hér vekur eftirtekt að rímliðirnir hafa létt fyrra atkvæði, en næst á undan þeim standa þung atkvæði sem stuðla og eðlilegt virðist að beri áherslu. Og ef sagt er að *förum*, *-örum*, *spörum* og *snörum* séu líka sterk og myndi eins konar



klofin ris, verða tveir sterkir liðir í röð, sem minnr á hneppingu. Hins vegar er annars konar hrynjandi í næstu vísu, sem kölluð er hin minni runhenda:

Fluttak fræði  
 \*of frama græði  
 tunga tæði  
 með tǫlu ræði (81. vísa, l. 1–4)

Hér hafa rímorðin þung fyrri atkvæði, og á undan þeim atkvæðum kemur veik staða. Hér má geta þess að þessi tvö hrynrænu afbrigði skiptast á í Höfuðlausn Egils Skallagrímssonar (sbr. Kristján Árnason 1994). Og kynni einhver að túlka þessi líkindi milli Höfuðlausnar og þessara vísna sem stuðning við þá hugmynd að það sé ungt kvæði og e.t.v. ort af Snorra sjálfum, ef hann var höfundur Egils sögu.

Í þeim runhendu vísu sem fylgja (til og með 94. vísu) eru sýndir margvíslegir hættir, breytilegir að atkvæðafjölda og hrynjandi, og er ekki rúm hér til að rekja það allt saman. Þessir hættir eru býsna fjölbreytilegir að hrynjandi, sumir stýfðir eða hnepptir og aðrir óstýfðir.

## 11. Lokaorð og helstu ályktanir

Síðasti bálkur Háttatals sýnir dæmi um edduhætti eða hætti leidda af þeim: *málhátt, fornryðislag, Bálkar lag, Starkaðar lag, ljóðahátt og galdralag*. Litlar skýringar eru gefnar á eðli háttanna í lausamáli, og nöfn þeirra koma ekki öll fram í megintexta handrita, heldur á spássíum. Og raunar er sá texti sem fylgir (milli 97. og 98. vísu) heldur óljós og líklega brenglaður (sbr. *Edda, Háttatal*:73). Ljóst er af þessu, eins og áður segir, að megináherslan í bragfræðipætti Háttatals var á hina dýru skáldahætti, þótt edduhættirnir fylgi með í lokin. Þessi nálgun að norrænum bragformum er ólík þeirri sem Sievers og margir seinni tíma menn hafa notað þegar þeir greina dróttkvæði á forsendum edduháta, en hún gefur hins vegar færi á að skoða innviði skáldaháttanna á eigin forsendum, enda byggja þeir í mörgu á öðrum lögmálum en edduhættir.

Þótt hendingar og atkvæðatalning setji svip á skáldahættina eru stuðlarnir þó að mati höfundar Háttatals innviðir skáldskaparformsins. Sem bragmeðal er stuðlasetningin germanskur arfur (þótt stuðlar þekkt víðar í kveðskap og Germanir hafi ekki verið einir um að nota þá, sbr. t.d. Fabb 1999), og gera má ráð fyrir að einhver þekking og lærdómur um þá og hlutverk þeirra hafi lifað

með norrænum skáldum. Hugmyndin um mikilvægi stuðlanna byggist því vafalaust á viðteknum norrænum hugmyndum.

Hinn þátturinn sem að mati höfundar ræður mestu í dróttkvæðum bragformum (fyrir utan það sem snýr að myndmáli og kenningum) eru hendingarnar. En til að lýsa hrynjandi er einnig notuð formdeildin tala samstafna í vísuorði. Aðgreiningin í skjótar og seinar samstöfur (þungar og léttar samkvæmt nútíma greiningakerfi) er upplýsandi um form háttanna og sýnir að í rauninni var það bragstaðan, frekar en samstafan sem slík, sem var grunn-einingin í hrynjandinni. En bragstaðan var aftur skilgreind út frá samstöfunni sem máleiningu, enda var atkvæðatalning einkenni á skáldaháttum (ólíkt edduháttum, sem töldu orð).

Þótt margvíslegan lærdóm megi draga af umfjöllun Háttatals um bragformin má segja að þau tæki sem notuð eru til að lýsa hrynjandi séu tiltölulega ófullkomin. Lítið sem ekkert er fjallað um muninn á veikri og sterkri bragstöðu, en greinilegt er að slíkt skipti máli í dróttkvæðum. Einu meðulin sem höfundi eru tiltæk til að lýsa styrk eða bragkerfislegri upphefð eru stuðlar og hendingar.

Hugsanlegt er að skilningur á samstöfum, gildi þeirra og mismunandi þunga sé að einhverju leyti fenginn erlendis frá, en ekki virðist ástæða til að leita sérstaklega að slíkum áhrifum. Slíkur lærdómur gat verið heima fenginn. Ljóst er t.d. af frásögn Morkinskinnu af samskiptum Haralds harðráða við skáld sín (sjá *Morkinskinnu* 1932:234 o. áfr. og einnig Turville-Petre 1966), að skáld voru meðvituð um misjafnan þunga eða lengd atkvæða, svo ekki þurfti erlendan lærdóm til að ná utan um þá þætti. Það vekur sérstaka athygli að tilraunir til að lýsa hrynjandi styðjast ekki við greiningu í bragliði, eins og hefð var fyrir í lýsingu á klassískum kveðskap, þótt slík greining hefði að sumu leyti fallið vel að formum skáldaháttanna.

Þótt greina megi erlend áhrif á einstaka þætti í fræðimennsku Háttatals (svo sem í innganginum og þeirri staðreynd að fjöldi vísna er nálægt 100 – í latneskum bragfræðiritum var algengt að sýna dæmi um hundrað bragarhætti (*centimetrum*), (sbr. *Eddu, Háttatal*:74), er það fyrst og fremst þjóðlegt verk, enda myndar það hluta af Eddu, sem fjallar um norræn fræði. Kveðskapurinn sjálfur er í hæsta máta þjóðlegur að efni og formi og óþarft að gera ráð fyrir erlendum fyrirmyndum þar. Í þessari grein hefur auðvitað ekki verið grafið fyrir um öll hugsanleg slík áhrif, en hin almenna niðurstaða af athuguninni er að fátt í braglýsingunni sé þess eðlis að leita þurfi beinna erlendra fyrirmynda.

Ekki hefur neitt komið fram í þessari athugun sem bendir til annars en að sami höfundur sé að mestu leyti að bundnu og óbundnu máli í Háttatali, og að

hann sé Snorri Sturluson. Undantekning frá þessu er kafli á milli 8. og 9. vísu, sem fjallar um ýmis leyfi, og ber þess merki að hann geti verið innskot.

Snorri var skáld gott og hafði yfirburða þekkingu á norrænum kveðskap, og óhætt mun að nota margt af því sem fram kemur í bundnu og óbundnu máli Háttatalis sem beina heimild um skáldskapinn eins og hann var stundaður og greindur á 13. öld. Þess vegna getur verið fróðlegt að bera þennan vitnisburð í smáatriðum saman við annan kveðskap, sem hugsanlega er eldri eða yngri en Háttatal, og er það efni til frekari rannsókna, sem leitt gætu til niðurstaðna um aldur einstakra verka.

### RITASKRÁ

- Aldhelmus de metris et enigmatibus ac pedum regulis. 1919/1984. Aldhelmi opera:33–207. Ed. Rudolphus Ehwald. *MGH AA XV*. München.
- Allen, W. Sidney. 1973. *Accent and Rhythm*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Atli Ingólfsson. 1994. Að syngja á íslensku. *Skírnir* 168:7–36 og 419–459.
- Austin, J. L. 1975. *How to do things with words*. Oxford University Press, Oxford.
- Bausi, Francesco og Mario Martelli. 1993. *La metrica italiana. Teoria e storia*. Casa editrice Le Lettere, Firenze.
- Bede Libri II De Arte Metrica et De Schematibus et Tropis*. The Art of Poetry and Rhetoric. 1991. Ed. and trans. Calvin B. Kendall. AQ-Verlag, Saarbrücken.
- Björn Magnússon Ólsen (útg.). 1884. *Den tredje og den fjerde grammatiske afhandling i Snorres Edda*. S.T.U.A.G.N.L. I-II. København.
- Boer, R. C. 1927. Om kommentaren til Háttatal. *ANF* 43:262–309.
- Clunies Ross, Margaret. 1987. *Skáldskaparmál*. Snorri Sturluson's ars poetica. Odense University Press, Odense.
- Clunies Ross, Margaret. 2005. *A History of Old Norse Poetry and Poetics*. D. S. Brewer, Cambridge.
- Craigie, W. A. 1900. On Some Points in Skaldic Metre. *ANF* 16:341–84.
- Drexler, Hans. 1974. *Einführung in die römische Metrik*. Wissenschaftliche Buchgesellschaft, Darmstadt.
- Edda* sjá: Snorri Sturluson.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1986. *Íslensk orðhlutafræði*. Kennslukver handa nemendum á háskólastigi. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Fabb, Nigel. 1999. Verse Constituency and the Locality of Alliteration. *Lingua* 108: 223–245.
- Finnur Jónsson. 1929. Snorre Sturlusons Háttatal. *ANF* 45:229–269.
- Finnur Jónsson (útg.). 1912–1915. *Den norsk-islandske skjaldedigtning* A I–II, B I–II. København.
- Gade, Kari, E. 1991. *Fang and fall*. Two Skaldic termini technici. *JEGP* 90:361–374.
- Gade, Kari, E. 1995. *The Structure of Old Norse Dróttkvætt Poetry*. *Islandica XLIX*. Cornell University Press, Ithaca.

- Guðrún Nordal. 2001. *Tools of Literacy*. The Role of Skaldic Verse in Icelandic Textual Culture of the Twelfth and Thirteenth Centuries. University of Toronto Press, Toronto.
- Háttalykill hinn forni. 1941. Udg. Jón Helgason og Anne Holtsmark. *Bibliotheca Arnæmagnæana* I. København.
- Orkneyinga saga. 1965. *ÍF XXXIV*. Útg. Finnbogi Guðmundsson. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Jakob Benediktsson. 1987. *Lærdómslistir*. Afmælisrit 20. júlí 1987. Mál og menning, Reykjavík.
- Heusler, Andreas. 1889/1969. Der Ljóðaháttur. Eine metrische Untersuchung. *Acta Germanica* 1,2:89–174. Endurpr. *Kleine Schriften* II:690-750. Walter de Gruyter, Berlin
- Heusler, Andreas. 1925. *Deutsche Versgeschichte*. Mit Einschluss des altenglischen und altnordischen Stabreimverses. I. Band. Walter de Gruyter, Berlin.
- Hreinn Benediktsson (útg.). 1972. *The First Grammatical Treatise*. Introduction, Text, Notes, Translation, Vocabulary, Facsimilies. Institute of Nordic Linguistics, Reykjavík.
- Klopsch, Paul. 1972. *Einführung in die mittellateinische Verslehre*. Wissenschaftliche Buchgesellschaft, Darmstadt.
- Konráð Gíslason. 1875. Hljóðstafr, hljóðfyllandi, (–hljóðfyllendr), hljóðfylling. *Aarbøger for Nordisk Oldkyndighed og Historie*: 95–101.
- Kristján Árnason. 1991/2000. *The Rhythms of Dróttkvætt and Other Old Icelandic Metres*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 1993. Málfræðihugmyndir Sturlunga. *Íslenskt mál* 15:173–206.
- Kristján Árnason. 1994. Hrynjandi Höfuðlausnar og rímkvæðið fornenska. *Sagnaþing helgað Jónasi Kristjánssyni sjötugum 10. apríl 1994*:505-513. Ritstj. Gísli Sigurðsson o. a. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 2002. Ferhend hrynjandi í fornyrðislagi og ljóðahætti. *Gripla* 13:33–60.
- Kristján Árnason. 2005a. *Hljóð*. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði. Íslenskt tunga I. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 2005b. Dróttkvæður Jónas. *Heimur ljóðsins*:209–227. Ritstj. Ástráður Eysteinnsson, Dagný Kristjánsdóttir og Sveinn Yngvi Egilsson. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 2006. The Rise of the Quatrain in Germanic. Musicality and Word Based Rythm in Eddic Metres. *Formal Approaches to Poetry. Recent Developments in Metrics*:151–169. Eds. Elan Dresher and Nila Friedberg. Walter de Gruyter, Berlin.
- Kuhn, Hans. 1983. *Das Dróttkvætt*. Carl Winter, Heidelberg.
- Morkinskinna. 1932. Udg. Finnur Jónsson. S.T.U.A.G.N.L. LIII. København.
- Murphy, Gerald. 1961. *Early Irish Metrics*. Hodges, Figgis, Dublin.
- Norberg, Dag. 1988. *Les vers latins iambiques et trochaïques au Moyen Age et leurs religieuses rythmiques*. Kungliga vitterhets historie och antikvitets akademien. [Filologisk arkiv 35]. Alquist & Wiksell, Stockholm.
- Ólafur Þórðarson. 1927. *Málhljóða- og málskrúðsrit*. Udg. Finnur Jónsson. [Det Kgl. Danske Videnskabernes Selskab. Historisk-filologiske Meddelelser XIII, 2]. København.

- Searle, John R. 1970. *Speech Acts*. An Essay into the Philosophy of Language. Cambridge University Press, Cambridge.
- Sievers, Eduard. 1893. *Altgermanische Metrik*. Max Niemeyer, Halle.
- Snorri Sturluson. 1991/1999. *Edda. Háttatal*. Ed. Anthony Faulkes. Viking Society for Northern Research, London.
- Snorri Sturluson. 1998. *Edda. Skáldskaparmál* 1. Ed. by Anthony Faulkes. Viking Society for Northern Research, London.
- Stefán Einarsson. 1945. *Icelandic*. Grammar. Texts. Glossary. The Johns Hopkins University Press, Baltimore.
- Sturlunga I-II. Fræði*. 1988. Útg. Örnólfur Thorsson o. a. Svart á hvítu, Reykjavík.
- Sverrir Tómasson. 1993. Annarr söguháttur. *Púsund og eitt orð sagt Sigurgeiri Steingrímssyni fimmtugum 2. október 1993*:70–71. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík.
- Sverrir Tómasson. 1997. Skáldskapur og fræði fyrir stök innan. *Frejas psalter. En psalter i 40 afdelinger til brug for Jonna Louis-Jensen*:190–192. Det arnamagnæanske institut, København.
- Tranter, Stephen. 1997. *Clavis Metrica*. Háttatal, Háttalykill and the Irish Metrical Tracts. Helbing & Lichtenhahn, Frankfurt am Main.
- Turville-Petre, Gabriel. 1966. *Haraldr the Hard-Ruler and his Poets*. [The Dorothea Coke Memorial Lecture in Northern Studies delivered at the University of London 1. December 1966]. H.K. Lewis, London.
- Yelena Sesselja Helgadóttir (Yelena Yershova). 2001. Kerfi bak við textann í *Háttatali* Snorra Sturlusonar: Kaflaskipting og flokkun bragarháttá. [Ópr. handrit. Háskóla Íslands].

## SUMMARY

'*Háttatal* by Snorri Sturluson. A descriptions of its metrics.'

**Keywords:** Prosody, Old Norse metrics, Snorri Sturluson's poetics.

The article examines the two-sided testimony of the *Háttatal* regarding Old Icelandic metrical forms and metrical learning. It is shown that the methodology used differs fundamentally from many later approaches, e.g. Sievers' analysis, which sees *dróttkvætt* as an outgrowth of eddic forms. The analysis presented in the prose sections of the *Háttatal* is on the one hand based on the (probably traditional Nordic) wisdom that alliteration forms the templatic supports for all poetic text, and on the other that the metres are defined in terms of the numbers (*tala*) of syllables (*samstofur*) and lines (*vísuorð*). The function of the hendings is also seen as constitutive to the metrical forms, and the difference between heavy and light syllables is clearly noted. Unlike the older *Háttalykill*, the *Háttatal* starts with the presentation of skaldic metres, which are seen as the most important poetic forms. Although Snorri's approach has in many respects an advantage over the Sievers model, for describing the complex rhythmical parameters at work in *dróttkvætt* and the other skaldic metres, he is unable to communicate the function of metrical strength and prominence alternation between strong and weak syllables. But this structure is described indirectly by reference to the placement of alliteration and the hendings. There is little reason to assume foreign influence on the form or purpose of *Háttatal*, and compared to the other Old Icelandic grammatical literature, the subject matter and the methodology is basically indigenous to the Nordic culture. It is likely that the prose and poetry was for the most part composed by one and the same person.

*Kristján Árnason*  
*Íslenskuskor*  
*Hugvísindadeild Háskóla Íslands*  
*Árماغarði við Suðurgötu*  
*IS-101 Reykjavík, Ísland*  
*kristarn@hi.is*

KÁRI GÍSLASON

## READING FOR SAGA AUTHORSHIP. A CHARACTER-BASED APPROACH

So I seemed to have arrived at this: doubtless  
I have methods, but they begot themselves, in  
which case I am only their proprietor, not  
their father.

– Samuel L. Clemens, *The Art of Authorship*.

THERE is no Old Icelandic word with the modern associations of originality, individual intellectual voice, artistic intention, and creativity that are generally connoted by *authorship*.<sup>1</sup> The terms used to describe saga writing in medieval Iceland emphasise quite different values, such as the value of repeating, of putting together, and of telling.<sup>2</sup> Yet readers may be justified in finding authorial voices in the sagas equivalent, in terms of creative design and historical consciousness, to modern novelists. Many sagas, after all, are great artistic achievements, combining dramatic intensity with social history and a national, often international, outlook. My aim here is to support the reading of saga authorship as a creative and interpretive act by connecting the methods char-

<sup>1</sup> Consider, for example, the *Shorter OED* definition of an *author* as ‘the person who originates or gives existence to anything’ (134) and *authorship* as the ‘occupation or career as a writer of books’ (134). This idea of *authorship* as a professional pursuit and one centred around the creativity of the individual is generally attributed to the desire of authors in the eighteenth century to make a living from their writing (see, for example, Jaszi 1991; Woodmansee 1984; Saunders and Hunter 1991; Barthes 1977; and Foucault 1979).

<sup>2</sup> Sverrir Tómasson discusses the Old Icelandic descriptors of what modern readers might alternatively regard as either creative and individual acts of story-telling or the work of a scribe. Noting the terms previously listed by M. I. Steblin-Kamenskij — *rita* (‘to write’), *skrifa* (‘to write’), *setja á bók* (‘set in/on a book’), *setja saman* (‘to put together’), *samsetja* (‘to put together’), *segja fyrir* (‘dictate’) — Sverrir Tómasson asks whether it is appropriate for us to use the term *author* as we use it today to talk about Old Icelandic writing, telling, and setting together (1988:182). For most, *authorship* has sufficed as an awkward fit for what the saga authors do.

acters of the sagas use to represent themselves and their world and the literary and historical aims of the saga authors, a link I call *secondary authorship* and which I will explain in detail in this essay. We will see that, while there may be a lack of Old Icelandic works dealing directly with the principles of literary and historical writing, there are nevertheless clues to be found in the way saga characters represent themselves and the situations in which they find themselves.

Despite the sagas' sophistication, scholars have tended to classify them either as highly creative works or as unconscious ethnographies of medieval Icelandic social norms. Neither approach is satisfactory, as each relies on an argument for artistic or non-artistic intention that is difficult to reconcile with the sagas themselves, which tend to manifest a range of aims, from creative to documentary, didactic to historical. The division between historical and literary approaches to the sagas has generally been unhelpful. One instance of this was that both book-prose and free-prose approaches failed to adequately recognise the fact that sagas are often episodic or by nature compilations, that, while *episodes* may have an integrity in terms of their historical outlook and fictiveness, the narrative voice of a saga *as a whole* is often more complex.<sup>3</sup> In this respect, saga writers may be viewed as expert weavers of tales, some inherited, some no doubt invented with the author's immediate audience in mind.<sup>4</sup>

The book-prose/free-prose divide should be more or less obsolete today, although recent sociological approaches to the literary aspects of the sagas have de-emphasised the question of authorship in a rather free-prose way, and literary anthropology of the sagas, originating with Turner's essay, has attempted to shift attention back to the sagas' historicity and credibility as products of thirteenth century cultural norms.<sup>5</sup> However, literary scholars may take some comfort in that Miller's, Jochens', Bagge's, and Byock's detailed accounts of early and medieval Iceland help to show that the case against the sagas' historical reliability has sometimes missed the point:<sup>6</sup> the family sagas

<sup>3</sup> On the 'integrity' of saga episodes, see Maxwell 1957-1961.

<sup>4</sup> See, for example, Clover 1984 and Úlfar Bragason 1986.

<sup>5</sup> Credibility in this respect is closely tied to the sagas' appearance as traditional narratives. See the recent discussion by Quinn (2000: esp. 32-37); and Gísli Sigurðsson (2000), who discusses the evolution of the debate about oral tradition and 'where the oral and written meet in a written text' (183).

<sup>6</sup> These scholars have been influenced by socio-anthropological approaches to the text. In this regard, see also Bauman's 1986 argument about the application to Old Icelandic literature of



represented *possible* and not actual events to their audience, and, as there was relatively little social change between the saga and writing ages, the sagas provide an accurate portrait of medieval Icelandic society, at least until the civil disturbances of the early 1200s. While there is a familiar circularity to this thesis – after all, our evidence for the difference between the saga and writing ages comes entirely from the writing age — the case for significant social continuity is more compelling than a modern reader’s assumption that the sagas take a largely ironic view of the ethical standards embodied in them.<sup>7</sup>

And yet the sagas are historical novels of a kind and in no way blind to the historical differences to which they give witness (see Harris 1986). When they feel the need, saga authors carefully explain differences between the worlds of their characters and their intended audience. In this respect, the authors of *Gísla saga Súrssonar* and *Eyrbyggja saga* are conspicuously helpful, the former interested in the difference of past ethical values and engaged in a ‘sympathetic effort to investigate their meaning and limits in concrete dramatic situations’ (Vésteinn Ólason 1998:174),<sup>8</sup> the latter an expert story-collector who builds a region’s history out of folk lore and ghost stories, biographies of leading figures, genealogical information, and histories of well-known disputes. For example, for all it tells us about competition for land, *Eyrbyggja saga*’s account of the elaborate means by which Snorri goði acquires the Helgafell farm functions, primarily, as a humorous story that adds

Geertz’ concept of performance (1993: esp. 131-34). Bauman, like the other scholars noted, attributes the beginning of anthropological approaches to the sagas to Turner’s 1971 essay.

<sup>7</sup> On the vexed question of defining the differences between the Sturlung Age and early Iceland, see esp. Einar Ól. Sveinsson 1953; Byock 1986; Miller 1990:40, 319; Jónas Kristjánsson 1998; Clover 1985:233; Clunies Ross 1994:675.

<sup>8</sup> In what seems to be a refutation of the drive in the 1970s and 1980s to read for strong thirteenth century moral statements in the sagas, Vésteinn Ólason insists that ‘efforts to transform the sagas into .... parables or moral tales, almost always end up obfuscating what matters most and diminishing the artistic and emotional impact of the works’ (1998:10-11). On Bakhtinian readings of medieval Icelandic literature, see Würth 2000 and, of medieval texts more generally, see Farrell 1995. Cf. Vilhjálmur Árnason’s approach as stated in his study of morality and social structures in the sagas (1985, 1991). He discusses the application of romance, humanist, and sociological approaches to the question (1991: esp. 157-160), and favours an approach which is directed towards studying the ethical power of social institutions to which individuals in the saga belong (163-164), the basis, that is, of the ‘sociomoral conflict which is of the essence of the sagas’ (164). On the sagas’ historical stance, see also Bagge 1992: esp. 63-64, and 1991: 30. On the saga authors’ recognition of changing ethical landscapes, see also Sayers 1996; Lönnroth 1969; Schach 1982; Allen:91-96. Regarding the critical reception of the *Gísla saga Súrssonar*, see esp. Sørensen 1986; Andersson 1968; and Vésteinn Ólason 1999 and 1998:167-174.

colour to the portrayal of the central character. The point it makes is that Snorri's ability to deceive is remarkable.

A significant factor in such issues of authorship and interpretation is the relative paucity of information from the medieval period dealing directly with the nature of creative and historical composition. Just as A. J. Minnis took as his starting point in the discussion of prologues in *Medieval Theory of Authorship* (1984) the absence of medieval documents directly concerned with the principles of literature, so too in Old Icelandic studies we are required to make up for a lack of explicit direction, for the most part taking the sagas' internal literary logic and implied ethical norms as the basis of discussions of authorial aims and likely audience responses. While this brings with it the dangers of over-interpreting the sagas and of imposing onto them modern, at times ill-fitting critical concerns, the lack of contextual materials has had its advantages, particularly in producing a field that was if not comfortable at least well familiar with authorial absences long before Barthes declared authors to be dead, and a field whose history of close reading meant that it was in a position to benefit from new critical and structural approaches to literature more generally (cf. Sverrir Tómasson 2002: esp. 202-03 and Torfi Tulinius 2004:159-165).

Neither are scholars of Old Icelandic new to the fraught nature of attempting to divide history from fiction, as the family sagas in particular integrate material held by the author and audience to be truthful with fictive elements borne out of generic conceits and individual imagination. Naturally, the family sagas are not post-modern texts, but post-modernism, with its emphasis on the uncertainty of authorial voice and meaning and textuality, has developed a set of critical tools that may help us to reassess equally modern assumptions about divisions of history and fiction, or at least support a less rigid approach to medieval Icelandic conceptions of the historical.

It is the case that in medieval studies more generally, the boundaries between literary-critical and historical scholarship have become less distinguishable:

Literary scholars must now engage some of the fundamental questions to which social and cultural historians have led them, while attempting to understand why the latter have fallen short of providing sufficiently nuanced answers – questions such as Foucault's in "What Is an Author": "How, under what conditions, and in what forms can something like a subject appear in the order of discourse?" ... As long as inquiry into specifically literary operations and conflicts is construed as a flight

from the socially and historically “real,” rather than the critical pursuit of distinctive medieval modes for shaping it, literary historians can have nothing of substance to offer to a cultural criticism that has for the most part been strangely obtuse about the formal properties and social dispositions of the medium in which its objects are given to inquiry – a medium of almost infinite variety before the age of print. (Middleton 1992:27)

So, too, saga authorship need not be viewed as a fixed category but rather a variable function of the text, one which saga authors do not appear to have limited to one or other rhetorical mode, be that the objective receptiveness of a scribe, the persuasiveness of a cleric who collects narratives and comments on them, or the creativity of an author who has been influenced by exotic literature (variations with parallels in Minnis’ division in terms of *scriptor*, *compilator* and *commentator*, and *auctor*; 1984: esp. 94-95 and 100-01).<sup>9</sup> For example, episodes which involve negotiation and persuasion in *Eyrbyggja saga* are narrated with great sophistication, each character, or side of the exchange, being given ample opportunity to make himself look good or bad. In a sense, it is this objective distance which makes the narration of Snorri’s Helgafell purchase a bitter one for Þorkr. The author purports simply to watch him make a fool of himself in front of Snorri, and the lack of overt narrative sympathy or antipathy, whereby the exchange seems to create its own moral discourse, has the effect of mocking Þorkr without the author having to cast him as internally immoral or, perhaps more importantly, having to justify Snorri’s moral nature. The author maintains a scribe’s position at the side of the action in order to allow the morality of the incident to be borne by the events themselves.

The author of *Vatnsdæla saga* sets himself a different task, certainly in terms of the rhetoric of the saga. He helps the narrative to reach fully into the mind of his characters and audience members. Situations are not given the chance to

<sup>9</sup> Chaucer’s self-conscious use of a compiler’s voice as a literary mode in *The Canterbury Tales* makes a useful comparison here: ‘... for the most part, Chaucer was content to assume the role of compiler and to exploit the literary form of *compilatio*. Indeed, so deliberate was he in presenting himself as a compiler that one is led to suspect the presence of a very self-conscious author who was concerned to manipulate the conventions of *compilatio* for his own literary ends... Chaucer was an author who hid behind the ‘shield and defence’ of the compiler.’ (Minnis 1984:210) Amongst the range of authorial voices adopted in the family sagas, one is analogous to the role Chaucer adopts, in which the saga author presents his creativity as a collection of pre-existing narratives.

speak for themselves, and the author's frequent recourse to proverbs suggests that he is unsure of the effect action can have on an audience if it is not accompanied by commentary of some sort. Generational tensions feature in this saga, as they do in many, but the author adopts the theme clumsily in his characterisation of Þorsteinn and Ingimundr (for example, when the former is thinking of his father's harsh words as he takes on the preterhuman Jökull).<sup>10</sup> The representation of the relationship between Ingimundr and his father Þorsteinn suffers from too much authorial interest: a falsely ominous air surrounds Ingimundr's youthful arrogance at the same time as his egoistical comments are praised, and it seems that the author struggles to find the right balance between his portrayal of Ingimundr's foolhardy youth and his desire to show that there is general community approval of Ingimundr's heroic qualities. The author has not abandoned objective saga style altogether but, perhaps when his confidence in the ability of the scene to carry the saga's moral rhetoric falters, he attempts an internal dialogue. This openness on the part of the author of *Vatnsdæla saga* contrasts vividly with the ability of many saga authors to develop their characters in understated ways.

After a brief comparison of the narrative voices in *Eyrbyggja saga* and *Vatnsdæla saga* we see that saga authors perceived their role differently, as well as the types of characters their stories would produce. It is unfortunate, then, that twentieth-century approaches tended to bind the saga authors to fixed types and looked for *either* tradition *or* individual creativity. If we translate the problem into contemporary theoretical terms, we might say that in the past saga authorship has been equated to intention rather than function, that despite their anonymity, saga authors were to be accorded personality and one set of aims or the other. Perhaps Julian Barnes' admittedly very modern conception of *authorship* as a range of aims and functions is a better starting point:

... the argument that every writer and reader has with himself or herself, the argument art never ceases to have with itself: Beauty v. Unity, Contemporary Relevance v. Future Durability, Primacy of Form v. Urgency of Message, Style v. Content, The Artist as Controlling Creator v. The Artist as Played-Upon Instrument, and so on. (217-218)

<sup>10</sup> Regarding generational tensions in the sagas, see Schach 1977 and Bragg who observes that 'literary themes and motifs having to do with father-son relations are quite common in the saga literature in general and must therefore have been of wide interest in the society that produced the sagas' (1997:8).

In the Old Icelandic context the last of these arguments – arguments as to the relative importance of the functions of authorship – has been seen as a duel between tradition and creativity, interestingly perhaps by the authors themselves. In *Gísla saga Súrssonar*, the ‘argument’ seems close to the surface, even if it not as easily recognised as the ironic voice of the modern novelist:

Nú sækja þeir Eyjólfir at fast ok frændr hans; þeir sá, at þar lá við sœmð þeira ok virðing. Leggja þeir þá til hans með spjótum, svá at út falla iðrin, en hann sveipar at sér iðrunum ok skyrtunni ok bindr at fyrir neðan með reipinu. Þá mælti Gísli, at þeir skyldi bíða lítt þat, — „munu þér nú hafa þau málalok, sem þér vilduð.” Hann kvað þá vísu:

Fals hallar skal Fulla  
fagrleit, sús mik teitir,  
rekkilót at røkkum,  
regns, sínum vin fregna.  
Vel hygg ek, þótt eggjar  
ítrslegnar mik býti;  
þá gaf sínum sveini  
sverðs minn faðir herðu.

Sjá er in síðasta vísa Gísla. (*Gísla saga* 1943:114-115)

[They attack him fiercely, Eyjolf and his kinsmen; they saw that their honour was at stake. They wound him then with their spears, so that his bowels begin to come out; and he gathers the bowels in with his shirt and ties them underneath with the cord. Then Gísli told them to wait a little – ‘You will finish up the case as you want to.’ He spoke a verse: Sheer goddess of shower / Of spear-shaft’s hall, cheer-heart, / Brave, bids of her lover, / Bold one, the cold tidings. / Fain am I though finely / Forged bright edges bite me; / My sire’s true sword temper, / Shows in his son’s life-close. This is Gísli’s last verse. (Johnston 1963:58)]

‘This is Gísli’s last verse,’ says the prose which brackets the verse, pausing in much the same way as Gísli’s attackers must pause in order to allow and to observe Gísli’s self-definition. The sentence contrasts sharply with the tone of the *vísa* itself, and this allows us to read for an authorial distance, as the author looks back on the *vísa* and recognises it as the character’s attempt to understand and express the situation at hand. The sentence’s narrative finality

may also reflect an authorial claim to the control of Gísli's poetry: the author knows the sequence of verses and their narrative shape. *Síðasta vísa Gísla* is a phrase with a cyclical quality, made up of three words which are phonetically and grammatically tied together, each word is in the possession of the other, an interconnectedness which reflects the positioning of Gísli's poems as the total possessions of Gísli. Gísli's poetry performs a distinct part of the meaning of saga as a whole; they are private statements of a world of thought that we can tie to Gísli's self-conception, but which also form part of the character's social world and part of that overall meaning developed and controlled by the saga author. The saga is polyphonic, allowing changing levels of control in the relationship between the author and his material. And in respect of both authorial distance and the self-consciousness credited to Gísli, we see the saga performing a *secondary authorship*, a character's act of representation that we could connect to our ideas about authorship in medieval Iceland.

Gísli's poems are situated separately and yet inside the world constructed by the author in much the same way as Egill Skallagrímsson's chamber is located separately and within the totality of the farmstead at Borg, a secret, private, and safe place in opposition to the exposed communal spaces of the household. The situation this time is the loss of a family member, Egill's son:

Mjök erum tregt  
 tungu at hrœra  
 eða loptvætt  
 ljóðpundara;  
 esa nú vænligt  
 of Viðurs þýfi  
 né hógdrægt  
 ór hugar fylgsni. (*Egils saga* 1933:246)

Egill tók at hressask, svá sem fram leið at yrkja kvæðit, ok er lokit var kvæðinu, þá færði hann þat Ásgerði ok Þorgerði ok hjónum sínum; reis hann þá upp ór rekkju ok settisk í ǫndvegi; kvæði þetta kallaði hann Sonatorrek. (*Egils saga* 1933:256-257)

[My mouth strains / To move the tongue, / To weigh and wing / The choice word: / Not easy to breathe / Odin's inspiration / In my heart's hinterland, / Little hope there. (Hermann Pálsson and P. Edwards 1976: 204)

As the poem progressed, Egil began to get back his spirits and when it was completed he tried the poem out before Asgerd, Thorgerd and his household. Then he got out of bed and took his place on the high-seat. He called the poem ‘Lament for My Sons’. (Hermann Pálsson P. Edwards 1976:209)]

The verse is the beginning of *Sonatorrek* and the prose a comment which follows the poem as a whole. It suggests, I think, an authorial conception of what the poem means to the character Egill. In itself, the first verse signals a range of concerns regarding both the internal and bodily nature of composition, as well as the objects of the act of composition. In addition, there is a relationship between the internal and physical struggle of the poet and the object of the poem: Bǫðvarr’s death is the cause of grief as well the poem’s supposed object, whilst grief creates both Egill’s dumbness (or the poetic theme of dumbness) and a very eloquent stream in the narrative within the *kvæði*. The *kvæði* successfully blends the physical and the psychic, the subject and the object. The prose comment, and the narrative of Egill’s loss frame the *Sonatorrek* as a whole and can be said to stand outside Egill’s personal and physical space. That is, the poem appears to look in, just as Egill’s daughter wishes to look in, to view what effect the poetic performance is having on the mood of the utterer.

The prose narration around the poem creates a chamber that is, in a literary sense, similar to the distance which the physical chamber represents for Egill’s relationship with his world and his various losses: the loss of poetic fluency, the loss of a son, and the loss of his youth and former strength. The prose comment about the poem goes on to follow the early life of the poem, that it is delivered to Ásgerðr and Þorgerðr, that Egill then resumes his place as head of the household, and that Egill himself names the poem *Sonatorrek*. The narration recognizes the life of the *skáld* and how the poetic act affects the *skáld*, and watches the *kvæði* move, firstly, from Egill to a discourse with himself within his room, secondly, an exchange with his family, and thirdly, into an expression of his household. Egill is being commented on in a way that emphasizes his belonging to an older, past world — to the historical Iceland of an earlier age as it is jointly conceived by the author and his audience. At the same time, the surrounding prose codifies the poem as a character’s private statement of self that *acts on* the author: here, the poetry and prose combine to form a dialogue between saga author and Egill, the poet of a saga, about the

nature of loss and its expression in verse.<sup>11</sup> That is, the saga author is engaged in a representation of authorship, a *secondary authorship* that, while some way from being a direct treatise on the nature of composition or literary effects, may nevertheless be useful when discussing conceptions of saga authorship. Although the author is portraying a character accepted by his audience as historically credible, the process by which the character represents the world around him may be imbued with, and indeed may influence, the saga authors' own, late medieval conception of how representation comes into being and then becomes accurate and true to sources, informative, analytical, artistically praiseworthy, and entertaining.

Aside from the composition and delivering of poems, perhaps the clearest example of *secondary authorship* is the widely-discussed instance of storytelling in *Þorgils saga ok Hafliða* during saga entertainment (*sagnaskemmtan*) at a wedding feast at Reykhólar, an event that suggests that even those sagas used as entertainment during celebrations and other important gatherings were scrutable.<sup>12</sup> The author explains who told which story and troubles over the truth value of sagas. An amusing exchange of verses concerning Þórðr Þorvaldsson's bad breath precedes the author's list of the entertainment at the feast. The author's apparent pleasure in this spiteful banter, and his later concern about what people think about the old stories, are candid acknowledgments of a world of thinking about well-chosen or memorable words and the contexts in which they are delivered. The sagas are not only representations,

<sup>11</sup> As one would expect, poetic composition has received a great deal of attention to date. Even recent scholarship about Old Icelandic poetic composition is immense (see generally Turville-Petre 1976; Frank 1978; Poole 1991; Clunies Ross 1998b; and regarding the characterisation of poets, see, e.g., Vésteinn Ólason 1998:144-145). In a recent article, Torfi Tulinius emphasizes the creative and intellectual links between saga events, poetic composition and the outlook behind it, and the nature of saga narratives (2001: see esp. 192-194), and discusses possible meanings behind the presence of both complex meaning and a conceit of God-given poetic talent (2001:198). See also Larrington 1993, who examines Old Icelandic wisdom poetry; especially interesting is her discussion of wisdom and knowledge in *Hávamál*, the guide to honourable conduct (see 1993:4-36; see further Toorn 1955): Old Icelandic wisdom poems defy normal narrative or chronological patterns (65), suggesting that in certain contexts knowledge and guidance are sufficient functions of textuality. That is, 'an aesthetic impulse is always at work in the organisation of the wisdom poem: with no inherent logical or chronological order, its structure becomes symphonic in character. Themes are taken up, allowed to drop, returned to in a different key or tempo, modulated until resolution is finally reached' (Larrington 1993:220).

<sup>12</sup> See further Foote 1955-1956; Úlfar Bragason 1994; Bauman 1986:135-137. See also Andersson and Gade's discussion of *Morkinskinna* (2000: esp. 963, and *Morkinskinna* ch. 42).



they often thematise the act of representation, seeking in a sophisticated way to understand communication in and of the past.

*Secondary authorship* need not be limited to such clear-cut instances of composition. Other representational if less creative discourses may also reflect conceptions of saga authorship if the character's speech or behaviour can be analysed in terms of the modes of representation that are encoded in them and not merely in terms of the characters' plot function.<sup>13</sup> This necessarily casts a rather wide net, and may open the approach to the criticism of taking common features of all literature as starting points in a discussion of the specific authorship context in medieval Iceland. However, the aim of the *secondary authorship* approach is to expand the range of texts that can be used in discussing saga authorship, and as such a broad definition of *secondary authorship* is preferable to a narrower, if more precise one: this allows us to at least begin by looking at a wide range of representations by characters, taking each as a potential reflection of how saga authors conceived of literary representation.

Persuasion and advice, for instance, often involve expressions of how characters in the sagas interpret events and other characters, as can the very detailed legal arguments which the family sagas at times relish at the cost of narrative momentum.<sup>14</sup> If one function of saga authorship is to preserve legal history, then characters' fascination with legal detail is an instance of characters making representations on a theme taken up by the genre as a whole:

<sup>13</sup> Compare Cook's emphasis on will in the family sagas in 1973: 'in the typical actions of the saga the inner life is played down in favour of manifestations of the will' (93). Such expressions of the will include whetting (97-101), requests for aid (102-105), trickery (105-106), persuasion and reluctance (106-108), warnings which demonstrate the object's unyielding will (108-109), and wise refusals (111-112). Amory's (1991) categories of saga speech acts, namely refusals of requests (64-68), breaches of contract (68-73), threats (73-74), insults (74-77), and challenges (77-80) are also starting points for an analysis of the sagas that is, although with a sociolinguistic emphasis, similar to my idea of *secondary authorship*. Speech act theory does not stress the authorial nature of words but their relation to other modes of social performance and various performance structures. It is this interest in words as social functions, anthropologically aligned with physical actions rather than ironic narratives, that distances speech act theory from my notion of *secondary authorship*, and I do not consider Amory's formulation of social exchanges in the sagas to be immediately applicable here. See also Bonner and Grimstad 1996, who have collaborated as linguist and literary scholar on a dialogue analysis of *Hrafnkels saga freysgoða* (5); they develop a performative approach that can be linked to arguments by Amory 1991 and Bauman 1986.

<sup>14</sup> Regarding legal advocacy in the saga age, see, for example, Lönnroth 1976:88-102, and, more generally, Miller 1990; Byock 1982 and 1986; and Berger 1976 and 1978-1981.

the characters and plot share a role in defining the narrative as partly legal and the law as partly narrational in nature. Likewise, insults provide characters with the opportunity to sum up and represent important features of another character's life, perhaps the most famous example of which is Skarpheðinn's self-destructive verbal abuse of chieftains in *Brennu-Njáls saga*, when Njáll attempts to secure support after the killing of Hǫskuldr Þráinsson. Such insults can be read as a reflection of the saga authors' interest in characters' fame as well as the authors' pleasure in a form of characterisation that juxtaposes the action with a character's reputation, both distinguishing features of the family saga genre.<sup>15</sup>

Impressive rhetoric in the sagas is given to women inciting men to violence (Cook 1992:40). Such female whetting, and incitements to violence by other characters dependent on men, is to be found predominantly in the family sagas, but they are also present in *Sturlunga saga* (for example, in *Íslendinga saga*, the whetting of Eyjólfur prior to the burning at Flugumýri), and indicate to us something of the power that well-timed or highly-charged language could give to those otherwise disenfranchised (Miller 1990:212-13).<sup>16</sup> Dreams are also of interest here. They, like insults and calls to action, often contain intertextual allusions to the mythical world or to the past more generally, a configuring of historical and mythical characters that can be performed in order to vocalise a prediction, understanding, and interpretation of the meaning of events in the saga. Saga characters themselves recognise these functions of dreams and, as we see in the case of Guðrún's discussion with Gestir in *Laxdæla saga*, the meanings possessed and generated by dreams must be interpreted by those who, perhaps rather like saga authors, are wise enough to understand the

<sup>15</sup> There has been considerable discussion of sexual libel, or *níð* (e.g., Gade 1986; Jochens 1992; Sørensen 1980). Clunies Ross 1986 examines the ways in which truth is thematized by virtue of the saga society's closeness to oral art, and considers the development of complex poetry as a means of veiling criticism and maintaining a poetic elite. Of course, here, the legal regulations of *níð*, some of which are to be found preserved in the medieval law code *Grágás*, can be viewed as a regulation of authorship and speech, and reflect a sensitivity to honour quite as elaborate as modern defamation laws. The situation 'favoured the development of an elaborate formal means of slandering others while appearing to produce quite innocuous utterances' (Clunies Ross 1986:65). Finlay 1990-1993 discusses the role of insults in the so-called *ástarsögur* (romantic sagas), in which insults are structured as part of a feud narration (see esp. 170-171). See also Swenson 1991.

<sup>16</sup> See further Clover 1986; Jochens 1986 and 1996; Frank 1973; Helga Kress 1977. Cf. Cormack 1994; Sigurður Nordal 1941; Scott 1985. See also B. Sawyer 1980 and 1990; Vésteinn Ólason 1998:147-156.

significance of the appearance, in narratives, of mythical beings and other famous characters of the past.<sup>17</sup>

In a similar way, reports often function to relate information from a character's perspective or in a way that reflects the disposition of the characters listening. Important saga characters, especially kings who are assisted by a large body of retainers, rely on others to report events that will affect them. In *Sturlunga saga*, too, spies are employed to discover the movement of opposing forces, and the ability to judge the accuracy or inaccuracy of their reports appears to be one of the key skills of a thirteenth century chieftain. The oratory skill of such figures, too, seems to have been of interest to authors and audiences. Perhaps the kings' sagas informed leaders about the successful conduct of political careers, in which case the oratorical skill of saga characters must have been valuable because its forms and structures could, even in the Icelandic social context, be copied for tone and content (see Bagge 1991 and 1996). Similarly, patterns of advice in the kings' sagas can be regarded as part of the sagas' overarching function as paradigms of advice.<sup>18</sup>

Elevated direct speech, or dialogue between characters that carries special significance for the plot, though often brief, can be regarded as a key aspect of saga characterisation and as a moment in which an author's conception of issues facing the saga society comes to the fore. I have in mind characters' speech during critical moments, such as when key decisions are made, when final words during battles are spoken, in death scenes, or in those moments when saga authors appear to betray something of a character's inner world – enigmatic phrases like *fogr er hlíðin* and *en nú falla vötn öll til Dýrfaðar* are

<sup>17</sup> Significant dream narratives feature in the family sagas, the kings' sagas, and in *Sturlunga saga* (see Glendinning's two studies of Sturla Þórðarson's dreams in *Íslendinga saga*). As Clunies Ross observes, intertextual aspects of characterisation in *Íslendinga saga* help to enhance the status of thirteenth century political figures like Snorri (1994: 680-683; cf. Boyer 1975). Central characters' relationship with the past in *Heimskringla* are more problematic. For those who, like the two Óláfrs, are pressing for conversion to Christianity, the heathen past represents an opposition force, one that must either be negotiated or overcome. One of Óláfr Tryggvason's victories over his heathen opponents comes when he is able to interrupt the relationship which the *bændr* conceive between themselves and the heathen gods: Óláfr insists on a sacrifice of the leading men in the district (*Óláfs saga Tryggvasonar* ch. 67, 315-316). For our study of secondary authorship, Óláfr's discussion of the past is interesting because it appears to recognize a difference of past and current heathen practice, and manipulates that difference in order to achieve a political point.

<sup>18</sup> Speeches of this kind are rare in the family sagas, but, as Brown argues, *Borgils saga ok Hafliða* does share the kings' sagas' pleasure in kingly rhetoric.

perhaps the most famous.<sup>19</sup> Laughter sometimes carries a similarly oblique power, heroic laughter in the face of fate or danger offering audiences an opportunity to pinpoint the time at which a character perceives the overall meaning of the events in which he/she is caught. It is this sense of a character's recognition that gives to laughter the features of *secondary authorship*: laughter can express a crystallisation in a character's perception of his/her fortunes (G. Clark 1994:184, for instance, suggests that Hallgerðr's laughter in *Brennu-Njáls saga* represents her assurance that Þjóstólfr must die).<sup>20</sup>

To sum up: Much of the drama of the sagas comes when characters make major decisions or when characters respond conspicuously to the events around them. In such moments, saga authors are given an opportunity to place historical events in the context of directly expressed reactions. This not only adds an intensity and an insightfulness that are difficult to achieve by an exterior perspective; it provides the opportunity for the audience to view events with sympathy, empathy, and with a sense of the drama that is unfolding. In such moments, characters perform a *secondary authorship*; that is, while they may not express directly an author's view of the events of the saga, characters are themselves engaged in a kind of authorial activity and thus may offer an insight into saga authors' ideas of authorship and its limits. Thus, a discussion of

<sup>19</sup> Lönnroth's study of *Brennu-Njáls saga*, for instance, makes it clear that the author of that saga was well-read, and that such comments as this one by Gunnarr, and Njáls's beautiful expression of his grief at the loss of Hǫskuldr — 'when I heard that he had been slain I felt that the sweetest light of my eyes had been put out' (Cook 2001:207) — indicate something of his reflections of how Christian writing might be used in a local context (see Lönnroth 1976: 153-157 concerning connections with *Grænlandinga saga* and *Alexanders saga*, 102-105 on a clerical influence, esp. 116-126 regarding the influence of Romance literature on Gunnarr's characterisation; see also the note to Cook 2001:332).

<sup>20</sup> For Clark's argument for dynamic characters in the sagas, see especially 175-176. Consider, too, how much is captured by Snorri Sturluson's response to Hallveig Ormsdóttir in *Íslendinga saga*: „En þat var Hallveig Ormsdóttir er þá var færikust á Íslandi. Snorra þótti hennar ferð heldr hæðileg ok brosti að” (*Sturlunga saga* 1988:284-285); 'And it turned out to be Hallveig Ormsdóttir, who was then the richest woman in Iceland. To Snorri, her mode of travel seemed rather ludicrous, and he smiled at it.' Sturla Þórðarson, the author of this account and Snorri's nephew, could well have enjoyed this story, and the rather amusing reflection of Snorri's wit that it suggests. The story is given added bite by the fact that Snorri is outdone by Sturla Sighvatsson in the quest for Solveig — „þótti mönnum sem hann [Snorri] hefði til annars ætlað” (286; 'it seemed to men as if he [Snorri] had other plans' for a union with Solveig) — and by Snorri's eventual partnership with Hallveig: „Hafði Snorri þá miklu meira fé en engi annarra á Íslandi” (290) — 'Snorri then had much more property than anyone else in Iceland' (my translations). On Snorri's relationship with Hallveig, see Jochens 1994:459. On laughter in the sagas, see also Le Goff 1992.

concepts of saga authorship is not entirely dependent on historical arguments about the evolution of medieval literature, but rather can include reference to a wide variety of behaviour and representation present in the sagas themselves.

It is apparent from the list of examples given above that an analysis of the functions of saga authorship based on *secondary authorship* is textual and relies heavily on close analysis of characterisation in the sagas. In this respect, the approach can be tied in with scholarship by those interested in the scope and depth of characterisation in the family sagas. *Secondary authorship* tends to highlight authorial skill and differences within the saga corpus and in this way supports scholarship on saga characterisation by Vésteinn Ólason,<sup>21</sup> Cook,<sup>22</sup> Foote, Schach,<sup>23</sup> and Einar Ól. Sveinsson.<sup>24</sup> Additionally, the sense of authorship developed by Bagge in his various studies of medieval historiography, particularly his discussions of the educative strand in these works, the effect of their episodic structure, and the close connection of character and history in the sagas,<sup>25</sup> suggests medieval Icelanders attached great value to

<sup>21</sup> See, e.g., Vésteinn Ólason 1998:esp. 98-99, 101-106. On Vésteinn Ólason's desire for increased scholarly attention to characterisation, see 135-138.

<sup>22</sup> Cook stresses that the characters of the family sagas are interesting "in their own right" (1973: 88). See also Cook 1989 and 1992. For an early example of a psychological approach to the sagas, see Hight (1928-1929), who observes that despite the minimal vocabulary of inner life in the sagas, 'an act here, a word there, will often reveal to the attentive reader the whole secret of a situation' (70). See also Wilson 1969.

<sup>23</sup> See esp. Schach 1978, where the author lists the main forms of character portrayal in the sagas, including introductions, contrast, juxtaposition, descriptive passages, and what is described as 'character by instalments' (see 254-257) or the repetition of a characteristic for a particular effect. See also Schach 1972 and 1977 for slightly earlier indications of Schach's scholarship, which can be regarded as a leading attempt to shift focus from structure to sophisticated saga characterisation.

<sup>24</sup> Einar Ól. Sveinsson's discussions of *Brennu-Njáls saga* are the best illustration. Cf. Lönnroth, 1970:esp. 155-158; Gurevich 1992a; and Miller 1992:esp. 105. Both Gurevich and Miller argue for disposition-based characterisation in the sagas. See also the socio-linguistic approach to emotions in Heinrichs (1972:esp. 25-28); and Dronke's interpretive method in her discussion of *Brennu-Njáls saga* (1981:esp. 5).

<sup>25</sup> Bagge, in his study of *Heimskringla*, argues that Snorri Sturluson was more than a compiler because he 'reflected on what to include or not' (1991:31), a definition which would see the compiler of *Sturlunga saga* in the category of author (see, e.g., Tranter's comparative analysis of *Hrafn's saga Sveinbjarnarsonar*; Guðbrandur Vigfússon 1878:xcix-cxii) and which certainly dispels any doubt about Snorri Sturluson's status as an author. As Andersson points out, narrative control of history (and for what end that control is sought) is an important metaphor for Bagge: concerning the account of the Battle of Fimreite in *Sverris saga*, Bagge writes, "the author not only fails to give an account of Sverrir's strategy but narrates the events in a

characterisation, especially the relationship between character and success.<sup>26</sup> For example, Bagge considers Snorri's biography of Saint Óláfr (in *Óláfs saga helga*) as an integration of persuasive tools drawn from the world of literature and of ethics, whereby stranding and scene shifting are combined to heighten both coherence and the possibility of audience empathy or distaste (for example, Bagge 1991:42).<sup>27</sup>

A number of objections can be made to assuming that there are echoes of saga authors' interests in the speech and action of their characters. Firstly, saga characters often inhabit a very different social context to saga authors, and are confronted with choices which an author must only be able to imagine. Such an author may never be forced to decide on whether to accept a sentence of outlawry or go into hiding in the Icelandic highlands. This, in itself, does not constitute an obstacle for *secondary authorship*, as I am not asking whether the lived reality of early Icelanders or of Scandinavian kings and earls was the same as that of medieval Icelandic authors. Even if that were the case, we would still have to avoid any automatic correlation of outlook between characters and authors. Rather, the aim here is to show that saga authors thematised representation and interpretation as a stage in recognising and reaching across such distances of time and place.

A second objection, and one that often lies behind structural or formal readings of sagas, is that we ought not to exaggerate the individual creativity behind saga characterisation. This argument is based on two sensible propositions: firstly, that saga authors were often the inheritors of traditions about figures of the past, and so may not have had much in the way of creative free-

way that directly seems intended to obscure it" (1996:43; see also Bagge 1993). These historians are active in promoting particular points of view and, as is suggested by the combined structuralist/social analyses done in the field (e.g., Lönnroth 1976), Icelandic authors were not immune to European influence or a medieval tendency to be heavy-handed in pushing a particular bias, ethical point of view, or to writing with a distinct aim in mind (e.g., 1996: 91-93 in relation to Sturla Þórðarson's authorship, in 1265, of *Hákonar saga Hákonarsonar*). In this regard, the sagas are not a special case; the objective veil created by saga style is often very thin indeed (Lönnroth 1970; Schach 1970a; Whaley 2000). Especially in later works, saga authors are capable of taking a morally instructive point of view (Vésteinn Ólason 1998:180-86).

<sup>26</sup> See also the character-basis of historical writing in *Morkinskinna*; as Andersson and Gade observe, their careers are described 'less in terms of political history as in terms of character study'" (2; see also 62-63 for Andersson and Gade's discussion of reflexive literary comments in *Morkinskinna*).

<sup>27</sup> Cf. the approach to medieval historiography in Wallace-Hadrill 1981: esp. 46 and 54-57.

dom, and secondly, there are discernible character *types* in the sagas, suggesting that conventions or patterns governed the representation of some events (for example, the reception of Icelanders abroad). This objection is part of a larger methodological divide in literary studies between unifying approaches to literature and readings that concentrate on difference.<sup>28</sup> My position is that the identification of character types is a fair caveat to place on reading for character and difference in conceptions of authorship, but I would also stress that although some characters are portrayed in a way consistent with similar figures in other sagas, the author still has scope to offer his own understanding of that character. It is these instances of understanding, often expressed through *secondary authorship*, that are of most interest here.

A third objection, at the other extreme, is that to look for reflections of medieval authorship in the way characters represent themselves is to downplay the authors' creative abilities, that is, their sophistication in creating highly differentiated characters who have their own integrity. We must accept that medieval authors' creativity, in some instances, restricts our study of authorial connection with characters, and my tendency is to presume a high level of literary competence. Of course, I am here concerned with just this type of variation in saga characters' self-conception, and it is of equal interest when authors create characters who are portrayed as different to them or when authors suggest that characters belong to another world or ethical era.

As well as connecting with work by scholars on characterisation, *secondary authorship* also has the benefit of tying in with readings of the sagas in terms of the *mentalité* that is represented in both the act of saga composition and the worlds which the sagas portray.<sup>29</sup> This has been a particularly useful approach in relation to mythical aspects of the Icelandic literary imagination (for example, Gurevich; Clunies Ross; Sørensen), and has come to be part of a broadly accepted philological apparatus which also blends historical linguistics,

<sup>28</sup> We might follow Harris's observation and suggestion that 'one of the sacred paradoxes of literature, or at least of narrative literature, is that of multiformity within uniformity, and properly understood uniformity is not a criticism but a tool of criticism for coming to terms with conflicting claims of the Many and the One' (1972: 27).

<sup>29</sup> *Mentalité* describes the existence, or retrospective abstraction, of a common intellect at a given time; its proponents seek out 'evidence of collective intellectual purpose' (Gurevich 1992b:4). That is, 'a chaotic and heterogeneous stream of perceptions and impressions is converted by consciousness into a more or less ordered picture of the world which sets its seal on all human behaviour. The subjective side of the historical process, the manner of thinking and feeling particular to people of a given social and cultural community, thus becomes part of the objective process of history' (8).

source-analysis, and studies in folklore. In *Prolonged Echoes*, Clunies Ross has discussed Sørensen's approach as a new historicist one, as he attempts to define a social picture, drawn from a range of texts, for juxtaposition with literary texts. This approach enables us to differentiate self-conscious literary aims of saga authors and the underlying values in their work, or the unconscious authorial self-expression that helps to shape, at a fundamental historical level, the interpretive nature of saga authorship.

In this regard, a key aspect of a *secondary authorship* approach is that it suggests that the authorial function is capable of great variety, that it is *multi-functional*, a conception of saga authorship that dovetails with new historicism's insistence that the social energy in literature speaks, not as 'blazing genesis' but through 'complex, ceaseless borrowing and lendings' (Greenblatt 1998:7) – there can be a more detailed understanding of the historical past which *coexists* with our differentiation of past perspectives and an appreciation of the distortions that may arise when scholars attempt to create unified historical narratives. This is a powerful development for approaches to Old Icelandic literature and one that reminds us of Middleton's comments above: these point the way for a discussion of cultural practices, such as authorship, in positive terms, despite the texts' uncertain relation to tradition, historical reality, and social developments of the thirteenth century. Although 'there can be no single method, no overall picture, no exhaustive and definitive cultural poetics' (Greenblatt 1998:19), there does remain the possibility of analysis and discussion of authorship and its relation to an historical period. While it may not be possible for us to trace the development of a classic style which embodies a single definition of saga authorship, a meaning remains, apart from our own, which informs our interpretation of the sagas and the concepts of authorship they reflect. Variation in the narrative voice supports the identification of diverse functions of saga authorship: the way that sagas characters represent themselves and their world can assist us in developing a nuanced view of these functions.

Our approach to the sagas should not be premised on the notion that the literary quality of the sagas can be subtracted during the search for reality itself: there the question ceases to be about the outlook behind saga composition, and instead asks how to account for the sagas' literary affectations in the process of the greater goal of describing a culture. Approaches which insist that 'behind genre there is life' (Hastrup 1986:9) are in danger of re-writing the sagas. The agency of the audience and the strengths of saga conventions gave historical power to certain incidents, for instance, the warrior-poet Egill's



recovery through poetic composing from the death of his son. Whatever medieval audiences might have thought of the plausibility of the incident, the *Sonatorrek* is consistent with both Egill's earlier characterisation and the saga as a whole, a biography of an egoist who can drink from the cup of Óðinn and fight like the greatest of Vikings. This blend of mythic and heroic narratives makes Egill's response to his son's death a credible one, even if no-one in medieval Iceland had ever seen a large, ugly, and violent fellow like Egill commemorate the death of a son in verse.

Saga authorship and the medieval reception of saga narratives are highly accommodating – the saga form permits a wide range of material and modes of narration to be included. Saga authors deploy a mix of narrative voices in order to produce a literature that is sophisticated in its conception of historical figures but which is also sensitive to a social need to preserve and perform traditional modes of narration. The idea of *secondary authorship* supports a complex conception of saga authorship by linking the variety in characters' representations to saga authors' aims: Saga authorship is multi-functional, these functions sometimes seemingly at odds.

Partly concealed by the sagas' narrative objectivity, an 'argument' about the function of authorship can nevertheless be identified, as we saw above in *Gísla saga Súrssonar* and *Egils saga Skalla-Grímssonar*. The argument, a tension between the authorial functions of preserving and interpreting poems, is less self-consciously incorporated in this writing than in other literatures,<sup>30</sup> but as I noted before it is evident enough for many scholars to have argued that the free-prose/book-prose debate is simplistic. For example, in a series of influential articles and a major treatment of *Brennu-Njáls saga*, Lars Lönnroth showed that, in the hands of a skilled saga author, it was possible to adapt oral traditions to serve as allegory and even political rhetoric.

Tradition and the demands of the public largely determine what should be in the house, and certain sections leave very little room for innovation. Other sections, however, and the overall design are left to the architect, even though he may often have to compromise his basic vision to make room for all the things which are felt to 'belong'. (Lönnroth 1976:39)

<sup>30</sup> See Andersson's position in *Icelandic Family Saga*, in which he writes that 'the saga comes very close to pure narrative without ulterior motive of any kind, much closer, for example, than the modern practitioners of objectivity, whose work is, after all, socially and philosophically loaded' (1967:32). Compare more recent scholarship by Andersson (for example, 1989: esp. 40, and 1994).

The architect is constrained by conventions and expectations, but liberated by counter-balancing functions: to be inventive and instructive. Set ideas about famous characters will limit creativity, as will traditions of form and style, not least the saga conceit of exteriority of narrative point of view. Sometimes, sagas even seem to be truthful in a “syncretic” way, the text apparently intended as a transparent document of past reality.<sup>31</sup> In this sense, the sagas are documents of reality, the authorial functions chiefly those of recording and preserving historical material, including narratives, laws, genealogies, and poetry.

Thus, while we might say that the first function of saga authorship was to preserve information of the past, whereby the text has a quasi-legal, even constitutional character, this function was compatible with others with more openly interpretive elements. The settlement, the introduction of Christianity, and “the Icelanders’ self-identification as the custodians of their own and all Scandinavia’s traditional history and culture” (Clunies Ross 2000:117) motivated Icelanders to produce a large amount of literature with what appears to have had “an ordering, authoritative aim, one in which the country is viewed as an independent entity, a kingdom without a king” (Sørensen 2000:14). Historical writing was the means by which Iceland, in its religious and culturally self-conscious projects of preservation, came to be expressed and incorporated into useful narratives. Yet preservation coalesced with interpretive and educative aims — placing Icelandic history in the context of the Christianisation of Northern Europe, understanding the motivations of complex characters, and discerning changes in Icelandic society since its formation in the ninth century. Such aims often come to the fore during moments of *secondary authorship*.

<sup>31</sup> Steblin-Kamenskij writes that ‘whoever reported syncretic truth about the past strove simultaneously for accuracy and for reproduction of reality in all its living fullness’ (1993:24). Attributing this approach to the past means looking beyond modern distinctions of fiction and truth. He writes that a ‘literary work is not something in and by itself, but something in which a certain interpretation is implicit. A work of conscious artistic invention is as a rule intended to be understood as artistic invention. But the family sagas obviously do not belong among such works....Fiction in the sagas is, so to speak, ‘latent’ fiction, fiction which the saga creators regarded as permissible, remaining within the limits of truth.’ (31)

## BIBLIOGRAPHY

*Primary Literature*

- Brennu-Njáls saga. 1954. *ÍF* XII. Ed. Einar Ól. Sveinsson. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Njal's Saga*. 2001. Trans. Cook, Robert. Penguin, London.
- Egils saga Skalla-Grímssonar. 1933. *ÍF* II. Ed. Sigurður Nordal. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Egil's Saga*. 1976. Trans. Hermann Pálsson and Edwards, Paul. Penguin, Harmondsworth.
- Eyrbyggja saga. 1935. *ÍF* IV. Ed. Einar Ól. Sveinsson. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Gísla saga Súrssonar. 1943. Vestfirðinga sögur. *ÍF* VI. Eds. Björn K. Þórolfsson and Guðni Jónsson. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- The Saga of Gisli*. 1963. Trans. Johnston, George. J. M. Dent, London.
- Grágás*. Laws of Early Iceland. 1980. Vol. 1. Eds. and trans. Andrew Dennis, Peter Foote, and Richard Perkins. University of Manitoba Press, Winnipeg.
- Heimskringla I-III. 1941-1949. *ÍF* XXVI-XXVIII. Ed. Bjarni Aðalbjarnarson. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Íslendingabók. 1968. Íslendingabók, Landnámabók. *ÍF* I. Ed. Jakob Benediktsson. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Laxdæla saga. 1934. *ÍF* V. Ed. Einar Ól. Sveinsson. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Morkinskinna*. The Earliest Icelandic Chronicle of the Norwegian Kings (1030-1157). 2000. Trans. Theodore M. Andersson and Kari Ellen Gade. Cornell University Press, Ithaca.
- Sturlunga saga*. 1981. Ed. Guðni Jónsson. Íslendingasagnaútgáfan, Reykjavík.
- Sturlunga saga*. Skýringar og fræði. 1988. Ed. Örnólfur Thorsson et al. Svart á Hvítu, Reykjavík.
- Porgils saga ok Hafliða*. 1952. Ed. Ursula Brown. Oxford U P, London.
- Vatnsdæla saga. 1939. *ÍF* VIII. Ed. Einar Ól. Sveinsson. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

*Secondary Literature*

- Allen, Richard F. 1971. *Fire and Iron*. Critical Approaches to Njáls saga. University of Pittsburgh Press, Pittsburgh.
- Amory, Frederic. 1991. Speech Acts and Violence in the Sagas. *ANF* 106:57-84.
- Amory, Frederic. 1992. The Medieval Icelandic Outlaw. Lifestyle, Saga, and Legend. *From Sagas to Society*. Comparative Approaches to Early Iceland:189-203. Ed. Gísli Pálsson. Hisarlik, Enfield Lock.
- Andersson, Theodore M. 1967. *The Icelandic Family Saga*. An Analytical Reading. Harvard University Press, Cambridge/ Mass.
- Andersson, Theodore M. 1968. Some Ambiguities in *Gísla saga*. A Balance Sheet. *BONIS*:7-42.
- Andersson, Theodore M. 1989. The Displacement of the Heroic Ideal in the Family Sagas. *Sagas of the Icelanders*. A Book of Essays:40-70. Ed. J. Tucker. Garland P, NY.

- Andersson, Theodore M. 1994. The Politics of Snorri Sturluson. *JEGP* 93:55-78.
- Andersson, Theodore M. 2000. Character and Caricature in the Family Sagas. *Studien zur Isländersaga*. Festschrift für Rolf Heller:1-10. Eds. Heinrich Beck and Else Ebel. Walter de Gruyter, Berlin.
- Bagge, Sverre. 1993. Ideology and Propaganda in *Sverris saga*. *ANF* 108:1-18.
- Bagge, Sverre. 1996. *From Gang Leader to the Lord's Anointed*. Kingship in Sverris saga and Hákonar saga Hákonarsonar. Viking Collection Studies in Northern Civilization 8. Odense University Press, Odense.
- Bagge, Sverre 1992. From Sagas to Society. The Case of *Heimskringla*. *From Sagas to Society*. Comparative Approaches to Early Iceland:61-75. Ed. Gísli Pálsson. Hisarlik, Enfield Lock.
- Bagge, Sverre. 1991. *Society and Politics in Snorri Sturluson's Heimskringla*. University of California Press, Berkeley.
- Barnes, Geraldine. 1990. Authors, Dead and Alive in Old Norse Fiction. *Parergon* 8:5-22.
- Barnes, Julian. 2002. *Something to Declare*. Picador, London.
- Barthes, Roland. 1977. The Death of the Author. *Image-Music-Text*:142-148. Ed. and trans. Stephen Heath. Fontana, London.
- Bauman, Richard. 1986. Performance and Honor in Thirteenth Century Iceland. *Journal of American Folklore* 99:131-50.
- Berger, Alan. 1976. Old Law, New Law and *Hænsa-Þóris saga*. *Scripta Islandica* 27:3-12.
- Berger, Alan. 1978-1981. Lawyers in the Old Icelandic Family Sagas. Heroes, Villains and Authors. *Saga-Book* 20:70-79.
- Bonner, Maria, and Grimstad, Kaaren. 1996. *Munu vit ekki at því sættask*. A Closer Look at Dialogues in *Hrafnkels saga*. *ANF* 111:5-26.
- Boyer, Régis. 1975. Paganism and Literature. The So-Called 'Pagan Survivals' in the *Samtíðarsögur*. *Gripla* 1:135-167.
- Bragg, Lois. 1997. Generational Tensions in *Sturlunga saga*. *ANF* 112:5-34.
- Byock, Jesse L. 1982. *Feud in the Icelandic Saga*. University of California Press, Berkeley.
- Byock, Jesse. 1986. The Age of the Sturlungs. *Continuity and Change*. Political Institutions and Literary Monuments in the Middle Ages. A Symposium:27-42. Ed. Elizabeth Vestergaard. Odense University Press, Odense.
- Byock, Jesse. 1992. History and the Sagas. The Effect of Nationalism. *From Sagas to Society: Comparative Approaches to Early Iceland*: 43-59. Ed. Gísli Pálsson. Hisarlik, Enfield Lock.
- Byock, Jesse. 1988. *Medieval Iceland*. Society, Sagas, and Power. University of California Press, Berkeley.
- Clark, George. 1994. Hallgerðr Höskuldsdóttir. Her Domestic Economy and the Realization of her Mixed Moral Nature. *Samtíðarsögur*. Proceedings of the Ninth International Saga Conference:174-187. [Ed. Sverrir Tómasson]. Alþjóðlegt fornsagnanþing, Akureyri.
- Clemens, Samuel L. 1998. ["The Art of Authorship"]. *The Norton Anthology of American Literature*: 217. Gen. ed. Nina Baym. Norton, NY.
- Clover, Carol. 1982. *The Medieval Saga*. Cornell University Press, Ithaca.
- Clover, Carol. 1985. Icelandic Family Sagas. *Old Norse-Icelandic Literature*.

- A Critical Guide:239-315. Eds. Carol Clover and John Lindow. Cornell University Press, Ithaca.
- Clover, Carol.1986. Hildigunnr's Lament. *Structure and Meaning in Old Norse Literature*:141-183. Eds. John Lindow, Lars Lönnroth, and Gerd W. Weber. Odense University Press, Odense.
- Clunies Ross, Margaret. 1986. Concepts of Truth and Falsehood, Fair Description and Misrepresentations in Medieval Icelandic Writings. *Sydney Studies in Society and Culture* 3: 61-73.
- Clunies Ross, Margaret. 1989. The Art of Poetry and the Figure of the Poet in *Egils saga*. *Sagas of the Icelanders*. A Book of Essays:126-145. Ed. J. Tucker. Garland P, NY.
- Clunies Ross, Margaret. 1994. Myth and Society in *Íslendinga saga*. *Samtíðarsögur*. Proceedings of the Ninth International Saga Conference:674-688. [Ed. Sverrir Tómasson]. Alþjóðlegt fornsagnaþing, Akureyri.
- Clunies Ross, Margaret. 1993. The Development of Old Norse Textual Worlds. Genealogical Structure as a Principle of Literary Organization in Early Iceland. *JEGP* 42:372-385.
- Clunies Ross, Margaret. 1998a. Land-Taking and Text-Making in Medieval Iceland. *Text and Territory*. Geographical Imagination in the European Middle Ages:159-184. Eds. Sylvia Tomasch and Sealy Gilles. University of Pennsylvania Press, Philadelphia.
- Clunies Ross, Margaret. 1998b. *Prolonged Echoes*. Old Norse Myths in Medieval Northern Society. Odense University Press, Odense.
- Clunies Ross, Margaret. 2000. The Conservation and Reinterpretation of Myth in Medieval Icelandic Writings. *Old Icelandic Literature and Society*:116-139. Ed. Margaret Clunies Ross. Cambridge University Press, Cambridge.
- Cook, Robert. 1971. The Character of Gunnlaug Serpent-Tongue. *SS* 43:1-21.
- Cook, Robert. 1973. The Sagas of the Icelanders as Dramas of the Will. *Proceedings of the First International Saga Conference*:88-113. London.
- Cook, Robert. 1989. Reading for Character in *Grettis saga*. *Sagas of the Icelanders*. A Book of Essays:226-240. Ed. J. Tucker. Garland, New York.
- Cook, Robert. 1992. Women and Men in *Laxdæla saga*. *Skáldskaparmál* 2:34-59.
- Cormack, Margaret. 1994. Women and Gender in the Sagas of Icelandic Saints. *Samtíðarsögur*. Proceedings of the Ninth International Saga Conference:188-193. [Ed. Sverrir Tómasson]. Alþjóðlegt fornsagnaþing, Akureyri.
- Dronke, Ursula. 1981. *The Role of Sexual Themes in Njáls saga*. Viking Society for Northern Research, London.
- Einar Ól. Sveinsson. 1933. *Um Njálu*. Bókadeild Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Einar Ól. Sveinsson. 1937a. *Njála* og Skógverjar. *Skírnir* 111:15-45.
- Einar Ól. Sveinsson. 1937b. The Icelandic Family Saga and the Period in which their Authors Lived. *Acta Philologica Scandinavica* 12:71-90.
- Einar Ól. Sveinsson. 1953. *The Age of the Sturlungs*. Icelandic Civilization in the Thirteenth Century. Trans. Jóhann. S. Hannesson. Cornell University Press, Ithaca.
- Einar Ól. Sveinson. 1971. *Njal's Saga*. A Literary Masterpiece. Ed. and trans. Paul Schach. University of Nebraska Press, Lincoln.
- Farrell, Thomas J. 1995. *Bakhtin and Medieval Voices*. University Press of Florida, Gainesville.

- Finlay, Alison. 1990-93. Níð, Adultery and Feud in *Bjarnar saga hitdælakappa*. *Saga Book* 23:158-178.
- Foote, Peter G. 1955-56. Sagnaskemtan. Reykjahólar 1119. *Saga Book* 14:226-239.
- Foucault, Michel. 1979. What Is an Author? Trans. Josué V. Harari. *Foucault Reader*:101-120. Ed. Paul Rabinow. Pantheon, NY.
- Frank, Roberta. 1973. Marriage in Twelfth and Thirteenth Century Iceland. *Viator* 4:473-484.
- Frank, Roberta. 1978. *Old Norse Court Poetry*. The Dróttkvætt Stanza. Cornell University Press, Ithaca.
- Gade, Kari Ellen. 1986. Homosexuality and the Rape of Males in Old Norse Law and Literature. *SS* 58:124-141.
- Geertz, Clifford. 1993. *The Interpretation of Culture*. Fontana, London.
- Gísli Sigurðsson. 1994. Another Audience – Another Saga. How Can We Best Explain Different Accounts in *Vatnsdæla saga* and *Finnboga saga* of the Same Events? *Text und Zeittiefe*:359-375. Ed. Hildegard L. C. Tristram. (ScriptOralia 58). Gunter Narr, Tübingen.
- Glendinning, Robert. 1966. Saints, Sinners, and the Age of the Sturlungs. Two Dreams from the *Íslendinga saga*. *SS* 38:83-97.
- Glendinning, Robert. 1973-1974. The Dreams of Sturla Þórðarson's *Íslendinga saga* and the Literary Consciousness in 13th Century Iceland. *Arvik* 29-30:128-148.
- Greenblatt, Stephen. 1988. *Shakespearean Negotiations*. The Circulation of Social Energy in Renaissance England. University of California Press, Berkeley.
- Greenblatt, Stephen. 1997. The Touch of the Real. *Representations* 59:14-29.
- Guðbrandur Vigfússon. 1878. Prolegomena. *Sturlunga saga* I:xvii-ccxiv. Oxford.
- Guðrún Nordal. 1998. *Ethics and Action in Thirteenth-Century Iceland*. Odense University Press, Odense.
- Guðrún Nordal. 2001. *Tools of Literacy*. The Role of Skaldic Verse in Icelandic Textual Culture of the Twelfth and Thirteenth Centuries. University of Toronto Press, Toronto.
- Gurevich, A. Y. 1971. Saga as History. The 'Historical Conception' of Snorri Sturluson. *Mediaeval Scandinavia* 4:42-53.
- Gurevich, A. Y. 1992a. From Saga to Personality. *Sverris saga*. *From Sagas to Society*. Comparative Approaches to Early Iceland:77-87. Ed. Gísli Pálsson. Hisarlik, Enfield Lock.
- Gurevich, A. Y. 1992b. Historical Anthropology and the Science of History. *Historical Anthropology of the Middle Ages*:3-20. Ed. Jana Howlett. Polity Press, Cambridge.
- Hallberg, Peter. 1974. The Syncretic Saga Mind. *Medieval Scandinavia* 4:102-17.
- Hallberg, Peter. 1976. 'Medieval Man' - and Saga Studies. *Medieval Scandinavia* 9:164-166.
- Hallberg, Peter. 1978. Direct Speech and Dialogue in Three Versions of *Óláfs saga helga*. *ANF* 93:116-137.
- Harris, Joseph. 1972. Genre and Narrative Structure in Some *Íslendinga Þættir*. *SS* 44:1-27.
- Harris, Joseph. 1986. Saga as Historical Novel. *Structure and Meaning in Old Norse Literature*: 187-219. Eds. Lindow, et al. Odense University Press, Odense.
- Harris, Joseph. 1991. The Enigma of *Gísla saga*. *The Audience in the Sagas*. The Eighth International Saga Conference. I:181-192. Gothenburg.
- Hastrup, Kirsten. 1986. Text and Context. Continuity and Change in Medieval Ice-

- landic History as 'Said' and 'Laid Down'. *Continuity and Change*. Political Institutions and Literary Monuments in the Middle Age. A Symposium:9-25. Ed. Elizabeth Vestergaard. Odense University Press, Odense.
- Heinrichs, Anne. 1972. The Apposition. A Signal for Emotion in Saga-Writing. *Scandinavica* 11:21-30.
- Helga Kress. 1977. Ekki höfu vér kvennaskap. Nokkrar laustengdar athuganir um karlmennsku og kvenhatur í *Njálu*. *Sjötíu ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni 20. júlí 1977*:292-313. Eds. Einar G. Pétursson and Jónas Kristjánsson. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Hight, Geo. Ainslie. 1928-1929. Psychology in the Icelandic Sagas. *Saga-Book* 10: 69-74.
- Jaszi, Peter. 1991. Toward a Theory of Copyright. The Metamorphoses of 'Authorship'. *Duke Law Journal*: 455-502.
- Jochens, Jenny. 1986. The Medieval Icelandic Heroine. Fact or Fiction? *Viator* 17:35-50.
- Jochens, Jenny. 1992. From Libel to Lament. Male Manifestations of Love in Old Norse. *From Sagas to Society*. Comparative Approaches to Early Iceland:247-64. Ed. Gísli Pálsson. Hisarlik, Enfield Lock.
- Jochens, Jenny. 1994. Wealth and Women in Snorri's Life. *Sagnáping helgað Jónasi Kristjánssyni sjötugum, 10 apríl 1994*:455-463. Eds. Gísli Sigurðsson, Guðrún Kvaran, and Sigurgeir Steingrímsson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Jochens, Jenny. 1996. *Old Norse Images of Women*. University of Pennsylvania Press, Philadelphia.
- Jónas Kristjánsson. 1998. Íslendingasögur og *Sturlunga*. Samanburður nokkurra einkenna og efnisatriða. *Sturlustefna*:94-111. Eds. Guðrún Ása Grímsdóttir and Jónas Kristjánsson. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Knirk, James E. 1981. *Oratory in the Kings' Sagas*. Universitetsforlaget, Oslo.
- Larrington, Carolyne. 1993. *A Store of Common Sense*. Gnomie Theme and Style in Old Icelandic and Old English Wisdom Poetry. Clarendon Press, Oxford.
- Le Goff, Jacques. 1985. *Constructing the Past*. Essays in Historical Methodology. Cambridge University Press, Cambridge.
- Le Goff, Jacques.1992. Laughter in *Brennu-Njáls saga*. *From Sagas to Society*. Comparative Approaches to Early Iceland:161-165. Ed. Gísli Pálsson. Hisarlik, Enfield Lock..
- Lönnroth, Lars. 1969. The Noble Heathen. A Theme in the Sagas. *SS* 41:1-29.
- Lönnroth, Lars. 1970. Rhetorical Persuasion in the Sagas. *SS* 42:157-189.
- Lönnroth, Lars. 1976. *Njal's Saga*. A Critical Introduction. University California Press, Berkeley.
- Maxwell, I. R. 1957-1961. Pattern in *Njáls saga*. *Saga-Book* 15:17-47.
- Middleton, Anne. 1992. Medieval Studies. *Redrawing the Boundaries*. The Transformation of English and American Literary Studies:12-40. Eds. Stephen Greenblatt and Giles Gunn. MLA, NY.
- Miller, William Ian. 1990. *Bloodtaking and Peacemaking*. Feud, Law and Society in Saga Iceland. The University of Chicago Press, Chicago.
- Miller, William Ian.1992. Emotions and the Sagas. *From Sagas to Society*. Comparative Approaches to Early Iceland:89-109. Ed. Gísli Pálsson. Hisarlik, Enfield Lock.

- Minnis, A. J. 1984. *Medieval Theory of Authorship*. Scholastic Literary Attitudes in the Later Middle Ages. Scholar Press, London.
- Poole, Russell. 1991. *Viking Poems on War and Peace*. A Study in Skaldic Narrative. University of Toronto Press, Toronto.
- Quinn, Judith. 2000. From Orality to Literacy. *Old Icelandic Literature and Society*:30-60. Ed. Margaret Clunies Ross. Cambridge U P, Cambridge.
- Saunders, David, and Hunter, Ian. 1991. Lessons from the 'Literatory'. How to Historicise Authorship. *Critical Inquiry* 17:479-509.
- Sawyer, Birgit. 1980. *Kvinnor och män i Gesta Danorum*. Summary. [Diss (Göteborgs Universitet)].
- Sawer, Birgit. 1990. Women and the Conversion of Scandinavia. *Frauen in Spätantike und Frühmittelalter*: 263-281. Ed. Werner Affeldt. Jan Thorbecke Verlag, Sigmaringen.
- Sayers, William. 1995. The Honor of Guðlaugr Snorrason and Einarr þambarskelfir. *SS* 67:537-51.
- Sayers, William. 1996. Gunnar, his Irish Wolfhound Sámr, and the Passing of the Old Heroic Order in *Njáls saga*. *ANF* 111:43-66.
- Schach, Paul. 1970a. Some Forms of Writer Intrusion in the *Íslendingasögur*. *SS* 42:128-56.
- Schach, Paul. 1970b. Symbolic Dreams of Future Renown in Old Icelandic Literature. *Mosaic* 4:51-73.
- Schach, Paul. 1972. Character Transformation in the Icelandic Sagas. *SS* 44:555-566.
- Schach, Paul. 1977. Some Observations on the Generation Gap Theme in the Icelandic Sagas. *The Epic in Medieval Society. Aesthetic and Moral Values*:361-381. Ed. Harald Scholler. Max Niemeyer Verlag, Tübingen.
- Schach, Paul. 1978. Character Creation and Transformation in the Icelandic Sagas. *Germanic Studies in Honor of Otto Springer*: 237-279. Ed. Stephen J. Kaplowitt. K & S Enterprises, Pittsburgh.
- Schach, Paul. 1982. The Theme of the Reluctant Christian in the Icelandic Sagas. *JEGP* 81:186-203.
- Scott, Forrest S. 1985. The Woman Who Knows. Female Characters in *Eyrbyggja saga*. *Parergon* n.s. 3:73-91.
- Shorter Oxford English Dictionary*. 1992. Rev. ed. Ed. C. T. Onions. Clarendon Press, Oxford.
- Sigurður Nordal. 1941. Gunnhildur konungamóðir. *Samtíð og saga* 1:135-155.
- Sørensen, Preben Meulengracht. 1980. *Norrønt nid*. Forestillingen om den umandige mand i de islandske sagaer. Odense University Press, Odense.
- Sørensen, Preben Meulengracht. 1986. Murder in a Marital Bed. An Attempt at Understanding a Crucial Scene in *Gísla saga*. *Structure and Meaning in Old Norse Literature*:235-263. Eds. Lindow, et al. Odense University Press, Odense.
- Sørensen, Preben Meulengracht. 1992. Some Methodological Considerations. *From Sagas to Society*. Comparative Approaches to Early Iceland:27-41. Ed. Gísli Pálsson. Hisarlik, Enfield Lock.
- Sørensen, Preben Meulgracht. 1993a. *Fortelling og ære*. Studier i islendingesagaerne. Aarhus Universitetsforlag, Aarhus.
- Sørensen, Preben Meulengracht. 1993b. *Saga and Society*. An Introduction to Old Norse Literature. Odense University Press, Odense.
- Sørensen, Preben Meulengracht. 2000. Social Institutions and Belief Systems of



- Medieval Iceland (c. 870 – 1400) and their Relations to Literary Production. Trans. Margaret Clunies Ross. *Old Icelandic Literature and Society*:8-29. Ed. Margaret Clunies Ross. Cambridge University Press, Cambridge.
- Steblyn-Kamenskij, M. I. 1973. *The Saga Mind*. Trans. Kenneth H. Ober. Odense University Press, Odense.
- Steblyn-Kamenskij, M. I. 1976. On the Nature of Fiction in the Sagas of Icelanders. *Scandinavica* 6:77-84.
- Steblyn-Kamenskij, M. J. 1978-1979. On the History of Laughter. *Medieval Scandinavia* 11:154-162.
- Sverrir Tómasson. 1988. *Formálar íslenskra sagnaritara á miðöldum*. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Sverrir Tómasson. 2002. Er Nýja textafræðin ný? *Gripla* 13:199-216.
- Swenson, Karen. 1991. *Performing Definitions*. Two Genres of Insult in Old Norse Literature. Camden House, Drawer, Columbia.
- Taylor, A. R. 1974. *Laxdæla saga* and Author Involvement in the Icelandic Sagas. *Leeds Studies in English* 7:13-21.
- Taylor, M. 1997. On Gizurr Þorvaldsson's Speaking Style. *Saga-Book* 24:311-328.
- Tomasson, Richard. 1980. *Iceland*. The First New Society. University of Minnesota Press, Minneapolis.
- Toorn, Maarten C. van den. 1955. *Ethics and Morals in Icelandic Saga Literature*. Van Gorcum, Assen.
- Torfi H. Tulinius. 2001. The Prosimetrum Form 2. Verses as the Basis for Saga Composition and Interpretation. *Skaldsagas*. Text, Vocation, and Desire in the Icelandic Sagas of Poets:191-217. Ed. Russell Poole. Walter de Gruyter, Berlin.
- Torfi H. Tulinius. 2004. *Skáldið í skrifinni*. Snorri Sturluson og Egils saga. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Tranter, Stephen Norman. 1987. *Sturlunga saga*. The Role of the Creative Compiler. Lang, Frankfurt.
- Turner, Victor. 1971. An Anthropological Approach to the Icelandic Saga. *The Translation of Culture*:349-374. Ed. T. O. Beidelman. Tavistock, London.
- Turville-Petre, G. 1942. Notes on the Intellectual History of the Icelanders. *History* n.s. 27:111-123.
- Turville-Petre, G. 1972. Gísli Súrsson and his Poetry. *Nine Norse Studies*. Viking Society for Northern Research, London.
- Turville-Petre, G. 1976. *Scaldic Poetry*. Clarendon, Oxford.
- Úlfar Bragason. 1986. *On the Poetics of Sturlunga*. Diss. University of California.
- Úlfar Bragason. 1994. 'Ok þó kunna menn at telja ættir sínar til Hrómundar Gripssonar'. Sagnasemmtun á Reykhólum og Sturlunguhöfundur. *Samtíðarsögur*. Proceedings of the Ninth International Saga Conference:784-797. [Ed. Sverrir Tómasson]. Alþjóðlegt fornsagnaþing, Akureyri.
- Vésteinn Ólason. 1998. *Dialogues with the Viking Age*. Narration and Representation in the Sagas of the Icelanders. Trans. Andrew Wawn. Mál og menning, Reykjavík.
- Vésteinn Ólason. 1999. Gísli Súrsson – A Flawless or Flawed Hero? *Die Aktualität der Saga*. Festschrift für Hans Schottmann:163-175. Ed. Stig Toftgaard Andersen. Walter de Gruyter, Berlin.
- Vilhjálmur Árnason. 1985. Saga og siðferði: Hugleiðing um túlkun á siðfræði Íslendingasagna. *TMM* 46:21-37.

- Vilhjálmur Árnason. 1991. Morality and Social Structure in the Icelandic Sagas. *JEGP* 90:157-174.
- Wallace-Hadrill, J. M. 1981. History in the Mind of Archbishop Hincmar. *The Writing of History in the Middle Ages*:43-70. Eds. R. H. C. Davis and J. M. Wallace-Hadrill. Clarendon, Oxford.
- Whaley, Diana. A Useful Past. Historical Writing in Medieval Iceland. *Old Icelandic Literature and Society*:161-202. Ed. Margaret Clunies Ross. Cambridge University Press, Cambridge
- White, Hayden. 1987. *The Content of the Form*. Narrative Discourse and Historical Representation. Johns Hopkins University Press, Baltimore.
- White, Hayden. 1999. *Figural Realism*. Studies in the Mimesis Effect. Johns Hopkins University Press, Baltimore.
- Wilson, R. M. 1969. Comedy and Character in the Icelandic Family Sagas. *Medieval Literature and Civilization*. Studies in Memory of G. N. Garmonsway:100-128. Eds. D. A. Pearsall and R. A. Waldron. Athlone Press, London.
- Woodmansee, Martha. 1984. The Genius and the Copyright. Economic and Legal Conditions of the Emergence of the 'Author'. *Eighteenth-Century Studies* 17:425-448.
- Würth, Stefanie. 2000. Dialogizität in der *Bandamanna saga*. *Studien zur Isländer-saga*:301-322. Eds. Heinrich Beck and Else Ebel. Walter de Gruyter, Berlin.

#### SUMMARY

'Reading for Saga Authorship. A Character-based Approach.'

**Keywords:** authorship, reading, audience.

The author's aim is to support the reading of saga authorship as a creative and interpretative act by connecting the methods and characters of the sagas use to present themselves and their world and the literary and historical aims of the saga authors, a link which is here labelled secondary authorship.

#### EFNISÁGRIP

Höfundur lýsir í þessari grein hvernig vinnulagi þeirra manna sem settu saman Íslendinga sögur er hátað og athugar hvort kalla megi þá höfunda í nútíma skilningi. Hann sýnir fram á með dæmum hvernig hugmyndir þeirra og lífs- og söguleg sýn birtast í sjálfum verkunum um leið og hann ræðir viðhorf bókmenntafræðinga nútímans, eins og t.d. Rolands Barthes og Michels Foucault til höfunda og lesenda og ber saman við hugmyndir þær sem koma fram í íslenskum miðaldabókmenntum.

Kári Gíslason  
 P.O. Box 6315  
 St Lucia  
 Queensland  
 Australia  
 kari\_gislason@hotmail.com

ÞORLEIFUR HAUSSON

## GRÝLA KARLS ÁBÓTA

1

SVERRIS saga er á margan hátt einstök í fornþókmenntum okkar. Hún er elsta konungasagan sem varðveitt er og hefur notið mikillar virðingar og álits sem heimildarit og listaverk þegar á 13. öld.<sup>1</sup> Sverris saga ber ýmis merki þess að hafa verið rituð eftir munnlegum frásögnum skömmu eftir að atburðir gerðust. Í Skáldatali eru nafngreind þrettán skáld sem ortu um Sverri konung, en í sögunni er ekki vitnað í þann kveðskap nema hugsanlega eina vísu. Frásögn er nákvæm og greint frá ýmsum smáatvikum sem koma ekki beinlínis sögupræðinum við, auk þess sem fjöldi persóna kemur við sögu, eða um fjögur hundruð. Persónum snjóar inn í söguna án kynningar, og langflestar hverfa síðan aftur sporlaust, fyrir utan þá sem falla í bardaga. Söguhetjan er ólík aðalpersónum flestra konungasagna, enda er hrakningum hans á einum stað líkt við það þegar konungabörn urðu fyrir stjúpmæðra sköpum. Sverrir elst upp í Færeyjum, er þar vígður prestur og er 24 ára gamall þegar hann kemst að því að hann sé launsonur Sigurðar munns Haraldssonar Noregskonungs. Hann er allslaus og öllum ókunnur, en ferðast til Noregs árið eftir, 1176, til að freista gæfunnar, og átta árum síðar hefur hann náð því takmarki sínu að verða konungur yfir öllum Noregi. Sagan felur í sér einhverja skýrustu og blæbrigðarikustu persónulýsingu í gervöllum konungasögum. Þetta verður því merkilegra fyrir þá sök að sá sem ritaði söguna er nafngreindur í formála og fram kemur að hann hefur haft persónuleg kynni af konunginum sjálfum, sem sagði honum fyrir upphaf sögu sinnar. Formálinn hefst þannig í elstu handritum:

Hér hefr upp ok segir frá þeim tíðendum er nú hafa verit um hríð ok í þeira manna minnum er fyrir þessi bók hafa sagt. En þat er at segja frá Sverri konungi, syni Sigurðar konungs Haraldssonar, ok er þat upphaf

<sup>1</sup> Sjá t.a.m. Bjarna Einarsson 1985:cxxi.

bókarinnar er ritat er eftir þeiri bók er fyrst ritaði Karl ábóti Jónsson, en yfir sat sjálf Sverrir konungr ok réð fyrir hvat rita skyldi; er sú frásögn eigi langt fram komin. Þar er sagt frá nokkurum hans orrostum. Ok svá sem á líðr bókina vex hans styrkr, ok segir sá inn sami styrkr fyrir ina meiri hluti. Kõlluðu þeir þann hlut bókar fyrir því Grýlu. Inn síðarri hlutr bókar er ritaðr eftir þeira manna frásögn er minni hõfðu til svá at þeir sjálfir hõfðu sét ok heyrtr þessi tíðendi, ok þeir menn sumir hõfðu verit í orrostum með Sverri konungi. Sum þessi tíðendi váru svá í minni fest at menn rituðu þegar eftir er nýorðin váru, ok hafa þau ekki breytzk síðan. (*Sverris saga* 2007:3)

Allt frá því að sagan var gefin út í fyrsta sinn hafa verið dregnar mjög mismunandi niðurstöður af þessum orðum varðandi umfang „Grýlu“. Sá ágreiningur hefur verið kallaður einhver ‘óútkljáðasta’ deila innan konungasagnarannsóknna (Andersson 1985:215). Samt hafa fræðimenn verið sammála um ákveðnar meginforsendur: Fyrri hlutinn hafi verið ritaður eftir bók sem kölluð var Grýla og hafði að geyma frásögn Sverris konungs sjálfs í eyra Karli Jónssyni ábóta. Þessi Grýla hafi verið allstutt (eigi langt fram komin) og sagt aðeins frá fáum orrustum Sverris, en síðari hlutinn hafi verið ritaður eftir frásögn sjónarvotta. Af sögunni má ráða að þeir sjónarvottar hljóta að hafa verið bæði úr hópi manna Sverris og andstæðinga hans. Yngri gerð formálans í Flateyjarbók gefur þessum síðari hluta einnig nafn og kallar hann *Perfectam fortitudinem*, þ.e. ‘fullkominn styrk’.

Deilan hefur snúist um mörkin milli þessara tveggja hluta. Með mismunandi rökum hefur Grýla verið talin afmarkast við 17, 31, 39, 40, 43, 100 eða 109 kafla sögunnar.<sup>2</sup>

Eitt hið helsta sem haft hefur verið til marks er sjónarmið frásagnarinnar. Í upphafi er sagan öll sögð af sjónarhól Sverris. Þetta á við lýsingu á uppvexti hans og fyrsta ári hans í Noregi, sem aðrir eru naumast til frásagnar um. Upp frá því fer iðulega tvennum sögum fram þar sem höfundur gefur sýn inn í herbúðir andstæðinganna, enda þótt jafnan megi greina samúð með Sverri og mönnum hans. Fræðimenn hafa gert þessu atriði mishátt undir höfði í Grýlukenningum sínum. Þá hafa menn reynt að að taka mið af því hvaða atburðalýsingar væru þess eðlis að Sverrir hefði naumast viljað flíka þeim meðan hann sjálfur „réð fyrir hvat rita skyldi“. Þriðja atriðið varðar síðan það hvar skil

<sup>2</sup> Sjá yfirlit: Lárus Blöndal 1951:173–75; Ludvig Holm-Olsen 1953:30–35.

verða í atburðarás, því ólíklegt er að þessum bókarhluta hafi lokið einhvers staðar í miðjum klíðum.

Saman við deiluna um Grýlu fléttast deilan um það hvort Karl ábóti hafi látið þar við sitja eða haldið áfram rituninni, jafnvel skrifað söguna alla. Jón Helgason benti reyndar á það í bókmenntasögu sinni að ágreiningurinn um afmörkun Grýlu fæli í sér eindregna vísbendingu um lausn hinnar deilunnar (Jón Helgason 1934:143). Mörk milli höfunda verða ekki greind vegna þess hvað stíllinn er samfelldur og sjálfum sér samkvæmur. Þeir sem hafa talið að annar höfundur hafi lokið sögunni hafa orðið að ganga út frá því að síðari höfundurinn hafi annaðhvort umritað Grýlu Karls eða aðlagð stíl sinn að henni. Aldur sögunnar í endanlegri gerð hefur einnig verið umdeildur. Niðurstöður Knuts Helle um aldur Böglungasagna, konungasagnarits sem samið var í beinu framhaldi af Sverris sögu, benda til þess að sögunni hafi verið lokið fyrir 1210, og þess vegna gæti Karl hafa ritað söguna allt til enda (Helle 1958: 100–101).

Ekki er vitað um tilgang eða tilefni Sverris sögu, né fyrir hvern eða hverja hún var upphaflega rituð. Formálinn felur ekki í sér hefðbundna ritbeiðni í formi ávarps eða kveðju, og hann getur ekki verið ritaður af Karli ábóta, a.m.k. ekki í þeirri mynd sem hann hefur varðveist (Sverrir Tómasson 1988: 391–394). Elstu handrit sögunnar eru frá því um 1300. Ef til vill má einhverja vísbendingu fá af því að hin tvö elstu, AM 327 4to og AM 47 fol. (Eirspennill), hafa snemma borist til Noregs og annað jafnvel verið skrifað þar, enda þótt ritarar hafi verið íslenskir.

Styrkur (*fortitudo*) var ein af fjórum höfuðdyggðum, og sá konungseiginleiki er hugstæður ritara formálans í báðum gerðum hans. Sverrir Tómasson bendir á að hin guðfræðilega hugmynd um algeran styrkleik (*perfectam fortitudinem*) sem hér sést fái stuðning af helgisagnaminnnum í upphafi sögunnar, þar sem undur verða í draumi Gunnhildar, móður Sverris, fyrir fæðingu hans (Sverrir Tómasson 1992:394). Uppfylling þessara drauma og einnig samsömun Sverris við Davíð konung Biblíunnar kristallast í ræðu Sverris í 99. kafla, þegar hann hefur fellt höfuðandstæðing sinn, Magnús Erlingsson, og sannað styrk sinn og heilaga köllun. Svipuð guðfræðileg hugsun liggur að baki túlkunar nafnsins Grýla í formálanum, en það kann að eiga sér eldri rætur.

## 2

Karl Jónsson er einstöku sinnum nefndur í heimildum, en fátt er um hann vitað. Gera má ráð fyrir að hann hafi verið fæddur kringum 1140, en fram kemur að hann var vígður ábóti á Þingeyrum 1169. Því embætti gegndi hann fram til 1181, þegar heimildir herma að annar maður hafi verið settur ábóti, Kári Runólfsson (*Islandske Annaler* 1888:119). Kári andaðist samkvæmt annálum 1187, og þá er gert ráð fyrir að Karl hafi aftur tekið við embættinu við heimkomuna frá Noregi.<sup>3</sup> Við hefðum ef til vill enga vitneskju um Noregsferð Karls Jónssonar 1185, hefði hann ekki verið samskipa Ingimundi, ástvini og fóstura Guðmundar Arasonar, en frá utanför hans er sagt í Prestssögu Guðmundar í Sturlungu (*Sturlunga saga* 1909–1911 I:146). Skipið kom að landi í Þrándheimi, en þann vetur hafði Sverrir konungur vetursetu í Niðarósi. Ann-álar herma að ekkert skip hafi siglt af Noregi til Íslands 1187, þannig að menn telja að Karl hafi siglt út aftur 1188. Árið 1207 var vígður nýr ábóti til Þingeyra, en andlátsár Karls er samkvæmt annálum 1212 eða 1213.

Það hlýtur að liggja beinast við að álykta að ritun Sverris sögu hafi hafist veturinn 1185–6. Á þeim tíma virðist Sverrir hafa setið á friðarstóli eftir að hafa brotið voldugustu andstæðinga sína á bak aftur. Skömmu fyrr hafði hann unnið mesta og afdrifaríkasta sigur sinn í orrustu þar sem hann felldi Magnús konung Erlingsson og mestan hluta lendra manna hans. Þetta var í bardaganum við Fimreiti í Sogni, 15. júní 1184. Mörgum hefur fundist ótrúlegt að Karl hefði látið hjá líða að skrifa um þann atburð fyrst hann hóf að rita sögu Sverris konungs á annað borð.

Mismunandi hugmyndir um afmörkun Grýlu og hlutdeild Karls í sögunni verða meginviðfangsefni hér á eftir, en fyrst verður vikið fáum orðum að sjálfu nafninu.

## 3

Sú Grýla sem þekkt er úr þjóðtrúnni sem óvættur og barnahræða á sér fornar rætur. Í orðsifjabókum er orðið talið skylt *griuwel* í miðháþýsku sem merkir ‘ótti, skelfing’ og þýsku sögninni *grauen*: ‘óttast’. Orðið er varðveitt bæði í

<sup>3</sup> Sjá yfirlit, Holm-Olsen 1953:22–29. Í Benediktismunkareglunni voru ábótar vígðir til lífstíðar. Það kemur því á óvart að ábóti geti horfið frá klaustri sínu, en síðan tekið aftur við ábótatign mörgum árum síðar. Reglan hljóðar svo: Eitt sinn ábóti ávallt ábóti, en íslenska kirkjan virðist ekki hafa verið sérlega regluföst á fyrstu öldum kristinnar. Varðveitt er ábótatal frá byrjun 14. aldar þar sem ártöl eru hin sömu (*DI* III:28, sbr. 311).

íslensku og færeysku, og í hjaltlensku kemur fyrir orðið *grølek* í merkingunni ‘dulbúin manneskja’ (Ásgeir Bl. Magnússon 1989:284), en ‘grýlusiðir’ eru einmitt þekktir frá þessum þremur löndum (Jón Samsonarson 1991:50–54). Orðið kemur fyrir sem tröllkonuheiti í Snorra-Eddu og í yfirfærðri merkingu nokkrum sinnum í Sturlungu og Íslendingasögum. (Gunnell 1995:160–67). Grýluvísa sem þekkt er úr yngri íslenskum heimildum kemur fyrir þegar í Íslendingasögu Sturlu Þórðarsonar. Þar ríður Loftur Pálsson biskupssonur með her manns að Breiðabólstað og kveður:

Her ferr Gryla  
 í garþ ofan  
 oc hefir aa ser  
 hala xv. (*Sturlunga saga* 1909–1911 I:344)

Svo skemmtilega vill til að þessi sama vísa er varðveitt í Færeyjum í ýmsum afbrigðum:

Oman kemur grýla frá gørðum  
 við fjøruti hølum  
 við posa á baki  
 og skølm í hendi  
 kemur at skera búkin úr börnum  
 sum gráta eftir kjóti í føstu. (M.A. Jacobsen og Chr. Matras 1961:131)

Vísan tengist forneskjusiðum sem ýmsar aðrar heimildir eru um í Færeyjum. Grýlan klæddist þar í dulbúning úr skinntætlum og þara og þangi og kom á bæi í rökkrunu á lönguföstu til að hræða börnin og heimta mat. Þetta minnir á ýmsa samsvarandi leiki sem tíðkuðust á meginlandinu. (Gunnell 1994:261–263, 1995:93–179, 2001:36–38)

Í formálagerð Flateyjarbókar er Grýlunafnið rakið til þess hversu lítil ógnun Sverrir hafi virst vegna þess ofureflis sem í móti var. En þá hafi Guð skorist í leikinn og snúið taflinu við:

Kølluðu menn því inn fyrra hlut bókarinnar Grýlu at margir menn tøludu at þá efnaðisk nokkurr ótti eðr hræðsla sakir mikils stríðs ok bardaga, en mundi skjótt niðr falla ok at alls engu verða, sem ǫll lík-endi þóttu til standa sakir styrks ok ofreflis þess er í móti var, sem var Erlingr jarl ok Magnús, son hans, er nóga høfðu vini ok frænda styrk ... Mundi svá ok farit hafa sem margir ætluðu, nema sjálfr Guð í

himinríki hefði hann viljat styrkja ok hefja til þess ríkis er hann unni honum at stýra til dauðadags ok hans afkvæmi, hverjum eftir annan. (*Sverris saga* 2007:286)

Grýla hefur í þessu samhengi verið skýrð sem „persónugerving óraunverulegrar ógnar, hræðsluefni, sem ekki á sér stoð í veruleikanum“ (Lárus H. Blöndal 1982:69). Ógnin verður fyrst raunveruleg þegar Guð veitir Sverri fulltingi sitt. Í eldri formálagarðinni er heiti Grýlu tengt við vaxandi styrk Sverris, en Terry Gunnell hefur bent á að hvergi sjást þess merki endranær í fornum heimildum að *styrkur* tengist gömlu konunni, nema að sjálfsögðu óbeint (Gunnell 1984:260, 2001:34–35). Hins vegar benda dæmi orðsins í kviðlingum og viðurnefnum til þess að karlar hafi getað sett sig eða aðra í gervi Grýlu án þess að í því fælust neinar aðdróttanir um ergi. Samtímis grillir hér í forneskjusiði sem viðgengist hafa á hinum vesturnorrænu eyjum og ekki verið söguefni í sjálfum sér heldur ratað á bækur af hreinni tilviljun.

Gunnell leiðir þannig líkum að því að nafnið Grýla hafi svipaða skírskotun til þessarar vættar ofan úr óbyggðum í formála Sverris sögu og vísu Lofts biskupssonar. Eins og Grýla fer Sverrir um fjöll og heiðar og birtist skyndilega í byggð þegar menn varir minnst. Gunnell nefnir dæmi orðsins í formála Sverris sögu sem einu vísbendinguna um að grýlusiðir hafi tíðkast í Noregi, en vel kann nafnið einnig að vera sprottið af gamanmálum Færeyingsins Sverris og Karls ábóta af Íslandi.

#### 4

Róttækasta kenningin um lengd Grýlu Karls Jónssonar var sett fram af Rudolf Meissner í bók hans um Strengleika 1902, en þar afmarkar hann Grýlu við lok 17. kafla sögunnar (Meissner 1902:15–23). Sú ályktun er fyrst og fremst dregin af innskoti í byrjun 18. kafla þar sem höfundur gerir hlé á frásögn sinni og snýr sér til lesanda eða áheyranda með loforði um að hann muni sýna fyllstu óhlutdrægni:

Ok með því at almáttigr Guð ok in helga Mária hafa margan fagan sigr gefit Sverri konungi þá kann vera at öfundarmenn ok óvitrir vili eigi trúa várri sögu ok kalli at vér munim vera eigi sannfróðir ef vér segjum hann jafnan hafa sigr haft. Nú skulum vér hnekkja þeiri tortryggð ok sýna einorð várrar frásagnar ok segja nú bæði ljúft ok leitt. (*Sverris saga* 207:31)



Meissner telur að Karl hafi ritað þann hluta sem á undan fer, hugsanlega á latínu. Hann telur ólíklegt að hálfkæringsheitið Grýla um þetta rit, konungi til dýrðar, sé runnið frá höfundinum sjálfum, heldur stafi það frá alvörulausum almúga; miklu líklegra sé að nafnið *Perfecta fortitudo* varðveiti upphaflegt heiti á riti Karls. Annar höfundur hafi síðan umskrið það rit og felld það inn í ævisögu Sverris konungs.

Þessir 17 kaflar koma heim við lýsinguna á Grýlu í formálanum að því leyti að frásögnin er eigi langt fram komin; hún nær aðeins fram til vorsins 1177. Orrusturnar sem sagt er frá eru allfáar miðað við orð formálans, eða þrjár, og flestar lítils háttar. Þá er þar ekki heldur neitt það að finna sem Sverri hefði ekki hugnast að hafa með í ævisögu sinni.

Eitt af því sem einkennir þessa allra fyrstu kafla er ákveðin huglægni í frásögn. Sjónarmið einskorðast við Sverri í upphafi sögunnar, en þar verður engin breyting á fyrr en nokkru eftir 17. kafla. Hins vegar er það meðal einkenna í upphafi að á nokkrum stöðum er lýst hugsunum og tilfinningum Sverris, en þau dæmi eru bundin við fyrstu 11 kafla sögunnar (Holm-Olsen 1953:65–67, sbr. Koht 1914:89).

Annað 'sjálfsævisögulegt' einkenni sem er takmarkað við upphafskafla bókarinnar, reyndar allnokkuð fram yfir 17. kafla, er sérstök notkun sagnorðanna *sjá*, *sýnask*, *finna(sk)*, *þykkja* í sögufrásögn, þ.e. utan beinnar ræðu, þar sem lýst er skynjun og ályktunum Sverris. Slík dæmi eru langalgengust í fyrstu köflum sögunnar, fram til 22. kafla. En mikil tíðni slíkra orða í takmörkuðum hluta sögunnar getur naumast verið tilviljun (Holm-Olsen 1953:67).

Þá eru nefndir draumar Sverris sem eru fyrirferðarmiklir í upphafsköflum Sverris sögu og reynast fyrirboðar um væntanlega upphæfð hans og liðsinni Guðs og helgra manna með þessum umkomulausa presti og konungsarfa úr Færeyjum. Draumarnir uppfyllast þegar á söguna líður, en sjálfir eru þeir takmarkaðir við fyrstu 10 kafla sögunnar, reyndar með tveimur undantekningum: 42. kafla þar sem segir í endurliti frá draumi Sverris sem boðað hafði fall Erlings jarls skakka og feigðardraumi Sverris sjálfs í 180. kafla.

Að öllu athuguðu er niðurstaða Meissners ekki sannfærandi. Í lok 17. kapitula hefur Sverri tekist að ná þeim áfanga að láta taka sig til konungs á Eyraþingi, en um leið hefur hann stofnað sér í enn meiri háska sem engan veginn sér fyrir endann á. Hér eru því alls engin greinanleg skil í sögutextanum, hvorki í efni, stíl né frásagnareinkennum.

Mikilvæg efnisskil verða hins vegar bæði í kringum 39. kafla og eftir hinn 100., og á báðum stöðum flytur Sverrir merkilegar ræður. Fyrri ræðan er flutt yfir grefti Erlings jarls skakka sumarið 1179. Þar hæðist Sverrir að því fyrirheiti erkibiskups að allir menn sem féllu í bardaga við hlið Magnúsar konungs væru “fyrir í Paradísu en blóðit væri kalt á jörðunni”, og bætir við:

Nú megum vér allir fagna hér svá margra manna heilagleik sem hér munu helgir hafa orðit ef þetta er svá sem erkibyskup hefir sagt, at allir sé þeir orðnir helgir menn er fallit hafa með Erlingi jarli. Þá megum vér ok ætla hversu heilagr sjálfr Erlingr mun orðinn er í fyrstu réð því er Magnús var til konungs tekinn þá er hann var barn. (38.kap., *Sverris saga* 2007:61–62)

Ræður Sverris hafa þótt svo lifandi og í svo góðu samræmi við persónuleika hans eins og hann birtist í sögunni að margir hafa talið að þær væru skráðar nokkurn veginn eins og hann flutti þær. Þannig taldi Fredrik Paasche engan vafa á því að ræðurnar væru rétt eftir hafðar, þær væru ekki bókmenntalegur tilbúningur heldur ósvikin afsprengi þess andartaks sem skóp þær, og margir aðrir fræðimenn hafa tekið í í sama streng.<sup>4</sup> Síðasta stóra ræða Sverris er bindindisræðan í 104. kafla, þannig að samkvæmt þessu ættu raunverulegar ræður Sverris að teygja sig langt út fyrir þann hluta sem beinlínis var skrifaður að fyrirsögn hans. Hér er reyndar þess að gæta að Karl Jónsson var lærður maður og margt í sögunni ber vitni um mælskufræðikunnáttu hans. Ef orð formálans eru tekin trúanleg má gera ráð fyrir að Karl hafi kynnst konunginum allvel og því kunnað að leggja honum orð í munn við viðeigandi tækifæri. Ræður eru snar þáttur í persónusköpun sögunnar, og jafnframt eiga þær sinn þátt í framvindu hennar, því að sums staðar fela þær í sér forspá þess sem fram kemur síðar (Knirk 1981:107 o. áfr.).

Eins og fyrir var getið hafa margir talið að Grýlu Karls lyki við fall Erlings jarls, þ.e. við 39., 40. eða 43. kafla. Frásögnin er þar „eigi langt fram komin“, aðeins fram á sumarið 1179, og þar segir frá „nökkurum“ meiri háttar orrustum Sverris. Hins vegar er frásögnin þarna farin að víxlast býsna mikið milli Sverris og Birkibeina annars vegar og andstæðinga þeirra hins vegar.

<sup>4</sup> „[I]kke litterært opfunde, men historisk erindrede, – egte barn av de øieblikke, som skapte dem“ Paasche 1915:199; sbr. Hollander1928:266–269; Schlauch 1969:298; Lárus H. Blöndal 1982:120.

Enn skarpari skil verða í frásögninni í kringum 100. kapítula sem lýkur á ræðum Sverris eftir fall Magnúsar konungs. Ræða Sverris í kaflanum á undan kallast á við eitt lykilþema í upphafi sögunnar þar sem finna má vísun til Davíðs konungs og samsömun Sverris við hann.<sup>5</sup> Guð hefur hér leyst Sverri úr þrengingum og leitt hann til ríkis eins og Davíð forðum. Margir hafa talið að Grýlu hafi lokið hér, þar á meðal Finnur Jónsson í bókmenntasögu sinni (Finnur Jónsson 1923:378 o. áfr.). Meðal þess sem talið hefur verið að mæli með þessari niðurstöðu er að 100. kafla lýkur á því að sagt er frá kvonfangi Sverris og börnum sem hann átti fyrir, ekki hins vegar dótturinni sem hann átti með Margréti drottningu. Þá er þess einnig að gæta að sá hluti sem við tekur, þ.e. frá 101. til 128. kapítula, er efnisrýrari, rétt eins og höfundur hafi ekki átt jafngreiðan aðgang að heimildum. Öðru máli gegnir hins vegar um síðasta hlutann, frá 129. kapítula til söguloka, þar sem sagt er frá Baglastríðunum. Eins og fyrsti hlutinn er Baglaþátturinn ítarlegur og tímatal áreiðanlegt.

Augljóst er hins vegar að afmörkun Grýlu við 100 fyrstu kaflana kemur heldur illa heim við orð formálans eins og þau hafa verið skilin. Sá hluti tekur yfir meira en helming sögunnar og greinir frá fjölmörgum orrustum. Fleira hefur verið tínt til, m.a. það sem Sigurður Nordal nefnir í formála sínum að útgáfu sögunnar í *Flateyjarbók* 1945:

sumt mundi Sverrir, ef hann hefði verið nærstaddur, aldrei hafa þolað Karli að rita, t.d. hina eitruðu sneið Eiríks konungsbróður um vafann á faðerni Sverris: „Eigi vil ek þetta járn bera fleirum mönnum til faðernis en mér. (*Flateyjarbók* III 1945:xi)

Sigurður var einn þeirra sem taldi Grýlu hafa náð til og með 42. eða 43. kafla, en jafnframt taldi hann að Karl Jónsson hefði haldið áfram ritun sögunnar eftir heimkomuna og þar með lokið fyrstu 100 köflunum. Lárus H. Blöndal var sama sinnis að því leyti og kallaði þessa fyrstu 100 kapítula *Bók Karls ábóta* (Lárus H. Blöndal 1982:80–123).

## 6

Sú kenning að Grýla Karls Jónssonar hafi náð yfir 31 kafla fremst í sögunni hefur hlotið mikinn hljómgrunn. Hún er sú kenning sem studd hefur verið flestum rökum, og bæði Ludvig Holm-Olsen og Lárus H. Blöndal aðhylltust

<sup>5</sup> Þessi samsömun Sverris með Davíð konungi kemur einnig fram í því að hann kallaði borgina sem hann reisti við Niðarós Síon, en höfundur Sverris sögu gerir það ekki að neinu sérstöku umræðuefni.

hana óháðir hvor öðrum. Segja má að þar sé gengið eins langt og unnt er til að láta orð formálans ríma við margumrædda tvískiptingu sögunnar. Sagan er hér „eigi langt fram komin“, en Grýlu lýkur samkvæmt þessu síðsumars 1178, rúmu ári eftir að Sverrir hóf baráttu sína til valda.

Ein meginröksemdin er sú að frásögnin er fram undir þetta „hnitmiðuð við Sverri einan og sjónarmið hans“ (Lárus H. Blöndal 1982:85). Rétt er að í síðari hluta sögunnar fer iðulega tvennum sögum fram og sýnt á víxl inn í herbúðir Sverris og andstæðinga hans. Fyrsta dæmi þess er reyndar ekki í 32. kapítula, heldur þeim 28., þar sem segir frá misheppnaðri árás Birkibeina á Niðarós, gegn ráðum Sverris. Sá kafli kemur einnig að öðru leyti illa heim við þessa afmörkun Grýlu. Þar sem segir frá undankomu Sverris er framganga hans ekki sérlega konungleg, og því heldur ólíklegt að hann hafi sjálfur „ráðit fyrir hvat rita skyldi“:

Ok er hann kom fram um siglu þá skauzk niðr þilja undir fótum honum, ok fell hann í rúmit, en menn hljópu svá þykkast yfir hann at hann mátti eigi upp standa, ok dvalði þat ferð hans mjök langa stund meðan menn hljópu þykkast yfir hann. Sá maðr hljóp í síðara lagi er Helgi hét ok var kallaðr byggvømb. Konungr leit við honum, ok kenndi Helgi hann ok mælti: „Illa munum vér skiljask við várn konung.“ Hann fekk í oxl konungi ok studdi hann upp ór rúminu, ok þá mælti konungr: „Helgi, konunga þú nú eigi í meira lagi fyrst.“ Hljópu þá á land upp báðir samt. Ok er þeir kómu upp í fjøruna þá fóru at þeim menn þrír af bæjarmønnum. Helgi hljóp í mót þeim ok barðisk við þá, en konungr kleif upp í einn bakka brattan. En er hann var kominn mjök svá upp á bakkann þá steig hann á kufi sinn, ok skruppu honum þá fœtrnir, hrapaði hann niðr aftr í fjøruna. (*Sverris saga* 2007:46–47)

Enginn hefur viljað setja mörk Grýlu framan við þennan 28. kafla, enda væri sú afmörkun vandræðaleg. Hún fæli það í sér að samfelld atburðalýsing væri rofin og ennfremur að Sverrir lyki frásögn sinni án þess að greina frá mikilvægri orrustu og skýra mesta ósigur sem hann beið á ævi sinni.

Aðalröksemd Lárusar H. Blöndals fyrir því að Grýla hafi náð yfir 31 kapítula sögunnar er að frásagnir fram að því séu „í senn svo ýtarlegar og samfelldar, að eðlilegast (sé) að rekja þær til eins og sama heimildarmanns, og þá til Sverris konungs“ (Lárus H. Blöndal 1982:83–84). Lárus undanskilur þó ræðu Eysteins erkibiskups í 28. kapítula en ekki aðrar frásagnir þess kafla.

Röksemdir Ludvigs Holm-Olsen eru í fjórum liðum: 1) hvernig vitnað er

til Sverris sem heimildarmanns, 2) hvernig handleiðsla Guðs með Sverri er nefnd í 24 fyrstu köflunum en ekki síðar í sögunni, 3) hvernig sagan greinir frá hugsunum, tilfinningum og vilja Sverris og 4) hvernig inngangsorð kafla eru mismunandi innan sögunnar.

Áður hefur verið rætt um hugsanalýsingar Sverris, sem eru bundnar við 11 fyrstu kafla sögunnar, eða 22 eftir því hvernig slíkt er skilgreint. Inngangsorð á borð við „Nú er at segja frá“ koma fyrir þar sem frásögnin færast milli hinna andstæðu fylkinga. Þetta stílbragð (*aphodos*), notað þar sem tvennum sögum fer fram, er sennilega sótt til latneskra sagnarita og verður síðar allalgengt í Íslendingasögum (Clover 1982:102–108; Þorleifur Hauksson 1994:852). Fyrsta dæmi þess í Sverris sögu er í 35. kaþítula. En eins og áður segir kemur það þegar fyrir í 28. kafla að sjónarmið færast á milli manna Sverris annars vegar og andstæðinga hans hins vegar.

Á fimm stöðum vísar sagan beint til frásagnar Sverris í tengslum við það sem fyrir hann ber: í 5., 33., 40., 43. og 49. kaþítula. Hér hafa fræðimenn deilt um tíðir sagnorðanna sem notaðar eru (Koht 1914:89, Finnur Jónsson 1920: 119, Holm-Olsen 1953:58–61). Í fyrstu tveimur dæmunum er notuð núliðin tíð: (*Með þeim hætti hefir Sverrir sagðan þenna draum, Svá hefir sjálfr Sverrir konungr sagt*), en í þeim síðari þátíð: *váttaði, kallaði, sagði*, ásamt atviksorðinu *jafnan*. Niðurstæða Holm-Olsen er sú að þrjár síðastnefndu kaflarnir, sá 40., 43. og 49., séu skráðir af manni sem hafi staðið fjær atburðum en Karl gerði þegar hann ritaði Grýlu í viðurvist Sverris (Holm-Olsen 1953:61). Þetta eru að sjálfsögðu veik rök, auk þess sem þeirri spurningu er þá ósvarað hvernig eigi að skýra þessi síðari dæmi þar sem Sverrir er tilgreindur sem heimildarmaður.

Enn umdeilanlegri eru ályktanir sem fræðimenn hafa dregið af því hvernig nafn Guðs er notað í frásögninni í upphafsköflum sögunnar (Koht 1914:89 o. áfr., Indrebø 1920:lxv, Holm-Olsen 1953:61–65). Hér er um að ræða alls átta dæmi í 12. til 24. kaþítula, þar sem minnst er á miskunn Guðs gagnvart Sverri, að Guð hafi gefið honum sigur og fleira í þeim dúr. Í þessu sambandi er vísað til þess hve Sverri er sjálfum tamt að tala um handleiðslu Guðs þar sem sagan vitnar til orða hans í beinni ræðu, og fyrrgreind dæmi eiga þá að vera sönnun þess að þarna hafi Karl Jónsson skrifað eftir frásögn Sverris (Holm-Olsen 1953:64). Hér er rétt að minnst þess að efnislega hafa þessir upphafskafklar ákveðna sérstöðu. Sverrir á þar í vök að verjast, lendir í óskaplegum hrakningum og berst fáliðaður gegn ofurefli liðs. Frásögnin snýst um það hvernig hann sannar burð sinn og rétt til valda, með draumum og guðlegri handleiðslu.

Af framangreindu yfirliti ætti að vera ljóst að engin af kenningunum um lengd Grýlu Karls ábóta kemur fyllilega heim við orð formálans eins og þau hafa almennt verið túlkuð. Því er rétt að huga nánar að grundvallarforsendu þeirrar túlkunar.

Ummælin í formála Sverris sögu eru fyrst og fremst til þess ætluð að sýna hversu traustar þær heimildir séu sem stuðst er við. Í eldri gerð formálans er greint frá því að upphaf bókarinnar sé ritað (eftir þeirri bók sem rituð sé) í viðurvist konungsins sjálfs. Nokkrum línnum neðar stendur að síðari hlutinn sé skráður eftir sjónar- og heyrnarvottum. En það er engan veginn sjálfgefið að þetta ‘upphaf bókarinnar’ sé það sama og sá hluti bókar sem kallaður var Grýla. Það eina sem sagt er ótvírætt varðandi Grýlu er að Sverris saga skiptist í tvennt og að fyrri hlutanum hafi verið gefið þetta nafn í samræmi við sögu-efnið. Það styrkir þessa niðurstöðu að umræða formálagarinnar í Flateyjarbók um tvískiptingu sögunnar í annars vegar *Grýlu*, hins vegar *Perfectam fortitudinem* er öldungis ótengd upplýsingum um hver eða hverjir hafi sagt fyrir einstaka hluta bókarinnar. Samkvæmt henni ráðast nöfnin af efninu: óvissri ógn af Sverri í fyrri hlutanum og fullnuðum styrk hans í þeim síðari.

Ekki er ástæða til að draga í efa þær upplýsingar formálans að upphaf bókarinnar sé ritað að fyrirsögn Sverris konungs sjálfs. Greinileg merki þess má finna í fyrstu köflum sögunnar, ef til vill allt fram til 22. kapítula, eins og rakið hefur verið. Í þeim hluta bókar sem á eftir fer er stuðst við frásögn margra heimildarmanna, og ekkert er því til fyrirstöðu að ætla að Sverrir sjálfur hafi verið einn þeirra enda þótt hann sæti ekki lengur yfir ábótanum og réði fyrir hvað rita skyldi.

Hins vegar bendir flest til þess að sá hluti bókar sem kallaður var Grýla hafi náð miklu lengra en þetta ‘upphaf bókarinnar’. Eðlileg skil í sögunni milli Grýlu og seinni hlutans gætu verið á eftir 100. kapítula, með öðrum orðum á þeim mörkum sem Lárus H. Blöndal setur ‘bók Karls ábóta’. Vel gæti þar verið kominn fyrsti áfangi Karls við ritun sögunnar, þ.e. sá áfangi sem hann hafi lokið í Noregsferð sinni. Þar stendur Sverrir líka á tímamótum, hefur sannað tilkall sitt til valda með því að fella helstu andstæðinga sína, Erling jarl skakka og Magnús Erlingsson, og náð því takmarki að verða einn viðurkenndur konungur yfir öllum Noregi.

## HEIMILDASKRÁ

- Andersson, Theodore M. 1985. Kings' Sagas. *Old Norse-Icelandic Literature. A Critical Guide*:197–238. Eds. Carol Clover, John Lindow. Ithaca.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík.
- Bjarni Einarsson (útg.). 1985. *Ágrip af Noregskonunga sögum, Fagrskinna–Nóregs konunga tal*. Íslenzk fornrit XXIX. Reykjavík.
- Clover, Carol J. 1982. *The Medieval Saga*. Ithaca.
- DI: *Diplomatarium Islandicum*. Íslenzkt fornbréfasafn. 1857–1972. I–XVI. Kaupmannahöfn og Reykjavík
- Finnur Jónsson. 1920. Sverrissaga. *ANF* 36 (N.f.33):97–138.
- Finnur Jónsson. 1923. *Den oldnorske og oldislandske litteraturs historie*. 2. udg. II. København.
- Flateyjarbók*. I–III. 1944–1945. Sigurður Nordal ritaði formála. Akranesi.
- Gunnell, Terry. 1994. Grýla, Grýlur, Grøleks and Skeklers. Folk Drama in the North Atlantic in the Early Middle Ages? *Samtíðarsögur*:259–273. Níunda alþjóðlega fornsagnaþingið. Forprent.[Ritstj. Sverrir Tómasson], Akureyri.
- Gunnell, Terry. 1995. *The Origins of Drama in Scandinavia*. Cambridge.
- Gunnell, Terry. 2001. Grýla, Grýlur, „Grøleks“ and Skeklers: Medieval Disguise Traditions in the North-Atlantic? *Arv*. 57:33–54
- Helle, Knut. 1958. *Omkring Bøglunga sögur*. Bergen.
- Hollander, Lee M. 1928. Notes on the Sverris saga. *The Germanic Review* III (3): 262–276.
- Holm-Olsen, Ludvig. 1953. *Studier i Sverres saga*. Oslo.
- Indrebø, Gustav (útg.). 1920. *Sverris saga etter Cod. AM 327 4o*. Kristiania.
- Islandske Annaler indtil 1578*. 1888. Udg. Gustav Storm. Christiania.
- Jacobsen, Mads Andreas, Chr. Matras. 1961. *Føroysk-donsk orðabók*. 2. útgáva. Tórshavn.
- Jón Helgason. 1934. *Norrøn litteraturhistorie*. København.
- Jón Samsonarson. 1991. Marghala Grýla í gördum vesturnorrænna eyþjóða. *Lygisögur sagðar Sverri Tómassyni fimmtugum*:48–54. Reykjavík.
- Knirk, James E. 1981. *Oratory in the Kings' Sagas*. Oslo.
- Koht, Halvdan. 1914. Norsk historieskriving under Kong Sverre, serskilt Sverre-soga. *Edda* 2:67–102.
- Lárus Blöndal. 1951. Grýla. *Á góðu dægri. Afmælikveðja til Sigurðar Nordals 14. sept. 1951 frá yngstu nemendum hans*:173–207. Reykjavík.
- Lárus H. Blöndal. 1982. *Um uppruna Sverrissögu*. Reykjavík.
- Meissner, Rudolf. 1902. *Die Strengleikar*. Halle.
- Paasche, Fredrik. 1915. Sverre prest. *Edda* 3:197–212.
- Schlauch, Margaret. 1969. The Rhetoric of Public Speeches in Old Scandinavian (Chiefly Icelandic). *SS* 41:297–314.
- Sturlunga saga*. 1909–1911. I–II. Udg. Kristian Kålund. København.
- Sverrir Tómasson. 1988. *Formálar íslenskra sagnaritara á miðöldum*. Reykjavík.
- Sverrir Tómasson. 1992. Veraldleg sagnarritun 1120–1400. *Íslensk bókmenntasaga* I: 261–410. Reykjavík.
- Sverris saga*. 2007. Útg. Þorleifur Hauksson. Íslenzk fornrit XXXIII. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Þorleifur Hauksson 1994. Hugleiðingar um þjóðlegan stíl og lærdómsstíl. *Sagnaþing helgað Jónasi Kristjánssyni sjötugum*: 845–853. Reykjavík.

## SUMMARY

‘Abbot Karl Jónsson’s *Gryla*’

**Keywords:** Style and structure Sagas of the Kings, rhetoric, philological questions.

The preface to *Sverris saga* informs the reader that the beginning of the book was dictated by King Sverrir himself to Abbot Karl Jónsson (†1212/13). This “beginning” has generally been identified with the part of the book designated by the name *Gryla* later in the preface. So, the demarcation of “Karl Jónsson’s *Gryla*” has occupied many distinguished scholars who have come to widely different conclusions. In this paper, the author discusses the diverse theories about the extent of *Gryla* and comes to the conclusion that this part of the book most likely extended far beyond King Sverrir’s dictation.

Another matter of debate concerning *Sverris saga* has been the question of one or two authors. The saga has many traits which are characteristic for the “contemporary saga”. There are indications that Karl Jónsson is the author of the whole saga and that it was written at intervals during the last 25 years of his life.

*Þorleifur Hauksson*  
*ReykjavíkurAkademían*  
*Hringbraut 121*  
*IS-107 Reykjavík, Ísland*  
*thorl@akademia.is*



GÍSLI BRYNJÚLFSSON

## ÞÝÐINGAR ÚR FORNENSKU

*Fyrri hluti: Frá Abgarus konungi*

*Sigurjón Páll Ísaksson bjó til prentunar*

### INNGANGSORÐ GÍSLA BRYNJÚLFSSONAR

Í ÞÝÐINGU ÞEIRRI, sem hér fer á eftir, á hinu fornenska helgikvæði um Abgarus konung, hef ég reynt að fylgja orðalagi frumtextans eins náð og mér var unnt.<sup>1</sup> En þar eð það hefur ekki alltaf tekist eins vel og við hefði mátt búast, þegar unnið er með jafn skyld mál og fornensku og fornorsku, og sem í skáldamáli bjóða auk þess upp á fjölda samsvarana í hugsanagangi og tján-ingarhætti, þá óska ég eftir að fá að birta hér nokkrar athugasemdir um þá sér-stöku erfiðleika, sem torvelða góða orðréttu þýðingu af fornensku yfir á ís-lensku, og sem við raunar veitum fyrst athygli þegar þýða skal kvæðiskorn. Í Abgarus-kvæðinu<sup>2</sup> stafa erfiðleikarnir að nokkru leyti af því að það er seint samið og er því ekki í sönnum fornenskum stíl, en þeir eru ekki síður almenns eðlis og gætu því varpað ljósi á þann eðlismun, sem ávallt hlýtur að hafa verið á fornorskum og fornenskum kveðskap, jafnvel á blómaskeiði beggja.

Sá bragarháttur sem elstur er með germönnum, er eins og kunnugt er hið

<sup>1</sup> Árið 1853 komu út í Kaupmannahöfn tvær fornenskar predikanir eða hómilfúr: Tvende old- engelske digte med oversættelser, ved G(eorge) Stephens. *Indbydelsesskrift til Kjöbenhavn's Universitets fest, i anledning af Hans Majestæt Kongens fødselsdag, den 6. oktober 1853*. Útgáfunni fylgdi íslensk þýðing í bundnu máli, eftir Gísla Brynjúlfsson skáld. Þessar þýð- ingar Gísla verða birtar í tvennu lagi í *Griplu*. Í þessu hefti er fyrri hómilían, 'Frá Abgarus konungi', ásamt greinargerð sem Gísli lét fylgja þýðingu sinni. Í næsta hefti *Griplu* verður seinni hómilían, 'Á þriðja sunnudag í föstu', ásamt ritgerð minni: „Þýðingar Gísla Brynjúlfss- onar úr fornensku“. Ég hef hér þýtt greinargerð Gísla í heild með neðanmálgreinum, og bætt við nokkrum neðanmálgreinum sem eru merktar SPÍ. Aftast er stuttur kaflí um útgáf- una, og skýringar.

<sup>2</sup> George Stephens taldi hómilíurnar vera helgikvæði, af því að í þeim er stuðlasetning. Nú er hins vegar litið á þessa fornensku texta sem stuðlað lausamál.

svokallaða ‘fornyrðislag’.<sup>3</sup> Nú finnast engin merki þess að annar bragarháttur hafi nokkru sinni tíðkast hjá Suðurgermönnum eða Englendingum<sup>4</sup>, en Norðurlandamenn, a.m.k. Norðmenn, hafa notað marga hætti aðra, og það mjög snemma, löngu fyrir fund Íslands. Þessi bragarháttur, sem enn er mjög vinsæll meðal íslenskra skálda, er að sjálfsögðu með stuðlum og höfuðstöfum eins og annar fornorskur kveðskapur, enda gátu germanir hinir fornu alls ekki hugsað sér kvæði án stuðlasetningar. Þetta er venjulega talið eina auðkennið sem skilur fornyrðislagið frá lausu máli. Hér er þó um misskilning að ræða, eða öllu heldur: sagan er ekki öll sögð, því margur maðurinn getur stuðlað rétt og e.t.v. sett saman snotur kvæði, án þess þó að geta ort ósvikið fornyrðislag. Á íslensku er til orðið ‘stæling’, sem er nálega óþýðanlegt.<sup>5</sup> Það merkir hinn fjaðrandi stífleika, sem járn öðlast þegar það blandast stáli í réttum hlutföllum, en er einnig notað í afleiddri merkingu í öðrum samböndum, meðal annars um kvæði, sem hafa þá sérstöku hrynjandi og stílhreinu byggingu, sem telja má alveg ómissandi í öllum sönnum fornaldarkveðskap, hvort heldur hann er ortur undir dróttkvæðum hætti eða fornyrðislagi. Það er þessi ‘stæling’ sem aðeins og eingöngu næst fram með því sérstaka orðavali, sem burtséð frá stuðlasetningunni, greinir hið sanna fornyrðislag frá daglegu máli og gefur því slíkan skáldlegan áhrifamátt, að við getum næstum fallist á þá hugmynd fornanna, að skáldskapur sé málfar guðanna. Þennan skáldskaparblæ er nær ómögulegt að endurskapa á öðrum tungum, en án hans er þessi bragarháttur líka einskis virði, hversu gott sem formið annars er. Má þá líkja honum við gamalt eggjárn, sem hefur dignað í eldi. Hið flókna dróttkvæðalag er ekki nærri því eins erfitt í meðförum. Það þarf svo sára lítið til að fornyrðislagið falli úr sinni tiginbornu hæð niður í sviplausan og leiðinlegan prósa, eins og oft má sjá í yngri kvæðum. Fornskáldin hafa aftur á móti verið fullkomnir meistarar í þessari tegund skáldskapar, og þeim hefði aldrei komið til hugar að bjóða áheyrendum kvæði, sem hefði ekkert annað en stuðlasetningu umfram laust mál og gat því aldrei orðið minnisstætt stundinni lengur. Nei, þeir fléttuðu svo snilldarlega saman hugsun og orð, sögðu svo margt í fáum orðum, að þó að við heyrum kvæði þeirra aðeins einu sinni, gleymast þau ekki svo auð-

<sup>3</sup> Gísli notar orðmyndina ‘fornyrðalag’, sem var talin rétt á þeirri tíð. Síðar benti Konráð Gíslason (1884:157) á að sú orðmynd væri á mislestri byggð, ‘fornyrðislag’ væri réttara. Verður það orð notað hér. Eins og fram kemur hjá GB eru hinir fornensku og fornþýsku hættir ekki alveg sambærilegir fornyrðislaginu íslenska, þó að þeir séu náskyldir því. SPÍ.

<sup>4</sup> Þar sem í danska textanum stendur ‘Angler’ (Englar), þýði ég ‘Englendingar’. SPÍ.

<sup>5</sup> Fjaðurmagn, þanþol, það að vera stæltur; sbr. ‘stál’. SPÍ.

veldlega, heldur festast í minni.<sup>6</sup> Í kvæðum þessum er svo mikill karlmannlegur styrkur og slík óbifanleg festa, að við getum vart annað en fallist á staðhæfingu Eyvindar skáldaspillis, sem lýkur Háleygjatali, kvæði sínu um Hákon jarl, með þeim orðum, að hann hafi nú víggirt fræðð (eða orðstír) jarlsins með klettavegg [múrvegg].<sup>7</sup> Og þetta átti ekki síður við um Englendinga en Norðmenn.<sup>8</sup> Sú ‘stæling’ sem hér er átt við, finnst í jafn ríkum mæli í Bjólfskviðu

- <sup>6</sup> Hin 25. janúar 1848 ritar Gísli í dagbók sína: „Eg get ei kveðið undir fornryðalagi, og álit eg það líka hinn mesta vanda, því það þarf svoddan ógnarlegt hugsanafl til þess, að sá háttur verði ei að sundurlausri ræðu og missi skáldskapartign sína. Og þegar eg nú ber það, sem nú er ort með þeim hætti á ísl(enzku), við hið eldra, þá blöskrar mér munurinn, jafnvel ei Jónas hefur getað fullnægt honum nema í útl(eggingum), því hann vantar hugsunarfyllinguna. Bjarni er sá einasti af enum nýjari, sem hefur kunnað að brúka hann og þó varla nema í Odds-kvæðinu og Jónskvæðinu og nokkrum öðrum. Hann er ei að draga út sömu hugsan í mörg vísuorð, sem ætíð er lúalegt, en hugsanirnar brjótað svo inná hann, að hann á bágð með að koma þeim fyrir, en það er einmitt slíka hugarfyllingu, sem þarf til þessa háttar. Jón Þorl(áks)son og Gröndahl hafa líka kunnað að fara með þenna hátt. Þeir hafa kunnað svo vel málið, og þó þeir oft hafi dönskuslettur, þá er þó svoddan innri orðgnótt og eilíf uppspretta hjá þeim, sem er langtum betri en hinn visni ‘púrismus’, sem nú drepur fyrir svo mörgum hinn sanna, lifandi anda málsins, og skömm er að gjöra lítið úr þeim og kalla þá andalaus á skáldskap. Þeir eru Pópar Íslands og allir nýjari ættu að taka þá sér til fyrirmyndar. Eg fyrir mitt leyti vildi, að eg hefði hugsað svona fyrir, því vera má, að eg þá væri betur inni anda málsins en eg nú er.“ (Gísli Brynjúlfsson 1952:81-82)

- <sup>7</sup> Háleygjatali lýkur á þessum orðum:

Jólna sumbl  
enn vér gátum,  
stillis lof,  
sem steinabru.

„Skáldskaparmjóðinn fengum vér enn, lof[kvæði] um konung (jarl), líkast steinabru.“ *Skjald.* B I:62 (A I:71). Eyvindur líkir lofkvæðinu við ‘steinabru’, sem mun vera steinhleðsla eða steinlagt stræti. Brústeinar eru stétt, sbr. Eyrbyggja sögu (1935:66) SPÍ.

- <sup>8</sup> Oft er sagt að hin flókna orðaröð, sem virðist vera í mörgum kvæðum, bæði undir fornryðislagi og dróttkvæðum hætti, sé seinni tíma afbökun, íburður og tilgerð, en þetta er algjör miskilningur. Í fyrsta lagi er orðaröðin ekki nærri því eins ruglingsleg og ritskýrendur vilja oft vera láta. Við getum verið viss um, að ef við á stöku stað rekumst á mjög óeðlilega orðaskipun, þá er einhver maðurur í mysunni. Í öðru lagi stafa þessi séreinkenni kvæðanna af sjálfu eðli tungumálsins og eru því alveg jafn bein tjáning á tilfinningum fornskáldanna, eins og hin einfalda orðaröð er nútímaskáldum. Með hinu fullkomna beygingakerfi formálsins var hægt að gjörbreyta orðaröð án þess að kvæðin yrðu á nokkurn hátt óskýr eða óskiljanleg, þó að slíkt sé ekki hægt í hinum vængstýfðu tungumálum okkar tíma. Það var íþrótt fornskáldanna að fleyga setningar þannig hverja inn í aðra, að þær yrðu í heild eins og þjappaður massi, sem í því formi hafði hin tilætluðu áhrif, en hlaut að sjálfsögðu að missa mikið af styrk sínum væru þær leystar sundur. Þannig er t.d. málum háttað um hinar fjölmörgu innskotssetningar í þessum gömlu kvæðum, og það er alrangt að halda að þetta sé bara sundurgerð. Orsakanna er miklu fremur að leita í því, að skáldið er í senn gagntekið mörgum skyldum tilfinningum og hugmyndum, og er þá svo heppið að yrkja á máli, sem gerir kleift að tjá þær allar svo að segja

sem í Eddukvæðum, og í jafn ríkum mæli í hinum elstu þeirra sem í Hákonar-málum Sturlu Þórðarsonar [frá 1263]. Þess vegna er það mikill misskilningur, þegar menn halda að því einfaldara og hversdagslegra sem kveðskaparformið er, þeim mun eldra sé það. Þannig hafa sumir reynt að leysa fornsögurnar upp í eins konar stuðlað lausamál, sem engin fornþjóð, a.m.k. ekki germönsk, hefði litið á sem kveðskap eða yfirleitt kannast við. Hin sanna fornöld gerði ávallt skýran greinarmun á skáldamáli og daglegri ræðu. Þegar tímar liðu fram fór að losna um fornar kveðskaparhefðir, sem leiddi til allsherjar flatneskju á þessu sviði. Skapaðist þá ástand, sem að vísu leiddi síðar af sér margt merki-legt, en þó skortir ætíð þau auðkenni upprunaleikans, sem prýðir þau verk sem elst eru, og samin voru fyrir upplausnaröldina. Þess vegna er það, að einmitt vegna upprunaleika síns eru þessi verk allt of oft vanmetin af nútímamönnum.

Hið fornenska helgikvæði, sem hér er prentað, er einmitt frá upphafi þessa breytingaskeiðs á Englandi, þegar tilfinningin fyrir fornaldarháttunum var byrjuð að dofna. Af því að þýðing mín er yfir á mál þjóðar sem varðveitt hefur þessa tilfinningu, þá varð ég annaðhvort að þýða frumkvæðið frjáltslega, eða nota stuðlamálið fyrrnefnda, sem ávallt hefur verið og verður sjálfsagt lengi talið ónothæft til kvæðagerðar á Íslandi. Ég býst því ekki við að menn undrist að ég skyldi velja [fyrri] kostinn, og reyna eftir því sem mér var unnt, að gefa

í einu, og það án nokkurrar eiginlegrar þvingunar. Það er öldungis víst, að það þarf sterkar tilfinningar til að gefa kvæði það form, að sérhverju orði sé svo fyrir komið, að flytjandinn verði að mæla það fram á hinn áhrifaríkasta hátt. Þetta má e.t.v. skýra betur með dæmi úr latneskum kveðskap, þar sem orðaröðin er líka mjög mikilvæg. Hver finnur t.d. ekki að ákall Hórazar til Pompeiusar: „Pompei, meorum prime sodalium!“ er borið uppi af heitri tilfinningu. Og þó myndi innileiki þessara orða að miklu leyti hverfa, ef orðaröðin væri önnur. En þannig er því einmitt farið um hinn fornorska kveðskap. Enginn hefur rétt til að kalla hann tilgerðarlega list, því að ef menn skildu kvæðin betur, myndu menn ótvírætt finna að þau eru sprottin frá innstu hjartarótum. Ég verð að játa, að ég hef ekki lesið neitt nútíma kvæði, sem í innleika og karlmannlegri reisu jafnast á við harmljóð Glúms Geirasonar, Hallfreðar [vandráðaskálds], Þórðar Kolbeinssonar eða Sighvats [Þórðarsonar] um konunga þá og valdsmenn, sem þeir höfðu þjónað. Hið kröftuga vopnaglamur þessara kvæða, er eins og mildað af djúpum harmi, sem verður þó til að auka áhrifin enn frekar. Í þessum kvæðum er ekki hægt að tala um neinn íburð, ef litið er fram hjá því, að afskrifarar og ritskýrendur hafa e.t.v. hér og þar laumað inn einhverju, sem ekki á við. En við getum ekki álasað skáldunum fornu fyrir það. Að kvæði þeirra höfðuðu til fólks má best sjá af því, að þau geymdust í minni manna í mörg hundruð ár, þar til þau voru skrifuð upp. Í fornöld var gagnrýni fólgin í því að læra góðu kvæðin utanbókar, en gleyma hinum lakari. Og þegar mat er lagt á skáldskapargildi þeirra, má heldur ekki gleyma því, að þau voru söguritun sinnar tíðar. Einmitt þess vegna þurfti að gefa þeim fast og kjarnyrt form, svo að auðveldara yrði að læra þau. GB.

þýðingunni þann blæ, sem krafist er af ósviknu fornyrðislagi. Þetta er líka fyrsta ástæðan fyrir því að orðrétt þýðing hefði orðið mjög erfið eða jafnvel ómöguleg. Þetta kvæði er sem sagt sér á báti ásamt öðrum frá sama tíma. Aftur á móti yrðu erfiðleikar af þessu tagi t.d. ekki umtalsverðir við þýðingu á hinu frábæra fornenska kvæði um Andrés postula, eða önnur slík sann-epísk fornaldarkvæði.<sup>9</sup>

Önnur ástæða og almennari, sem torveldar góða orðréttu þýðingu af fornensku yfir á íslensku, er sú að Englendingar hinir fornu skiptu kvæðum sínum ekki í vísur af ákveðinni lengd, eins og Norðmenn gerðu. Þess vegna líkjast kvæði þeirra að formi, þeim kveðskap sem Íslendingar kalla 'þulur'. Sjálfsagt er þetta hið upprunalega og elsta form epískra kvæða, en vegna þess hve langt er milli fastra málhvílda, getur það gefið kvæðunum frekar dauflegan blæ. Ég sá mér þó ekki fært að víkja svo mikið frá frumtextanum, að skipta þýðingunni í vísur af jafnri lengd, sem hefði heldur ekki verið svo auðvelt efnisins vegna. Ég hef því haldið mig við efnisskipun frumtextans, en þó reynt að gefa hverjum kafla einkenni sjálfstæðrar vísu. Hliðstæður má sjá í mjög gömlum fornorskum kvæðum, þar sem vísur eru ekki ávallt jafn langar. Þetta á jafnt við um mörg Eddukvæði sem og konungatöl Þjóðólfs [hvinverska] og Eyvindar [skáldaspillis]. En reglufestan er þó alltaf meiri þar en í fornensku kvæðunum og einkum hefur síðasttöldu skáldunum tveim tekist að gefa hverri vísu undraverða afmörkun og fasta byggingu, þó að efnið, sem þeir hafa að segja í hverri, sé svo sáralítið. Það er eins og ósýnilegur stálþráður gangi gegnum þessi kvæði, sem bindur vísuorðin saman í órjúfanlega keðju. En slíkt er ekki auðvelt að leika eftir. Annars vil ég aðeins bæta því við, að um leið og hinn fornenski síður, að yrkja samfellt án vísnaskiptingar, gefur framsetningunni meiri sagnræna ró, leiðir hann jafnframt í ljós athyglisverðan eðlismun sem verið hefur á Englendingum og Norðmönnum, þrátt fyrir náinn skyldleika þjóðstofnanna. Þessi sami munur verður að teljast orsök þess að Norðmenn einir, og e.t.v. einnig Svíar, hafa auk fornyrðislags notað hið hljómmikla dróttkvæðalag í kveðskap sínum. Aftur á móti virðast Englendingar hinir fornu aldrei hafa notað eða jafnvel þekkt annan bragarhátt en fornyrðislag, og mér er næst að halda að hið sama megi segja um Dani hina fornu.

Því verður ekki neitað að stíll Bjólfskviðu stendur nær háleitri ró grískra söguljóða, en eddukvæðunum. Hann er ávallt skýr, tiginborinn og sann-epískur. En á hinn bóginn held ég að honum sé ekki gert rangt til þó að ég haldi því

<sup>9</sup> Um Andreas, sjá t.d. Krapp (1969:3-51). SPÍ.

fram að hann nái sjaldan og e.t.v. aldrei þeirri stórkostlegu hæð, sem við undrumst svo oft í eddukvæðunum, en einmitt þess vegna eru þau oft frekar ljóðræn en epísk í grískum skilningi.<sup>10</sup> Ekki er auðvelt að benda á ástæðuna fyrir þessum mun. Hjá Englendingum hafa þessir fornensku og norrænu straumar síðar runnið saman á stórbrotinn hátt í verkum fremstu skálda. Shakespeare mun þar lengi gnæfa hæst, og það því fremur sem þessi tjáningarháttur er runninn honum í merg og bein. Hann líkir hvorki eftir fornenskum né fornorskum stíl, ef svo má segja, en nær þó anda beggja betur en nokkur annar.

Í viðleitni minni að endurskapa kvæðið undir réttu fornyrðislagi, hef ég stundum orðið að grípa til orða [heita] og hugmynda [kenninga], sem eiga sér ekki alltaf nákvæma samsvörun í frumkvæðinu, og hafa e.t.v. að sumra dómi á sér allt of heiðinn blæ. En ég get hér aðeins sagt, að það hlaut að fara svo, og ég er sannfærður um, að ef þetta fornenska kvæði hefði verið nokkru eldra en það er, hefði sama sjónarmið ósjálfrátt orðið ofan á. Kemble lýsir þessu vel í formála fyrir útgáfu sinni á fornenska kvæðinu um Andrés postula [Andreas], sem hann að vísu telur vera miklu yngra en það í raun og veru er:

Hin epísku einkenni lifðu áfram þrátt fyrir skólalærdóminn, sem var svo ofmetinn. Og jafnvel þýðingar urðu sjálfstæð sköpunarverk vegna hins germanska anda sem gegnsýrði þær og varðveittist ómeðvitað í kenningum og skáldamáli úr heiðnum kvæðum. Í því, miklu fremur en bragarhættinum, er skáldskapargildið fólgið, og án þess getur stuðla-setning ekki forðað heilagramanna sögu frá því að fá yfirbragð dauflegrar predikunar.<sup>11</sup>

Þetta er öldungis rétt athugað, og það var satt að segja óhugsandi að tungumál, sem voru jafn háþrúð á skáldskaparsviði og fornenska og fornorsk, gætu að fullu sagt skilið við rótgrónar hefðir, hvert sem yrkisefnið var. En hér má einnig bæta því við, að mörg þau orðasambönd, sem menn nú telja heiðin, þurfa alls ekki að hafa haft svo einhliða blæ í augum fornanna, sem skildu fullkomlega hina upprunalegu merkingu. Þessi orðasambönd voru að jafnaði

<sup>10</sup> Sjá til samanburðar, Halvorsen (1959:27-28). SPÍ.

<sup>11</sup> John M. Kemble (1843 og 1846). Enski textinn hljóðar svo: „The epic forms maintained themselves despite of the booklearning, which was so overprized; and even translations became originals from the all-pervading Teutonic spirit which was unconsciously preserved in the forms and phrases of heathen poetry. In the use of these, far more than in the alliterative measure, consists the poetical element, and, without these, the alliteration cannot save a saint's legend from assuming the guise of a dull homily.“ SPÍ.

mjög auðskildar samlíkingar, sem jöfnum höndum mátti nota um kristin og heiðin efni. Því er það, þegar ég í þýðingu minni kalla dauðann (og syndina) ‘Njörva nift’, þá skal viðurkennt að þetta er heiðið nafn á dauðagyðjunni Hel, en hitt er jafn víst, að frummerkingin er einfaldlega ‘systir dauðans’, og því hafa kristnir menn jafnt sem heiðnir getað gripið til þessa orðasambands.

Þegar á allt er litið er tæplega rétt að gera of skarpan greinarmun á kristilegum og heiðinglegum tjáningarhætti þegar rætt er um Guð og allt yfirskilvitlegt, því að trú og tunga heiðingja var í þessu tilliti fjarri því að vera frumstæð. Og þó að kristleg siðfræði sé óendanlega hátt hafin yfir alla aðra speki, þá má samt greina í mörgu öðru, miklu eldra og upprunalegt samræmi í heimsmynd flestra fornþjóða. Það er einmitt þetta samræmi, sem hefur greitt götu kristindómsins, og þess vegna er engin ástæða til að fordæma það að slíkt hafi einnig leitt til þess að sitthvað úr heiðnum sið blandaðist kristnum hugmyndum strax í upphafi, og hefur ekki enn verið útrýmt. Ekkert gagntók hugi hinna nýkristnu germana jafn mikið og sú hugmynd, að Kristur hafi hrakið Satan frá völdum í hans eigin ríki og brotið vald hans á bak aftur í eitt skipti fyrir öll. Nú hlutu þeir að telja hann völdugri en hin heiðnu goð, sem aðeins um stundarsakir gátu haldið hinum illu öflum í skefjum: [Miðgarðs]ormi í djúpi hafsins, Hel í hinu myrka ríki, Úlfinum í svelgnum mikla (Gleipni) og Loka í fjötrum, til þess eins að þeir ættu eftir að brjótast fram á ný, ógnarlegri en nokkru sinni fyrr.

Það er og alþekkt að hugmyndin um gálgann sem tré Óðins, féll alveg saman við krossinn í germanskri frumkristni, án þess þó að þar væri um nein kristin áhrif að ræða, frekar hið gagnstæða. Jafnvel í hákristilegu kvæði eins og því sem hér er þýtt, kallast krossinn ‘hencgene rode’, sem ég hef hiklaust þýtt með ‘hangameiðr’, þó að merking þess orðs sé gálgi, því að hið ennþá fornlegra orð ‘vingameiðr’, sem var upphaflega sömu merkingar,<sup>12</sup> er í fornum

<sup>12</sup> Orðið ‘hangi’ merkir ‘sá sem hangir’, og ‘vingi’ – af stofninum ‘ving’, sem enn lifir í orðunum ‘vingla’ og ‘vingsa’ (að sveifla fram og aftur), hlýtur þess vegna að hafa haft nákvæmlega sömu merkingu. Af ‘Ving-’ kemur einnig ‘Vingnir’ sem bæði er jötuns- og Óðins heiti, sömu merkingar og annað af hans mörgu nöfnum, ‘Váfuðr’ af ‘váfa’ (svífa), bæði af því að í upphafi veraldar hékk hann á hinu vindblásna tré, svífandi yfir djúpunum, og af því að eðli hans birtist m.a. í storminum sem blés ofan frá himnum. Þess vegna er hann í Alvíssmálum einnig réttilega sagður heita ‘váfuðr með goðum’. Samkvæmt þessu merkir Þórsnafnið ‘Vingþórr’ ekki annað en Sveiflu-Þór, af því að hann sveiflaði þrumuflegnum. Sömu merkingar er ‘Hlórríði’, sem þýðir ‘Glóðafeykir’, rétt eins og Eilífur í Þórsdrápu kallar hann ‘funhristi’ (eldhristi). ‘Hló’ (þar af ‘hlóa’, ‘hlóð’, ‘hlóðyn’) merkir nákvæmlega hið sama og ‘gló’ (‘glóa’, ‘glóð’), og í formála Snorra-Eddu kemur réttilega fram, þó að höfundurinn noti það á sinn hátt, að fóstara Þórs hét bæði ‘Hlóra’ og ‘Glóra’ (sbr. að ‘glóra í eld’, þegar grillir í hann undir öskunni, og ‘eldglæringar’). Þess vegna eru Vingnir og Hlóra eiginlega ekki annað en

íslenskum kvæðum eftir kristna menn notað um krossinn. Áður en jörðin var sköpuð, hékk Óðinn í greinum Yggdrasils „nætur allar ný,“ og menn litu einnig á þetta sem fórn, því að það var til að leita visku að hann sökkti sér þaðan í djúp Hvergemlis [Hvergelmis], upphaf og endi tilverunnar, segir Kormákur skáld.<sup>13</sup> Hann var þannig talinn hafa fórnað sjálfum sér á Veraldartrénu,

Óðinn sjálfur og Hlóðyn, eða hin vermandi jörð. En þetta kemur þó ekki í veg fyrir að þau voru einnig talin vera jötnar, sem Þór drap í æsku sinni. Það er eðli sérhverrar sannrar goðsagnar að draga upp margar myndir af sömu hugmynd, myndir sem eru hið sama og þó ekki hið sama. Og það er grundvallarhugmynd bæði í grískri og norrænni goðafræði, að sérhver guð (og guðirnir voru aðeins göfgaðir jötnar, sem sprottin voru af sömu höfuðskepnum og þeir) varð, áður en hann gat náð fullum tókum á sinni höfuðskepnu, að drepa þann jötun sem áður réð yfir henni, og þess vegna bar að skoða hann sem kennara, fósturföður eða föður hins yngra goðs. Öll tilvera Þórs var eilíff barátta við eldjötna, orminn og ellina, til að vernda mannkynið fyrir þessum óvættum. Og goðsögnin um átök hans við Elli hjá Útgarða-Loka er ekki nein seinni tíma afbökun til að draga dár að honum, heldur ævagömul djúphugsuð goðsögn, sem einnig kemur fram í Völuspá. Í ragnarökum, þar sem Þór drap [Miðgarðs]-orminn, voru hrímþursar, sem upprunnir voru í árdaga, leiddir fram gegn honum. Það gerði Hrymr, þ.e. hinn ellihrumi, Elli sjálf á ný, og hið gamla og hrörlega sköpunarverk Börs [Burs] sona hrundi til grunna. Jafnvel orðin eldur og elli eru af sömu rót; svo nán tengsl eru hér milli trúar og tungumáls, sem bæði eru runnin frá einni, órannsakanlegri rót. GB.

<sup>13</sup> Íslenska skáldið Kormákur Ögmundarson orti veturinn 959-60, þá aðeins 22 ára gamall, drápu um hinn volduga Sigurð Hlaðajarl. Ef dæma skal af þeim brotum sem varðveitt eru úr drápunni (6 hálf og eitt heilt erindi) hlýtur hún að hafa verið mjög fögur. Í henni var ekki stef (eða stefjamál) í miðhluta kvæðisins, eins og algengast var um drápur, heldur hefur Kormákur í staðinn ort þriðja hluta kvæðisins með þeim hætti sem í Háttalykli Snorra kallast 'hjástælt', þannig að hver víshelmingur endar á stuttri setningu sem hefur að geyma gömul og alkunn sannindi (fornt minni) eða spakmæli, sem kemur í staðinn fyrir stef. Þessar stuttu setningar hefur Kormákur venjulega valið þannig, að þær gætu jafnframt á einhvern hátt vísað til frægðar og ágætis þess manns, sem hann orti um. Og þar sem Sigurður jarl var af hinni gömlu konungsaett Hálogalands, eru þær venjulega sóttar í sagnirnar um þá guði sem taldir voru standa í nánustu sambandi við þessa ætt og veita henni vernd, Þór, Óðin og Þjaza jötun, og þess vegna var mikilvægt að hafa þá alla með. Erindið þar sem hann vísar til þess þegar Óðinn féll úr Veraldartrénu ofan í Hvergemli [Hvergelmi], hljóðar þannig:

Svall, þar er gekk með gjallan  
Gauts eld, hinn er styr belldi,  
glæðfæðandi gríðar,  
gunnr. Komst Uðr úr brunni.

„Gunnur svall (orrustan geisaði), þar sem glæðfæðandi gríðar (fæðandi hests tröllkonu (úlfs), þ.e. jarlinn) gekk með gjallan (bjartan) eld Gauts (loga Óðins, þ.e. sverð), hinn (sá) sem belldi styr (hafði í frammi bardaga). Uður (Óðinn) komst brott úr brunnum.“ *Skjald. A* 1:79 (B 1:69). SPÍ.

Hefði Kormákur ort um danskan eða sænskan konung með þessum hætti, hefði hann að sjálfsögðu sótt sín 'fornu minni' í sagnirnar um Heimdall, Ull og Frey, þó að það hljóti samt alltaf að vera ákvörðun skáldsins sjálfs hve mikið það vill takmarka valfrelsi sitt í þessum efnun. GB.



og hangið þar í nýu nætur í þágu sannleikans. Þess vegna var Veraldartréð (eins og sérhver gálgi) kallað hestur Óðins (hestur dauðans). Hver getur nú láð hinum elstu kristnu mönnum, þó að þeir við að heyra um fórnardauða Krists á krossinum á níundu stundu, hlytu ósjálfrátt að blanda þessum hugmyndum saman. Þannig rann hin gamla trú þeirra algjörlega saman við þá nýju. Í forn-um íslenskum kvæðum er alltaf lögð áhersla á að Kristur hafi dáið á níundu stundu (að nóni), og sögnin um að Ólafur helgi hafi fallið á sömu stundu dags, hefur eflaust stuðlað að því ekki síður en sólmyrkvinn, sem þá varð, að helgi hans var svo fljótt viðurkennd um allan Noreg. Að minnsta kosti er dauði beggja á þessari stundu dreginn fram í íslensku miðaldakvæði, augskýnilega vegna þeirrar áherslu, sem lögð var á þetta atriði. En líklega er það þó dauði Krists, sem er svo fallega lýst í enn eldra kvæði íslensku, sem er að líkindum eftir Nikulás [Bergsson] ábóta, samtímamann Ara fróða, ef kvæðisbrotið er ekki hreinlega úr sjálfri Uppreistardrápu Hallfreðar [vandræðaskálds]. Í því sambandi ber að hafa í huga, að Sighvatur [Þórðarson] segist berum orðum hafa líkt eftir þessu lofkvæði Hallfreðar (sem nú er því miður glatað), í kvæði sínu um fall Ólafs helga. Þessi stutta lýsing á dauða Krists, sem tekin er upp í síðustu [málfræði]ritgerðina aftan við Snorra-Eddu, hljóðar svo:

Sjálfráði dó síðan  
sólarfróns, at nóni,  
hinn er hékk, en dag dökkti,  
döglingr, á járnnöglum.<sup>14</sup>

„Sjálfráði (sjálfviljugur) dó síðan sólarfróns döglingur (himins konungur) að nóni (á níundu stundu), hinn (sá) er hékk á járnnöglum, en dag dökkti.“<sup>15</sup>

<sup>14</sup> Björn M. Ólsen (1884:123 og 245) telur að þessi vísa sé eftir höfund Fjórðu málfræðiritgerðarinnar. SPÍ.

<sup>15</sup> Þetta má bera saman við orð Sighvats [Þórðarsonar] um fall Ólafs helga og sólmyrkvann:

Undr láta þat ýtar  
eigi smátt, er mátti-t  
skæ-Njörðungum skorðu  
skýlauss röðull hlýja;  
drjúg varð á því dægri,  
dagr náði-t lit fagrum,  
orrustu frá ek austan  
atburð, konungs furða.

„Fólk undraðist eigi lítið, að skýlaus sólin náði ei að verma mennina sem börðust. Mikil varð dýrð (kraftaverk) konungsins á því dægri, er dagurinn fékk ei notið hins fagra ljóss. Að austan bárust mér (þessar) fregnir af atburðum orrustunnar.“ GB *Skjald.* B I:242 (A I:261). SPÍ.

Ég held að við þurfum vart að efast um, að hér grilli í hina fornu hugmynd um Óðin og næturnar nú. Sem dæmi um samruna hugmyndanna um krossinn og hið heiðna veraldartré er ekki síður lærdómsríkt að líta á kenningar þær um krossinn, sem eru í Líknarbraut, ágætu íslensku kvæði, eflaust frá 12. öld. Við skulum líta á nokkrar þeirra:

22 Leysti sinn at sönnu  
sólhallar gramr allan  
lýð fyrir *lífstré þjóða*,  
líknarstyrkr frá myrkrum.

[---]

41 Engi fær töld með tungu  
tákn þín, er nú skína,  
*hjálpur hnegistólpi*  
*heims alls*, of kyn beima.

42 Sett hefir sína dróttar  
*sigurstoð* konungr roðna  
blikmeiðöndum blóði  
baugaláðs fyrir augu.

„Líknarstyrkur (miskunnarríkur) sólhallar gramur (himins konungur), leysti að sönnu sinn lýð frá myrkrum, fyrir lífstré þjóða (í krafti krossins).“

„Engi fær töld (getur talið upp) með tungu, tákn (undur) þín, er nú skína of kyn beima (yfir mannkyn), hjálpur hnegistólpi heims alls (þú stólpi, sem færir heimi öllum hjálp).“

„Dróttar (mannkyns) konungur hefir sett sína sigurstoð, blóði roðna, fyrir augu meiðöndum (gefendum) blikis baugaláðs (gulls, þ.e. manna).“<sup>16</sup>

Þannig töluðu hinir kristnu um krossinn, og það er nú e.t.v. ekki úr vegi að sjá hvernig heiðið skáld lýsir venjulegum gálga, sem einn konungur fornaldarsagna var einmitt hengdur í. Ég tilfæri þau tvö erindi úr Háleygjatali Eyvindar skáldaspillis, sem fjalla um hvernig Guðlaugur konungur var hengdur. Það gerðu tveir sænskir konungar, Jörundur og Eiríkur.

<sup>16</sup> *Skjald.* A II:154 og 157-158 (B II:166 og 171). SPÍ.

En Goðlaugr  
grimman tamði,  
við ofrkapp  
austrkonunga,  
Sigars jó,  
es synir Yngva  
menglötúð  
við meið reiddu.

Ok náreiðr  
á nesi drúpir  
vingameiðr,  
þars víkr deilir,  
þar's fjölkunnt  
of fylkis hrör  
steini merkt  
Straumeyjarnes.<sup>17</sup>

„En Goðlaugur tamdi grimman hest Sigars (hest dauðans), við ofurkapp austurkonunga (Svíakonunga), er synir Yngva (Svíakonungs) reiddu (bundu) menglötúð (gullgjafa, konung) við meið (gálga).“

„Og náreiður (líksetinn) vingameiður (gálgi) drúpir á nesi, þar sem víkur deilir, þar er fjölkunnt (flestum kunnugt) um fylkis hrör (konungs lík eða kuml), [bauta]steini merkt, Straumeyjarnes.“

Við sjáum að Eyvindur hefur hér lagt sig fram um að nota virðulegt orðafar, og það væri gaman að sjá nútímaskáld leysa betur það verkefni, að minnast dauða herkonungs, hátíðlega, knappt og án ósanninda, þegar ekkert annað var vitað um manninn, en að hann var hengdur.

Í huga fornanna var gálgi tákn dauðans, en vegna þeirrar tvíræðni, sem einkennir goðafræðina fornu, var hann ekki síður tákn lífs og sigurs, því að samkvæmt hugmyndum þeirra leiddi slíkur dauðdagi þá til sigurhallar [Val-

<sup>17</sup> *Skjald.* B I:61 (A I:69). Í frumtextanum eru þessi erindi í danski þýðingu Gísla Brynjúlfssonar. SPÍ. Til nánari skýringar segir GB í aðaltexta: „Eyvindur nefnir Sigars jó, þ.e. Sigars hest, en þar eð Sigarr, sem er eitt af heitum Óðins, þýðir sigurvegari, þá fannst mér rétt að nota ‘sejerhest’ í dönsku þýðingunni, því að þann skilning legg ég í þessi orð í frumkvæðinu. ... Ég hef áður rætt um merkingu orðsins ‘vingameiðr’, sem er sú kenning, sem Eyvindur notar í þessu sambandi, og ég hef þýtt með ‘dödens tré’.“ GB.

hallar]. Það var þessi sama tvíhyggja, sem olli því að Óðinn, hinn æðsti meðal goða, var ekki síður Helblindi en Sigföðr, ekki síður Grímuþróttr og Hangatýr en Herra ljóss og einherja, og jafnvel Hel var í hugum manna bæði dökk og ljós. – Það sem hér hefur verið talið verður að nægja sem sönnun fyrir því, að kristilegt efni er á engan hátt vanvirt þó að notaðar séu heiðnar kenningar, sú er mín skoðun að minnsta kosti.

Þýðingin er hér kölluð ‘fornnorsk’, enda er viðurkennt að þetta orð kemst næst því að ná merkingu orðsins ‘norrænn’, þó að hið síðartalda hafi víðari skírskotun. Ég vil þó strax láta koma fram að með jafn miklum rétti hefði mátt kalla hana ‘íslenska’, því að það mál, sem nú er talað á Íslandi, getur að mínu viti ekki á nokkurn hátt talist annað en það, sem finnst í eddukvæðum og [forn]sögnum. Munurinn er í mesta lagi hliðstæður þeim sem er á máli því, sem talað var á Englandi á dögum Elísabetar drottningar, og því sem nú er talað þar. Og hvaða maður með viti mun staðhæfa að rit Shakespeares séu á ensku, en dagblaðið *Times* ekki. Munurinn er sára lítill og nær eingöngu í rithætti. Þýðingin er hér kölluð ‘fornnorsk’, ekki ‘íslensk’ af þeirri ástæðu einni að hinn forni ritháttur virtist falla betur að formi þýðingarinnar. Ég tel þó að ekki sé minnsta hætt á misskilningi þó að bæði orðin séu notuð jöfnum höndum, það geti í hæsta lagi vakið gremju hjá einhverjum hártogurum. Hins vegar er það bæði skaðlegt og ófyrirgefanlegt, þegar menn gegn betri vitund nota hvert tækifæri til að reyna að telja fólki, sem lítið þekkir til mála, trú um að tunga sú sem nú er almennt töluð í Noregi, sé ekkert síðri fornnorska en það mál sem Íslendingar tala nú. Og ekki er skárri þegar reynt er að útbreiða orðið ‘fornnorska’, sem í sjálfu sér er satt og rétt um tungumálið, í því villandi augnamiði að læða þeirri skoðun að fólki, að bókmenntirnar, sem svo til eingöngu eru verk Íslendinga, séu einnig fornnorskar.

Þó að þýðing mín sé af vanefnum gerð, þá hefði ég samt ekki séð mér fært að ljúka henni hefði ég ekki átt fornnorsku að móðurmáli. Því miður hef ég fulla ástæðu til að ætla, að enginn innfæddur Norðmaður, sem nú er uppi, hefði getað þýtt þetta fornenska kvæði yfir á mál, sem líkist hinni fornu ‘norrænu’ jafn mikið og mér hefur þó tekist. Á hinn bóginn veit ég af mörgum íslenskum almúgamönnum, sem hefðu verið miklu færari til þess en ég, ef þeir hefðu bara skilið fornensku.

	<b>De Abgaro rege</b>	<b>Frá Abgarus konungi</b>	
81	Nu we spræcon be cynegum, we wyllað þysne cwyde gelencgan and be sumum cynincge eow cyðan git.	Enn skal orð, fyrst öðlinga minnumst, segja seggjum af sikling öðrum, þeims í Sýrlandi seim um stýrði ok Abgarus ýtar hétu.	3     6
	Abgarus wæs geciged sum gesælig cynincg on Syrian lande,	Lá láðsæll fylkir, þá er lausnari vor enn um land	9
84	and se lag beodryda on þam timan, þe se Hælend on þysum life wæs.	lifandi manna góðr gekk með Gyðingalýð, sóttum bitinn sjúkr í kör ok margþjáðr meini þungu.	12   15
	He hæfde ge-axod be þæs Hælendes wundrum, and sende þa ardlice his ærendgewrit him to:	Heyrt hafði öðlingr undra getit, þeira er vor um vann vamma fergir, ok nú sjálfr á suðrveg sendi orð aldabæti:	18   21  24
88	Abgarus gret eadmodlice þone godan Hælend, þe becom to mannum mid judeiscum folce.	„Lýtr með lotning lausnara góðum Abgarus, þeim er ýtum með holdgast vann í heim Gyðinga.	27   30
	Ic hæbbe gehyred be þe, hu þu gehælst þa untruman, blinde and healte, and bedrydan aræst,	Hefi ek frétt af förum þínum, hve þú undrum með alla batar,	33  36

92	hreoþlige þu geclænsast and þa unclænan gastas afligst of wodum mannum, and awwecst þa deadan.	blinda ok halta ok þás í beði morna, ok holdsveika heila vinnr, en óhreina anda hrakta lætr lýð óðum, ok lífgar dauða.	39  42
	Nu cwæð ic on minum mode þæt þu eart ælmihtig god oððe godes sunu, þe sylf come to mannum,	Því ek þik hygg í huga mínum guð almáttkan eða guðs um son,	45  48
96	þæt þu þus wundra wyrce, and ic wolde þe biddan, þæt þu ge-medemige þe sylfne, þæt þu siðige to me and mine untrumnyse gehæle, for þan þe ic eom yfele gehæfd.	þanns með brögnum of berast skyldi dýrð at drýgja, ok ek þik, drottinn, biðk, at þú hrjáðan mik heim um sækir ok sóthhöfga sviptir þungum! Heyrt hef ek enn, at þik ok um vili grimmum of Gyðinga mengi vélum vefja, en þú vita skalt: mín er höll um há, sem hildingum sæmir – þar er of nóg rúm okkr báðum!“	51  54  57  60
100	Me is eac gesæd, þæt þa judeiscan syrwiað and runiað him betwynan, hu hi þe berædan magon, and ic hæbbe ane burh, þe unc bam genihtsumað.	Afr buðlungi bréf um reit lausnarinn sjálf, svo nam at kveða, sem at alþjóð nú orð má heyra:	63  66  69  72
	Þa awrat se Hælend him sylf his gewrit, and asende þam cynincge, þus cwæðende him to:		

- 104 *Beatus es qui credidisti in me, cum ipse me non videris;  
Scriptum est enim de me, quia hi qui me vident non credent  
In me, et qui non vident me, ipsi credent et vivent.  
De re autem quod scripsisti mihi ut veniam ad te,*
- 108 *oportet me omnia propter quæ missus sum hic explere,  
Et postea quam complevero recipi me ad eum, a quo missus sum.  
Cum ergo fuero assumptus, mittam tibi aliquem,  
ex discipulis meis, ut curat ægritudinem tuam,*
- 112 *et vitam tibi atque his, qui tecum sunt præstet.*

	Þæt is on engliscum gereorde:	[Þat er á vora tungu:]	
	Eadig eart þu, Abgar,	„Sæll ertú, Abgarus,	
	þu þe gelyfost on me,	er þú eins um trúir,	
	þonne þu me ne gesast.	þótt þú sjálfan mik	75
		sæir aldrei –	
	Hit is awriten be me	því svo er ok mælt	
	on witegu[ng]-bocum,	í málum helgum,	78
116	þæt þa þe me geseoð,	at sumir muni mik sjá,	
	hi ne gelyfað on me,	en samt ei trúa,	
	and þa þe me ne geseoð,	en aðrir, er aldrei	81
	hi gelyfað and libbað.	mik augum leiddu,	
		muni traustan þó	
		trúa ok lifa.	84
	Be þam þe þu awrite to me,	En þars þú biðr mik,	
	þæt ic come to þe,	at ek til borgar komak,	
	ic sceal ærest afyllan þa þincg,	vittú at ek verð	87
	þe ic fore asend eom,	á virða landi	
120	and ic sceal beon eft genumen	fyrst at fullnægja	
	to þam ylcan, þe me asende.	frumeirindi,	90
		því er ek var	
		at vinna sendr,	
		en sjálfr síðan hverfa	93
		til þess er sendi mik.	
	And ic asende to þe,	Þó mun ek enn,	
	syððan ic genumen beo,	er ek upp emk stiginn,	96
	æne minra leorning-cnihta,	minnast þín,	
	þe gelacniað þine untrumnyse,	at mönnum leystum,	

	and þe lif ge-gearcað, and þam þa ge gelyfð mid þe.	ok þér einn minna ítran senda lærisveina, er þik lækna mun líkams vanheilsu ok þik lífi gæða ok menn þá alla, er með þér trúá!“	99   102   105
124	Þis gewrit com þa to þam cyninge sona, and se Hælend fore-sceawode, syððan he to heofonum astah, þæt he sende þam cyninge, swa swa he ær gewrat, ænne of þam hund seofentigum, þe he geceas to bodigenne,	Barst bréf óðla til borgar hinnig, né lausnarinn, alls af láði hann sté hátt til himna, heitum gleymdi, at hann buðlungi, sem í bréfi kvað, einn hinna Sjötiú senda mundi,	108    111   114
128	se wæs Tatheus gehaten, þæt he gehælde þone cynincg.	helgan himinsár, hét sá Taddeus, þann er lofðung of lækna skyldi.	117  120
	He com þa þurh godes sande to þære fore-sædan byrig and ge-hælde þone untrumne on þæs Hælendes mihte, swa þæt þa ceaster-gewaran swyðe þæs wundrodon.	Ok blessaðr til borgar fór síðan sannboði, sjúka græddi Kristí með krafti æztum, – en salverðir sáust undr.	123    126
132	Þa gemunde se cyning, hwæt Crist him ær behte, and het him to gefeccan þone foresædan Tatheum, se wæs eac gehaten oþrum naman Judas, and mid þam þe he in eode, þa aras se cyning	Minntist konúngr þess er Kristr hét ok Taddeum lét til sín kalla, er ok Júdas hét öðru nafni – en sjálfum sér, er í sal hann trað,	129   132   135



136	and feoll to his fotom ætforan his þegnum,	fljótt til fóta hans fylkir um varp	138
	for þan þe he geseah sume scinende beorhtnysse on þæs judan andwlite þurh godes onwrigennysse; and cwæð þæt he wære soðlice Cristes <i>discipulus</i> ,	ára sinna: því at ógnfagr ygrljómi skein um andlit allt uppheimsboða	141 144
140	him to hæle asend, swa swa he sylf behet.	drottins af dásemd runninn, ok hann siklingr sannan téði lærisvein Krists sik at lækna kominn, sem at sjálfr hann segja gjörði.	147 150
	Þa andwyrde se Tatheus þam arwurðan cyninge þus: Forði þu rihtlice gelyfdest on þone þe me asende, forðam ic eom asend to þe þæt þu gesund beo,	Þá kvað þat Taddeus við tiggja guðrækinn: „Em ek sendr þér sótt at bæta, alls þú fastlega, fylkir, trúir	153 156
144	and gif þu on his geleafan þurhwunast, he wile þe getiðian þinre heortan gewilnunge to eacan þinre hæle.	þeim er sjálfr mik sendi hingat – vertú vel trúr, ok hann mun veita þér svo heilbrigði sem hjartans óskir.“	159 162
	Abgarus him andwyrde anrædlice and cwæð: Lo, þam swyðe ic gelyfe on þone lyfigendan Hælend,	Afr Abgarus ört nam at svara: „Svo fast á lífauðgan lausnara trúi ek,	165 168

- 148 þæt ic wolde ofslean,  
gif hit swa mihte beon,  
þa þe hine gefæstnodon  
on rode-hengene.
- at ek sannlega  
sverði beittak,  
mætta ek mínum ná  
mæki seggjum,  
þeim er hengdu hann  
á hangameið.<sup>18</sup>
- 171
- 174
- Þa cwæð Tatheus him to:  
Crist, ure Hælend, wolde  
his fæder willan gefyllan  
and eft faran to him.
- Kvað þá Taddeus:  
„Kristr um vildi,  
lausnari vor,  
ljúka síns föðr  
öllu eirendi  
ok til hans aftr snúa.“
- 177
- 180
- 152 Abgarus cwæð him eft to:  
Ic wat eall be þam,  
and ic on hyne gelyfe  
and on his halgan fæder.  
Tatheus cwæð þa gyt  
to þam wanhalan cyninge:  
Forþi ic sette mine hand  
on þæs Hælendes naman
- Aftr kvað Abgarus:  
„Þat ek allt um veit,  
trúi ek hátt á hann  
ok hans inn helga föðr.“
- 183
- 186
- 156 ofer þe untrumne!
- Þat kvað þá Taddeus  
við þengil vanheilan:  
„Því nú legg ek  
yfir líkam þér  
hrjáðan hönd  
í herrans nafni.“
- 189
- And he [eac] swa dyde,  
and se cyning wearð gehæled sona,  
swa he hine hrepode,  
fram eallum his untrumnyssum,  
þe he ær on þrowode.  
Abgarus þa wundrode  
þæt he wearð gehæled
- Svo hann gjörði  
ok siklingr varð  
heill at bragði  
ok af hverri sótt  
leyst skjótt,  
er hann lengi þjáði;  
en Abgarus
- 192
- 195

<sup>18</sup> Eða, ef menn heldur kjósa:  
þeim er festu hann  
á feigðartré.

160	butan læce-wyrtum þurh þæs Hælendes word, swa swa he him ær behte þurh his ærend-gewrit.	nam undrast mjök, at hann heilsu svo hljóta skyldi læknislauss ok án læknis ráðum, fyrir eitt um orð þess er öldum bergr, svo sem í bréfi hann buðlungi hét.	198       201  204
	Tatheus eac siððan sumne mann gehælde fram þam micclan fot-adle, and fela oðre menn	Síðan ok Taddeus sjúkan mann, fótaverk farinn, með fólki þvísa,	207   210
164	on þære byrig gehælde and bodode him geleafan.	ok of marga aðra græddi, ok þar brögnum trú boða gerði.	213
	Þa cwæð Abgarus him to: On Cristes mihte þu wyrcst þas micclan wundra, and we ealle þæs wundriað; sege me, ic þe bidde, soð be þam Hælende,	Mælti þá Abgarus: „Fyrir mátt Kristí vinnr þú verk þau hin víða frægu, er vér allir samt undrast gjörum;	216   219
168	hu he to mannum come and of middan-earde ferde.	en þú seg mér nú sannleiks orð eitt af lausnara alheims niðja, hve hann með mönnum barst ok af miðjörð sté!“	222  225
	Tatheus andwyrde Abgare and cwæð: Ic eom asend to bodigenne, hat þine burhware cuman ealle to somne on ærne mergen,	Ansaði Taddeus Abgarus skjótt: „Var ek sendr hann sjálfr at boða öllum öldum, en þú árla morguns borgarmenn, konungr,	228   231
172	þæt ic him eallum cyðe Cristes tocyme, and be his wundrum,	kveddu til þings, at ek þeim sannlega	234

	þe he worhte on life.	segja me gjak ok herma gjört	237
		af holdgan Kristí, ok af undrum þeim, er hann um æfi vann!“	240
	Þa het se cynincg cuman his ceaster-gewaran, and Tatheus him bodade bealdlice be Criste,	Þá nam hilmir hirð at kveðja ok þjóðmengi	243
176	and him eallum sæde þone soðan geleafan and mancynnes alysednysse þurh þone mildan Hælend, þæt he wolde hine sylfne syllan to deaðe, and to helle gecuman, to gehelpenne Adames	en Taddeus tölu hóf, drottins djarflega dýrð of lýsti einn í alheri, ok þess fyrir öldum gat, hve oss trúa fékkst traust ok miskunn;	246 249 252
180	and eac his gecorenra of Adames cynne,	ok hve mildgeðr manna reynir brögnum rakklega þjarga gjörði, þá er hann til heljar sté, Njörva nift í niðflheim binda, Adam árföllnum allt til hjálpar ok öllum útvöldum Adams niðjum;	255 258 261 264
	and hu he syððan astah to his soðfæstan fæder, and cymð eft to demenne ælcum be his dædum.	ok hve síðan hann sjálfr, upp sté til föðr síns hins sannleiksauðga, en þó aftr mun at efsta dómi drótt at verðungu dæma koma!	267 270

	Æfter þyssere bodunge bead se cyning þam bydele	Hár nam hilmir helgum manni	273
184	goldes and seolfres godne dæl to lace, ac he nolde niman nan þinge to medes his wunderlicre mihte, oððe his mærlican bodunge, and sæde þam cyninge:	gull ok silfr at gjöf at þjóða; en hann gersesum gjörva neitti ok laun at þiggja fyrir lækning mikla, né mæra málboðun, en mælti svo:	276
	We forsawon ure æhtu and foreleton ure agen, – hwi sceole we oþres mannes niman?	„Ókvíðnir uppeldis vér óðul of létum, hví skyldum nú eign annarra nema?“	282
	Þis wæs þus geworden, and þær wunode á syððan se soða geleafa on þære landleode, þam Hælende to lofe, þe leofað á on ecnysse. Amen.	Svo þat varð, en síðan löngu sönn með landslýð þeim lifði trú, lausnaranum til lofs, þeim er lifir um aldir. Amen!	285
			288
			291

## UM ÚTGÁFUNA

Þetta er seinni hluti predikunar (hómilíu) 30. júlí. Fyrri hlutinn fjallar um annað efni, tvo persneska konunga, Abdon og Sennes, sem herteknir voru um 250 og fluttir til Rómaborgar þar sem þeir urðu píslarvottar. Síðari hlutinn um Abgarus konung getur því staðið sjálfstæður. Hómilían er talin samin á árunum 992-995, og er eftir Elfrík (Ælfric) síðar ábóta í Eynsham-klaustri skammt frá Oxford.<sup>19</sup>

Ludvig Christian Müller (1835:1-4) varð fyrstur til að gefa fornenska textann út á prenti. Hann notaði uppskrift sem danska sálmaskáldið N.F.S. Grundtvig gerði á Englandi. Grundtvig hafði mikinn áhuga á fornenskum fræðum og þýddi t.d. Bjólfskviðu á dönsku fyrstur manna (*Bjowulfs drape*,

<sup>19</sup> Í næsta hefti *Griplu* verður nánari greinargerð mín um þetta efni, þar sem m.a. verður fjallað um Elfrík ábóta og George Stephens.

1820). Í útgáfu Müllers er einungis seinni hlutinn, um Abgarus konung. George Stephens (1853:15-21) notaði útgáfu Müllers, og birti fornenska textann andspænis enskri þýðingu sinni. Stephens veitti því athygli að í upphafi er vísað í efni sem á undan hafði farið.

Nú er almennt notuð útgáfa Enska fornritafélagsins (Early English Text Society, EETS), sem Walter W. Skeat sá um 1890, og var ljósprentuð 1966 (Skeat 1966:58-67). Hómilían er varðveitt í tveimur handritum (A), *Cotton Julius E. 7*, í British Library, og (U), *Cambridge Ii. I. 33*, í háskólabókasafninu í Cambridge. Þriðja handritið (V): *Cotton Vitellius D. 17*, í British Library, eyðilagðist að mestu í eldi. Fyrstnefnda handritið (A) er það sem Grundtvig skrifaði upp, og Skeat leggur það einnig til grundvallar í útgáfu sinni. Hann telur vafa leika á að það sé frá dögum Elfríks, en virðist þó telja það eldra en 1050 (Skeat 1966:ix). Fornenski textinn er hér látinn fylgja íslensku þýðingunni. Hann er prentaður eins og George Stephens gekk frá honum, að öðru leyti en því að víða er sleppt bandstrikum úr samsettum orðum.

Elsta heimildin um Abgarus-helgisögnina er að finna í *Historia Ecclesiastica* eftir Eusebius (d. um 340) I. bindi, 13. kafla. Þar eru bréf Abgarusar og svarbréf Krists birt á grísku. Sagan segir að Eusebius hafi skrifað þau upp eftir sýrlensku frumriti í skjalasafninu í Edessu, þar sem Abgarus var talinn hafa verið konungur, en vart þarf að taka fram að bréfin eru fölsuð. Helgisögnin mótaðist smám saman í höndum margra kirkjuféðra í austri og vestri, og mun Elfríkur hafa tekið hana úr riti eftir Abbo frá Fleury (d. 1004) (Skeat 1966:xlv). George Stephens segir að hómilía Elfríks sé elsta dæmi um helgisögnina í seinni tíma þýðingu, en hún var mjög útbreidd á miðöldum.

George Stephens birti í útgáfu sinni 1853 forníslenska þýðingu helgisögunnar um Abgarus konung. Er hún í tveimur hlutum í „Tveggja postula sögu Jóns og Jacobs“ (Unger (útg.) 1874:548-551 og 566-570), og svipar henni talsvert til fornenska textans.<sup>20</sup> Enn fremur prentaði Stephens brot úr Tómas sögu postula, sem snertir þetta efni lítillega. Hann birti einnig hliðstæður úr fornum sænskum, miðháþýskum, lágsaxneskum og hollenskum ritum, sem sleppt er hér. Um þá texta segir hann:

Við lærum af þeim öllum, að gamlar helgisagnir sem þessar, líkt og hinar vinsælu hugvekjur og ljóðsögur þeirrar tíðar, voru samdar og endurgerðar á hinn frjálslegasta hátt. Nokkrar þeirra, sem voru orðnar gamlar þegar á annarri og þriðju öld, fólu oft í sér fleiri eða færri

<sup>20</sup> Lucy Grace Collings (1969:118) segir að þar sé líklega þýtt beint eftir kirkjusögu Eusebiusar.

sögulega atburði eða djúp trúarleg eða siðræn sannindi, eða skoðun í formi dæmisögu eða varnarrits, eða eldforn heiðin minni færð í kristilegan búning og tengd áhrifamiklum dýrlingum, eða staðbundnar sagnir um tröll og álfa sem nú voru orðnir að illvættum; eða gamlar þjóðsagnir, ævintýri og dæmisögur og stundum gamansamar frásagnir; – eða upphaflega komið á flot af einstaklingum eða villutrúarhópum til að breiða út ákveðnar kennisetningar. – Og hvernig sem það gerðist, óx sagnasjóðurinn stöðugt, breiddist land úr landi og varð að stórum hluta af alþýðusögnum margra alda. Í þeim má að sjálfsögðu finna gjall og ryð, en einnig mikið af skíru gulli. Mörg fögur hugsun og ilmandi skáldleg blóm, englahvísl frá heimi hins hreinasta sakleysis, mörg dæmi um góðverk og stórhuga fórnfýsi, ákall um huggun, skjól, frelsi og réttlæti undan villimannlegri og blóðugri harðstjórn Rómarkeisara og lénsmanna miðalda. En á öllum tímum voru þær líkt og sjálfsánar, og eins og í spegli sýna þær okkur margar, annars óþekktar hliðar á kirkjunni og alþýðunni. Sérhver sem skrifaði upp, þýddi eða endursagði, taldi sig að sjálfsögðu hafa heimild til að gera þær viðbætur og breytingar sem honum fannst best fara á. Og á þennan hátt þróaðist þessi einkennilega grein alþýðubókmennta miðalda, sem er eini lyk-illinn að hugsunarhætti svo margra alda, borgaralegum siðareglum, listastefnum og táknfræði í listum. (Stephens 1853:7-8, þýðing SPÍ.)

## SKÝRINGAR

Eftirtaldar breytingar þarf að gera á textanum til þess að samræma hann útgáfu Skeats (1966) fyrir Enska fornritafélagið. Auk þess er hér notað ‘þ’ í upphafi orða, þar sem Skeat hefur oft ‘ð’. Línurnar í fornenska textanum eru tölusettar eins og í útgáfu Skeats. (E:84a merkir 84. lína, fyrri hending).

- E:816: wyllað > willað
- E:84a: lag beodryda > læg beddryda
- E:87b: his > þis
- E:93b: awwecest > awrecst
- E:96a: þus > þas
- E:102b: his gewrit > þis gewrit
- E:107: De re > De eo
- E:111: curat > curet
- E:112: præstet > prestet
- E:114a: gelyfost > gelyfdest
- E:114b: gesast > gesawe
- E:123b: þam þa ge gelyfð > þam þe gelyfað
- E:126b: gewrat > gecwæð
- E:127a: hund seofontigum > hund-seofontigum
- E:132b: behte > behét
- E:135a: þam þe he in eode > þam he ineode
- E:142a: Forði þu > For-ðan þe þu
- E:145a: gewilnunge > gewilnunga
- E:147a: Lo, þam > To þam
- E:153a: hyne > hine
- E:161a: behte > behet
- E:174a: cyning > cynincg
- E:1796: gehelpenne > gehelpene
- E:185b: þinge > þingc
- E:187b: æhtu > æhta

Í íslenska textanum eru tvær leiðréttingar gerðar eftir handriti Gísla Brynj-úlfssonar í NKS 3320 4to.

- Í:194: of > af
- Í:94: en > er
- Í:184: hinn helga föður > inn helga föðr, breytt af SPÍ til þess að bæta hljómfall.



## HEIMILDIR

HANDRIT  
NKS 3320 4to

## RANNSÓKNIR OG ÚTGÁFUR

- Björn M. Ólsen (útg.). 1884. *Den tredje og fjerde grammatiske afhandling i Snorres Edda*. Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur XII, København.
- Collings, Lucy Grace. 1969. *The Codex Scardensis. Studies in Icelandic hagiography*. Cornell University, New York. (Doktorsritgerð).
- Eyrbyggja saga. 1935. ÍF IV. Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson gáfu út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Finnur Jónsson (útg.). 1908-1915. *Den Norsk-Islandske Skjaldedigtning A I og A II, og B I og B II*. København. Útg. Eiríkur Hreinn Finnbogason.
- Stephens, George (útg.). 1853. *Tvende old-engelske digte med oversættelser. Indbydelsesskrift til Kjöbenhavns Universitets fest, i anledning af Hans Majestæt Kongens fødselsdag, den 6. oktober, 1853*. København.
- Gísli Brynjúlfsson. 1952. *Dagbók í Höfn*. Heimskringla, Reykjavík.
- Halvorsen, E. F. 1959. The Norse version of the Chanson de Roland. BA XIX. Hafnia.
- Kemble, John M. 1843 og 1846. *The Poetry of the Codex Vercellensis, with an English Translation*. Part I, London 1843; Part II, London 1846.
- Konráð Gíslason. 1884. En anmærkning. *Aarbøger for nordisk oldkyndighed og historie*, 151. København.
- Krapp, George Philip (útg.). 1932. The Vercelli Book (3. prentun 1969). *The Anglo-Saxon Poetic Records II*. London.
- Müller, Ludvig Christian (útg.). 1835. *Collectanea Anglo-Saxonica*. Havnía.
- Skeat, Walter W. (útg.). 1966. *Ælfric's Lives of Saints*, Vol. II. EETS, Original series, No. 94 (1890) and 114 (1900). Reprinted as one volume 1966, lxii+474 bls.
- Skjald*. Sjá: Finnur Jónsson (útg.). 1908-1915.
- Unger, Carl Richard (útg.). 1874. *Postola sögur*. Christiania.

## SUMMARY

‘Translations from Old English.’

**Keywords:** Translations, Old English poetry, homilies.

In the year 1853 George Stephens (1813-1895) published two Old English homilies by Ælfric abbot of Eynsham: *Tvende old-engelske digte med oversættelser*, ved G(eorge) Stephens. *Indbydelsesskrift til Kjöbenhavns Universitets fest, i anledning af Hans Majestæt Kongens fødselsdag, den 6. oktober 1853*. In the book is also an Icelandic poetical translation of the homilies by Gísli Brynjúlfsson (1827-1888) the poet. Gísli's translations will be published in *Gripla* in two parts. In this volume is the homily: ‘De Abgaro Rege’, with an introduction which Gísli wrote about his task as a translator. In

the next volume of *Gripla* the second homily will be published: 'Dominica III in Quadragesima', with my treatise: „Þýðingar Gísla Brynjúlfssonar úr fornensku“ („Gísli Brynjúlfsson's translations from Old-English“). I have here translated Gísli's introduction, with his footnotes, and added several footnotes myself, which are marked 'SPÍ'. I have also added a short chapter on the edition, and notes on the text. 'De Abgaro Rege' is the latter part of a homily July 30<sup>th</sup>. See also Sheat's edition. (Skeat 1966:58-67).

*Sigurjón Páll Ísaksson*  
*Stóragarði 4*  
*IS-108 Reykjavík, Ísland*  
*sigurjon@lh.is*

SIGURGEIR STEINGRÍMSSON

## Stefán Karlsson

dr. phil h.c.

2. 12. 1928 – 2. 5. 2006


STEFÁN Karlsson fæddist 2. desember 1928 á Belgásá í Fnjóskadal, Suður-Pingeyjarsýslu. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri vorið 1948 og hóf nám við Kaupmannahafnarháskóla þá um haustið og lauk þaðan meistaraþrófi í norrænum málum 1961. Á námsárum sínum nam hann einnig við Háskóla Íslands 1954–55, við háskólann í Uppsöllum 1955 og Oslóarháskóla 1956. Hann starfaði við Árnasafn í Kaupmannahöfn árin 1957–1970, þar af sem fastráðinn sérfræðingur frá 1962. Árið 1970 réðst hann til starfa sem sérfræðingur við Handritastofnun Íslands, síðar Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi; hann varð forstöðumaður þeirrar stofnunar 1994 og jafnframt prófessor við heimspekideild Háskóla Íslands uns hann lét af störfum fyrir aldurs sakir í árslok 1998. Stefán var gerður heiðursdoktor við Kaupmannahafnarháskóla árið 1999 og við Háskóla Íslands árið 2000. Þótt opinberum embættisferli lyki hélt Stefán ótrauður áfram rannsóknum sínum og útgáfustörfum allt til dánardægurs. Hann vann að lokafrágangi annars bindis Guðmundar sagna biskups í Kaupmannahöfn fyrir Den Arnamagnæanske Samling þegar hann lést óvænt og snögglega 2. maí 2006.

Stefán kom til náms og starfa í Höfn á þeim tíma þegar rannsóknir íslenskra handrita fengu byr undir vængi sem aldrei fyrr. Óskir Íslendinga um skil íslenskra handrita úr dönskum söfnum voru endurvaktar með nýjum þunga eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar þegar samband komst aftur á við Danmörku. Eftir stofnun Lýðveldisins Íslands voru forsendur aðrar en áður höfðu verið og brátt var handritamálið, sem svo var kallað, komið á fullan skrið. Af því leiddi að báðar þjóðir vildu sýna hinum gömlu bókum Íslands nokkurn sóma og riðu Danir á vaðið með því að koma á fót árið 1957 undir forstöðu Jóns Helgasonar prófessors sérstakri háskólastofnun, Det arnamagnæanske institut (nú Den Arnamagnæanske Samling), sem varðveita skyldi og rannsaka handritasafn Árna Magnússonar. Íslendingar fylgdu í kjölfarið nokkru síðar þegar Handritastofnun Íslands var komið á fót með lögum 1962.

Þá höfðu þau merku tíðindi gerst að Þjóðþing Dana samþykkti vorið 1961 að afhenda til Íslands nokkurn hluta íslenskra handrita sem varðveitt voru í safni Árna Magnússonar og Konungsbókhlöðu í Kaupmannahöfn. Stefán var einn þeirra fræðimanna sem fylgdu handritamálinu frá sjötta áratugnum og til loka. Sem námsmaður og síðan starfsmaður Árnasafns í Kaupmannahöfn lagði hann málstað Íslands lið með skýrum og rökföstum málflutningi á fjölmörgum fundum og í blaðagreinum þar í landi svo að eftir var tekið. Heimkominn til starfa á Árnastofnun í Reykjavík var hann á vettvangi þegar Danir afhentu Íslendingum fyrstu handritin, Konungsbók Eddukvæða og Flateyjarbók með eftirminnilegum hætti árið 1971. Hann fékk það hlutverk að taka á móti handritunum hverju af öðru þegar þau tóku að streyma til landsins jafnt og þétt upp úr 1974. Og þegar lokaáfanginn í afhendingu handritanna frá Danmörku rann upp, þá hafði Stefán tekið við starfi forstöðumanns Árnastofnunar og gætti þess að þegar 25 ár voru liðin frá komu fyrstu handritanna var þess minnst með viðeigandi hætti. Þegar sú stund rann upp að síðustu handritin skyldu afhent stóð hann fyrir eftirminnilegri hátíðarstund og tveggja daga dansk-íslensku málþingi um handritin, dagana 19. og 20. júní 1997, í hátíðarsal Háskóla Íslands. Að frumkvæði Stefáns og með dyggum stuðningi Sáttmálasjóðs voru þangað komnir meðal annarra góðra gesta allir starfsmenn dönsku safnanna beggja, Árnasafns og Konungsbókhlöðu, sem heimangenget áttu og unnið höfðu að afhendingu handritanna á þeim 26 árum sem hún stóð yfir.

Ævistarf fræðimannsins Stefáns Karlssonar var fjölbreytt og spennandi. Hann fékk fyrir eigin verðleika tækifæri til að helga líf sitt rannsóknum íslenskra handrita allt til síðasta dags og það tækifæri nýtti hann út í ystu æsar og rækti hlutverk sitt af alúð og nákvæmni, sjálfum sér til óblandinnar ánægju og þjóð sinni til ómetanlegs gagns. Eina rannsókn leiddi af annarri, verkefnin voru óþrjótandi hvert sem litið var, spurningarnar margar og fjölskrúðugar sem leita þurfti svara við. Rannsóknir hans náðu til geysimargra handrita og þar á meðal til nánast allra merkustu og þekktustu handrita Þjóðarinnar og allra varðveittra fornbréfa fram til 1450 og lengur.

Í samráði við aðalleiðbeinanda sinn í háskólanáminu, Jón Helgason prófessor, valdi Stefán sér að kjörsviði til meistaraþrófs mál íslenskra fornbréfa frá elstu varðveittu bréfum um 1280 og fram til 1450. Í ársbyrjun 1957 hóf hann að eftirrita frumbréfin og var það undirbúningur að rannsókn hans á máli þeirra og grundvöllur að meistaraþrófsritgerð hans sem fjallaði um stafsetninguna á bréfunum, 'Ortografien i islandske originaldiplomer indtil 1450'. Hann hélt áfram vinnu við verkefnið að loknu háskólaprófi og hófst þá handa við að búa fornbréfin til prentunar. Birtust þau árið 1963 í tveimur bindum undir



*Stefán Karlsson*

heitinu 'Íslandske originaldiplomer indtil 1450' í ritröðinni *Editiones Arnæmagnæanæ*, annars vegar sem stafréttur prentaður texti (series A, vol. 7) og hins vegar sem viðaukabindi með ljósmyndum allra bréfanna (Supplementum vol. 1). Upphafleg áætlun var að í inngangi útgáfunnar birtist stafræðileg rannsókn á bréfunum auk stafsetningarlýsingar meistaraþrófsritgerðarinnar en vegna umfangs ritgerðarinnar var horfið frá því í bili og raunin varð sú að hún hefur aldrei komist á prent. Rannsókn Stefáns á stafsetningu fornbréfa er sú rækilegasta sem gerð hefur verið á þeim efnivið og niðurstöður hennar leiða til nákvæmustu tímasetninga á hljóðþróun málsins á því 170 ára tímabili sem bréfin í útgáfunni spanna og eru þær studdar gífurlegum fjölda dæma sem Stefán tók saman úr bréfunum. Það leiðir þó vissulega af varðveislu bréfanna að niðurstöðurnar eru takmarkaðar hvað varðar upplýsingar um málþróun á landinu í heild, en þeim er mjög misskipt milli landshluta. Af 352 bréfum frá tímabilinu sem rannsóknin náði til eru 258 úr hinu forna Hólabiskupsdæmi eða Norðlendingafjórðungi en aðeins 79 úr hinu forna Skálholtsbiskupsdæmi sem náði yfir hina þrjá fjórðunga landsins, 15 bréf eru skrifuð erlendis eða eru án upphafsstaðar.

Meginmarkmið útgáfunnar var að birta tímasetta og staðsetta texta sem gætu gefið ábendingar um aldur og upphafsstað annarra texta í skjölum og handritum frá sama tímabili. Vísbendingar stafsetningarrannsóknarinnar um það hvenær einstakar hljóðbreytingar málsins hafa gengið yfir eru veigamikil hjálpartæki til tímasetningar en síður marktækar til landfræðilegrar staðsetningar vegna misskiptingar bréfanna milli landshluta. Stefán reyndi því eftir föngum að nafngreina fornbréfaskrifara, m.a. til þess að geta beitt persónusögulegri vitneskju úr öðrum heimildum sem hjálpartæki til greiningar á upphafsstað handrita. Í því skyni bar hann saman rithendur allra bréfanna sem birtust í útgáfunni og flokkaði þau bréf saman sem virtust skrifuð með sömu hendi. Að því búnu greindi hann eftir föngum öll nöfn sem getið var í hverju bréfi og reyndi að finna skrifara bréfsins meðal þeirra á grundvelli eftirfarandi greiniaðferðar; – hann tekur fram að aðferðin sé engan vegin einhlít eða örugg en þrátt fyrir það líklegust til þess að leiða til sennilegrar niðurstöðu í flestum tilvikum: Ef einhvers er getið með nafni eða ljóst sé að viðkomandi eigi einhverra hagsmuna að gæta í öllum eða a.m.k. ákveðnum fjölda bréfa sem öll eru skrifuð með sömu hendi þá megi gera ráð fyrir að þessi manneskja sé skrifari bréfsins.<sup>1</sup> Með þessa greiniaðferð að leiðarljósi og víðtækri leit að

<sup>1</sup> Þessa greiniaðferð sótti Stefán í grein eftir Erik Neuman: Till frágan om medeltidsdiplomens utskrivare. *Studier tillägnade Axel Kock* (Lund 1929), bls. 388–400.

rithöndum bréfanna í yngri bréfum, bréfabókum og fjölda annarra skjala og handrita, auk leitar að þeim mannanöfnum sem koma við sögu í bréfunum í ýmsum heimildum öðrum greindi Stefán alls 50 fornbréfaskrifara sem skrifað höfðu tvö bréf eða fleiri og önnur skjöl eða handrit. Af þeim greindi hann 28 skrifara 107 bréfa með nafni en nægar vísbendingar skorti til að nafngreina 22 skrifara 45 bréfa.

Áður en Stefán hafði lokið meistaraprófi sínu var hann kominn á slóð annars rannsóknarverkefnis sem fylgdi honum upp frá því, en það voru miðalda-sögurnar um Guðmund góða Arason sem fæddur var 1161 og var Hólabiskup frá 1203 til dauðadags 1237. Aðdragandi þess að Stefán fór að fást við Guðmundar sögur biskups var rannsókn hans á uppskafningi meðal fornbréfa í Árnasafni, en uppskafningur er skinnblað þar sem gamalt letur hefur verið skafið út til þess að nota megi blaðið að nýju. Þetta var jarðarkaupabréf, AM dipl. isl. fasc. LXX, 7, gert við Stóru-Þverá í Fljótshlíð 21. október 1607, sem skrifað hafði verið á aðra síðu blaðs úr gamalli skinnbók. Vandlega hafði verið gengið til verks við að skafa út allan texta skinnbókarinnar sem staðið hafði í tveimur dálkum beggja megin á blaðinu. Blaðsíðan sem bréfið var skrifað á reyndist vera fremri síða skinnbókartextans, og á henni varð aðeins efsta lína í fremri dálki lesin auk einstakra stafa hér og þar, einkum fremst í línunum. Betur gekk með aftari síðuna. Með hjálp ljósmynda sem teknar voru í útfjólubláu ljósi tókst Stefáni að leiða í ljós að skinnbókartextinn var úr Guðmundar sögu biskups eftir bróður Arngrím Brandsson (munk og seinna ábóta Þingeyraklausturs um miðja fjórtánda öld, d. 1361 eða 1362), þ.e. svonefndri D-gerð Guðmundar sögu, og loks las Stefán texta aftari síðunnar að mestu leyti með stuðningi annarra handrita Guðmundar sögu. Samanburður hans á handritunum sem hér komu við sögu og greining hans á stafsetningu þeirra og stafagerð leiddi hann að þeirri niðurstöðu að blaðið væri úr skinnbók sem væri að öðru leyti glötuð með öllu. Fjölgaði þar með þekktum skinnbókum Guðmundar sögu Arngríms um eina. En þar með voru ekki öll kurl komin til grafar því að rannsóknin leiddi einnig í ljós að tvö pappírshandrit sögunnar sem talin höfðu verið eftirrit skinnbókar, AM 219 fol sem nú eru aðeins tuttugu blöð varðveitt af, væru það ekki heldur uppskrift eftirrits hennar, skinnbókar í handritasafni Resens sem brann með Háskólabókasafninu í Kaupmannahöfn 1728. Þar með var staðfest tilvist einnar skinnbókar enn af Guðmundar sögu Arngríms og hafði rannsókn Stefáns fjölgað þeim úr sex í átta. Niðurstöður rannsóknarinnar birtust árið 1960 í ritgerð eftir hann í *Opuscula* I (Bibliotheca Arnamagnæana

XX) sem nefndist ‘Um handrit Guðmundar sögu bróður Arngríms’, og var það fyrsta fræðilega ritgerð Stefáns sem kom á prenti.

Athugun sem Stefán gerði í framhaldi af þessu á öðrum gerðum Guðmundar sögu leiddi hann að þeirri niðurstöðu að svonefnd C-gerð, sem ekki hefur enn verið gefin út á prenti nema að litlu leyti,<sup>2</sup> mundi skipa veigameiri sess í þróun Guðmundar sagna en áður hafði verið talið. Jón Helgasonar taldi nauðsynlegt að birta þessa gerð sögunnar í heild, en benti á að það yrði aldrei annað en hálfkák nema hinar gerðirnar væru jafnframt gefnar út að nýju. Eina aðgengilega útgáfa biskupa sagna voru Biskupa sögur Hins íslenska bókmenntafélags frá 1858–78 í tveim bindum og full þörf á nútímalegri vísindalegri útgáfu allra sagnanna. Jón hafði sjálfur hafist handa við nýja útgáfu biskupa sagna með Hungurvöku útgáfu sinni frá 1938 og vann nú að útgáfu Þorláks sagna helga og Páls sögu biskups, og annar merkur fræðimaður, Peter Foote, vann að útgáfum Jóns sagna helga Hólabiskups. Stefán, sem ráðinn hafði verið fastur starfsmaður við Det arnamagnænske institut 1962, þá tæplega 34 ára gamall, tók því að sér skömmu síðar að búa allar gerðir Guðmundar sagna til prentunar í fjórum bindum í ritröðinni *Editiones Arnamagnæanæ*.

Áður en fyrsta bindi heildarútgáfu Guðmundar sagna leit dagsins ljós gekk Stefán frá ljósprentun á varðveittum brotum úr átta skinnbókum með biskupasögum sem kom út sem sjöunda bindi í ritröðinni *Early Icelandic Manuscripts in Facsimile* árið 1967: *Sagas of Icelandic Bishops. Fragments of Eight Manuscripts*. Sex bókarbrotanna sem þarna eru birt geyma texta úr Guðmundar sögum A, B og D-gerðum auk textabrota úr B-gerð Jóns sögu helga og C-gerð Þorláks sögu helga í einu þeirra; tvö síðustu bókarbrotin geyma annars vegar brot úr Árna sögu biskups og hins vegar A-gerð Jóns sögu og úr Ágústínusar sögu. Ljósprentið var af Stefáns hálfu hugsað sem nokkurs konar viðauki eða undanfari heildarútgáfu hans á Guðmundar sögum þar sem þessum brotum væru gerð svo rækileg skil að ekki þyrfti að endurtaka það í textaútgáfunni. Lýsing handritanna er því mjög nákvæm, greint af hvaða gerðum sögunnar textarnir eru, skyldleiki þeirra við texta annarra handrita rakinn og stafsetningu brotanna og málstigi lýst af nákvæmni. Stafsetningarlýsing áttunda brotsins er þó mörgum sinnum rækilegri en hinna brotanna og ástæða

<sup>2</sup> Peter Foote gaf út brot úr C-gerðinni eftir handritinu papp. 4:0 nr. 4 í *Konungsbókhlöðu*, Stokkhólmi, í grein sinni ‘Bishop Jörundur Þorsteinsson and the relics of Guðmundr inn góði Arason’. *Studia Centenalia*. Reykjavík 1961, bls. 98–114.



Þess er ágreiningur fyrri fræðimanna um það hvort sú bók hafi verið norsk eða íslensk að uppruna. Niðurstaða Stefáns er að hún hafi verið skrifuð á Íslandi.

Á eftir umfjöllun um hvert brot fylgir viðauki þar sem gerð er skilmerkileg grein fyrir því hvar aðrir fræðimenn hafa bent á rithendur í öðrum handritum sem annaðhvort má álykta að séu þær sömu eða í það minnsta náskyldar þeim rithöndum sem á brotunum eru, sem og þeim handritum sem Stefán hefur sjálfur komist að niðurstöðu um að séu með sömu eða skyldum rithöndum. Í þessum viðaukum er því fjallað um ýmsa þá hópa handrita sem rannsóknir fræðimanna voru þá og eru enn, hægt og bítandi, að leiða í ljós að eigna megi annaðhvort sérstökum skrifurum eða ákveðnum skrifarahópum eða skrifarastofum. Þar koma við m.a. sögu Helgafellsbækur, Möðruvallabækur, skrifarar Möðruvallabókar og Króksfjarðarbókar Sturlungu o.fl. Á grundvelli alls þessa ályktar Stefán eftir því sem forsendur leyfa um aldur og uppruna biskupa-sagnabrotanna.

Vinna við heildarútgáfu Guðmundar sagna var komin á góðan rekspöl þegar Stefán flutti heim til Íslands árið 1970 og hóf störf hjá Árnastofnun í Reykjavík. Eftir það vann hann aðeins við útgáfuna í rannsóknaleyfum og í hjáverkum með öðrum störfum og skyldum sem honum voru falin. Fyrsta bindið með A-gerð Guðmundar sögu, sem einnig er nefnd 'elsta saga', ásamt tveimur öðrum stuttum textum, Ævi Guðmundar biskups og Ágripi Guðmundar sögu, kom svo loks út árið 1983. Þar er gengið frá verki af vandvirkni og nákvæmi eins og áður. Gerð er grein fyrir handritum sem notuð eru, skyldleika þeirra innbyrðis og meðferð textans í hverju fyrir sig. Rækileg stafsetningarlysing fylgir þar sem við á en annars er vísað til annarra rita þar sem slíka lýsingu er að finna svo sem af AM 220 II fol, einu handritabrotanna sem Stefán hafði birt ásamt stafsetningarlýsingu þess í ljósprentinu 1967. Þetta á einnig við um Reykjarfjarðarbók Sturlungu en á síðasta blaðinu af þeim þrjátíu sem varðveist hafa úr henni er texti úr A-gerð Guðmundar sögu. Lýsingar á stafsetningu Reykjarfjarðarbókar er að finna í Sturlungu útgáfu Kristian Kálunds frá 1906–11 og útgáfu Þorleifs Haukssonar á Árna sögu biskups frá 1972, auk þess sem Ólafur Halldórsson hefur fjallað nokkuð um stafsetningu og stafagerð handritsins<sup>3</sup> og Stefán sjálfur í grein sinni *Ritun Reykjarfjarðarbókar* árið 1970. Aðalhandrit A-gerðarinnar, AM 399 4to, Resensbók, ætlaði Stefán sér að gefa út ljósprentaða í ritröð Árnastofnunar í Reykjavík og birta

<sup>3</sup> Ólafur Halldórsson. 'Úr sögu skinnbóka', *Skírnir* CXXXVII (1963), bls. 83-105.

stafsetningarlýsingu handritsins í inngangi með henni, en því verki vannst honum ekki tími til að ljúka.

Um tilurð A-gerðar Guðmundar sögu og samsetningu hennar úr ýmsum heimildum voru skiptar skoðanir með fræðimönnum en Stefán greiðir úr þeirri flækju á sannfærandi hátt í kaflanum um heimildir sögunnar. Hann segir söguna vera hreint safnrit og rekur í smáatriðum hvernig safnandinn hefur fellt hana saman, búið fyrir búið, úr prestssögu Guðmundar, Hrafns sögu Sveinbjarnarsonar, Íslendinga sögu Sturlu Þórðarsonar, Áróns sögu Hjörleifssonar og annálum án þess að blanda textum þessara rita saman að nokkru ráði eða auka inn nema fáum orðum frá sjálfum sér. Að lokum færir Stefán rök að því að sagan hafi verið sett saman 'einhvern tíma á fyrri hluta 14. aldar, trúlega 1310–40, e.t.v. 1320–30.'

Þegar Stefán hafði gengið frá fyrsta bindinu var honum orðið ljóst að hann lyki þessu verki aldrei einn með sama áframhaldi og hafði þá eftirfarandi orð í formála bókarinnar um þau ráð sem ráðin voru í Kaupmannahöfn 21 ári áður: "Þetta var líka á þeim árum sem ungir fræðimenn voru bjartsýnir um að vinna stór verk á stuttum tíma, öll starfsemi Det arnamagnæanske institut var í örum vexti og fé til fræðilegra verka var auðsótt í rikissjóð Dana og aðra sjóði." Nokkrum árum síðar tók hann upp samvinnu við yngri fræðimenn og fól þeim í hendur það hlutverk að ganga frá þriðja og fjórða bindi Guðmundar sagna. Sjálfur sneri hann sér að frágangi annars bindis og B-gerðar Guðmundar sögu og var að leggja síðustu hönd á það bindi þegar hann lést. — Útgáfa Stefáns á Guðmundar sögum einskorðaðist þó ekki við hina textafræðilegu útgáfu á vegum Árnasafns í Kaupmannahöfn. Þegar Hið íslenska fornritafélag hóf undirbúning að útgáfu biskupasagna á tíunda áratug síðustu aldar var einsýnt að fara þess á leit við Stefán að hann annaðist útgáfu Guðmundar sagna í ritröð félagsins, en henni er einkum ætlað að glæða áhuga á forn- bókmenntum þjóðarinnar meðal fróðleiksfúss almennings. Guðmundar sögur munu fylla þar tvö bindi. Stefán gat þó lítið sinnt þessu verkefni fyrr en hann var kominn á eftirlaun, en eftir það voru þessar tvær útgáfur Guðmundar sagna það verk sem tók drýgstan hluta vinnudags hans. Honum tókst þó aðeins að ljúka að fullu frágangi á sögutextum fyrra bindisins í fornritafélagsútgáfunni með ítarlegum skýringum eins og hefð er fyrir að fylgi textum hennar. Þar munu birtast textar A-, B- og C-gerðar Guðmundar sögu biskups.

Víðtæk þekking Stefáns Karlssonar á íslenskum handritum kom ekki án fyrirhafnar. Vinnan að baki meistaraprófsritgerðar, fornbréfaútgáfu og Guðmundar sagna útgáfu var umfangsmikil og leiddi Stefán inn á ýmsar brautir í rannsóknnum sínum. Hún útheimti mikla elju og trausta þekkingu á norskrri og

Íslenskri málsögu, nákvæmni og ögun við úrvinnslu og greiningu stafsetningareinkenna einstakra skrifara auk víðtækrar þekkingar á mannfræðilegum heimildum. Stefán var gæddur einstakri glöggskyggni og virtist eiga létt með að festa sér í minni persónubundin skrifareinkenni. Sjónminni hans mátti heita óbrigðult og dugði honum til að greina eina rithönd frá öðrum höndum og bera kennsl á hana hvar sem henni brá fyrir í skjali eða handriti. Eftir þá eldskírni, sem ofangreind verkefni voru, hafði hann aflað sér meiri vitneskju en nokkur annar um þróun skriftar fram til siðaskipta á Íslandi og var orðinn flestum öðrum fróðari um íslenska málsögu. Með þeirri yfirsýn og þekkingu sem hann öðlaðist við rannsóknir sínar á stafsetningu, stafagerð og skriftarvenjum bæði í íslenskum og norskum fornbréfum og handritum varð hann öðrum betur í stakk búinn til þess gera grein fyrir tilurð þeirra og tímasetja þau af meiri nákvæmni en áður hafði verið gert.

Auk þeirra rita sem getið er um hér að framan ritaði Stefán á annað hundrað styttri og lengri fræðilegra greina í fræðileg tímarit, alfræðirit og afmælisrit til vina og kollega. Ritaskrá Stefáns er birt hér í ritinu og þar geta lesendur betur glöggvað sig á því hvaða rannsóknarefni Stefán tók fyrir í greinum sínum og hvar þær sé að finna, en mörg þeirra afmælisrita sem hann skrifaði í liggja ekki beinlínis á glámbekk fyrir almennum lesanda. Úr því var þó bætt að nokkru leyti þegar Stefán varð sjötugur en þá stóðu vinir hans og kollegar fyrir útgáfu afmælisrits honum til heiðurs, sem hlaut heitið *Stafkrókar*, og þar var endurbirt úrval 28 greina af þeim sem hann hafði skrifað fram til sjötugs.

Margar greinar Stefáns og kannski meiri hluti þeirra byggðu með einum eða öðrum hætti á þeim mikla efnivið og þekkingu sem hann hafði aflað sér með vinnu sinni við stóru útgáfuverkefni tvö, fornbréfin og Guðmundar sögur. Þar birtust mjög oft niðurstöður ýmissa hliðarrannsókna sem vinnan við þau hafði leitt hann út í. Sumum rannsóknarefnum af því tagi þurfti að gera ítarlegri skil en formálar textaútgáfna leyfa og birta í sérstökum greinum sem nægði síðan að vitna til í formála. Önnur leiddu til sjálfstæðra greina óháðra útgáfunum. Greinar í alfræðibækur voru skrifaðar samkvæmt beiðni. Stefán skrifaði alla tíð hjá sér til minnis ef hann rakst á eitthvað áhugavert við atvuganir handrita eða lestur fræðibóka og urðu þeir minnisþingur tímum kveikjan að fyrirlestrum eða greinum í afmælisrit. Hér verða þessum greinum ekki gerð nein skil í heild en drepð stuttlega á helstu atriði og niðurstöður nokkurra greina sem einkum fjalla um handrit og skrifara.

Rannsóknir Stefáns á skrifarahöndum gátu af sér ýmsar greinar. *Aldur Hauksbókar* birtist árið 1964. Haukur Erlendsson lögmaður er elsti nafn-

greindi íslenski skrifarinn og eru til tvö bréf talin með hans hendi, bæði skrifuð í Noregi, annað 1302 og hitt 1310 og birt í fornbréfaútgáfu Stefáns. Í greininni ber Stefán rithönd hans í handritinu Hauksbók saman við fornbréfin og færir að því rök að handritið hafi verið skrifað á árunum milli ritunartíma bréfanna.

Í fyrsta bindi Guðmundar sagna 1983 birtir Stefán stuttan texta, Inntak úr Guðmundar biskups sögu varðveittan í 17. aldar handriti sem Árni Magnússon fékk frá séra Jóni Torfasyni á Breiðabólstað í Fljótshlíð, skrifað að sögn séra Jóns af Halldóri nokkrum Guðmundssyni, norðlenskum manni. Stefán gerði ítarlega leit að þessum skrifara og birti árangur hennar í langri grein, *Halldór Guðmundsson, norðlenskur maður* árið 1970, sem hljómar eins og leynilög-reglusaga. Þar er engin fyrirhöfn spöruð til þess að leita uppi sérhvern vitnisburð sem stuðlað getur að lausn málsins, enda finnur Stefán skrifarann að lokum ásamt nokkrum handritum sem hann skrifaði. Halldór þessi skrifaði lítillaga fyrir Þorlák biskup Skúlason á Hólum (1628–50) og telja má líklegt að leit Stefáns að Halldóri hafi með öðru lagt grunnin að grein hans um 5 skrifara Þorláks, *Skrifarar Þorláks biskups Skúlasonar* sem birtist 27 árum síðar eða árið 1997.

Stutt en athyglisverð grein sem Stefán skrifaði í samvinnu við Jonnu Louise-Jensen, *En marginal i Codex Regius af Den ældre Edda*, birtist 1970 var sú fyrsta af þremur sem hann skrifaði um spássúgreinar í Konungsbók Eddukvæða og varpa nokkru ljósi á sögu hennar áður en hún komst í hendur Brynjólfs biskups Sveinssonar 1643. Grein um aðra spássúgrein í Konungsbók Eddukvæða birti Stefán 1986, *Orðsnillin og skriftin*, sem hann sýndi fram á að Hallgrímur Pétursson mundi hafa skrifað og gat sér þess til að honum hefði verið falið að færa Brynjólfi biskupi bókina. Þriðja greinin, *Niðurlag Konungsbókar*, birtist svo 1993.

Í tveimur greinum *Perg. fol. nr. 1 (Bergsbók) og Perg. 4to nr. 6 í Stokkhólmi* sem birtist 1967 og *NKS 1824b 4to* frá 1970 sýnir Stefán fram á að á þremur skinnbókum séu rithendur tveggja sömu skrifara sem hafa skrifað þær að mestu leyti. Þær hafi væntanlega verið skrifaðar á sama stað, e.t.v. stórbýli og kirkjustað eða í sama héraði á öndverðri 15. öld, en hvar á landinu það hafi verið leyfir vitnisburður handritsins ekki að greina.

Í greininni *Ritun Reykjarfjarðarbókar. Excursus: Bókagerð bænda* frá 1970 leiðir Stefán líkur að því að Reykjarfjarðarbók Sturlungu hafi verið skrifuð í áföngum af einum manni á allöngum tíma og að þróun skriftar hans megi rekja í gegnum hina fimm varðveittu hluta bókarinnar út frá þeim sex þróunarstigum í skriftarlagi skrifarans sem Stefán telur að þar megi greina.

Skriftarlagið telur hann benda til Skagafjarðar og rannsókn fornbréfanna hafði beint sjónum hans að tveimur feðgum á Ökrum í Blönduhlíð, skrifurum fornbréfa á öndverðri fjórtánda öld. Í Excursus í greinarlok dregur hann saman yfirlit yfir rösklega tuttugu handrit sem hann telur líklegt eða nánast fullvíst að leikmenn hafi skrifað á árunum 1420–1560. Greinin *Íslensk bókagerð á miðöldum* frá 1997 er svo almennt yfirlit yfir helstu atriði í sögu bókagerðar Íslendinga fyrir siðaskipti.

Íslensk handrit, sem P. H. Resen (1625–88) borgarstjóri í Kaupmannahöfn hafði eignast og gefið Háskólabókasafninu þar 1685 og sem síðan höfðu flest brunið með því safni 1728, koma við sögu í rannsóknum og útgáfu Stefáns á Guðmundar sögum. Handritið AM 399 4to tilheyrði upphaflega safni Resens en Árni Magnússon fékk það lánað á sínum tíma og tók það með sér til Íslands 1705 en láðist að skila því aftur á Háskólabókasafnið og því bjargaðist það með bókum Árna úr brunanum 1728 og gekk eftir það inn í safn hans. Það er aðalhandrit A-gerðar Guðmundar sögu í fyrsta bindi útgáfunnar 1983. Um annað handrit úr Resens safni skrifaði Stefán greinina *Um Vatnshyrnu* sem birtist 1970. Þar sýnir hann annars vegar fram á að handritsbrot, sem fram til þess hafði verið talið leifar sögubókarinnar Vatnshyrnu sem fórst í brunanum 1728, væri það ekki. Þá sýnir hann hins vegar fram á að stafsetning á þremur eftirritum sem Árni Magnússon gerði eftir Vatnshyrnu laust fyrir 1700 komi nánast í hvívetna heim við ritvenjur Magnúsar Þórhallssonar, annars aðalskrifara Flateyjarbókar, sem bendi til þess að hann hafi skrifað Vatnshyrnu. Í greininni *Resenshandrit*, frá sama ári, birtir Stefán skrá Árna Magnússonar yfir norskar og íslenskar skinnbækur og íslensk pappírshandrit í safni Resens sem ekki hafði áður verið birt í heild.

Greinin *Kringum Kringlu* frá 1977 var samin í tilefni þess að í opinberri heimsókn sinni til Íslands 1975 færði Svíakonungur Íslendingum að gjöf eina varðveitta blaðið úr Heimskringluhandritinu Kringlu. Greinin fjallar um útflutning konungasagnahandrita frá Íslandi á miðöldum en mörg þeirra voru komin úr landi áður en almennur útflutningur íslenskra handrita til Danmerkur og Svíþjóðar hófst á síðari hluta 17. aldar. Talin eru upp helstu Heimskringluhandritin en síðan fjallað um feril Kringlu og eftirrit hennar, blaðinu lýst og spásiugreinum. Loks eru líkur leiddar að því að handritið hafi verið skrifað innan tímamarkanna 1250–70 og líklegast á árabílinu 1258–64. Áður hafði Finnur Jónsson sýnt fram á að meginhluti Grágásartexta Staðarhólsbókar væri skrifaður með sömu hendi og Kringlublaðið og Stefán bætir hér um betur og sýnir fram á að þessi sama hönd er einnig á meginhluta Konungsbókar Grágásar. — Í stuttri grein, *Davíðssálmur með Kringluhendi*, frá 1986, fjallar

Stefán um leifar tveggja saltarablaða í Árnasafnshandriti og tveggja hómilúblaða í Landsbókasafni, öll skrifuð á latínu, sem hann telur vera með hendi Kringluskrifarans.

Stefán fékkst víða við það í rannsóknum sínum að greina hvort handrit eða fornbréf væru af norskum eða íslenskum uppruna en það getur oft verið álitamál hvernig þar verði greint á milli vegna þess hve lík tungumálin voru á eldri málstigum og bókamarkaður landanna sameiginlegur um alllangt skeið. Hafa fræðimenn oft komist að ólíkum niðurstöðum varðandi þetta þegar þeir hafa fjallað um slíkar heimildir. Þessar rannsóknir og greining milli norskra og íslenskra skriftarvenja varð eitt af sérsviðum Stefáns. Í grein sem birtist árið 1978, *Om norvågismer i islandske håndskrifter*, byggir hann á þeirri víðtæku þekkingu sem hann hafði aflað sér á þessu sviði og setur þar fram traustar ábendingar um það hvernig greina megi hvort norsk skriftareinkenni sem koma fyrir í íslenskum handritum á 13. og 14. öld séu a) áhrif frá forriti skrifara, b) almenn norsk áhrif á íslenskar skriftarvenjur eða c) tilraunir íslenskra skrifara til þess að laga sig að norskum skriftarvenjum. Árið eftir birtist grein eftir hann um útflutning bóka frá Íslandi til Noregs, *Islandsk bogeksport til Norge i middelalderen*. Þar dregur hann saman yfirlit um þau norrænu handrit sem varðveitt eru í Noregi frá miðöldum, að lögbókum frá töldum, og greinir efni þeirra, aldur og þjóðerni og leiðir að því sterkar líkur að útflutningur bóka frá Íslandi til Noregs hafi verið umtalsverður frá miðri þrettánda öld og fram eftir fyrri hluta fjórtánda aldar sem sést meðal annars af því að riflega helm-ingur þessar handrita er íslenskur að uppruna. — Stefán leiddi líkur að því í fleiri greinum að handrit sem talin höfðu verið norsk væru íslensk og má hér nefna *Om himmel og helvede på gammelnorsk. AM 238 XXVIII fol.* frá 1984; *Lovskriver i to lande. Codex Hardenbergensis og Codex Belgsdalensis* frá 1987; *Hverrar þjóðar er Karlamagnús saga?* frá 1989; og loks *Elsta brot Karlamagnús sögu og Rekapáttur Þingeyrarbókar* frá 1992.

Greinin *Stafsetning séra Odds á Reynivöllum* frá 1981 er nokkuð rækileg umfjöllun um helstu einkenni stafsetningar í eiginhandarritum séra Odds Oddssonar á Reynivöllum í Kjós (um 1565–1649) sem er ætlað að bregða ljósi yfir íslenska málsögu — suðvestanlands — áratuginu í kringum aldamótin 1600. Oddur mun hafa haft hug á að breyta stafsetningu til samræmis við framburð þannig að ritvenjur hans gefa nokkra hugmynd um sunnlenskan framburð á hans dögum.

Árið 1982 gaf Stofnun Árna Magnússonar út í samvinnu við bókaforlagið Lögberg ljósprent af skinnbók með sögu heilags Nikulás sem varðveitt er í Konungsbókhöfðu í Stokkhólmi. Hlaut skinnbókin þá heitið *Helgastaðabók*

fyrir atbeina Stefáns en hún hafði ekki áður borið það nafn. Inngangur útgáfunnar var ritaður af þremur fræðimönnum og fjallaði Stefán í sínum þætti um uppruna og feril skinnbókarinnar, en að auki fjallaði Sverrir Tómasson um íslenskar Nikulás sögur og Selma Jónsdóttir um lýsingar í bókinni. Stefán gerir rækilega grein fyrir stafsetningareinkennum handritsins og á grundvelli þeirra og annarra vísbendinga leiðir hann sterkar líkur að því að það hafi verið skrifað í austursýslum Norðurlands seint á 14. öld. Þá sýndi Stefán fram á með athugun á afhendingar- og eignaskrá Helgastaðakirkju í Reykjadal, sem skrifaðar eru á fremstu og öftustu blöð handritsins að það hefur að öllum líkindum verið skrifað fyrir þá kirkju og verið í eigu hennar allt fram undir miðja 17. öld.

Stefán skrifaði ágæta og aðgengilega yfirlitsgrein, *Tungan*, sem birtist 1989 og fjallaði um uppruna íslenskrar tungu og þróun hennar fram til vorra daga þar sem hann dregur saman niðurstöður rannsókna sinna og annarra á íslenski málsögu: hljóðbreytingum, breytingum á beygingarkerfi og stafsetningu, og er greinin handhægasta og greinarbesta samantekt yfir efnið sem gerð hefur verið. Hún birtist í enskri þýðingu, *The Icelandic Language*, árið 2004.

Stefán varði ómældum tíma á starfsævi sinni til að leiðbeina öðrum við rannsóknir þeirra og útgáfustörf, bæði samstarfsmönnum sínum á Árnastofnun og gestum sem þangað leituðu. Öllum sem báru upp við hann sæmilega skynsamleg erindi tók hann vel og af vinsemd. Þrjár útgáfur, sem fræðimenn utan stofnunarinnar bjuggu til prentunar í ritröðum Árnastofnunar og Stefáni var falið að hafa umsjón með, reyndust öðrum umfangsmeiri og vandasamari og gengu drjúgt á tíma Stefáns. Þar er fyrst að telja útgáfuna *Elucidarius in Old Norse Translation* sem út kom 1989 og bandarísku háskólaprófessorarnir Evelyn Scherabon Firchow og Kaaren Grimstad önnuðust, en þar er um að ræða norræna þýðingu frá tólftu öld á þýsku riti sem samið var á latínu um 1100. Þýðingin er varðveitt í 8 skinnbókarbrotum sem tímasett eru frá því um eða laust fyrir 1200 og fram til fimmtándu eða sextándu aldar. Öll brotin eru gefin út stafrétt í bókinni ásamt latneskum texta til samanburðar. Önnur útgáfan sem hér um ræðir er Íslenska hómilfubókin í Stokkhólmi, *The Icelandic Homily Book*, sem kom út 1993 og hollenski fræðimaðurinn Andrea de Leeuw van Weenen annaðist útgáfu á. Hómilfubókin er elsta íslenska handritið sem varðveitt er í heilu lagi og er talið skrifað um 1200. Það var gefið út ljósprentað með hliðskipuðum stafréttum texta. Þar sem báðar þessar útgáfur fjölluðu um sumt af því elsta sem varðveitt er á íslensku máli komu upp margvísleg álitamál sem þörfuðust úrlausnar og þar var Stefán vakinn og sofinn reiðubúinn til að

hlaupa undir bagga hvenær sem eftir var leitað. — Svipuðu máli gegnir um þriðja og síðasta verkefnið af þessu tagi sem Stefán fékkst við, en það er útgáfa Íslensku teiknibókarinnar sem Guðbjörg Kristjánsdóttir listfræðingur annast. Vinna við hana hefur staðið yfir með hléum í mörg ár og er enn ekki lokið. Þar er um að ræða útgáfu á eina handriti af því tagi sem varðveitt er á öllum Norðurlöndum, safni teikninga sem notaðar voru sem fyrirmyndir lýsinga í handritum og skreytinga í kirkjum og á kirkjumunum. Myndirnar hafa allar skírskotun í táknaál kristinnar kirkju og fylgir bókinni ítarlegur inngangur þar sem fjallað er um handritið sjálft í smáatriðum og tengsl myndanna við kirkju-list heima og erlendis og guðfræðilega texta eins og þeir eru varðveittir í fornum íslenskum þýðingum. Hlutverk Stefáns var að fylgja því eftir að öllu væri rétt til skila haldið í umfjöllun um handritið sjálft, lýsingu þess, útgáfu og greiningu texta sem á því standa og tengsl þess við önnur handrit sem varðveitt eru.

Stefán eyddi að jafnaði rannsóknarleyfum á starfsferli sínum í Kaupmannahöfn við útgáfu Guðmundar sagna og eftir að hann fór á eftirlaun dvaldið hann þar yfirleitt þrjá mánuði ár hvert við þá vinnu. Við Orðabók Árna nefndar (AMKO) hefur mörg undanfarin ár verið unnið ötullega að því að búa til prentunar fornmálsorðabókina sem byggir að mestu leyti á orðasöfnun úr handritum í safni Árna Magnússonar. Rétt tímasetning handritanna er veigamikil undirstaða orðabókarstarfsins og þess árangurs sem af því má vænta. Á grundvelli þekkingar sinnar og yfirsýnar yfir handritaforðann og aldursskiptingu hans var Stefán um árabíl einn helsti ráðgjafi Orðabókarinnar á þessu sviði. Um eitt þúsund handrit eru lögð til grundvallar við orðtökuna samkvæmt greinargerð Orðabókarinnar og hefur samantekt leitt í ljós að við ákvörðun um aldur handrita er þar nærri tvö hundruð sinnum vitnað til ritsmíða eftir Stefán og rétt ríflega eitt hundrað sinnum til persónulegrar álitsgjafar hans.<sup>4</sup>

Kennsla var reglulegur þáttur í starfi Stefáns meðan hann var búsettur í Danmörku og eftir að hann kom heim kenndi hann íslenskunemum við Háskóla Íslands fornskriptarfræði og handritalestur um margra ára skeið. Hann var skörulegur fyrirlesari og var víða boðið til fyrirlestrahalds hér heima og erlendis.

Stefán var örlátur maður, hann var örlátur á sjálfan sig, þekkingu sína, vináttu og hlýju. Hann var gestrisinn gleðimaður sem laðaði fólk til sín með fölskva-

<sup>4</sup> Már Jónsson. Kynnisferð um krókaleiðir handrita og skjala. *Skírnir*, 176 (2002) bls. 437.



lausri einlægni sinni og léttri lund. Hann var alla tíð félagsvera sem sótti eftir samneyti við aðra og hrókur alls fagnaðar á góðum stundum; frábær sögu- maður og flutti sögur sínar jafnan með glettnisglampa í augum. Hann var man- vinur og jafnaðarmaður sem sveið undan hvers kyns óréttlæti og lá ekki á þeim skoðunum sínum. Stefán átti fjölskyldu sem saknar hans, hann átti vini og kollega á Íslandi, í Danmörku og víða um lönd sem sakna hans.

Stefán erfði lítinn skógarreit í Fnjóskadal eftir foreldra sína. Þar leitaði hann sér hvíldar og endurnæringar á sumrum. Þangað var gott að sækja hann heim. Í skógarhlíðum Fnjóskadals verða sumardagar einna blíðastir, sólín bakar landið og upp af skógi og skógarbotni stígur höfug gróðurangan; þegar líður að hádegi titrar loftið í tíbra þess algleymis sem á slíkum dögum sækir að þjóð er býr við harða vetur. Í þessum sælureit var Stefán eitt með náttúrunni og umgekkst hana af virðingu og nærgætni. Engu var raskað svo til lýta væri, göngustígar lagðir þannig að átroðningur spillti ekki gróðri og lækurinn litli sem á sumardögum skoppar svo sakleysislegur í skorningi ofan úr fjallinu var nýttur af mikilli hugkvæmni til þess að auðvelda búsetuna. Þar lá jafnan öl- kassi við stjóra í lyngnum hyl meðan skógarbóndi hafði viðdvöl í rjóðri sínu og bækur og prófarkir lágu opnar á borði í tjaldi. Að kvöldskatti loknum var varð- eldur tendraður, vetrarlegið Calvados dregið undan viðarkesti og síðan setið og skrafað við eldinn undir heiðum bláhimni norðlenskrar sumarnætur uns höfgi seig að, eldurinn orðinn að kulnuðum glóðum og ekkert heyrðist lengur nema léttur lognþytur í bjarkarlaufi og fjarlægur niður árinna sem að eilífu streymir um dalinn.

Jarðneskar leifar Stefáns voru lagðar til hinstu hvílu í leiði foreldra hans í Illugastaðakirkjugarði í Fnjóskadal 12. ágúst 2006.

*Sigurgeir Steingrímsson  
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum  
Háskóla Íslands  
Árnagarði við Suðurgötu  
IS-101 Reykjavík, Ísland  
sigurgst@hi.is*

# Stefán Karlsson

## RITASKRÁ<sup>1</sup>

Útgáfur og fræðilegar greinar 1960–2006

*Guðvarður Már Gunnlaugsson og Sigurgeir Steingrímsson tóku saman*

### 1960

- [1] Um handrit að Guðmundar sögu bróður Arngríms, *Opuscula I* (Bibliotheca Arnamagnæana XX), København, bls. 179–89.

### 1963

- [2] *Islandske originaldiplomer indtil 1450. Tekst* (Editiones Arnamagnæanæ A 7), København. [Útgáfa með inngangi.], lxviii + 512 bls.  
[3] *Islandske originaldiplomer indtil 1450. Faksimiler* (Editiones Arnamagnæanæ Supplementum 1), København. [Ljósprent með formála.] [viii] + 264 bls.

### 1964

- [4] Aldur Hauksbókar, *Fróðskaparrit* 13, Tórshavn, bls. 114–21. [Endurprent: *Stafkrókar* 2000, bls. 303–09.]  
[5] Gömul hljóðdvöl í ungum rímum, *Íslensk tunga* 5, Reykjavík, bls. 7–29.  
[6] (Meðhöfundar: Jón Helgason, Ólafur Halldórsson, Jón Samsonarson og Jonna Louis-Jensen.) En ny dróttkvættstrofe fra Bryggen i Bergen II, *Maal og Minne*, Oslo, bls. 96–98.  
[7] Kustode. Island, *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder [KLN M] IX*, København, d. 527.

### 1967

- [8] *Sagas of Icelandic Bishops. Fragments of Eight Manuscripts* (Early Icelandic Manuscripts in Facsimile VII), Copenhagen. [Ljósprent með inngangi.] 62 + 92 bls.  
[9] Perg. fol. nr. 1 (Bergsbók) og Perg. 4to nr. 6 í Stokkhólmi, *Opuscula III* (Bibliotheca Arnamagnæana XXIX), København, bls. 74–82. [Endurprent: *Stafkrókar* 2000, bls. 368–77.]  
[10] *Islandske originaldiplomer indtil 1450. Rettelser til Editiones Arnamagnæanæ A7, Opuscula III* (Bibliotheca Arnamagnæana XXIX), København, bls. 288–89.  
[11] Möðruvallabók, *KLN M XII*, København, d. 185–86.

1 Ritaskráin byggir í meginatriðum á drögum Stefáns sjálfs að ritaskrá sinni frá ýmsum tímum. Í tilefni af sjötugsafmæli hans 2. desember 1998 gengu vinir og samstarfsmenn á Det arnamagnæanske institut frá ritaskrá hans fram til þess tíma og tölvuprentuðu í örfáum eintökum: *Stephania. Bibliografi over Stefán Karlssons filologiske arbejder 1960–1998 med et håndskriftregister*. København. 34 bls. Eins og fram kemur í titli fylgdi þar með skrá yfir handrit sem hann fjallar um ásamt tilvísunum til þeirra í ritum hans.

**1969**

- [12] Fróðleiksgreinar frá tólftu öld, *Afmælisrit Jóns Helgasonar 30. júní 1969*, Reykjavík, bls. 328–49. [Endurprent: *Stafkrókar* 2000, bls. 95–118.]
- [13] Mattias Tveitane: Den lærde stíl. Oversetterprosa i den norrøne versjonen av Vitæ Patrum, *Skírnir* 143, Reykjavík, bls. 232–38. [Ritdómur.]

**1970**

- [14] (Meðhöfundur: Jonna Louis-Jensen.) En marginal i Codex Regius af Den ældre Edda, *Opuscula IV* (Bibliotheca Arnamagnæana XXX), København, bls. 80–82 [+ 1 bls. ótölusett með ljósprentum spássúgreina.] [Endurprent: *Stafkrókar* 2000, bls. 245–48.]
- [15] Halldór Guðmundsson, norðlenzkur maður, *Opuscula IV* (Bibliotheca Arnamagnæana XXX), København, bls. 83–107.
- [16] Ritun Reykjarfjarðarbókar. Excursus: Bókagerð bænda, *Opuscula IV* (Bibliotheca Arnamagnæana XXX), København, bls. 120–40. [Endurprent: *Stafkrókar* 2000, bls. 310–29.]
- [17] Brudstykker af Christiern Pedersens Jærtegnspostil i islandsk oversættelse, *Opuscula IV* (Bibliotheca Arnamagnæana XXX), København, bls. 211–56. [Útgáfa með inngangi.]
- [18] Resenshandrit, *Opuscula IV* (Bibliotheca Arnamagnæana XXX), København, bls. 269–78. [Útgáfa með inngangi.]
- [19] Um Vatnshyrnu, *Opuscula IV* (Bibliotheca Arnamagnæana XXX), København, bls. 279–303. [Endurprent: *Stafkrókar* 2000, bls. 336–59.]
- [20] Helgafellsbók í Noregi, *Opuscula IV* (Bibliotheca Arnamagnæana XXX), København, bls. 347–49.
- [21] NKS 1824b 4to, *Opuscula IV* (Bibliotheca Arnamagnæana XXX), København, bls. 368–69. [Endurprent: *Stafkrókar* 2000, bls. 377.]
- [22] Um þann saklausa svein, *Opuscula IV* (Bibliotheca Arnamagnæana XXX), København, bls. 369.
- [23] Skrift. Island, *KLNM XV*, København, d. 680–81.
- [24] Skrivarverser. Island, *KLNM XV*, København, d. 692–93.
- [25] Skrifer. Island, *KLNM XV*, København, d. 698–700.
- [26] (Meðhöfundur: Ólafur Halldórsson.) Rettelser og ajourføring af “Haandskriftfortegnelse” pp. xli–lvii, *Jónsbók*, útg. Ólafur Halldórsson, København 1904, ljóspr. með eftirmála eftir Gunnar Thoroddsen, Odense, Efterskrift, bls. 23–28.

**1972**

- [27] Skálholtsbók eldri. Jónsbók etc. AM 351 fol. Edited by Chr. Westergård-Nielsen, *Skírnir* 146, Reykjavík, bls. 198–204. [Ritdómur.]

**1973**

- [28] Icelandic Lives of Thomas à Becket: Questions of Authorship, *Proceedings of the First International Saga Conference, University of Edinburgh 1971*, London, bls. 212–43. [Endurprent: *Stafkrókar* 2000, bls. 135–52.]

**1974**

- [29] Spássíufólk. *Maukastella færð Jónasi Kristjánssyni fimmtugum*, Reykjavík, bls. 61–64.
- [30] Tergalpáteckningar. Island, *KLNM XVIII*, København, d. 205–06.
- [31] Testamente. Island, *KLNM XVIII*, København, d. 231–33.

**1975**

- [32] En konjektur til Áróns saga, *Opuscula V* (Bibliotheca Arnamagnæana XXXI), København, bls. 412–14.
- [33] Kristian Hald, Navnestoffet hos Saxo, Diskussion, *Saxostudier* (Opuscula Græcolatina 2 (Tillæg til Museum Tusulanum)), København, bls. 91–93.
- [34] Urkundsförfalskning. Island, *KLNM XIX*, København, d. 352–53.
- [35] Vatnshyrna, *KLNM XIX*, København, d. 575–76.
- [36] Vidisse, Island, *KLNM XIX*, København, d. 696–98.

**1976**

- [37] Greftrun Auðar djúpúðgu, *Minjar og menntir. Afmælisrit helgað Kristjáni Eldjárni*, Reykjavík, bls. 481–88.
- [38] Vitnebre. Island, *KLNM XX*, København, d. 219–20.

**1977**

- [39] Kringum Kringlu, *Landsbókasafn Íslands. Árbók 1976*, Reykjavík, bls. 5–25. [Endurprent: *Stafkrókar* 2000, bls. 253–73.]
- [40] Slæmur Gamla í Drápuhlíð, *Bjarnígull sendur Bjarna Einarssyni sextugum*, [Reykjavík], bls. 37–40.
- [41] Ættbogi Noregskonunga, *Sjöttú ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni*, Reykjavík, bls. 677–704.
- [42] Inventio Crucis, cap. 1, og Veraldar saga, *Opuscula septentrionalia. Festskrift til Ole Widding* (= *Opuscula II,2* (Bibliotheca Arnamagnæana XXV,2)), København, bls. 116–33.
- [43] Misskilin orð og misrituð í Guðmundar sögum, *Gripla II*, Reykjavík, bls. 121–31.
- [44] Ganga = líða, *Gripla II*, Reykjavík, bls. 196–97.
- [45] Dæmi um sögnina ‘fría’, *Gripla II*, Reykjavík, bls. 197–98.

**1978**

- [46] *Kringum Kringlu*, Reykjavík [Sérútgáfa ritgerðar í *Landsbókasafn Íslands. Árbók 1976*, með breyttu sjálfstæðu blaðsíðutali 1–24.]
- [47] Om norvagismer i islandske håndskrifter, *Maal og Minne*, Oslo, bls. 87–101. [Endurprent: *Stafkrókar* 2000, bls. 173–87.]

**1979**

- [48] Islandsk bogeksport til Norge i middelalderen, *Maal og Minne*, Oslo, bls. 1–17. [Endurprent: *Stafkrókar* 2000, bls. 188–205.]
- [49] (Meðhöfundur: Aðalgeir Kristjánsson.) Fimm hundruð ára dómur eða fals?, *Gripla III*, Reykjavík, bls. 104–14.
- [50] Þorp, *Gripla III*, Reykjavík, bls. 115–23. [Endurprent: *Stafkrókar* 2000, bls. 77–85.]
- [51] Skinnræmur úr Skálholtsbók (AM 351 fol.), *Gripla III*, Reykjavík, bls. 124–27.
- [52] Íviðjur, *Gripla III*, Reykjavík, bls. 227–28.
- [53] Áttatáknun í Möðruvallabók, *Gripla III*, Reykjavík, bls. 228.
- [54] Hamurendar, *Gripla III*, Reykjavík, bls. 229–30.
- [55] Sex skriffingur, *Opuscula VII* (Bibliotheca Arnamagnæana XXXIV), København, bls. 36–43.

- [56] Sögnin ‘gelta’ í gömlu máli, *Íslenskt mál og almenn málfræði* 1, Reykjavík, bls. 233–37.
- [57] Skal udgiverens arbejde være omsonst?, *The Arnamagnæan Institute & Dictionary Bulletin* 12 1977–79, Copenhagen, bls. 16. [Enskt ágríp erindis á dönsku, sem var haldið á norrænu málþingi um textaútgáfur, höldnu í tilefni af 500 ára afmæli Hafnarháskóla og helguðu Jóni Helgasyni 29. maí 1979.]
- [58] Stefán Kristjánsson, skógarvörður: Skógar í Þingeyjarsýslu 1910, *Árbók Þingeyinga* 1978, Akureyri, bls. 49–61. [Útgáfa með inngangi.]

**1980**

- [59] Helgar kindir, *Ólafskross ristur Ólafi Halldórssyni sextugum*, Reykjavík, bls. 48–49.
- [60] Hákon gamli og Skúli hertogi í Flateyjarbók, *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1979, Reykjavík, bls. 149–54. [Endurprent: *Stafkrókar* 2000, bls. 330–35.]
- [61] Blóðkýlar, *Íslenskt mál og almenn málfræði* 2, Reykjavík, bls. 213–16.
- [62] Ögn og háls í hómilíu, *Gripla* IV, Reykjavík, bls. 135–37.

**1981**

- [63] Én biskop – flere biografier [Ágríp fyrirlestrar um Guðmundar sögur], *Selskab for nordisk filologi. Årsberetning for 1979–80*, København, bls. 9–10.
- [64] Stafsetning séra Odds á Reynivöllum, *Afmæliskveðja til Halldórs Halldórssonar 13. júlí 1981*, Reykjavík, bls. 248–84.
- [65] Margt gengst í munni, *Jóansbolli færður Jóni Samsonarsyni fimmtugum*, Reykjavík, bls. 49–52.

**1982**

- [66] Uppruni og ferill Helgastaðabókar, *Helgastaðabók. Nikulás saga. Perg. 4to Nr. 16 Konungsbókhöfðu í Stokkhólmi* (Íslensk miðaldahandrit. Manuscripta Islandica medii aevi II), Reykjavík, bls. 42–89. [Ensk þýðing (stytt), Provenance and history of Helgastaðabók, bls. 177–201 í sama riti.]
- [67] Af Skálholtsvist Skálholtsbókar yngri, *Gripla* V, Reykjavík, bls. 197–200. [Endurprent: *Stafkrókar* 2000, bls. 360–67.]
- [68] (Meðhöfundar: Jón Samsonarson og Ólafur Halldórsson.) Heillavísa Bjarna, *Gripla* V, Reykjavík, bls. 313–15.
- [69] Kersknívísá í kirkjubók, *Gripla* V, Reykjavík, bls. 317. [Útgáfa.]
- [70] Þorlákstíðir í Skálholti, *Gripla* V, Reykjavík, bls. 318–20. [Endurprent: *Stafkrókar* 2000, bls. 364–67.]
- [71] Saltarabrot í Svíþjóð með Stjórnarhendi, *Gripla* V, Reykjavík, bls. 320–22.
- [72] Reglur um skrift og latínuframburð, *Gripla* V, Reykjavík, bls. 322–23. [Útgáfa.]
- [73] Jón Ólafsson úr Grunnavík: Nogle islandske Talemaader, som daglig forefalde i Kiøb og Sal, *Höggvinhæla gerð Hallfreði Erni Eiríkssyni fimmtugum*, Reykjavík, bls. 77–80. [Útgáfa og inngangur.]

**1983**

- [74] *Guðmundar sögur biskups I. Ævi Guðmundar biskups, Guðmundar saga A* (Editiones Arnamagnæanæ B 6), Kaupmannahöfn. [Útgáfa með inngangi.] ccvi + 262 bls.

**1984**

- [75] Göfuglatur veiðikonungur, *Pétursskip búið Peter Foote sextugum*, Reykjavík, bls. 51–54.
- [76] Om himmel og helvede på gammelnorsk. AM 238 XXVIII fol., *Festskrift til Ludvig Holm-Olsen på hans 70-årsdag den 9. juni 1984*, Øvre Ervik, bls. 185–96.
- [77] Fjórar aldir frá útkomu Guðbrandsbiblíu, *Saga. Tímarit Sögufélags XXII*, Reykjavík, bls. 41–55.
- [78] Textaspjöll í prestssögu og draugmerking orðs, *Gripla VI*, Reykjavík, bls. 297–301.
- [79] Að hrella, hressa og reisa upp, *Gripla VI*, Reykjavík, bls. 301–06.
- [80] Páfavilla Ara fróða, *Gripla VI*, Reykjavík, bls. 306–08.

**1985**

- [81] Guðmundar sögur biskups: Authorial viewpoints and methods, *The Sixth International Saga Conference 28.7. – 2.8. 1985. Workshop papers I–II*, [København], bls. 983–1005. [Endurprent: *Stafkrókar 2000*, bls. 153–71.]
- [82] Samfellan í íslensku biblíumáli, *Bókaormurinn 14*, Reykjavík, bls. 14–19. [Endurprent: *Stafkrókar 2000*, bls. 405–14.]
- [83] Lifandi tunga á gamalli rót, *Skíma. Málagn móðurmálskennara 21*, 8. árg., 1. tbl., Reykjavík, bls. 30–32.
- [84] Liðsbónarbréf, *Saga. Tímarit Sögufélags XXIII*, Reykjavík, bls. 167–85.

**1986**

- [85] Jón Helgason prófessor 1899–1986, *Tímarit Máls og menningar*, 47. árg., 1. h., bls. 3–13.
- [86] Kirkjudagsmál, *Merki krossins*, 1. h., [Reykjavík,] bls. 1–8. [Útgáfa með inngangsorðum.]
- [87] ‘Bóklausir menn’. A note on two versions of *Guðmundar saga*, *Sagnaskemmtun. Studies in Honour of Hermann Pálsson on his 65th birthday, 26th May 1986*, (Philologica Germanica 8) Wien, Köln, Graz, bls. 277–86.
- [88] Davíðssálmar með Kringluhendi, *Davíðsdiktur sendur Davíð Erlingssyni fimmtugum 23. ágúst 1986*, Reykjavík, bls. 47–51. [Endurprent: *Stafkrókar 2000*, bls. 274–78.]
- [89] Orðsnillin og skriftin, *Eqvus Trojanus sive Trójuhestur, tygjaður Jonnu Louis-Jensen 21. október 1986*, Reykjavík, bls. 70–73. [Endurprent: *Stafkrókar 2000*, bls. 249–52.]

**1987**

- [90] Lovskriver i to lande. Codex Hardenbergensis og Codex Belgsdalensis, *Festskrift til Alfred Jakobsen*, [Trondheim], bls. 166–84.
- [91] Af reftum sal Hávamála, *Grímsævintýri sögð Grími M. Helgasyni sextugum 2. september 1987*, síðara hefti, Reykjavík, bls. 39–41.

**1988**

- [92] Omkring hjælpemidler og uddannelse for tekststudgivere, *Tekstkritisk teori og praksis. Nordisk symposium i tekstkritikk. Godøysund 19. –22. mai 1987*, Oslo, bls. 116–29.

- [93] Alfræði Sturlu Þórðarsonar, *Sturlustefna. Ráðstefna haldin á sjö alda ártíð Sturlu Þórðarsonar sagnaritara 1984*, Reykjavík, bls. 37–60. [Endurprent: *Stafkrókar* 2000, bls. 279–302.]

**1989**

- [94] Eigi skal höggva, *Véfréttir sagðar Vésteini Ólasyni fimmtugum 14. febrúar 1989*, Reykjavík, bls. 81–82.
- [95] Vaxtöflur úr Viðey, *Viðey. Fornleifarannsóknir 1988–1989 eftir Margréti Hallgrímsdóttur* (Fylgiskjal 5), Reykjavík, bls. 102.
- [96] Jarlhettur — Járnhettir, *Orðlokarr sendur Svavari Sigmundssyni fimmtugum 7. september 1989*, Reykjavík, bls. 43–44.
- [97] Kvennahandrit í karlahöndum, *Sögur af háaloftinu sagðar Helgu Kress 21. september 1989*, Reykjavík, bls. 75–80. [Endurprent: *Stafkrókar* 2000, bls. 378–82.]
- [98] Tungan, *Íslensk þjóðmenning VI. Munnmenntir og bókmenning*, Reykjavík, bls. 1–54. [Endurprent: *Stafkrókar* 2000, bls. 19–75.]
- [99] Monte Cassino Lists in Iceland: Any English Parallels?, *Notes and Queries*, New Series, Vol. 36, Oxford, bls. 483–84.
- [100] Hverrar þjóðar er Karlamagnús saga? Orðfræðileg athugun, *Festskrift til Finn Hødnebo 29. desember 1989*, Oslo, bls. 164–79.

**1990**

- [101] Drottinleg bæn á móðurmáli, *Biblúþýðingar í sögu og samtíð* (Ritröð Guðfræðistofnunar. *Studia theologica islandica* 4), Reykjavík, bls. 145–74.

**1991**

- [102] Af Nikulás sögu og dándikarli á Ærlæk, *Lygisögur sagðar Sverri Tómassyni fimmtugum 5. apríl 1991*, Reykjavík, bls. 83–88.
- [103] Brot úr barnaprédikunum í þýðingu Odds Gottskálkssonar, *Landsbókasafn Íslands. Árbók 1989*, Reykjavík, bls. 43–72.
- [104] Af fjötrum og hálsjárnum, *Fjölmóðarvél til fagnaðar Einari G. Péturssyni fimmtugum 25. júlí 1991*, Reykjavík, bls. 84–87.

**1992**

- [105] Hauksnautur. Uppruni og ferill lögbókar, *Sólhvarfasumbl saman borið handa Þorleifi Hauksyni fimmtugum 21. desember 1991*, Reykjavík, bls. 62–66.
- [106] Elsta brot Karlamagnús sögu og Rekapáttur Þingeyrabókar. *Eyvindarþók. Festskrift til Eyvind Fjeld Halvorsen 4. maí 1992*, Oslo, bls. 302–18. [Endurprent: *Stafkrókar* 2000, bls. 206–24.]
- [107] Salerni, *Dagamunur gerður Árna Björnssyni sextugum 16. janúar 1992*, Reykjavík, bls. 98–102.

**1993**

- [108] Íslensk biblíumálshefð, *Morgunblaðið*, 24. apríl, bls. 30–31.
- [109] Loki's Threat: On Lokasenna 3.4, *Twenty-Eight Papers Presented to Hans Bekker-Nielsen on the Occasion of his Sixtieth Birthday 28 April 1993* (NOWELE 21–22), Odense, bls. 257–66. [Endurprent: *Stafkrókar* 2000, bls. 86–93.]

- [110] Að hneigja upp á i, *Orðaforði heyrjaður Guðrínu Kvaran 21. júlí 1993*, Reykjavík, bls. 103–106.
- [111] Guðmundar sögur biskups, *Medieval Scandinavia. An Encyclopedia*, New York og London, bls. 245–46.
- [112] (Meðhöfundur: Gunnar Harðarson.) Hauksbók, *Medieval Scandinavia. An Encyclopedia*, New York og London, bls. 271–72.
- [113] Möðruvallabók, *Medieval Scandinavia. An Encyclopedia*, New York og London, bls. 426–27.
- [114] Samanburður á færeysku og íslensku máli, *Frændafundur. Fyrirlestrar frá íslensk-færeyskri ráðstefnu í Reykjavík 20.–21. ágúst 1992*, Reykjavík, bls. 20–31.
- [115] Niðurlag Konungbókar, *Þúsund og eitt orð sagt Sigurgeiri Steingrímssyni fimmtugum 2. október 1993*, Reykjavík, bls. 68–69. [Endurprent: *Stafkrókar 2000*, bls. 242–44.]

#### 1994

- [116] Aldur Fljótisdæla sögu, *Sagnaþing helgað Jónasi Kristjánssyni sjötugum 10. apríl 1994*, Reykjavík, bls. 743–59. [Endurprent: *Stafkrókar 2000*, bls. 119–34.]
- [117] Leyst úr Læðingi?, *Strengleikar slegnir Robert Cook 25. nóvember 1994*, Reykjavík, bls. 62–64.
- [118] Gáttlæti, *Gullastokkur færður Gunnlaugi Ingólfssyni fimmtugum 4. desember 1994*, Reykjavík, bls. 72–75.

#### 1995

- [119] Af Agli í ellinni, *Vöruvoð ofin Helga Þorlákssyni fimmtugum 8. ágúst 1995*, Reykjavík, bls. 70–72.

#### 1996

- [120] Höskuldur, *Höskollu gefið. Höskuldur Þránínsson fimmtugur*, Reykjavík, bls. 65–69.
- [121] Saltari Kolbeins Tumasonar, *Þorlákstíðir sungnar Ásdísi Egilsdóttur fimmtugri 26. október 1996*, Reykjavík, bls. 57–59.
- [122] (Meðhöfundur Guðrún Kvaran), Ölfær og aulfær, *Íslenskt mál og almenn málfræði 18*, Reykjavík, bls. 211–20.

#### 1997

- [123] Margt er gott í koti karls, *Bókahnútur brugðinn Ólöfu Benediktsdóttur fimmtugri 4. febrúar 1997*, Reykjavík, bls. 88–91.
- [124] Skrifarar Þorláks biskups Skúlasonar, *Skæðagrös. Skrif til heiðurs Sigurjóni Björnssyni sjötugum 25. nóvember 1996*, Reykjavík, bls. 175–200. [Endurprent: *Stafkrókar 2000*, bls. 383–403.]
- [125] Þættir úr sögu Blöndalsbókar, *Orð og tunga 3*, Reykjavík, bls. 1–8.
- [126] Minningabrot um menningarstarf á Austurlandi, *Frejas Psalter. En psalter i 40 afdelinger til brug for Jonna Louis-Jensen*, København, bls. 183–86.
- [127] Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, *Sál aldanna. Íslensk bókasöfn í fortíð og nútíð*, Reykjavík, bls. 49–60.



**1998**

- [128] Íslensk bókagerð á miðöldum, *Íslenska söguþingið 28.–31. maí 1997. Ráðstefnurit I*, Reykjavík, bls. 281–95. [Endurprent: *Stafkrókar* 2000, bls. 225–41.]
- [129] Arfsögn og ættartölur, *Guðrúnarhvöt kveðin Guðrúnu Ásu Grímsdóttur fimmtugri 23. september 1998*, Reykjavík, bls. 88–89.

**1999**

- [130] The localisation and dating of medieval Icelandic manuscripts, *Saga-Book* 25, London, bls. 138–58.

**2000**

- [131] *Stafkrókar. Ritgerðir eftir Stefán Karlsson gefnar út í tilefni af sjötugsafmæli hans 2. desember 1998*. Ritstjóri Guðvarður Már Gunnlaugsson. Reykjavík, 451 bls.
- [132] Maðurur í mysunni, *Orðhagi afmælikveðja til Jóns Aðalsteins Jónssonar 12. október 2000*, Reykjavík, bls. 96–103.

**2002**

- [133] The development of Latin script II: in Iceland, *The Nordic Languages. An International Handbook of the History of the North Germanic Languages* 1–2. Ritstjóri Oskar Bandle. Berlín og New York 2002–2005, bls. 832–40.
- [134] Lítið eitt um Lundarbók, *Eivindarmál. Heiðursrit til Eivind Weyhe á seksti ára degi hansara 25. apríl 2002*, Tórshavn, bls. 219–28.
- [135] Fagrlegr – farlegr – fallegr, *Orð og tunga* 6, bls. 73–82.

**2004**

- [136] *The Icelandic Language*. Transl. by Rory McTurk, London, 84 bls.
- [137] L'Islanda alla fine del Medioevo: l'ambiente culturale e la traduzione islandese della Vita di San Nicola da Tolentino, *La Saga di San Nicola da Tolentino. Edizione e traduzione italiana dei testi medio basso tedesco e antico islandese*. A cura di Giovanna Salvucci (Monografie Storiche Agostiniane, Nuova Serie, 5), Tolentino, bls. 21–30.
- [138] [Inngangsorð.] *Ritaskrá Jóns Kr. Kristjánssonar á Víðivöllum (f. 1903, d. 1989)*. Völundur Jónsson tók saman og bjó til prentunar. Inngangsorð eftir Stefán Karlsson. Árbók Þingeyinga 2003. [Húsavík], bls. 122–26.

**2005**

- [139] Bókagerð Björns málara og þeirra feðga, *Glerharðar hugvekkjur þénandi til þess að örva og upptendra Þórunni Sigurðardóttur fimmtuga 14. janúar 2004*, Reykjavík, bls. 73–78.

**2006**

- [140] From the margins of Medieval Europe. Icelandic vernacular scribal culture. *Frontiers in the Middle Ages. Proceedings of the Third European Congress of Medieval Studies (Jyväskylä, 10–14 June 2003)*, Louvain-la-Neuve, bls. 483–92.



SVERRIR TÓMASSON

Magnús Már Lárusson

dr. theol. h.c.

2.9. 1917 – 15.1. 2006

MAGNÚS Már Lárusson fyrrverandi rektor Háskóla Íslands og prófessor í sagnfræði og guðfræði andaðist 15. 1. 2006. Hann hafði lengi átt við vanheilsu að stríða.

Magnús Már Lárusson var fæddur í Kaupmannahöfn 2. september 1917. Hann átti heima í Danmörku í nokkur ár en fluttist unglingur til Íslands og lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1937. Hann hóf nám í guðfræði við Háskóla Íslands og lauk þaðan prófi 21. maí 1942. Hann þjónaði um hríð Breiðabólstaðarprestakalli á Skógarströnd en var vígður til Skútustaða í Mývatnssveit 1944. Honum var veitt lausn frá prestsþjónustu 1949, en hann hafði þá um tveggja ára skeið gegnt kennslu við guðfræðideild Háskóla Íslands. Hann var skipaður prófessor við guðfræðideild 1953 sem hann sinnti til ársins 1965 er hann tók við kennslu í sagnfræði við heimspekideild Háskóla Íslands og var hann skipaður prófessor í sagnfræði 1968. Árið 1969 var hann kjörinn rektor Háskóla Íslands. Hann lét af því embætti 1973 og 1974 fékk hann lausn frá embætti prófessors í sagnfræði sökum augnsjúkdóms sem hann fékk enga bót á. Magnús Már Lárusson var varamaður í stjórn Handritastofnunar Íslands frá 1962-1969, hann sat í sameiginlegri nefnd Dana og Íslendinga um lausn handritamálsins 1970-1975 og hann var formaður stjórnar Stofnunar Árna Magnússonar 1971-1973.

Magnús Már Lárusson var mjög virkur fræðimaður og eftir hann liggur fjöldi greina um íslenska kirkju- og menningarsögu. Hann var fundvís á efni sem íslenskir sagnfræðingar höfðu lítið kannað eða höfðu ekki komið auga á hve mikilsvert var að gera því skil. Má þar nefna útgáfu hans á íslenskum innsiglium sem hann stóð að ásamt Jónasi Kristjánssyni 1965-1967 (*Sigilla Islandica I-II*), en veigamestu greinum Magnúsar var safnað saman í eina bók, *Fróðleikspætti* sem út kom 1967. Greinarnar spegla vel áhugamál hans; þar er t.d. stutt grein og gamansöm um Ketil Þorsteinsson biskup og tvær greinar um



*Magnús Már Lárusson*

litúrgíu sem lítið hafði verið sinnt á Íslandi fram til þessa og er önnur þeirra um íslenskan kirkjusöng, að vísu stutt grein en gerir efninu betri skil en áður hafði verið gert. Ritgerð Magnúsar um Námskostnað á miðöldum er merkileg fyrir þær sakir að þar rekur Magnús eftir tiltækum heimildum hve mikið fé menn þurftu að leggja fram til þess að synir, frændur eða venlamenn gætu fengið klerklega menntun. Magnús skýrir þar fyrst ákvæði Grágásar um menntun presta á kirkjustöðum en sýnir svo með dæmum hvernig ábótar og biskupar tóku jarðir upp í námskostnað pilta. Grein Magnúsar um Valþjófsstaðahurðina speglar vel eitt helsta áhugamál hans sem var hvers konar verk-tækni, hvernig hlutir voru gerðir og í þessu dæmi hvernig staðið var að kirkju-smíði á Íslandi á miðöldum. Í þessari grein er Magnús í essinu sínu, þar sem hann mælir í álnum íveruhús og kirkjur eftir úttektum og setur í samhengi við byggingarlist annars staðar á Norðurlöndum. Hann lýsir mjög nákvæmlega hurðinni á Valþjófsstað, hvernig þriðji partur hennar var sagaður af þegar kirkjan á Valþjófsstað var minnkuð og hin forna útbrotakirkja rifin. Tvær greinar í bókinni hverfast um annað áhugamál Magnúsar, siðaskiptin, siðaskipta-menn og þær breytingar sem urðu þegar lútersk áhrif fóru að setja mark sitt á kristnihald í landinu. Síðasta ritgerðin í bókinni sýnir þó einna best hve fjöl-þætt áhugasvið hans var. Þar fjallar hann um gamalt kveisublað sem virðist hafa verið notað við hvítagaldur og gerir glögglega grein fyrir notkun slíkra skinnblaða bæði í kaþólskum sið og lúterskum.

Í eftirmála ritgerðasafnsins kemst Björn Þorsteinsson sagnfræðingur svo að orði að Magnús Már Lárusson hafi verið jafnvígur á flest afsprengi sagn-fræðinnar; hann sé „manna fróðastur um lög forn og ný, hagfræðingur góður og guðfræðingur og laginn að meðhöndla tækni nútímans. Alls staðar er hann skyggn rýnandi heimilda og dregur lærdóma af mikilli yfirsýn“. Hvergi kemur þó yfirsýn Magnúsar eins vel fram og í greinum þeim sem hann birti eftir sig í *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. Magnús var ritstjóri að þessu merka alfræðiriti fyrir Íslands hönd, og það er ekki lítið sem hann hefur lagt þar af mörkum, alls 259 greinar. Sumar þessar greinar eru mjög stuttorðar en allar eru þær mikilsvert framlag til íslenskrar menningarsögu.

Magnús Már Lárusson hóf kennslu í sagnfræði við heimspekideild Há-skóla Íslands í sept. 1965 og tók við af Guðna Jónssyni sem sökum veikinda lét af kennslu. Magnús var skipaður prófessor í íslenskrri miðaldasögu 1968 og kenndi þar til hann var kjörinn rektor 1969. Kennsla Magnúsar var með allt öðru sniði en nemendur á þessum árum áttu að venjast. Hann kom í kennslu-stundir vopnaður bókum þeirra Jóna, Jóns Jóhannessonar prófessors og Jóns Helgasonar biskups. Hann las aldrei fyrir eins og fyrri lærimeistarar höfðu gert

heldur fór í einstök atriði og tók þá annaðhvort undir með þeim nöfnum eða – og það oftast – gerði slíkar athugasemdir að nemendum var ljóst að endurskoðunar á sumum þáttum í sögu landsins var þörf. Þeim sem þetta skrifar er t. d. minnisstætt hvernig hann skýrði mál Guðmundar Arasonar á allt annan hátt en Jón Jóhannesson og kom þar mjög skýrt í ljós hve vel hann var að sér um kirkjurétt, hvernig bæri að túlka ummælin „Si vult cedere, cedat“ í páfa-bréfi því sem Lárentíus biskup er borinn fyrir í Guðmundar sögu, og hvernig mætti leggja út frásögn Sturlu Þórðarsonar af málum hins sæla biskups í Íslendinga sögu.

Magnús Már Lárusson var mjög góður að leita til; hann lá ekki á liði sínu við að hjálpa nemendum sínum við fræðileg viðfangsefni, leysti greiðlega úr hverju máli og lánaði þeim oft erlendar heimildir sem þá voru ekki til í fátækum bókasöfnum landsins. Hann léði mér t.d. bækur og sérprent af tímaritsgreinum sem honum hafði áskotnast enda stóð hann í bréfaskiptum við fjölmarga erlenda fræðimenn. Og löngu eftir að hann var orðinn rektor og varð að sinna margvíslegri stjórnslu gaf hann sér tíma til að tala við gamla lærisveina sína og brjóta fræðileg viðfangsefni til mergjar. Þessu spjalli hélt hann áfram eftir að hann lét af störfum. Sökum augnsjúkdóms gat hann lítt lesið en áhuginn var samur og jafn og símtölin mörg. Hann fylgdist vel með í fræðunum, handritaskiptin voru honum hagleikin enda sat hann í handritaskiptanefnd í fimm ár og var gagnkunnugur handritum um trúarrit og kirkjusögu. Hann varð jafnan glaður við ef unnt var að segja honum ný fræðileg tíðindi. Með Magnúsi er genginn einn af ágætustu sagnfræðingum sinnar tíðar.

*Sverrir Tómasson  
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum  
Háskóla Íslands  
Árnagarði við Suðurgötu  
IS-101 Reykjavík, Ísland  
sverrirt@hi.is*

KRISTJÁN EIRÍKSSON

## Ögmundur Helgason

28.7. 1944 – 8.3. 2006

ÖGMUNDUR Helgason fæddist á Sauðárkróki 28. júlí 1944, elstur fimm systkina. Hann lést á Landspítalanum 8. mars 2006. Foreldrar hans voru Helgi Einarsson, sjómaður, og kona hans, Sigríður Ögmundsdóttir. Ögmundur ólst upp á Sauðárkróki og gekk þar bæði í barna- og gagnfræðaskóla utan einn vetur sem fjölskyldan bjó á Akranesi. Hann fór síðan í Menntaskólann á Akureyri og varð stúdent þaðan (utan skóla) vorið 1965. Hann lauk B.A. prófi í íslensku og sagnfræði frá Háskóla Íslands 1972. Haustið 1973 varð hann kennari í íslensku við Menntaskólann við Tjörnina og síðan við Sund og þar kenndi hann til 1983. Jafnframt kennslu stundaði hann nám á cand. mag. stigi í sagnfræði og tók próf í uppeldis- og kennslufræði 1981. Cand. mag. prófi í sagnfræði lauk hann 1984. — Samhliða námi og kennslu vann Ögmundur margvísleg störf, svo sem handrita- og prófarkalestur fyrir ýmsa útgefendur. Nokkur sumur (1969–1973) vann hann á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga og kynntist þá rækilega frumheimildum um sögu héraðsins og nýttist sú þekking honum vel er hann gekk til liðs við útgefendur Skagfirðingabókar 1973 og ritstýrði síðan næstu árgöngum hennar (VII.–XII.) til 1983. Ögmundur kynntist konu sinni, Rögnu Ólafsdóttur frá Neskaupstað, á menntaskólaárum sínum og giftust þau á nýársdag 1966. Börn þeirra eru Helga, fædd 15. september 1965, og Ólafur, fæddur 15. febrúar 1976.

Þau hjón, Ögmundur og Ragna, voru í Kaupmannahöfn á árunum 1983–1985 þar sem Ragna stundaði nám við Danmarks Lærerhøjskole. Ögmundur fékkst þá meðal annars við handritarannsóknir á Árnastofnun (Det Arnamagnæanske institut) og vann þar til vors 1986. Eftir heimkomuna hóf hann störf á Handritadeild Landsbókasafns 1986. Grímur Helgason var þá forstöðumaður Handritadeildar og gerðist Ögmundur smám saman gagnkunnugur handritasafni deildarinnar undir handleiðslu hans. Var það honum dýrmætur skóli en það vita þeir best, sem sinnt hafa handritarannsóknum, hversu miklu



*Ögmundur Helgason*



varðar að þekking á rithöndum og handritum berist frá manni til manns svo ekki verði þekkingarrof á þeim akri.

Grímur Helgason lést árið 1989 og tók Ögmundur við starfi hans sem forstöðumaður Handritadeildar Landsbókasafns árið eftir, 1990. Við sameiningu Landsbókasafns og Háskólabókasafns 1994 varð hann forstöðumaður Handritadeildar hins nýja safns. Naut hann í því starfi yfirburða þekkingar sinnar á handritum safnsins og jafnframt kunnugleika á héraðsskjalasöfnum úti um land, og þá auðvitað fyrst og fremst á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga, svo og vinnu sinnar á Árnasafni í Kaupmannahöfn. Þegar Grímur féll frá hélt Ögmundur fram verki hans að samningu fjórða aukabindis handritaskráa Landsbókasafns. Var það gefið út á 150 ára afmæli Handritadeildar, 5. júní 1996. Sama ár var gefin út á vegum safnsins ljósprentuð útgáfa eiginhandarrits Hallgríms Péturssonar að Passíusálmunum með stafréttum og línuréttum texta á öndverðri síðu og lestexta færðum til nútíma stafsetningar. Hafði Ögmundur umsjón með texta ásamt Skúla Birni Gunnarssyni og Eiríki Þormóðssyni. Er útgáfa þessi hin vandaðasta í alla staði.

Ögmundur sat í ritstjórn *Ritmenntar* — Ársrits Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns frá upphafi 1996 og var ritstjóri hennar frá 2003 til dauðadags. Hafði hann lokið við að búa 10. hefti Ritmenntar til prentunar er hann lést en hann var þá horfinn til starfa á Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Þá hafði Ögmundur með hléum unnið að ritun á sögu Norðfjarðar um margra ára skeið. Var því verki langt komið er veikindi hans greindust snemmsumars 2005 en síðasta frágang önnuðust Smári Geirsson, Ragna Ólafsdóttir og Magnús H. Helgason, bróðir höfundar. Kom verkið út að Ögmundi látnum skömmu fyrir jól 2006. *Norðfjarðarsaga I* — Frá upphafi byggðar til 1895 er mikið verk, um þrjú hundruð síður fyrir utan skrár og ríkulega skreytt myndum.

Ögmundur hafði alla tíð mikinn áhuga á þjóðhátum og þjóðfræðum öllum og lagði því stund á þjóðfræði við Háskóla Íslands eftir nám sitt í sagnfræði og lauk sem svaraði tveggja ára námi í þeirri grein. Þekkingar Ögmundar á þessu sviði sá víða stað, til dæmis í tveim greinum hans um lausavísur og þulur í VI. bindi *Íslenskrar þjóðmenningar* — Munnmenntir og bókmenning (Reykjavík 1989) og útgáfu *Galdrakvers* á skinni frá 17. öld sem Landsbókasafn Íslands — Háskólabókasafn lét gefa út í tilefni af 10 ára afmæli safnsins 1. desember 1994. Er fyrri hlutinn ljósprentun handritsins Lbs 143 8vo en sá síðari línurétt og stafrétt útgáfa handrits auk textans með nútíma stafsetningu. Ögmundur sá um útgáfuna ásamt Emilíu Sigmarsdóttur og Randveru H. Hannessyni. Skrifaði hann allan textann upp og ritaði formála. Þá var Ögmundur stundakennari

við Háskóla Íslands í þjóðfræði frá 1987 til 2005 er hann varð að láta af því starfi vegna veikinda. Ótaldar eru hér rannsóknir hans á upphafi þjóðsagna-söfnunar á Íslandi á 19. öld en um þau efni var hann öðrum mönnum fróðari. Fátt hefur komið út af skrifum hans á því sviði en þó má nefna greinarnar: Glimt af de nordiske guder i Jón Árnasons folkesagn og eventyr<sup>1</sup> og Upphaf að söfnun íslenzkra þjóðfræða fyrir áhrif frá Grimmsbræðrum.<sup>2</sup>

Ögmundur var ekki hraðvirkur en þeim mun vandvirkari og kostaði kapps um að byggja ætíð á sem traustustum heimildum í rannsóknum sínum og ekkert var honum hvímeiðara en subbuskapur í málfari. Í þeim efnum gerði hann vægðarlausar kröfur til sjálfs sín. Til dæmis um hina miklu nákvæmni hans má nefna útgáfu IV. aukabindis handritaskrána sem fyrr er getið. Þar eyddi hann ómældum tíma í að finna rétta forsetningu með hverjum bæ og stað, þá sem tíðkast hafði á tímum handritaskrifara.<sup>3</sup>

Land og saga voru Ögmundi alla tíð ákaflega hugleikin og lagði hann gjarnan á sig langar ferðir um eyðibygðir og afskekktu sögustaði til að glöggva sig betur á öllum staðháttum og setja sig inn í kjör þess fólks sem þar hafði búið á fyrri tíð. Fór hann þá tíðast gangandi og bar hratt yfir. Átti hann margar slíkar ferðir um fjallbygðir og fjallvegi í Skagafirði og nágrenni en það fór ekki fram hjá neinum sem kynntist Ögmundi að áttahagarnir í Skagafirði voru honum hjartfólgirnir. Ótölulegar voru þær sögur sem hann kunni af íbúum þess héraðs lífs og liðnum og sagði þann veg frá að atburðir og fólk öðlaðist líf og litu. Hann lifði og hrærðist með því fólki og atburðum sem hann skrifaði um og sagði frá og lagði sig eftir að miðla stíl og andblæ horfins tíma í öllum frásögnum sínum frá gamalli tíð. Kristín Einarsdóttir þjóðfræðingur gerir þessum einkennum í fari Ögmundar góð skil í minningarorðum um hann í Slæðingi 2006. Þar lýsir hún kennsluháttum hans í Háskólanum svo:

Ögmundur var ólíkur öðrum kennurum, hann stóð ekki uppi við töflu, eða við ræðupúlt og þuldi þaðan sín fræði yfir nemendum. Hann sat við enda borðsins með nemendur sitjandi allan hringinn og talaði um efnið. Stundum þótti Ögmundur fara út fyrir skráð námsefni og nem-

<sup>1</sup> Ögmundur Helgason. „Glimt af de nordiske guder i Jón Árnasons folkesagn og eventyr.“ *Folklore och folkkultur*. Föredrag från den 24. etnolog- och folkloristkongressen i Reykjavík 10.–16. Augusti 1986. Redigerad av Jón Hnefill Aðalsteinsson. Reykjavík 1990, bls. 247–255.

<sup>2</sup> Ögmundur Helgason. „Upphaf að söfnun íslenzkra þjóðfræða fyrir áhrif frá Grimmsbræðrum.“ *Landsbókasafn Íslands. Árbók* 1989. (1991), bls. 112–124.

<sup>3</sup> Sjá Ögmundur Helgason. „Formáli.“ *Handritasafn Landsbókasafns*. IV. aukabindi. Reykjavík 1996, bls. 7.

endum sem var mikið í mun að læra vel og vandlega fyrir próf gat mislíkað slík vinnubrögð. Aftur á móti voru þeir áreiðanlega mun fleiri sem kunnu að meta fróðleik frá manni sem hafði dýpri þekkingu á efniinu en nokkrar bækur gátu skilað. Þessir nemendur voru þakklátir og undu glaðir við sitt. Ögmundur miðlaði ekki aðeins þekkingu heldur líka djúpri virðingu og væntumþykju á því efni sem hann ræddi um í hvert sinn, hvort sem það var Þjóðlíf bændasamfélagsins eða kveðskapur Íslendinga fyrir á öldum.<sup>4</sup>

Mikinn hluta starfsævi sinnar sat Ögmundur við uppsprettur að sögu liðinnar tíðar ef svo má segja. Einstaklega gott var að leita til hans varðandi myrka staði og torlæsilega í handritum en hann var allra manna glöggskyggnastur að greina rithendur fyrri manna og lesa úr því skrifi sem flestum öðrum virtist ógjörlegt að ráða fram úr. Munu þeir ófáir sem nutu einstakrar hjálpsemi hans í slíkum eignum. Hygg ég að fáir hafi haft jafn yfirgripsmikla þekkingu og hann á íslenskum handritum skrifuðum eftir siðskipti.

Fljótlega eftir að Norræna húsið var reist tóku nokkrir Skagfirðingar í Reykjavík að venja þangað komur sínar í kaffi á laugardögum. Mun enginn hafa mætt oftari og betur til þessarar samdrykkju en Ögmundur. Brátt bættust annarra héraða menn í þennan norðlenska spjallhóp þar sem fréttir voru hermdar úr norðursveitum frá landnámi til líðandi stundar. Á fundum þessum naut frásagnargáfa Ögmundar sín vel og mátti öllum sem á hann hlýddu vera ljóst hversu náinn hann var söguefninu og næmur á blæbrigði mannlífsins en slíkt er einmitt aðal hins lifandi fræðimanns.

Nú stendur skarð hans ófullt og opið en viðhorf hans til hinnar lifandi sögu mætti vera þeim sem hann þekktu gott eftirdæmi.

*Kristján Eiríksson  
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum  
Háskóla Íslands  
Árnagarði við Suðurgötu  
IS-101 Reykjavík, Ísland  
kriseir@hi.is*

<sup>4</sup> Kristín Einarsdóttir. *Slæðingur*. Rit Þjóðfræðinema. 1. tbl. – 4. árg. – apríl 2006, bls. 3–4.



## Leiðréttingar við Griplu XVI

In the “Sources” section of Philip Roughton’s essay, “Stylistics and Sources of the *Postola Sögur* in AM 645 4to and AM 652/630 4to” in *Gripla XVI* (pp. 40-45), BHL numbers not previously listed in the “Handlist” were to have been printed in bold characters, and those not previously listed in Kirby 1980 were to have been underlined. The following BHL numbers should thus have appeared as follows:

Group B:

Andrew: **BHL 429** (*Conversante et Docente*)

Bartholomew: footnote 55, **BHL 1006** (Anastasius Bibliothecarius’ Latin rendition of Theodoros Studites’ sermon on St. Bartholomew)

James the Less: **BHL 4089** (Pseudo-Abdian *Passio*); **BHL 4094** (Lipsius’ fourth recension of the Pseudo-Abdian *Passio*)

John: **BHL 4316** (Pseudo-Abdian *Virtutes Iohannis*)

Group C:

Clement: **BHL 1851** (*Vita S. Clementis* of Johannes Diaconus and Bishop Gaudericus Veliternus); footnote 59, **BHL 1854-1850** (Gregory of Tours’ *Liber in Gloria martyrum*); footnote 60, **BHL 1848** (*Passio Sancti Claementis*)

Matthias: **BHL 5695** (Autpertus’ sermon), **BHL 5698** (MS. 98 of the monastic library at Trier)

Paul: **BHL 6570** (*Martyrium Pauli* of Pseudo-Linus)

Peter: **BHL 6063**, **6570**, **6644**, **6646**, **6648**, **6655**, **6664**, **6667**, **6668** (various sources); footnote 67, **BHL 6663-4** (Pseudo-Abdian *Passio*); **BHL 6648** (*De excidio urbis*)



## HANDRIT

*Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík:*

- AM 122 a fol (Króksfjarðarbók) 199  
AM 122 b fol (Reykjarfjarðarbók) 199, 202  
AM 132 fol (Möðruvallabók) 8, 51, 199  
AM 162 A ε fol 8, 51, 52, 53, 55  
AM 219 fol 197  
AM 220 II fol 199  
AM 334 fol (Staðarhólsbók Grágásar) 203  
AM 347 fol (Belgsdalsbók) 204  
AM 371 4to (Hauksbók) 201, 202  
AM 552r 4to 52  
AM 673a III 4to (Íslenska teiknibókin) 206  
AM dipl isl fasc LXX, 7 197  
GKS 1005 fol (Flateyjarbók) 154, 157, 161, 164, 194  
GKS 1157 fol (Konungsbók Grágásar) 203  
GKS 2365 4to (Konungsbók eddukvæða) 37, 38, 40, 44, 46–48, 62–66, 71, 72, 194, 202  
GKS 2367 4to (Konungsbók Snorra Eddu) 102

*Landsbókasafn Íslands-  
Háskólabókasafn, Reykjavík:*

- Lbs fragm 42 (Kringlublað) 203  
Lbs 143 8vo 223  
JS 337 4to 223

*Den arnamagnæanske samling, Nordisk  
forskningsinstitut, Københavns  
Universitet, København:*

- AM 47 fol (Eirspennill) 155  
AM 238 XXVIII fol 204  
AM 242 fol (Wormsbók) 102  
AM 243a fol 54, 55  
AM 243b α fol 54  
AM 243 f fol 54, 55  
AM 327 4to 155  
AM 399 4to (Resensbók) 199, 203  
AM 544 4to (Hauksbók) 53, 54, 201, 202  
AM 645 A 4to 45  
AM 675 4to (Hauksbók) 201, 202

*Det kongelige bibliotek, København:*

- GKS 1154 fol (Codex Hardenbergi-  
anus) 204  
NKS 1824b 4to 44–48, 64, 65, 72, 202  
NKS 3320 4to 190

*Kungliga biblioteket, Stockholm:*

- Sth perg fol nr 1 (Bergsbók) 202  
Sth perg 4to nr 6 202  
Sth perg 4to nr 15 (Íslenska  
hómilfubókin) 45, 46, 205  
Sth perg 4to nr 16 (Helgastaðabók) 204  
Sth papp 4to nr 4 198

*Uppsala Universitetsbibliotek,  
Uppsala:*

- UppsalaUB DG 11 102, 107

*British Library, London:*

Cotton Julius E. 7 188  
 Cotton Vitellius D. 17 188

*Cambridge University Library  
 Cambridge:*

Cambridge Ii. I. 33 188

*Universiteitsbibliotheek,  
 Rijksuniversiteit te Utrecht:*

Traj 1379 (Trektarbók) 102

*Herzog August Bibliothek, Wolfenbüttel:*

Wolf 9 10 Aug 4to (Wolfenbüttelbók)  
 8, 24, 50, 51

*Handritanöfn*

Codex Belgsdalensis, sjá AM 347 fol  
 Codex Hardenbergianus, sjá GKS 1154  
 fol  
 Codex regius, sjá GKS 2365 4to  
 Codex Trajectinus, sjá Traj 1379

Codex Upsaliensis, sjá UppsUB DG 11  
 Codex Wormianus, sjá AM 242 fol  
 Hauksbók, sjá AM 371 4to, AM 544  
 4to, AM 675 4to  
 Helgastaðabók, sjá Sth perg 4to nr 16  
 Íslenska hómilíubókin, sjá Sth perg 4to  
 nr 15  
 Ketilsbók, sjá AM 162 A e fol  
 Konungsbók eddukvæða, sjá GKS 2365  
 4to  
 Konungsbók Grágásar, sjá GKS 1157  
 fol  
 Konungsbók Snorra Eddu, sjá GKS  
 2367 4to  
 Kringlublað, sjá Lbs fragm 42  
 Króksfjarðarbók, sjá AM 122 a fol  
 Möðruvallabók, sjá AM 132 fol  
 Reykjarfjarðarbók, sjá AM 122 b fol  
 Staðarhólsbók Grágásar, AM 334 fol  
 Trektarbók, sjá Traj 1379  
 Wolfenbüttelbók, sjá Wolf 9 10 Aug 4to  
 Wormsbók, sjá AM 242 fol  
 Uppsalabók Snorra Eddu, sjá UppsUB  
 DG 11





